



---

SKÝRSLA FORSETA  
um störf  
Alþýðusambands Íslands  
árið 2005

# Skýrsla forseta 2004

Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands er unnin af starfsfólki á skrifstofu Alþýðusambands Íslands, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólks Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: Guðmundur Rúnar Árnason  
Ábyrgðarmaður: Grétar Þorsteinsson  
Útlitshönnun, og prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
Myndir: Róbert og starfsmenn Alþýðusambands Íslands  
Kápuhönnun: Hlynur Ólafsson

**Skýrslan er lögð fyrir fimmta ársfund ASÍ  
20. og 21. október 2005**

Reykjavík, október 2005 - Ísafoldarprentsmiðja

# EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur</b> .....	<b>15</b>
<b>Ársfundur ASÍ 2004</b> .....	<b>17</b>
<b>Setning fundarins</b> .....	17
<i>Ávarp félagsmálaráðherra</i> .....	22
<i>Ávarp Roar Fláthen</i> .....	26
<i>Ávarp Ögmundar Jónassonar</i> .....	29
<b>Kjörbréfanefnd</b> .....	32
<b>Afgreiðsla fundarskapa ársfundar</b> .....	32
<i>Kjör starfsmanna ársfundar</i> .....	33
<i>Inntaka Félags bókgæðarmanna</i> .....	33
<b>Skýrsla forseta og reikningar ASÍ</b> .....	34
<i>Samstæðureikningur ASÍ 2003</i> .....	39
<i>Umræða um skýrslu forseta og reikninga</i> .....	40
<i>Reikningar ASÍ og stofnana afgreiddir</i> .....	40
<b>Málefni – framsögur, umræður og afgreiðsla</b> .....	40
<i>Efnahags- og kjaramál</i> .....	40
<i>Atvinnumál</i> .....	41
<i>Lífið í vinnunni</i> .....	41
<i>Önnur mál</i> .....	41
<i>Lagabreytingar</i> .....	42
<i>Kosningar og kosningaúrslit</i> .....	42
<i>Tillaga um kjörnefnd</i> .....	42
<b>Samþykktir ársfundar</b> .....	43
<i>Atvinnustefna ASÍ - Framtíð fyrir alla</i> .....	43
<i>Framtíðarsýn ASÍ</i> .....	43
<i>Tækifæri í breytingum</i> .....	43
<i>Hættur í breytingum</i> .....	43
<i>Framtíð fyrir alla</i> .....	44
<i>Helstu verkefni ASÍ</i> .....	45
<i>Vinnulag</i> .....	46
<i>Ályktun ársfundar ASÍ um efnahagsmál</i> .....	47
<i>Ályktun ársfundar ASÍ um skatta- og velferðarmál</i> .....	48
<i>Greinargerð:</i> .....	48
<i>Ályktun ársfundar ASÍ um íslenskan lánamarkað</i> .....	48
<i>Ályktun ársfundar um lífið í vinnunni</i> .....	49
<i>Inngangur</i> .....	49
<i>Mikilvægi vinnunnar</i> .....	50

<i>Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar</i> . . . . .	50
<i>Starfið hefur skilað árangri</i> . . . . .	51
<i>Gömul - og ný og breytt verkefni</i> . . . . .	52
<i>Hverju þarf að breyta – hvað á að bæta ?</i> . . . . .	53
<i>Lífið í vinnunni – verkfærin:</i> . . . . .	53
<i>Verkefni verkalýðshreyfingarinnar</i> . . . . .	55
<b>Ályktun ársfundar ASÍ vegna fullgildingar ILO-samþykktar nr. 158</b> . . . . .	56
<b>Ályktun ársfundar ASÍ um kynbundinn launamun á vinnumarkaði</b> . . . . .	56
<i>Greinargerð</i> . . . . .	56
<b>Ályktun ársfundar ASÍ um markvissa jafnréttisáætlun</b> . . . . .	56
<b>Ályktun ársfundar um ólögmetar skerðingar á skaðabótum</b> . . . . .	57
<b>Fundarslit</b> . . . . .	58
<b>Listi yfir fulltrúa á ársfundi ASÍ 2004</b> . . . . .	61
<b>Af vettvangi miðstjórnar ASÍ</b> . . . . .	<b>66</b>
<b>Samráð olúfélaganna</b> . . . . .	67
<b>Ályktun miðstjórnar ASÍ um kjara- og skattamál</b> . . . . .	68
<b>Verðhækkanir í byrjun árs 2005</b> . . . . .	69
<b>ASÍ og mannréttindamál í Kína</b> . . . . .	70
<b>Evrópufræðasetur</b> . . . . .	71
<b>1. maí 2005</b> . . . . .	71
<b>Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja</b> . . . . .	71
<b>Ályktun vegna Mannréttindaskrifstofu Íslands</b> . . . . .	72
<b>Starfsmannaleigur á íslenskum vinnumarkaði</b> . . . . .	72
<b>Efnahags-og verðlagsmál</b> . . . . .	<b>75</b>
<b>Efnahagsmálin</b> . . . . .	75
<b>Þróun helstu hagstærða 2004 og 2005</b> . . . . .	76
<i>Fjárfestingar</i> . . . . .	77
<i>Samneysla</i> . . . . .	78
<i>Utanríkisviðskipti</i> . . . . .	78
<i>Verðlag, vextir og gengi</i> . . . . .	79
<i>Erlend umgjörð</i> . . . . .	80
<b>Launaþróun</b> . . . . .	80
<b>Vinnumarkaður</b> . . . . .	80
<b>Hagstjórn á villigötum</b> . . . . .	81
<i>Mikill uppgangur - en blikur á lofti</i> . . . . .	82
<b>Verðlagseftirlit ASÍ</b> . . . . .	82

<b>Kjaramál og kjarasamningar</b> .....	<b>87</b>
Samningar sjómanna .....	87
Samningar rafiðnaðarmanna .....	88
Samningar Starfsgreinasambandsins og Eflingar stéttarfélags ..	91
Samningar verslunarmanna .....	92
Samningar Samiðnar .....	92
Samningar Matvís .....	92
Samningur Félags leiðsögumanna .....	92
Samkomulag við Impregilo .....	92
Stóriðjusamningar .....	92
Tilfærsla á verkefnum Kjararannsóknanefndar til Hagstofu Íslands. ....	94
Samningur við Hagstofu Íslands .....	95
<b>Atvinnumál</b> .....	<b>100</b>
Yfirlit atvinnumála .....	100
Strúktúrbreytingar .....	101
Vinnumál .....	103
Byggðamál .....	104
Atvinnumálanefnd ASÍ .....	104
Annað starf að atvinnumálum .....	105
<b>Velferðarmál</b> .....	<b>107</b>
Yfirlit velferðarmála .....	107
Húsnæðismál .....	108
Heilbrigðismál .....	109
Tryggingamál .....	111
Velferðarnefnd ASÍ .....	112
Annað starf að velferðarmálum .....	114
<b>Félags- og vinnumarkaðsmál</b> .....	<b>115</b>
Endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir .....	116
Áherslur ASÍ .....	116
Samspil Atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða - fjármögnun .....	117
Samspil Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnumálastofnunar - stjórnsýslan .....	118
Réttur til greiðslna úr atvinnuleysistryggingasjóði – meginatriðin .....	118

<i>Upphæð atvinnuleysisbóta – bótatímabil</i> . . . . .	119
<i>Áhersla á þjónustu við atvinnulaust fólk – ekki refsingu</i> . . . . .	119
<i>Virkar vinnumarkaðsaðgerðir - lykilatíði</i> . . . . .	120
<i>Að lokum</i> . . . . .	120
<b>Lífeyrismál</b> . . . . .	120
<i>Samkomulag um framkvæmd á hækkun iðgjalds</i> . . . . .	120
<i>Samkomulag milli ASÍ og SA um framkvæmd á hækkun fram- lags atvinnurekenda í lífeyrissjóði 1. janúar 2005 og framτίðarskipulag lífeyriskerfisins</i> . . . . .	121
<i>Viðræður um nýja samskiptareglu</i> . . . . .	122
<i>Drög að tillögu Lífeyrisnefndar ASÍ að ákvæðum um tilhögun réttinda við breytingar réttindaávinnslu yfir í aldurstengd réttindi</i> . . . . .	123
<i>Fundur með ríkisstjórn um örorkubyrði lífeyrissjóðanna</i> . . . . .	124
<b>Jafnréttis- og fjölskyldumál</b> . . . . .	125
<i>Lögin um fæðingar- og foreldraorlof</i> . . . . .	125
<i>Orlof í fæðingarorlofi</i> . . . . .	125
<i>Fæðingarorlofslögin og framkvæmd þeirra</i> . . . . .	126
<i>8. mars – alþjóðlegur baráttudagur kvenna</i> . . . . .	127
<i>Málefni foreldra langveikra barna</i> . . . . .	127
<i>Stefna ASÍ í jafnrétti kvenna og karla</i> . . . . .	130
<i>24. október – Kvinnafrídagurinn</i> . . . . .	130
<i>Önnur störf jafnréttisfulltrúa</i> . . . . .	130
<b>Vinnuvernd</b> . . . . .	130
<i>Nýjum vinnuverndarlögum fylgt eftir</i> . . . . .	131
<i>Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd</i> . . . . .	132
<b>Ábyrgðarsjóður launa</b> . . . . .	133
<b>Málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði</b> . . . . .	134
<i>Rammalöggjöf gegn mismunun í starfi og á vinnumarkaði vegna aldurs</i> . . . . .	137
<i>Aðgerðir til að ná markmiðunum</i> . . . . .	137
<i>Frávik</i> . . . . .	137
<i>Aðgerðir og eftirfylgni</i> . . . . .	138
<i>Á löggjöfin að ná til fleiri hópa á vinnumarkaði?</i> . . . . .	138
<i>Verkefnisstjórn til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði</i> . . . . .	138
<b>Framkvæmd EES-samningsins</b> . . . . .	139
<i>Samninganefndir vegna EES reglna</i> . . . . .	139
<i>Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna EES</i> . . . . .	140
<i>Evrópukjarasamningar</i> . . . . .	140

<i>Starfshópur um starfsmannaleigur</i> . . . . .	141
<i>Upplýsingar og samráð</i> . . . . .	141
<i>Tillaga að tilskipun um þjónustuviðskipti</i> . . . . .	143
<b>Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði</b> . . . . .	147
„Einn réttur – Ekkert svindl“ . . . . .	147
Átakanu „Einn réttur – ekkert svindl“ hrundið af stað . . . . .	154
<i>Hvað hefur gerst?</i> . . . . .	155
<i>Framkvæmd samnings ASÍ og SA um málefni útlendinga</i> . . . . .	156
<i>Lögum um starfskjör launafólks nr. 55/1980 breytt</i> . . . . .	157
<i>Framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga</i> . . . . .	158
<i>Reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga</i> . . . . .	159
<i>Könnun á viðhorfum og aðstæðum útlendinga</i> . . . . .	160
<b>Kárahnjúkar</b> . . . . .	161
<i>Starfsréttindi</i> . . . . .	162
<i>Mannaráðningar</i> . . . . .	163
<i>Samningar</i> . . . . .	163
<b>Fræðslu- og menntamál</b> . . . . .	<b>165</b>
<b>Félagsleg fræðsla</b> . . . . .	166
<i>MFA fræðsludeild ASÍ</i> . . . . .	166
<i>Þjónusta fræðsludeildar</i> . . . . .	166
<i>Námskeið</i> . . . . .	166
<i>Trúnaðarmannanámskeið</i> . . . . .	166
<i>Formlegt mat á trúnaðarmannanámi</i> . . . . .	167
<i>Háskólanám</i> . . . . .	167
<i>Talsmannanámskeið</i> . . . . .	167
<i>Útgáfa</i> . . . . .	167
<i>Einelti á vinnustað</i> . . . . .	168
<i>Vefnám fyrir trúnaðarmenn</i> . . . . .	168
<i>Handbók trúnaðarmannsins</i> . . . . .	168
<i>Handbók stéttarfélaga</i> . . . . .	168
<i>Kynningar</i> . . . . .	168
<i>Önnur störf</i> . . . . .	168
<i>Genfarskólinn</i> . . . . .	168
<i>Starfsmenntaverðlaun</i> . . . . .	168
<b>Starfsmenntaráð</b> . . . . .	169
<i>Vika símenntunar og starfsmenntaverðlaunin</i> . . . . .	169
<b>Málþing um menntamál</b> . . . . .	170
<b>MENNT, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla</b> . . . . .	171
<i>Fræðslumiðstöð atvinnulífsins</i> . . . . .	171

<i>Stjórn</i> . . . . .	172
<i>Starfsmenn</i> . . . . .	172
<i>Þjónustu- og samstarfssamningar við fræðsluaðila</i> . . . . .	172
<i>Verkefnasamningar</i> . . . . .	173
<i>Námsleiðir fyrir fólk á vinnumarkaði</i> . . . . .	174
<i>Þarfagreiningar</i> . . . . .	174
<i>Nýjar námsleiðir</i> . . . . .	175
<i>Gæðamál</i> . . . . .	175
<i>Mat á raunfærni</i> . . . . .	176
<i>Mat á óformlegu námi</i> . . . . .	176
<i>Mat á raunfærni</i> . . . . .	176
<i>Upplýsingasöfnun og miðlun</i> . . . . .	177
<i>Markhópur FA</i> . . . . .	178
<i>Önnur samstarfsverkefni</i> . . . . .	178
<i>Norrænt tengslanet um nám fullorðinna NVL</i> . . . . .	178
<i>Norrænt verkefni um lestrar- og skrifstarstuðning í atvinnu-     lífinu</i> . . . . .	179
<b>Mímir – símenntun</b> . . . . .	179
<i>Stjórn</i> . . . . .	180
<i>Starfsmenn</i> . . . . .	180
<i>Nám og starf</i> . . . . .	181
<i>Fullorðinsfræðsla - símenntun</i> . . . . .	181
<i>Námsskrár</i> . . . . .	181
<i>Félagsmálafræðsla</i> . . . . .	183
<i>Starfsmenntanámskeið</i> . . . . .	184
<i>Almenn námskeið</i> . . . . .	186
<i>Utan vinnumarkaðar</i> . . . . .	187
<i>Tómstundanám</i> . . . . .	188
<i>Íslenska fyrir útlendinga</i> . . . . .	190
<i>Mat á námskeiðum</i> . . . . .	190
<i>Þróunarverkefni</i> . . . . .	191
<i>Erlent samstarf</i> . . . . .	193
<i>Evrópskt samstarf</i> . . . . .	193
<i>Norrænt samstarf</i> . . . . .	193
<b>Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar</b> . . . . .	194
<b>Viðauki: Þátttaka verkalyðshreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu: Yfirlit – heildarsýn</b> . . . . .	195
<i>Forysta iðnaðarmanna í starfsmenntun</i> . . . . .	196
<i>Starfsmenntun fyrir verka-, verslunar- og skrifstofufólk og     sjómenn</i> . . . . .	196



<i>Hringnum lokað</i> . . . . .	197
<i>Félagsmála- og fullorðinsfræðsla og starfsmenntun – MFA</i> . . . . .	198
<i>Stefnumótun um starfsmenntun á vettvangi ASÍ</i> . . . . .	199
<i>Samstarf á heildarvettvangi um starfsmenntun eftl</i> . . . . .	199
<i>Stefna mótuð til framtíðar</i> . . . . .	201
<i>Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - FA</i> . . . . .	202
<i>Næstu verkefni</i> . . . . .	203

## **Erlend samskipti. . . . . 205**

<b>Norræna verkalyðssambandið - NFS</b> . . . . .	206
---	-----

<i>Starfshópur NFS um Evrópskan vinnurétt</i> . . . . .	207
---	-----

<i>NFJS-Fundur lögfræðinga samtaka launafólks á Norðurlöndum</i> . . . . .	207
--	-----

<b>Verkalyðshreyfingin í Norðuratlantshafi (VN)</b> . . . . .	207
---	-----

<b>Evrópusamband verkalyðsfélaga - ETUC</b> . . . . .	207
---	-----

<b>Ráðgjafarnefndir EFTA og EES</b> . . . . .	208
---	-----

<i>Ráðgjafarnefnd EFTA</i> . . . . .	208
--------------------------------------	-----

<i>Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar</i> . . . . .	208
--	-----

<i>Ráðgjafarnefnd EES</i> . . . . .	209
-------------------------------------	-----

<i>Ráðstefna um Evrópuþróunina haustið 2004</i> . . . . .	209
---	-----

<b>Alþjóðavinnuálagstofnunin – ILO</b> . . . . .	210
--	-----

<i>Árlegt þing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar – ILO</i> . . . . .	210
---	-----

<i>Kosningar í stjórnarnefnd</i> : . . . . .	210
--	-----

<i>Samþykkt um réttarstöðu og aðbúnað fiskimanna</i> : . . . . .	210
--	-----

<i>Fyrsta umræða um nýja samþykkt eða tilmæli um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum</i> : . . . . .	211
---	-----

<i>Almenn umræða um atvinnuálag ungs fólks</i> : . . . . .	212
--	-----

<i>Nefnd um framkvæmd samþykta</i> : . . . . .	212
--	-----

<i>Samþykktir um vinnutíma – rannsóknarskýrsla</i> : . . . . .	213
--	-----

<i>Mat</i> : . . . . .	213
------------------------	-----

<i>Norræna ILO samstarfið</i> . . . . .	213
---	-----

<i>Þríhliða nefnd ILO á Íslandi og staðfesting samþykktar ILO nr. 158</i> . . . . .	214
---	-----

<b>18. þing ICFTU, Alþjóðasamband frjálsra stéttarfélaganna, sett í Miyazaki, Japan, 5.-10. desember 2004</b> . . . . .	216
---	-----

<i>Verkefnið er breytingar</i> . . . . .	218
--	-----

<i>„Heimur til að breyta“</i> . . . . .	219
---	-----

<i>Látum samstöðuna virka: Á braut endurskipulagningar</i> . . . . .	221
--	-----

<i>Í átt að samruna: Ný alþjóðleg samtök launafólks gætu orðið til 2006</i> . . . . .	223
---	-----

<i>Þúsaldarmarkmið þróunarsamvinnunnar: Stéttarfélög í heiminum</i>	
---	--

<i>verða að sameinast um alþjóðlega baráttu gegn fátækt. . . . .</i>	224
<i>Sögulegu alþjóðþingi ICFTU lýkur með kosningu konu sem forseta . . . . .</i>	226
<b>Lagabreytingar og skipulagsmál . . . . .</b>	<b>227</b>
<b>Skipulags og starfsháttanefnd . . . . .</b>	227
<b>Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ . . . . .</b>	<b>228</b>
<b>Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. október 2005 . . . . .</b>	229
<b>Útgáfu- og kynningarmál ASÍ . . . . .</b>	229
<b>Ímynd ASÍ . . . . .</b>	230
<b>ASÍ vefurinn . . . . .</b>	231
<b>Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur . . . . .</b>	<b>232</b>
<i>Þingsályktunartillaga um talsmann neytenda, 18. mál. . . . .</i>	232
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 6. mál. . . . .</i>	232
<i>Þingsályktunartillaga um atvinnuvegaráðuneyti, 15. mál. . . . .</i>	233
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 6. mál. . . . .</i>	234
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignaskatt, 7. mál. . . . .</i>	234
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, mál nr. 220. . . . .</i>	235
<i>Frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160 mál. . . . .</i>	236
<i>Frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum, 212. mál. . . . .</i>	237
<i>Fjárlagafrumvarpið - tekjuhlíð. . . . .</i>	237
<i>Frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 330 mál, endurgreiðslur, málsmeðferð o.fl. . . . .</i>	239
<i>Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 192 mál.. . . .</i>	239
<i>Frumvörp til laga um Háskóla Íslands, 348.mál, Kennaraháskóla Íslands, 349. mál og Háskólann á Akureyri, 350 mál. . . . .</i>	240
<i>Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 22. mál, orlofslaun. . . . .</i>	240
<i>Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, með síðari breytingum, 5. mál. . . . .</i>	242
<i>Frumvarp til laga um tekju- og eignaskatt, skatthlutfall, afnám eignaskatts o.fl, 351. mál. . . . .</i>	243
<i>Þingsályktunartillaga um rannsókn á þróun valds og lýðræðis, 21. mál. . . . .</i>	246

<i>Umsögn um skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál...</i>	246
<i>Frumvarp til breytinga á lögum um helgidagafrið nr. 32/1997, 481 mál...</i>	247
<i>Frumvarp til laga um lágmarkslaun, 306. mál</i>	247
<i>Frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. 364. mál.</i>	247
<i>Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.</i>	248
<i>Þingsályktunartillaga um að efla fjárhag Byggðastofnunar, 468. mál.</i>	248
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117 /1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, 587. mál.</i>	249
<i>Þingsályktunartillaga um úttekt á fjárhörf Samkeppnisstofnunar, 54. mál.</i>	249
<i>Frumvarp til breytinga á lögum nr. 90:2003 um tekju- og eignarskatt, 137. mál.</i>	250
<i>Frumvarp til laga um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 143. mál.</i>	250
<i>Frumvarp til breytinga á lögum nr. 90:2003 um tekju- og eignarskatt, 137. mál.</i>	251
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, 174 mál.</i>	251
<i>Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, 651 mál.</i>	252
<i>Þingsályktunartillaga um ferðamál, 678. mál.</i>	253
<i>Frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, 592. mál.</i>	253
<i>Frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gangsæi markaðarins, 591. mál.</i>	255
<i>Frumvarp til samkeppnislaga, 590. mál.</i>	255
<i>Frumvarp til laga um miðlun vátrygginga, 551. mál, EES-reglur.</i>	258
<i>Frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla, 677. mál.</i>	258
<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, 229. mál.</i>	259
<i>Frumvarp til laga um mannréttindasáttmála Evrópu, 648. mál.</i>	259
<i>Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 197. mál, stofnfjáraukning í sparissjóði.</i>	259
<i>Þingsályktunartillaga um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005-2010, 746. mál.</i>	260
<i>Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið 643. mál.</i>	260

<i>Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61 /1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 659. mál. . . . .</i>	261
--	-----

<b>Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum . . . . .</b>	<b>263</b>
<b>Félagsmálaráðuneytið: . . . . .</b>	263
<i>Atvinnuleysistryggingasjóður . . . . .</i>	263
<i>Ábyrgðasjóður launa . . . . .</i>	263
<i>Eftirlitsnefnd um framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins. . . . .</i>	264
<i>Félagsdómur . . . . .</i>	264
<i>Félagsdómur starfsgreinanna. . . . .</i>	264
<i>Félagsmálaskóli alþýðu . . . . .</i>	265
<i>ILO þing 2005 . . . . .</i>	265
<i>Jafnréttisráð. . . . .</i>	265
<i>Nefnd um átak gegn langtímaatvinnuleysi og atvinnuleysi ungs fólks. . . . .</i>	265
<i>Nefnd um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir . . . . .</i>	265
<i>Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd. . . . .</i>	266
<i>Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. . . . .</i>	266
<i>Samstarfshópur um starfsmannaleigur . . . . .</i>	266
<i>Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga . . . . .</i>	266
<i>Starfsmenntaráð. . . . .</i>	266
<i>Svæðisráð skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir . . . . .</i>	266
<i>Úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta. . . . .</i>	268
<i>Vinnueftirlit ríkisins . . . . .</i>	268
<i>Vinnumálastofnun. . . . .</i>	268
<i>Þríhliða nefnd um ILO . . . . .</i>	269
<b>Forsætisráðuneytið: . . . . .</b>	269
<i>Íslenska upplýsingasamfélagið . . . . .</i>	269
<b>Hagstofan: . . . . .</b>	269
<i>Ráðgjafanefnd um vísitölu neysluverðs. . . . .</i>	269
<b>Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið: . . . . .</b>	269
<i>Fulltrúaráð Lífeyrissjóðs sjómanna . . . . .</i>	269
<b>Lífeyrissjóður sjómanna . . . . .</b>	269
<i>Nefnd um endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu. . . . .</i>	269
<b>Samráðshópur um lyfjastefnu og lyfjalög . . . . .</b>	270
<b>Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið: . . . . .</b>	270

<i>Iðntæknistofnun Íslands</i> . . . . .	270
<i>Nýsköpunarsjóður</i> . . . . .	270
<i>Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins</i> . . . . .	270
<b>Landbúnaðarráðuneytið:</b> . . . . .	270
<i>Nefnd um verðlagseftirlit í landbúnaði</i> . . . . .	270
<i>Starfshópur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar</i> . . . . .	270
<i>Verðlagsnefnd búvara – sexmannanefnd</i> . . . . .	270
<b>Menntamálaráðuneytið:</b> . . . . .	271
<i>Nefnd um starfsnám á vinnustöðum</i> . . . . .	271
<i>Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi</i> . . . . .	271
<i>Starfsgreinaráð skv. lögum um framhaldsskóla</i> . . . . .	271
<i>Stjórn Landsskrifstofnu Leonardó da Vinci II</i> . . . . .	271
<i>Verkefnisstjórn um símenntun</i> . . . . .	272
<i>Vísinda- og tekniráð</i> . . . . .	272
<b>Sjávarútvegsráðuneytið:</b> . . . . .	272
<i>Ráðgjafarnefnd fyrir Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins</i> . . . . .	272
<b>Umhverfisráðuneytið:</b> . . . . .	272
<i>Hollustuháttaráð</i> . . . . .	272
<i>Umhverfisfræðsluráð</i> . . . . .	272
<i>Úthlutunarnefnd vegna umhverfisviðurkenningar 2005</i> . . . . .	272
<b>Utánríkisráðuneytið:</b> . . . . .	273
<i>Kaupskrárnefnd</i> . . . . .	273
<i>Kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar</i> . . . . .	273
<i>Samráðsnefnd utánríkisráðuneytisins um alþjóðaviðskipti</i> . . . . .	273
<b>Með samtökum atvinnurekenda (og fleirum):</b> . . . . .	273
<i>Evrópufræðasetrið</i> . . . . .	273
<i>Fræðslumiðstöð atvinnulífsins- FA</i> . . . . .	273
<b>Kjararannsóknarnefnd</b> . . . . .	273
<i>Kjararannsóknarnefnd – aðferðafræðihópur</i> . . . . .	274
<i>MENNT – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla</i> . . . . .	274
<i>Nefndu um starfsmat hjá Reykjavíkurborg</i> . . . . .	274
<i>Samráðsnefnd með ríki, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga um vinnutíma</i> . . . . .	274
<i>Samráðsnefnd með SA um vinnutímasamninga</i> . . . . .	274
<b>Á vettvangi ASÍ</b> . . . . .	274
<i>Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar</i> . . . . .	274
<i>Listasafn ASÍ</i> . . . . .	275
<i>Mímir – símenntun</i> . . . . .	275
<b>Ýmislegt:</b> . . . . .	275
<i>Fulltrúaráðsfundur Skjóls</i> . . . . .	275

<i>Norræni Genfarskólinn</i> . . . . .	275
<i>Stjórnarnefnd Leonardo da Vinci menntaáætlunarinnar</i> . . . . .	275
<i>Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar</i> . . . . .	276
<i>Öldrunarráð</i> . . . . .	276
<b>Fastanefndir ASÍ - málefnanefndir</b> . . . . .	<b>277</b>
<i>Alþjóðanefnd</i> . . . . .	277
<i>Atvinnumálanefnd</i> . . . . .	277
<i>Jafnréttis- og fjölskyldunefnd</i> . . . . .	278
<i>Mennta- og útbreiðslunefnd</i> . . . . .	278
<i>Kjara- og skattanefnd</i> . . . . .	278
<i>Lífeyrisnefnd</i> . . . . .	279
<i>Skipulags- og starfsháttanefnd</i> . . . . .	279
<i>Velferðarnefnd</i> . . . . .	279
<i>Vinnumarkaðsnefnd</i> . . . . .	279
<b>Auk þess skipar miðstjórn beint eftirtaldar nefndir:</b> . . . . .	<b>280</b>
<i>Laganefnd</i> . . . . .	280
<i>Launanefnd</i> . . . . .	280
<i>Starfs- og fjárhagsnefnd</i> . . . . .	280
<b>Listasafn ASÍ</b> . . . . .	<b>281</b>
<i>Yfirlit yfir starfsemi safnsins október 2004 - september 2005</i> . . . . .	281
<i>Sýningastafsemi Listasafns ASÍ</i> . . . . .	282
<i>Sýningar í Listasafni ASÍ október 2004 – september 2005</i> . . . . .	282
<i>Safnaeign, safnauki og millisafnalán</i> . . . . .	284
<i>Vinnustaðasýningar</i> . . . . .	285
<i>Niðurlag</i> . . . . .	285
<b>Fundir og fundasókn miðstjórnarmanna</b> . . . . .	<b>286</b>
<b>Ýmsar upplýsingar úr skýrslum aðildarfélaganna</b> . . . . .	<b>288</b>
<b>Reikningar ASÍ og stofnana árið 2004</b> . . . . .	<b>312</b>

# Inngangur

Skýrsla forseta fyrir árið 2005 er að flestu leyti hefðbundin, þó ævinlega sé reynt að leita leiða til að gera framsetningu skýrari og markvissari. Undanfarin ár hefur nokkuð gætt þeirrar tilhneigingar að skýrslan verði sífellt stærri og umfangsmeiri að vöxtum. Það skýrist vitaskuld fyrst og fremst af því að viðfangsefni eru sífellt víðtækari og við höfum staðið betur að vígi hvað það varðar að sinna þeim í seinni tíð. Kemur þar bæði til að þekking hefur byggst upp og við höfum aðgang að fleiri öflugum starfsmönnum og sérfræðingum.



Til að bregðast við þeirri staðreynd að skýrslan hefur orðið sífellt meiri að vöxtum, hefur undanfarin tvö ár verið brugðið á það ráð að gefa jafnframt út ritlinginn Árið í hnotskurn. Þar eru dregin fram nokkur viðfangsefni sem hafa skipað mikilvægan sess í starfinu á árinu og sagt frá þeim í stuttu, hnitmiðuðu máli. Árinu í hnotskurn hefur verið dreift talsvert víða, einkum út á við, á meðan Skýrsla forseta er fyrst og fremst hugsuð til afnota fyrir okkur sjálf, kjörna fulltrúa og starfsfólk hreyfingarinnar. Árið í hnotskurn hefur fengið afar góðar viðtökur.

Þrátt fyrir að gengið hafi verið frá kjarasamningum hjá flestum þeim sem eru félagar í Alþýðusambandinu, hefur vinnan í efnahags- og kjaramálunum verið fyrirferðarmikil á árinu. Mest allt árið höfum við bent á hættumerkin í efnahagslífinu og varað við því að allt stefndi í að verðlagsforsendur kjarasamninga brystu. Nú liggur fyrir með óyggjandi hætti að við höfðum rétt fyrir okkur allan tímamann. Því miður hefur ríkisstjórnin ekki verið reiðubúin að hlusta á og bregðast við.

Mikil vinna hefur farið í að sinna lífeyrismálunum á árinu. Í kjarasamningum árið 2004 var m.a. samið um hækkun iðgjalds atvinnurekenda úr sex í átta prósent á samningstímanum og talsverð vinna verið lögð í að útfæra með hvaða hætti þessi viðbót skuli nýtt. Jafnframt hefur mikið verið fjallað um aldurstengda réttindaávinnslu á vettvangi lífeyrisnefndar og víðar. Auk þess hefur allmikið verið rætt um aukna byrði örorku hjá almennu lífeyrissjóðunum og hvernig hægt sé að tryggja að aukin örorka dragi ekki úr réttindum almenns launafólks til ellilífeyris úr lífeyrissjóðum.

Líklega hefur þó vinnan sem miðar að því að koma í veg fyrir félagsleg undirboð auk réttindamála erlends launafólks verið fyrirferðarmest í starfi Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess á árinu. Þann 2. maí á þessu ári var hleypt af stokkunum verkefni undir yfirskriftinni Einn réttur – ekkert svindl!, sem miðaði að því að koma í veg fyrir félagsleg undirboð með misnotkun á erlendu vinnuafli. Í því sambandi voru meðal annars gefnir út bæklingar á 10 tungumálum um réttindi útlendinga á íslenskum

vinnumarkaði, auk leiðbeininga til atvinnurekenda um hvers bæri að gæta til að standa rétt að málum gagnvart útlendingum sem ráðnir væru til starfa á vegum íslenskra fyrir-tækja.

Í tengslum við þetta verkefni hefur síðan verið safnað miklu magni af upplýsingum um ástandið á vinnumarkaðnum. Það er ljóst að þetta snertir velflestar atvinnugreinar, – ekki síst byggingariðnað og mannvirkjagerð. Í allmörgum tilvikum hafa starfsmenn átaksins þurft að grípa inn í þegar brotið hefur verið á erlendum félögum okkar.

Þessi vinna hefur skilað miklum árangri. Almenn viðhorf til misnotkunar á erlendu vinnuafli í því skyni að knýja niður kjör á íslenskum vinnumarkaði, eru neikvæð. Opinberar stofnanir hafa í mörgum tilvikum – m.a. fyrir þrýsting frá verkalýðshreyfingunni, bætt vinnulag og –ferli í þeim málum sem varða málefni útlendinga á vinnu-markaði. Það er hins vegar ljóst, að í mörgum tilvikum skortir á að lög og reglur séu með þeim hætti að hægt sé að tryggja þessu fólki sómasamleg kjör og réttindi, sem samræmast því sem samið hefur verið um á íslenskum vinnumarkaði. Í því sambandi er nærtækast að nefna að það vantar tilfinnanlega að sett séu lög um starfsemi svokallaðra starfsmannaleiga. Eftir þessu hefur verkalýðshreyfingin ítrekað kallað, en félagsmálaráðherra og stjórnvöld ekki brugðist við með nauðsynlegri snerpu.

Á síðasta ársfundi Alþýðusambandsins var gerð samþykkt um mótun jafnréttis-stefnu Alþýðusambandsins og talsvert starf hefur verið unnið á þeim vettvangi á árinu. Í því sambandi var ráðinn starfsmaður til að sinna þessu verkefni og fyrir ársfundi 2005 liggur að fjalla um jafnréttismál og stíga frekari skref í því efni.

Í síbreytilegum heimi þarf stöðugt að huga að starfsaðferðum og ímynd verkalýðshreyfingarinnar. Tíðarandinn breytist, viðhorf og kröfur taka mið af breyttum aðstæðum og vinnumarkaðurinn tekur stakkaskiptum. Aukin alþjóðavæðing leikur þar ekki síst veigamikil hlutverk.

Mjög mikil áhersla hefur verið lögð á vinnu sem miðar að því að meta stöðu og starfshætti verkalýðshreyfingarinnar og útbúa tillögur í því skyni að bæta og auka skil-virkni í starfi hreyfingarinnar og bæta ímynd hennar út á við. Í þessu sambandi hefur verið unnið með reyndum ráðgjöfum, auk þess sem lagt hefur verið í viðamikla rannsóknar- og greiningarvinnu á stöðu hreyfingarinnar í dag.

Ákveðinn áfangi þessarar vinnu er lagður fyrir ársfund 2005 og gera má ráð fyrir því að þar verði lagðar ákveðnar línur fyrir framtíðarvinnu, sem miðar að því að auka slagkraft og afl hreyfingarinnar í framtíðinni.

Ég vænti mikils af þessari vinnu og geri ráð fyrir því að hún muni á endanum fela í sér viðamiklar breytingar á skipulagi okkar og starfsháttum. Við hljótum þó – hér eftir sem hingað til – að vinna að því að hreyfingin verði trú grundvallarsjónarmiðum sínum um jöfnuð og bætt kjör til handa íslenski alþýðu.

*18. október 2005*

*Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ*





*Margrét Eir söng nokkur vel valin lög áður en ársfundurinn var settur.*

## Ársfundur ASÍ 2004

### Setning fundarins

Ársfundur Alþýðusambands Íslands árið 2004 var haldinn á Hótel Nordica, 28. - 29. október. Fundurinn hófst kl. 10:00. Áður en fundurinn hófst flutti Margrét Eir söngkona nokkur sönglög.

Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ setti fundinn með eftirfarandi ávarpi:

*„Félagsmálaráðherra, erlendir og innlendir gestir, ágætu félagar  
Ég vil byrja á að bjóða ykkur öll velkomin til þessa fjórða ársfundar Alþýðusambands Íslands. Fyrir okkur liggur að ræða mörg mikilvæg viðfangsefni.*

*Þar skal fyrst nefna atvinnumálin. Þegar við skildum í lok ársfundar fyrir ári síðan, höfðum við samþykkt ákveðna grunnhugsun, þar sem áfram var unnið út frá sýninni um samþætta stefnu í efnahags- atvinnu- og félagsmálum.*

*Þarna vorum við ekki að samþykkja endanlega stefnu okkar í atvinnumálum, heldur var vinnan á ársfundinum varða á lengri leið, sem raunar hófst með ráðstefnu um atvinnumál í september á síðasta ári. Í samþykkt*

síðasta ársfundar var kveðið á um vinnulag, þar sem sú stefna var mörkuð að áfram skyldi vinna að málinu á þeim grunni sem lagður hefði verið og að sú vinna skyldi lögð fyrir þennan ársfund.

Hitt meginviðfangsefnið er það sem hefur verið kallað „Lífið í vinnunni“. Þá er átt við þá þætti sem hafa áhrif á líðan okkar í vinnunni og möguleika verkalyðshreyfingarinnar og starfsmanna sjálfra til að hafa áhrif á þá þætti sem þar skipta máli. Við erum þarna að tala um umhverfi vinnunnar og vinnustaðinn, skipulag vinnunnar og samskipti og félagsleg tengsl á vinnustaðnum.

Nú þegar hefur nokkuð verið gert á okkar vettvangi til að undirbúa umræðuna hér á ársfundinum, bæði í starfi fastanefnda miðstjórnar og á kynningarfundum vít og breitt um landið í aðdraganda ársfundarins.

Ég vænti mikils af þeirri vinnu sem lögð verður í þessi mál hér á ársfundinum, en það hlýtur að vera eitt af meginverkefnum Alþýðusambandsins á hverjum tíma að tryggja aðkomu sem flestra að stefnumótun á okkar vettvangi. Það er auðvitað afar mikilvægt fyrir okkur sem skipum forystu sambandsins að málflutningur okkar eigi sér stoð í viðhorfum félagsmanna okkar.

Það hefur ýmislegt á dagana drifið frá því að við héldum hér ársfund fyrir ári síðan. Þar er nærtækast að nefna að síðast liðið vor gerðu flest aðildarsamtök Alþýðusambandsins kjarasamninga. Nokkrir samningar á okkar vettvangi renna út nú í haust og síðan hafa sjómenn verið samningslausir í langan tíma. Ég hef þó fyrir satt þau ánægjulegu tíðindi að kominn sé veruleg hreyfing á viðræður sjómanna við útvegsmenn. Það eru afar góð tíðindi eftir allt sem á undan er gengið í því efni.

Í þeim samningum sem gerðir voru síðastliðið vor eru ákvæði um ákveðnar verðlagsforsendur og hvernig hægt sé að bregðast við, standist þær ekki. Nú eru ýmis teikn á lofti sem gera það að verkum að ég hef verulegar áhyggjur af því að þessar forsendur haldi ekki. Ég er ekki einn um að hafa þær áhyggjur. Það vekur sérstakan ugg að fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar virðist einnig gera ráð fyrir að verðbólga verði meiri en forsendur kjarasamninga ganga út frá. Það veldur mér þó enn meiri áhyggjum að ríkisstjórnin virðist ekki átta sig á þessu eða virðist ekki hafa af þessu neinar sérstakar áhyggjur - þess sér a.m.k. ekki nein merki í stefnu-mörkun ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Það er verulegt áhyggjuefni. Því til viðbótar er fátt að finna í fjárlagafrumvarpinu sem eykur manni bjartsýni hvað það varðar að hrinda í framkvæmd úrbótum á velferðarkerfinu - eins og við höfum kallað eftir og eins og allir stjórnmálaflokkar höfðu góð orð um fyrir síðustu kosningar og samstarfssáttmáli ríkisstjórnarinnar gaf nokkur fyrirheit um.

*Þetta eru veruleg vonbrigði. Nú virðist ríkissjóður hafa fjárhagslegt svigrúm til þess að taka myndarlega á í þessu sambandi, en þess í stað hefur ríkisstjórnin ákveðið að lækka skatta um 23 milljarða á kjörtímabilinu. Á það hefur verið bent - bæði af Seðlabankanum, Alþýðusambandinu og Hagfræðistofnun Háskólans að það sé líklegt að við þessar aðstæður virki skattalækkunar þensluhvetjandi. Ég held að menn verði að hugsa þessa hugsun til enda. Það liggur ljóst fyrir, að til að sporna gegn þeim áhrifum verða menn að draga úr útgjöldum á móti.*

*Ég vil að við komum þeim skilaboðum skýrt til skila, að við höfnum því alfarið að sá niðurskurður komi niður á velferðarkerfinu. Ég ætlast til þess að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar eyði þeirri óvissu sem sannarlega er uppi í þessu efni og kveði uppúr um það að ekki verði gripið til þess ráðs að skera niður í velferðarkerfinu til að fjármagna áformaðar skattalækkunar.*

*Félagar,*

*Yfirskrift þessa ársfundar er Sterkari saman. Einhver kann að segja: Við höfum heyrt þetta áður! Og auðvitað höfum við öll heyrt þetta áður. Það er þó ekki þannig að við höfum farið í gamla pappíra og dustað rykið af gömlum slagorðum. Það er fullt tilefni og ærin ástæða fyrir því að þessi yfirskrift var valin.*

*Ársfundurinn er haldinn við þær aðstæður að það er talsvert umrót á vinnumarkaði. Við höfum undanfarnar vikur orðið vitni að ýmsum tilburðum sem ég satt að segja hélt að tilheyrðu einfaldlega fortíðinni - hefðu verið afgreiddir í eitt skipti fyrir öll.*

*Öðru nær. Við höfum þurft að standa í baráttu til þess að verja lágmarksréttindi launafólks, á sjó, í lofti og á landi. Þar er ég að vísa í deilu okkar við forsvarsmenn Brims - sem nú er komin fyrir Félagsdóm og málefni flugfreyja og flugþjóna hjá Iceland Express. Það mál hefur þó sem betur fer tekið nýja stefnu, uppsagnir verið dregnar til baka og kjaraviðræður í réttum farvegi.*

*Á síðasta ársfundi gerði ég málefni starfsfólks - ekki síst útlendinga - við Kárahnjúka að umtalsefni. Við höfum verið á vaktinni þar og málin hafa þokast til betri vegar. Það hefur þó einungis gerst af því að stórverktakanum hefur verið veitt aðhald. Reynslan kennir okkur að þar má ekki slaka á.*

*Nýleg reynsla af erlendum stórum verktakafyrirtækjum er þó engan veginn í öllum tilvikum slæm. Nú eru framkvæmdir við byggingu álvers við Reyðarfjörð hafnar. Öll samskipti við starfsmenn og verkalyðshreyfingu hafa verið til fyrirmyndar. Það er ánægjuefni og við treystum því að svo verði áfram.*

*Þessi mál segja okkur hvert fyrir sig með skýrum hætti hvers virði samstaðan er. Þau segja okkur að einungis með öflugri verkalýðshreyfingu fáum við varið þau réttindi sem þegar hafa náðst fram. Við skulum líka standa klár á því félagar, að til lengri tíma litið munum við ekki sækja fram í þeim efnum - nema standa saman.*

*Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa verið ofarlega á baugi á síðustu misserum og ég er sannfærður um að þau verða með ágengustu viðfangsefnum okkar á komandi árum.*

*Það er þó rétt að taka af öll tvímæli um að verkalýðshreyfingin hefur ekki á móti útlendingum á vinnumarkaði eða í íslensku þjóðlífi. Því fer fjarri.*

*Við lítum aftur á móti á það sem forgangsverkefni að tryggja að útlendingar á íslenskum vinnumarkaði njóti sömu kjara og réttinda og Íslendingarnir sem við hlið þeirra vinna. Það skiptir okkur öll máli.*

*Við viljum koma í veg fyrir að atvinnurekendur misnoti þessa félaga okkar með því að halda kjörum þeirra og aðbúnaði undir því sem almennt er viðurkennt og jafnvel undir kjarasamningsbundnum lágmarkskjörum.*

*Fyrir utan það með hvaða hætti slíkt bitnar á því fólki sem fyrir því verður beint - þá bitnar það líka á hinum, því þeir verða mjög líklega fyrir því í kjölfarið.*

*Við skulum hafa þessi mál öll í huga - Sólbaksmálið, málefni Iceland Express eins og það leit út á tímabili, málin eins og þau þróuðust við Kárahnjúka og síðan málefni útlendinga í heild á íslenskum vinnumarkaði. Það skiptir máli að skoða þau í heildarsamhengi - og ég get ekki að því gert að spurningin hvað verður næst fyrir verður æ ágengari í mínum huga. Hver er næstur?*

*Þetta eru ekki þægilegar spurningar - en við verðum að horfast í augu við þær. Það á enginn að þurfa að verða næstur. Það tryggjum við best með því að gera öllum það ljóst að verkalýðshreyfingin mun ekki líða framkomu af því tagi sem við höfum orðið vitni að ítrekað undanfarið.*

*En af því að hér eru margir góðir gestir frá hinum Norðurlöndunum er ekki úr vegi að víkja að því að samvinnan - ekki síst við norræna félaga okkar - óháð landamærum og sá andi sem þar ríkir er hluti af grunnhugsun verkalýðshreyfingarinnar. Verkalýðshreyfingin er í eðli sínu og að uppruna alþjóðleg hreyfing. Í því felst mikill styrkur, því menn hafa getað treyst á félagu sína í öðrum löndum þegar sótt er að réttindum okkar.*

*Það er því ekki einungis þannig að við höfum getað sótt hugmyndir og siðferðilega styrk og stuðning til félaga okkar í öðrum löndum - heldur hafa menn stutt hver annan með beinum hætti þegar til átaka hefur komið.*

*Parna gildir auðvitað það sama og gildir um okkur sjálf á heimavellinum. Við erum einfaldlega sterkari þegar við vinnum saman.*

*Félagar,*

*Fyrir þessum ársfundi liggja mörg viðfangsefni, þörf og brýn. Málefni - atvinnumálin og lífið í vinnunni eru vel undirbúin af málefnanefndum og miðstjórn - þannig að umræður hér á fundinum eiga að geta verið málefnalegar og snúast um aðalatriði.*

*Að gefnu tilefni eru efnahags- og kjaramálin jafnframt til umfjöllunar á fundinum. Meðal annars verður kynnt ný spá hagdeildarinnar um þróun helstu hagstærða - og í henni kemur fram að ýmsar óæskilegar blikur eru á lofti.*

*Ég vil í lokin leggja ríka áherslu á að nú ganga yfir miklar breytingar í heiminum. Þá er ég að vísa til alþjóðavæðingar, tæknibreytinga og aukinnar samkeppni. Þessar breyttu aðstæður fela í sér margar hættur. En þær fela jafnframt í sér margvísleg tækifæri.*

*Þessi tækifæri skulum við nýta. Þar eigum að skipa okkur í forystu þessar framfara - en um leið skulum við gera þá kröfu að jafnframt komist aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld að samkomulagi um samstarf til að sporna gegn þeim hættum og ógnum sem þróunin hefur óhjákvæmilega í för með sér.*

*Þessir aðilar - verkalýðshreyfingin, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld þurfa að móta sameiginlega sýn til framtíðar þar sem saman fara stefna í efnahags- og atvinnumálum og friður um velferðarkerfið. Í þeirri vinnu þurfa félags- og velferðarmálin að vera jafnsett hinum - en ekki afgangsstærð.*

*Til þessa verks erum við fús og köllum eftir samstarfi við þessa aðila í því sambandi. Reynslan hefur kennt okkur að samvinna um framtíðarsýn er vænlegust til að tryggja framfarir, stöðugleika og velmegun.*

*Ég ætla að ljúka máli mínu á því að vísa enn og aftur í yfirskrift fundarins. Samstarf um framtíðarsýn hefur vitaskuld beina skírskotun í yfirskriftina - en líka félagar - að við verkalýðshreyfingin - náum bestum árangri, hvort heldur er í átökum eða samstarfi þegar við göngum samstiga.*

*Ég hef gjarnan vitnað til reynslunnar af lífeyriskerfinu í því sambandi. Ég hef sagt að í því endurspeglit og kristallist sú grunnhugsun sem allt starf verkalýðshreyfingarinnar hvílir á - sú hugsun að við berum öll ábyrgð á velferðinni - ekki bara okkar eigin velferð, heldur berum við í sameiningu ábyrgð hvert á öðru.*

*Látum þessi sannindi vera okkur leiðarljós á þessum ársfundi og inn í framtíðina. Við erum sterkari saman.*

*Fjórdi ársfundur Alþýðusambands Íslands er settur og ég bið Ingi-  
björgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta sambandsins að taka við stjórn  
fundarins.“*

## **Ávarp félagsmálaráðherra**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ tók við fundarstjórn og bauð fé-  
lagsmálaráðherra Árna Magnússon velkominn til fundarins. Hann flutti eftir-  
farandi ræðu.

*„Ágætu ársfundargestir.*

*Ég vil hefja mál mitt á því að þakka forystumönnum Alþýðusambands  
Íslands fyrir að hafa enn á ný boðið mér að taka til máls við upphaf árs-  
fundar. Skoðanaskipti eru ætíð af hinu góða. Það er ekkert óeðlilegt þótt  
stjórnvöld og samtök á vinnumarkaði geti greint á um markmið og leiðir.  
Samtökin eru gæsluaðilar umbjóðenda sinna og hljóta að leggja áherslu á  
þau málefni sem standa þeim næst. Stjórnvöld þurfa eðli málsins sam-  
kvæmt að líta til fleiri átta og taka tillit til hagsmuna sem oftar en ekki eru  
ólíkir. Það breytir því ekki að skoðanaskipti eru nauðsynleg til þess að  
hægt sé að átta sig á ástæðum fyrir ólíkum viðhorfum til málefna. Í sam-  
ræmi við þetta hélt ég á síðasta vetri reglulega samráðsfundi með forystu-  
mönnum Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins, það sama verður  
uppi á teningnum í vetur.*

*Í ávarpi sem ég flutti á ársfundi ykkar í fyrra fjallaði ég um nokkra  
þætti félags- og vinnumála sem verið er að vinna að í félagsmálaráðuneyt-  
inu og mér fannst eiga erindi við ykkur. Ég hyggst hafa sama háttinn á að  
þessu sinni.*

*Ég held að flestir geti verið sammála um að það eru nokkur grundvall-  
aratriði sem ráða afkomu launafólks og fjölskyldnanna í landinu. Mikil-  
vægast er að vera í launuðu starfi sem gefur tekjur til að standa straum af  
kostnaði við að halda heimili. Annað mikilvægt atriði er að hafa þak yfir  
höfuðið. Húsnæðismálin hafa verið mjög umfangsmikil í starfsemi félags-  
málaráðuneytisins. Það hefur gengið hægt að koma þeim í hliðstæðan far-  
veg og tíðkast meðal þeirra þjóða sem við helst viljum bera okkur saman  
við, en það stendur til bóta.*

*Ég ætla ekki að halda neina kosningaræðu hér en við stjórnámálamenn  
erum með réttu oft minntir á loford sem gefin eru fyrir kosningar, einkum  
og sér í lagi ef menn telja að þau hafi verið svikin. Hins vegar er minna  
talað um það þegar lofordin eru efnd.*

*Mér finnst ekki ástæða til að draga úr því að minn flokkur setti umbæt-  
ur í húsnæðismálum á oddinn fyrir síðustu kosningar m.a. með hækkun  
lánshlutfalls Íbúðalánasjóðs í 90% af verði hóflegar íbúðar.*

Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að nú er hægt að tala um tíma-  
mót í húsnæðismálum þjóðarinnar. Húsbrefakerfið hefur verið aflagt og  
tekin upp peningalán til hagsbóta fyrir íbúðakaupendur. Nú þegar hafa  
íbúðarlán verið hækkuð og munu losa 13 milljónir um áramót. Gert er ráð  
fyrir enn meiri hækkunum í áföngum á kjörtímabilinu og munu þegar upp  
er staðið verða 90% af verði hóflegrar íbúðar. Enn fremur hafa vextir ver-  
ið að lækka og eru 4,3%. Það gleðilega fyrir allan almenning er að banka-  
kerfið hefur loksins tekið við sér. Bankarnir hafa nú séð sér fært að bjóða  
íbúðarkaupendum upp á kjör sem nálgast það sem hefur tíðkast í áratugi í  
nágrannalöndunum. Það þarf ekki að fjölyrða um þær kjarabætur sem fel-  
ast í þessari breytingu fyrir fjölskyldurnar í landinu og allan þorra launa-  
fólks. Þær eru bæði raunverulegar og áþreifanlegar.

Góðir fundarmenn.

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa verið töluvert til  
umfjöllunar síðustu misserin. Þessu veldur stóraukin þörf fyrir erlent  
vinnuafli m.a. til starfa við framkvæmdirnar á Austurlandi. En fleira kemur  
til eins og stækkun Evrópusambandsins og þar með stækkun hins Evr-  
ópska efnahagssvæðis 1. maí sl.

Mikil áhersla hefur verið á það lögð af hálfu talsmanna Alþýðusam-  
bandsins að nauðsynlegt væri að taka málefni útlendinga fastari tókum.  
Komið hafa fram fullyrðingar um að útlendir starfsmenn við Kárahnjúka-  
virkjun nytu ekki umsaminna kjara á íslenskum vinnumarkaði og að þeir  
væru hlunnfarnir með tilstyrk svonefndra starfsmannaleiga. Á þeim vinnu-  
stað og öðrum ætti sér stað það sem nefnt hefur verið félagslegt undirboð.  
Ég hef tekið slíkar fullyrðingar alvarlega. Félagsmálaráðuneytið hefur  
gert það sem er í þess valdi til að tryggja að bæði sé farið eftir lögum og  
reglum sem og þeim leikreglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Þannig hefur bæði Vinnuálastofnun og Vinnueftirliti ríkisins verið  
falið að fylgjast vel með framvindunni við Kárahnjúka. Minna má á að  
forstjóri Vinnuálastofnunar gerði sér sérstaka ferð austur til að fylgjast  
með útborgun launa til að ganga úr skugga um að erlendir starfsmenn  
væru ekki hlunnfarnir. Einnig hefur verið lagt í kostnað við að efla eftirlit  
sem er bæði sjálfsagt mál, eðlilegt og nauðsynlegt.

Ráðuneytið hefur einnig lagt áherslu á að tryggja að starfsmannaleig-  
ur haldi sig innan þess ramma sem íslensk lög, reglur og kjarasamningar  
setja. Hér er óneitanlega um að ræða viðfangsefni sem hefur valdið fleiri  
þjóðum áhyggjum. Ég ætla ekki að fjölyrða um það í hverju þessar áhyggj-  
ur felast en vil nefna að hér er um að ræða fyrirtæki sem eru skrásett er-  
lendis en senda starfsmenn á grundvelli m.a. EES tilskipana hingað til  
starfa. Þar af leiðandi höfum við talið að vænlegast til að ná varanlegum



árangri sé að stofna til samstarfs við Norðurlöndin og samstarfsríki okkar á Evrópska efnahagssvæðinu um að koma starfsemi þessara fyrirtækja í þann farveg að um hana geti ríkt sátt.

Fulltrúar okkar í nefndum á norrænum vettvangi hafa lagt á þetta áherslu en mál þessu tengd hafa verið ofarlega á baugi í norrænni samvinnu á síðastliðnu ári. Er ljóst að svo mun verða áfram en í norrænni samstarfsáætlun á sviði vinnumála og vinnuverndarmála fyrir árin 2005-2008 er meðal annars fjallað um þróun nýrra ráðningarforma, þ.á.m. vandann tengdum starfsmannaleigum. Við höfum einnig kallað eftir og fengið upplýsingar um gildandi lög um þetta efni frá aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Við vitum að þetta málefni er til sérstakrar athugunar á vettvangi þeirrar stofnunar Evrópusambandsins sem stundar vinnumarkaðsrannsóknir og hefur aðsetur í Dublin. Við munum að sjálfssögðu fylgjast með því starfi.

Fjölþjóðleg samvinna dugur okkur þó skammt ef málin eru ekki jafnframt sérstaklega skoðuð heima fyrir. Í haust skipaði ég því vinnuhóp með aðild Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem hefur það hlutverk að fjalla um stöðu starfsmannaleiga á íslenskum vinnumarkaði. Starfshópnum er meðal annars ætlað að skoða sérstaklega starfsumhverfi starfsmannaleiga sem hafa staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins en kjósa að veita þjónustu hér á landi.

Enn fremur er starfshópnum ætlað að kanna nauðsyn þess að sett verði sérlög um starfsemi starfsmannaleiga er eiga sér staðfestu hér á landi, hvort sem um er að ræða fyrirtæki sem er innlent að uppruna eða erlent fyrirtæki sem hefur kosið að nýta sér staðfesturétt sinn. Ég vænti þess að starfshópurinn skili niðurstöðu í byrjun desember.

Annað atriði þessu tengt eru löggin og reglugerðin um atvinnuréttindi útlendinga. Forystumenn Alþýðusambandsins hafa lagt mikla áherslu á að sett yrði reglugerð á grundvelli laganna um atvinnuréttindi útlendinga. Undir þetta var tekið á ársfundi Starfsgreinasambandsins sem haldinn var fyrir hálfum mánuði. Mér er ljóst að samtök launafólks leggja áherslu á að reglugerðin verði gefin út hið fyrsta. Mér er það hins vegar einnig mikilvægt að ákveðin sátt ríki um efni laga og reglugerða er lúta að málefnum vinnumarkaðarins. Ákvað ég því að gera aðra tilraun í því efni. Haft hefur verið samband við aðilanna vegna þeirrar vinnu og fyrir mér er um mikild forgangsverkefni að ræða. Munum við því leggja áherslu á að unnt verði að ljúka málinu hið fyrsta. Það liggur eigi síður fyrir að ráðuneytið mun kappkosta að lög um verndun starfsréttinda verði virt.

Það er mér mikið ánægjuefni að geta upplýst hér að lokið hefur verið við gerð frumvarps um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launa-



fólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, í nánu samráði við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Er markmið þessa frumvarps að veita samningum aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, er lúta að launum og ráðningarkjörum starfsmanna, sama almenna gildi og kjarasamningar hafa að því er varðar laun og önnur starfskjör. Eins og ykkur er eflaust kunnugt um má rekja tilurð þessa frumvarps til samkomulags Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá 7. mars 2004. Reikna ég með að leggja þetta frumvarp fyrir ríkisstjórn á næstu dögum.

Það er ekki hægt að ljúka umfjöllun um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði án þess að minnst á fleiri atriði sem hafa verið gagnrýnd - sérstaklega af talsmönnum útlendinga. Eitt af því er fyrirkomulagið við afgreiðslu og veitingu atvinnuleyfa.

Í raun heyrir þetta málefni undir tvö ráðuneyti, dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið. Það fyrrnefnda fer með veitingu dvalarleyfis, það síðarnefnda með veitingu atvinnuleyfis. Fyrirkomulagið er mjög sérstakt að því leyti að atvinnuleyfi verður ekki gefið út nema að dvalarleyfi liggi fyrir. Dvalarleyfi er ekki veitt nema að það sé ljóst að hlutadeigandi geti séð sér farborða. Það er í raun merkilegt að þetta kerfi skuli hafa getað gengið upp. Í öðru lagi hefur það verið gagnrýnt að atvinnuleyfi skuli veitt atvinnurekanda en ekki útlendingi. Þar með sé útlendingurinn ofurseldur valdi atvinnurekandans. Ég get ekki neitað því að mér finnst orðið tímabært að endurskoða þetta fyrirkomulag og kanna hvort ekki sé hægt að einfalda stjórn-sýsluna t.d. með því að fela einu ráðuneyti ábyrgð á málaflökknum. Ég vonast eftir góðri samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um það efni.

Ágætu ársfundarfulltrúar.

Ástandið á vinnumarkaðnum veldur áhyggjum. Öflug stefna stjórnvalda í atvinnu- og efnahagsmálum hefur leitt af sér hagvöxt sem er meiri en flest vestræn ríki geta státað sig af. Samt er það svo, ólíkt því sem gerst hefur við fyrri uppsveiflur í efnahagslífinu, að lítið hefur dregið úr atvinnuleysi sem er enn allt of mikið. Atvinnuleysi hér á landi er út af fyrir sig ekki slæmt í samanburði við næstu nágrannalönd. En það sem er verra er að atvinnuleysi ungs fólks hefur verið að aukast á milli ára. Sömu sögu er að segja af þeim sem teljast búa við langtímaatvinnuleysi. Sumir segja að ekki sé að marka tölur um atvinnuleysi. Einungis hluti þeirra sem eru á skrá séu í raunverulegri atvinnuleit. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að eitt-hvað sé til í slíkum fullyrðingum er atvinnuleysi samt of mikið. Það bendir til þess að þrátt fyrir batnandi afkomu hafa fyrirtæki ekki ráðið starfsmenn með sama hætti og áður. Því getur valdið aukin hagræðing og meiri framleiðni, eða að fyrirtæki séu að flytja framleiðsluna úr landi og þar með

störfín. Og af því hafa verið sagðar fréttir í fjölmiðlum. Öll þessi atriði valda áhyggjum og kalla á viðbrögð.

Eitt af stóru málunum sem eru til umfjöllunar í félagsmálaráðuneytinu um þessar mundir er endurskoðun laga um vinnumarkaðsaðgerðir og um atvinnuleysistryggingar. Bæði lögin eru frá árinu 1997. Endurskoðunin er í höndum nefndar sem skipuð var í sumar. Í henni eiga sæti fulltrúar heildarsamtaka á vinnumarkaði auk fulltrúa félagsmálaráðherra.

Markmiðið með endurskoðuninni er að tryggja stöðu og öryggi fólks í atvinnuleysi sem og gæði vinnumarkaðsaðgerða ásamt því að auka skilvirkni almennt. Hlutverk nefndarinnar er einkum eftirfarandi:

að endurskoða stjórnskipulag atvinnuleysistryggingakerfisins með aukna skilvirkni að markmiði, að endurskoða framkvæmd kerfisins, þar á meðal að skýra betur réttindi borgaranna til atvinnuleysistrygginga, svo sem skilyrði fyrir réttindum launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga, skráningu, tryggingatímabil, fjárhæðir, undanþáguheimildir og réttindi innan Evrópska efnahagssvæðisins, að meta árangur vinnumarkaðsaðgerða frá árinu 1997 með hliðsjón af því hvort breytinga sé þörf á gildandi vinnumarkaðskerfi. Ég vænti þess að tillögur endurskoðunarnefndarinnar liggi fyrir í byrjun næsta árs.

Ágætu ársfundarfulltrúar.

Ég hef staldrað við þau málefni sem eru mér ofarlega í huga og hafa verið mikið í umræðunni í samfélaginu að undanförunu og læt hér við sitja. Ég vona að þið eigið eftir að eiga árangursríkan fund um leið og ég óska Alþýðusambandinu velfarnaðar í störfum sínum í framtíðinni. Ennfremur vil ég nota þetta tækifæri til að láta í ljósi þá von að framhald verði á góðu samstarfi sambandsins og félagsmálaráðuneytisins sem ég tel að hafi skil að góðum árangri fram til þessa.“

## Ávarp Roar Flåthen

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir bauð Roar Flåthen, 1. varaforseta norska Alþýðusambandsins (LO), velkominn til fundarins. Yfirskrift ræðu hans var stækkun Evrópusambandsins og félagsleg undirboð. Ræða hans er hér í lauslegri þýðingu.

Ársfundarfulltrúar!

Fyrst vil ég fyrir hönd okkar erlendu gestanna þakka ykkur fyrir að bjóða okkur til Íslands. Ég veit að ég tala fyrir hönd okkar allra þegar ég segi að það er ávallt notalegt að koma til Íslands. Ég vil einnig mín vegna undirstríka það góða samstarf sem við höfum átt við vini og samstarfsmenn okkar hér.

Ég var beðinn um að segja nokkur orð um stækkun ESB og hvaða áhrif hún hafði á vinnumarkaðinn í Noregi og öllum Norðurlöndunum.

Í fyrri viku tókst LO í Noregi á fá samþykkt að kjarasamningar í sjö olíuvinnsluverum séu almennt gildandi. Ákvörðunin þýðir að allir - án tillits til upprunalands eða menntunar - eiga að fá laun eftir gildandi kjarasamningi á þessum sjö tilteknu stöðum. Erlendum starfsmönnum eru tryggð sömu laun og norskum stafsfélögum sem eru með kjarasamning.

Ofan á þetta koma síðan vaktaálag og óþægindaálag, yfirvinna, fæði og upphald. Ákvörðunin gildir einnig fyrir undirverktaka. Auðvitað eru þetta mjög góð laun fyrir Pólverja, Letta og Eistlendinga, en félagsleg undirboð snúast ekki um launakjör í Póllandi. Þau snúast um að ekki sé grafið undan launum og félagslegum réttindum í Noregi og á Norðurlöndunum á einni nóttu!

Þetta er fyrsta samkomulagið sem gert er í tengslum við innleiðingu laga um að lögbinda ákvæði kjarasamninga sem tóku gildi samhliða EES-samningnum 1994. Við erum því mjög ánægð með niðurstöðuna, sem vísar veginn fyrir sambærilega samninga í öðrum greinum og sviðum í framtíðinni. Samtímis er lögbinding lágmarkskjara ekki án vandamála. Í raun snýst hún um að láta kjarasamninga gilda fyrir einstaklinga sem standa utan stéttarféлага.

Við vinnum því samhliða að fleiri leiðum. Meðal annars með því að tryggja okkur gegn félagslegum undirboðum í kjarasamningunum.

Í dag hafa lyftuuppsetningarmenn í Noregi verið 10 vikur í verkfalli. Ástæða verkfallsins er krafan um að festa þau ákvæði í kjarasamningi. Að í Noregi viljum við hafa norsk laun. Þessu hafa atvinnurekendur staðfastlega hafnað. Þeir hafa jafnvel talað um verkfallið sem „ósanngjarn“

- En er það sanngjarnt að bjóða erlendum starfsmönnum þrælalaun?
- Er það sanngjarnt að setja þúsundir starfa í Noregi í hættu?
- Er það sanngjarnt að grafa undan velferðarkerfinu okkar?

### **Svarið er auðvitað nei!**

Launafólk sem kemur frá öðrum löndum til að vinna í Noregi er jafnverðmætt og við. Þetta eru félagar okkar. Þeir eiga að njóta sömu launa og starfsskilyrða og við.

Við höfum séð dæmi um þrælakjör allt niður í 22 krónur á tímann (240 ikr)! Erlendum starfsmönnum er neitað um atvinnusjúkdóma-tryggingar. Þeir standa réttlausir ef slys ber að höndum. Í Noregi kom upp tilvik þar sem erlendur starfsmaður missti handlegg. Atvinnurekandinn neitar að axla ábyrgð sína. Samtímis tilkynnir Vinnueftirlitið að öryggi á norskum byggingarstöðum hafi minnkað marktækt.

Við sjáum að útbod sem eru grundvölluð á launum undir lágmarkskjörum hjá erlendum starfsmönnum (þjónustuútbod) hefur fjölgað verulega og við sjáum dæmi um að norsk fyrirtæki byggja í vaxandi mæli á því að ráða til sín erlenda starfsmenn í tilboðum sínum. Því er slagurinn gegn tillöggunni að þjónustutillskipun ESB mikilvægur. Það má ekki verða þannig að reglur upprunalandsins eigi að gilda fyrir starfsmenn sem koma til Norðurlandanna að vinna. Hér eiga auðvitað okkar lög, reglur og kjarasamningar að gilda. Hér höfum við verk að vinna í sameiningu!

Samtímis hefur okkur tekist í viðræðum okkar um endurnýjum kjarasamninga á almenna markaðinum að fá inn nýjar reglur um inn- og útleigu starfsmanna. Meðal annars á að ræða við trúnaðarmenn um umfangið og þörfina fyrir leigu á starfsmönnum. Margir kjarasamningar innihalda ákvæði um innsýn í ráðningarsamninga, einnig fyrir þá sem eru utan stéttarféлага. Í byggingargeiranum þurfa stjórnendur, ef trúnaðarmaður krefst þess, að sýna fram á kjör útleigustarfsmanna og undirverktakar séu á um sömdum launa- og starfskjörum.

Félagsleg undirboð er mikil áskorun fyrir alla norræna verkalýðshreyfingu. Og þar er mikil vinna í einstökum löndum við að koma í veg fyrir félagsleg undirboð. Ég veit að við erum sammála um að Norðurlöndin verði ekki staður þar sem félagsleg undirboð viðgangast. Því þrátt fyrir að við notum ólík verkfæri, eru vandamálin þau sömu. Bæði dönsk og sænsk verkalýðshreyfing hafa með hótunum um sniðgöngu fengið í gegn kröfur um kjarasamninga fyrir þá sem eru utan stéttarféлага.

Landssambandið Træ-Industri-Byg í Danmörku hefur náð samningi við pólska fyrirtækið Biomax og Starfsgreinasambandið danska við pólska fyrirtækið Steel Protection. Samsvarandi hefur gerst í Svíþjóð. Í Finnlandi gilda kjarasamningar almennt ef þeir ná til meira en 50% starfsmanna á samningssviðinu. Í Noregi skoðum við möguleikana á að nota sniðgöngu til að tryggja norsk launa- og starfskjör.

Öll norræna verkalýðshreyfingin tekur virkan þátt í Heildarsamtökum launafólks á Norðurlöndunum (NFS). Samstaðan þvert á landamæri er ekki síður mikilvæg. Við verðum að leggja okkar af mörkum til að treysta stöðu verkalýðshreyfingarinnar í öllum löndum Evrópu. Við verðum að tryggja að launa- og starfskjör verði ekki notuð gegn okkur sem fleinn til að veikja réttindi okkar. Við verðum að tryggja betra velferðarkerfi. Réttlátari skiptingu gæðanna. Og að félagsmenn okkar í öllum löndum fái tækifæri til betra lífs.

Ég var einnig beðinn að segja nokkur orð um stöðu atvinnumála í Norge. Fyrir stuttu lagði ríkisstjórnin fram fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár. Þetta eru fjórðu fjárlögin frá þessari ríkisstjórn sem færa munu samfélags-

*Þróunina í vitlausa átt. Þrátt fyrir hagstæða þróun í alþjóðlegum efnahagsmálum, olúverð í toppi og vexti í sögulegu lágmarki tekst ríkisstjórninni ekki að leysa verkefni nr. 1 - Atvinnu fyrir alla - eða höndla áskorunina um þróun velferðarkerfisins.*

*Síðan Bondevik II tók við völdum hefur atvinnuleysi aukist um 50% og félagslegur ójöfnuður hefur aukist. Iðnaðurinn hefur glatað 20.000 störfum, samhliða hefur umfang uppsagna, undirmönnunar og atvinnuleysis aukist í opinbera geiranum. Samhliða er mikið dulið atvinnuleysi og margir sem eru í hlutastörfum vilja fullt starf. Í viðbót er dulið atvinnuleysi upp á ca. 50.000. 100.000 einstaklingar eru í of litlu starfshlutfalli. 300.000 fá ekki atvinnuleysisbætur.*

*LO hefur kallað eftir allt öðrum vilja og hæfni frá stjórnámálamönnum okkar til að skapa ný atvinnutækifæri. Við verðum að fá virka og ágenga atvinnustefnu. Það skuldum við þeim sem ýtt hefur verið út í atvinnuleysi!*

*Kærar þakkir fyrir athyglina og til hamingu með ársfundinn!*

## **Ávarp Ögmundar Jónassonar**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir bauð Ögmund Jónasson velkominn til fundarins. Hann flutti eftirfarandi ræðu.

*„Góðir félagar í ASÍ.*

*Að mörgu leyti stendur verkalýðshreyfingin á tímamótum ekki aðeins hér á landi heldur víðs vegar um heiminn. Að henni er sótt af gamalkunnum andstæðingum og er það tímanná tákni að nú er að nýju notuð hugtök sem fyrir tveimur til þremur áratugum mörgum þótti vera að úreldast. Auðvald á sér nú augljósari skírskotun til samtímans en nánast allan síðari hluta tuttugustu aldarinnar. Og að sjálfsögðu er það auðvaldið sem sækir nú að verkalýðshreyfingunni og vill brjóta hana á bak aftur.*

*Jafnframt þrengir gróðahyggja fast að jafnaðar- og velferðarþjóðfélaginu -hún nagar í undirstöður þess.*

*Velferðarþjóðfélag og verkalýðshreyfing er sitt hvor hliðin á sama peningnum og það segir sína sögu að samtímis skuli gerð aðför að velferðarþjóðfélaginu og verkalýðshreyfingunni.*

*Þegar Margrét Thatcher komst til valda í Bretlandi í lok áttunda áratugar síðustu aldar, lýsti hún því opinskátt yfir að forsenda þess að takast mætti að markaðsvæða samfélagið og gera gróðavonina að æðstu dyggð - drifkrafti framfaranna eins og hún kallaði það - væri sú, að áður hefði tekist að brjóta verkalýðshreyfinguna á bak aftur. Veikari verkalýðshreyfing, veikari varnir velferðarþjóðfélagsins.*

*Það er engin tilviljun að í íslensku verkalýðshreyfingu skuli sífellt meira vera lagt upp úr alþjóðlegu starfi. Alþjóðavæðingin hefur nefnilega*

*haldið innreið sína á nánast öllum sviðum samfélagsins; bæði til góðs og til ills - allt komið undir því hvernig á er haldið og hverjir á halda.*

*Hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni er tekist á um skiplagsgrundvöll samfélagsins og gildir hið sama um drögin sem nú hafa verið kynnt á vegum Evrópusambandsins að því sem menn kalla þjónustutilskipun. Hún fjallar um grundvallaratriði. Um þessa tilskipun eru nú harðvítug átök þar sem annars vegar stendur verkalýðshreyfingin í Evrópu fullkomlega einhuga og sameinuð og hins vegar gróðaöflin - einnig sameinuð og samstiga á sinn sundurlynda hátt.*

*Tekist er á um tvennt. Annars vegar hvernig skilgreina eigi þá þjónustu, sem nú stendur til að færa undir markaðslögmálin á innri markaði hins Evrópska markaðssvæðis, hvort þessi tilskipun eigi að taka til heilsugæslu og skóla. Það vill markaðshyggjan - ekki við.*

*Hitt atriðið, sem tekist er á um, snýr að samningum á vinnumarkaði Upprunalandsregla virðist ósköp saklaust hugtak en þegar betur er að gáð er engu sakleysi þar fyrir að fara. Samkvæmt þessari reglu eiga að gilda samningar og vinnureglur í því landi sem fyrirtæki er upprunnið í. Hasli pólskt fyrirtæki sér völl í Þýskalandi eða á Íslandi skulu pólskir samningar og pólskar vinnureglur gilda. Og það yrðu pólsk yfirvöld - það er að segja, ef þessi galna regla verður samþykkt - sem kæmu til með að fylgjast með því að samningar yrðu haldnir hér uppi á Íslandi ef því væri að skipa - þess vegna á Kárahnjúkum.*

*Íslensk verkalýðshreyfing hefur greiða aðkomu að stefnumótandi umræðu um þessa tilskipun og annað á vinnuborði Evrópusambandsins og þá aðkomu höfum við nýtt okkur og munum nýta okkur í samráði og samvinnu við félag okkar í Evrópu.*

*Afalefli verðum við að beita okkur gegn þessari tilskipun enda gætu afleiðingar hennar orðið mjög afdrifaríkar. Aldrei hefur það verið meira knýjandi en einmitt nú, að á vegum verkalýðshreyfingarinnar fari fram kröftug umræða um alþjóðamál, réttindi launafólks í heiminum öllum, GATS og Evrópusambandið. Innan BSRB leggjum við nú mikla rækt við þessa umræðu - ekki með það fyrir augum að BSRB sem samtök taki afstöðu til hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu heldur til þess að félagsmenn og þess vegna samfélagið allt eigi auðveldara með að móta sér skoðun á grundvelli upplýsinga og vitrænnar umræðu. Þá þurfa allir kostir að vera undir: Aðild að Evrópusambandinu, að áfram verði byggt á samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði eða í þriðja lagi, að við losum okkur algerlega undan þeim samningi - EES samningnum. Það er mín persónulega skoðun, að það beri okkur að gera, fari hann að þrengja um of að lýðræðinu í landinu. Ég skal játa að ég er orðinn þreyttur á að*



heyra vísad í þennan tíu ára gamla milliríkjasamning sem klassískt listaverk, eins konar Lilju sem allir vildu kveðið hafa. Aldrei var EES samningurinn mitt ljóð. Við skulum hafa það hugfast í þessari umræðu - hver svo sem skoðun okkar á því hvernig sambandi Íslands við Evrópusambandið skuli háttað - að það eru til fleiri kostir í stöðunni en tveir og jafnvel þrír. Auðvelt er að sjá fyrir sér form sem greiðir fyrir enn meiri samskiptum í menningu og listum, í verslun og viðskiptum, en þar sem jafnframt er dregið úr pólitískum þrýstiaðgerðum; slík Evrópa hugnaðist mér betur en sú framtíð og reyndar nútíð sem Evrópusambandið býður upp á. En jafnframt því sem við ræðum málin og gaumgæfum, hlaupum við ekki frá þeim veruleika sem við búum við hér og nú. Og boðskapur okkar er sem endranær að jafnaðar- og velferðarþjóðfélagið munum við verja og hið sama gildir um barátutæki velferðarinnar: verkalýðshreyfinguna. Við erum staðráðnari en nokkru sinni að efla hana og treysta.

Á Kárahnjúkum höfum við séð vísi að því sem koma skal ef varnirnar bresta: Ósvífin fyrirtæki sem níðast á varnarlausu verkafólki. Ég spyr, hvernig væri ástandið ef íslensk verkalýðshreyfing hefði ekki reynt að standa vaktina? Hún er erfið sú vakt og það er verkefni okkar allra að standa þétt saman að baki fulltrúum Alþýðusambands Íslands við Kárahnjúka og hvarvetna sem brotin eru mannréttindi á fólki.

Það er líka sameiginlegt verkefni okkar allra að standa sem órjúfanlegur múr með sjómönnum sem nú halda um fjöregg verkalýðshreyfingarinnar frammi fyrir úrgerðarauðvaldi, sem vill hrifsa það brott - svipta sjómannastéttina sjálfum samningsréttinum; réttinum til að standa saman - réttinum til að semja í sameiningu um kaup og kjör. Barátta sjómanna er barátta okkar allra.

Einnig gagnvart kennurum eigum við að sýna samhug og samstöðu. Þeir eiga nú í strangri og erfiðri baráttu til að rétta kjör sín. Ég er í hópi þeirra sem ekki sætta sig við aukinn kjararun í samfélaginu - ekki heldur innan kjarakerfa sem launafólk tekur sjálft þátt í að smíða. Þannig þykir mér eðlilegt að hver taki mið af öðrum í kjarabaráttunni, einn hópur horfi til annars. Þetta getur kostað hnútuköst en gætum að því að bregða aldrei fæti hvert fyrir annað. Höfum sjónarhornið vítt - horfum til þjóðfélagsins alls - einnig og ekki síst til þeirra sem mala gullið og hafa nánast sem skotsilfur - vasapening - mánaðarlaun kennarans. Í þessu samhengi eigum við að líta á kjarabaráttu kennara. Góðir félagar minnumst þess að á sjöttu viku í verkfalli eru tilfinningarnar heitar og orðin dýr.

Sendum sjómönnum, kennurum, verkamönnum á Kárahnjúkum, sendum öllu launafólki, sem stendur nú í harðri baráttu fyrir betri kjörum, góðar kveðjur.

*Inn í ykkar raðir góðir félagar í ASÍ - sendum við baráttukveðjur.*

*Ég vil færa Grétari Þorsteinssyni, forseta Alþýðusambands Íslands, og öðrum forsvarsmönnum ASÍ þakkir fyrir vináttu og gefandi samstarf. Fulltrúum á þessum ársfundi ASÍ færi ég kveðjur og til handa íslensku launafólki og öllum þeim, sem annst er um jöfnuð, réttlæti og velferð á Íslandi á ég þá ósk, að Alþýðusamband Íslands muni dafna og eflast sem aldrei fyrr.“*

## **Kjörbréfanefnd**

**Guðmundur Þ Jónsson**, gerði grein fyrir álitum kjörbréfanefndar. Með honum í nefndinni störfuðu Páll H. Jónsson, formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og Ísleifur Tómasson, starfsmaður Rafiðnaðarsambandsins. Nefndin kom saman þann 27. október, til að fjalla um innkomin kjörbréf og verklag vegna ársfundarins. Samkvæmt lögum var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum á ársfund. Þann 27. október höfðu alls 57 aðildarfélög og deildir og tvö landssambönd vegna 15 aðildarfélaga sinna sent inn kjörbréf vegna 290 fulltrúa á fundinn. Nefndin lagði til að þau yrðu öll samþykkt.

Í ræðu formanns nefndarinnar kom fram, að fyrir ársfundi lægi að fjalla um aðild Félags bókkagerðarmanna að Alþýðusambandinu. Kjörbréf félagsins væri ekki hægt að samþykkja fyrr en aðild félagsins hefði verið staðfest. Að fengnum athugasemdum voru kjörbréf samþykkt.

## **Afgreiðsla fundarskapa ársfundar**

Fyrir fundinum lá að afgreiða fundarsköp ársfundar. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir gerði grein fyrir fjórum tillögum miðstjórnar ASÍ að breytingum á fundarsköpum. Tillögur miðstjórnar eru byggðar á vinnu skipulags- og starfsháttanefndar. Tillögur fjölluðu um breytingar á grein 4.4, um hámarkstíma í umræðum, grein 5.15 um tilskilinn fjölda ársfundarfulltrúa við atkvæðagreiðslur, grein 6.2. um nauðsynlegt atkvæðamagn í kosningum og grein 6.7 um atkvæðavægi ársfundarfulltrúa.

Ingibjörg gerði enn fremur grein fyrir ýmsum minni háttar breytingum sem gerðar hefðu verið á fundarsköpum og að sett hefðu verið inn ákvæði um leynilegar atkvæðagreiðslur í stað ákvæða um allsherjaratkvæðagreiðslur, í samræmi við breytinga sem gerðar voru á síðasta ársfundi.

Auk þeirra tillagna sem Ingibjörg talaði fyrir, lagði Hannes G. Sigurðsson til breytingu á orðalagi greinar 4.4. Allar tillögurnar voru samþykktar.



## **Kjör starfsmanna ársfundar**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir gerði tillögu um Hákon Hákonarson sem fundarstjóra á ársfundinum og var hún samþykkt samhljóða.

Hákon tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Jóhönnu E. Vilhelmsdóttur sem 1. varafundarstjóra og Hjördísi Þóru Sigurbjörnsdóttur sem 2. varafundarstjóra. Tillaga Hákonar var samþykkt samhljóða.

Því næst gerði fundarstjóri tillögu um Önnu Maríu Clausen og Kristján Jóhannsson sem skrifara. Sem ritara fundargerðar ársfundar gerði hann tillögu um Ingvar Sverrisson og Margréti Lind Ólafsdóttur. Tillögur fundarstjóra voru samþykktar samhljóða.

## **Inntaka Félags bókagerðarmanna**

Ingibjörg R. gerði grein fyrir umsókn Félags bókagerðarmanna að Alþýðusambandi Íslands.

Félag bókagerðarmanna sótti um aðild að Alþýðusambandi Íslands með bréfi dagsettu 18. nóvember 2003. Þar komi fram, að í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna hafi verið samþykkt að sækja um aðild að Alþýðusambandi Íslands. Sótt er um beina aðild, enda er félagið landsfélag.

Miðstjórn ASÍ vísaði umsókninni til umsagnar skipulags- og starfsháttanefndar ASÍ sem fjallaði um málið, en einnig til laganeftndar sambandsins. Að fenginni umsögn þessara aðila samþykkti miðstjórn á fundi sínum 10. desember 2003 aðildarumsókn Félags bókagerðarmanna til bráðabirgða í samræmi við 6. gr. laga sambandsins.

Ingibjörg bar tillögu um að veita félaginu aðild að ASÍ undir fundinn og var hún samþykkt samhljóða. Þá voru kjörbréf 5 fulltrúa félagsins borin undir atkvæði og þau samþykkt samhljóða.

I kjölfar þessarar afgreiðslu tók Ingibjörg til máls. Fagnaði hún því að aðild þessa öfluga stéttarfélags með sína merku sögu að Alþýðusambandi Íslands hefði verið staðfest. ASÍ vænti mikils af þátttöku þessa nýja félags í starfinu, eins og þegar sé komin reynsla á frá því að fulltrúar þess komu til starfa á vettvangi ASÍ í framhaldi af inngöngu þess í desember á síðasta ári.

Sæmundur Árnason, formaður félagsins, tók til máls og sagði við hæfi að félagið væri í Alþýðusambandinu vel í tíma fyrir 100 ára afmæli ASÍ, enda hefðu bókagerðarmenn verið meðal stofnenda ASÍ.

## Skýrsla forseta og reikningar ASÍ

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ fylgdi skýrslu forseta úr hlaði með eftirfarandi ræðu:

„Fundarstjóri - félagar.

Þið hafið væntanlega á borðum ykkar skýrslu forseta um störf Alþýðusambands Íslands frá því á síðasta ársfundi og til dagsins í dag.

Ég ætla ekki að fara mjög ítarlega yfir innihaldið í skýrslunni, vísa í skýrsluna sjálfa í því sambandi. Á síðasta ársfundi brydduðum við upp á því nýmæli að gefa - auk hefðbundinnar skýrslu forseta - út styttri skýrslu sem við kölluðum Árið í hnotskurn. Þar var sagt frá ýmsum viðfangsefnum okkar á árinu í stuttu máli.

Þessari útgáfu var mjög vel tekið, bæði innan hreyfingarinnar, en einnig utan hennar. Við sendum Árið í hnotskurn á talsvert stóran hóp fólks sem við töldum að við ættum erindi við. Þetta gerum við einnig í ár og Árinu í hnotskurn verður dreift hér á fundinum.

Í stað þess að fara efnislega í gegnum skýrsluna hér á fundinum, þá langar mig að draga hér fram nokkur stór mál - mál sem mér finnst að standi uppúr í starfinu á árinu.

Fyrst ber að nefna gerð kjarasamninganna í vor. Ég ætla ekki að rekja þá hér. Þið þekkið þá jafn vel og ég. Það er þó rétt að nefna að þó landsamböndin og einstök félög sæu hvert um sig um samningsgerðina, þá er talsverður samhljómur í þeim samningum sem gerðir voru sem er afrakstur samráðs innan hreyfingarinnar í stefnumörkun í kjara- og efnahagsmálum. Auðvitað eru útfærslur og sérstakar áherslur með mismunandi hætti, en þrátt fyrir það eru grunnstefin þau sömu.

Í þeim öllum er gengið út frá sömu forsendum um þróun verðlags og alls staðar er viðhald stöðugleikans útgangspunktur.

Ríkisstjórnin kastaði sprengju inn í undirbúning kjarasamninganna - eins og flestum er í fersku minni. Þá er ég að tala um frumvarpið um eftirlaun þingmanna og ráðherra. Í kjölfarið endurskoðuðu landssamböndin kröfur sínar og settu fram kröfuna um jöfnun lífeyrisréttinda á við opinbera markaðinn.

Sett var í gang mikil vinna á vegum lífeyrisnefndar, þar sem farið var yfir það með hvaða hætti þessu yrði best framfylgt. Í þeirri vinnu kom fram að við erum í ákveðnum vanda með lífeyriskerfið. Ýmsar tryggingafræðilegar forsendur hafa breyst, eins og það að fólk lifir almennt lengur. Það er auðvitað í sjálfu sér gott - en hefur engu að síður þessi áhrif á lífeyriskerfið og getu þess.

Aldursamsetning þjóðarinnar tekur stöðugum breytingum og örorkubyrði hefur aukist stórlega á undanförunum árum. Og þó ávöxtunin sé góð

um þessar mundir þá segir reynslan okkur að það sé skynsamlegt að velta ávöxtuninni fyrir okkur til lengri tíma.

Í vinnu nefndarinnar kom fljótt í ljós, að forsendur jafnrar ávinnslu réttinda höfðu raskast. Tekin var saman útarleg skýrsla um stöðu lífeyriskerfisins og tillögur um úrbætur. Þessar tillögur fólust einkum í þrennu:

Að reynt yrði að ná samkomulagi við atvinnurekendur um hækkun á mótframlagi þeirra í lífeyrissjóði. Þetta álitu menn að væri nauðsynlegt til að koma til móts við þær breyttu tryggingafræðilegu forsendur sem við stóðum frammi fyrir, ef sjóðirnir ættu að geta staðið undir því sem lofað hefur verið.

Í öðru lagi var lagt til að leitað yrði eftir því að verkaskipting almanna-trygginga og lífeyriskerfisins yrði endurskoðuð.

Í þriðja lagi legði ríkissjóður lífeyrissjóðunum til fjármuni til þess að fjármagna umbreytingu úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu, án þess að til skerðingar réttinda kæmi.

Þetta teljum við ekki óeðlilegt miðað við þá skilyrðislausu ábyrgð sem ríkið tekur á fjármögnun lífeyriskerfis opinberra starfsmanna. Þetta væri smáræði í þeim samanburði.

Við erum stödd á þeim tímamarki núna að það var samið um hækkun iðgjalds úr 6 í 8% í síðustu kjarasamningum eins og þið þekkið. Þetta er mikilvægur árangur og mun draga verulega úr óhjákvæmilegri leiðréttingu réttinda vegna þeirra breytinga á tryggingafræðilegum forsendum sem ég rakti áður. Því er það eitt af mikilvægustu hagsmunamálum félagsmanna okkar að ná samningum við stjórnvöld um beina aðkomu að fjármögnun umbreytinganna í lífeyriskerfinu.

Hin tvö úrlausnarmálin eru enn eftir. Það er því ljóst að við eigum mikla vinnu framundan í sambandi við lífeyrismálin - bæði hvað varðar útfærslu á því sem um samdist í kjarasamningunum, en einnig varðandi hin tvö atriðin.

Þrátt fyrir þetta vil ég þó að það komi skýrt fram að ég tel að íslenska lífeyriskerfið sé bæði gott og traust. Við vitum að til þess er horft víða utan úr heimi sem fyrirmyndar um kerfi sem byggja á samtryggingu og kjarasamningsbundnum réttindum.

Í mínum huga er ein meginskýringin á því sú að það hefur verið gott og öflugt samstarf um lífeyriskerfið milli launafólks og atvinnurekenda. Þetta samstarf hefur ekki hvað síst lagt grunninn að þeirri víðtæku og góðu sátt sem hefur verið um grunnfyrirkomulag lífeyriskerfisins. Ég vonast til að svo verði áfram.

Málefni útendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa orðið sífellt ágengari í allri okkar vinnu. Ég er sannfærður um að ekki mun draga úr því á

*komandi árum, heldur þvert á móti. Málefni útlendinga á vinnumarkaði munu verða með allra mikilvægustu viðfangsefnum verkalýðshreyfingarinnar á næstu árum.*

*Til að taka af allan vafa, þá höfum við í verkalýðshreyfingunni ekki á móti útlendingum. Við viljum aftur á móti að það sé tryggt að þeir sitji við sama borð og annað launafólk og gera okkar til að tryggja stöðu þessa fólks - ekki bara á vinnumarkaði heldur að þannig sé búið um hnútana að því líði sem best og samlagist íslensku þjóðlífi.*

*Í því sambandi er að mörgu að hyggja, húsnæðismálum, tungumálakennslu og ýmsu öðru sem snýr að félagslegri stöðu þessa hóps. Mikilvægasta viðfangsefnið sem að okkur snýr í þessu sambandi er þó að koma í veg fyrir að þessir félagar okkar og aðstæður þeirra séu misnotaðir með því að kjörum þeirra og aðbúnaði sé haldið langt undir því sem almennt gerist og á stundum langt undir þeim lágmarkskjörum sem kveðið er á um í kjarasamningum.*

*Flestir þeir útlendingar sem hingað koma eru komnir til að vinna. Þetta er að því leyti ólíkt því sem víða þekkest, þar sem umtalsverður hluti útlendinga eru flóttamenn. Þetta gerir það að verkum að við höfum ekki sömu formlegum skyldum að gegna að ýmsu leyti.*

*Í mínum huga skiptir það litlu máli. Siðferðilegar skyldur okkar eru engu minni. Það er réttlætismál að þessir félagar okkar njóti umsaminna kjara, enda er kveðið á um það - bæði í kjarasamningum og lögum.*

*Í undirbúningi kjarasamninga lögðum við mikla áherslu á málefni útlendinga á vinnumarkaði, bæði í viðræðum við atvinnurekendur og stjórnvöld. Við töldum okkur ná nokkrum árangri í viðræðunum og fengum viðbrögð sem ýttu undir það að niðurstaða náðist í kjarasamningunum.*

*Gert var samkomulag við Samtök atvinnulífsins sem kallaði meðal annars á að lögum yrði breytt. Ríkisstjórnin lýsti því yfir að hún ætlaði að tryggja nauðsynlegar lagabreytingar. Þetta áttum við von á að gerðist fyrir þinglok síðast líðið vor en það gerðist ekki. Ég hef orð félagsmálaráðherra fyrir því að frumvarpið verði lagt fyrir þingið á allra næstu dögum og treysti því að það gangi eftir.*

*Þetta á líka við um reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga sem átti að staðfesta í sumar. Hún hefur enn ekki verið staðfest. Við treystum því að þetta mál komist á skrið og verði staðfest á þessu hausti.*

*Eins og fram kemur í skýrslu forseta hefur mikið verið fengist við atvinnumál á árinu. Það er raunar í rökréttu framhaldi af síðasta ársfundi, sem ákvað að stefnumótun í atvinnumálum skyldi vera eitt helsta viðfangsefni á vettvangi Alþýðusambandsins á árinu og að leggja skyldi tillögur í því efni fyrir þennan fund. Þá vinnu munum við ræða síðar á fundinum.*

*Það er aftur á móti fleira sem tengist atvinnumálunum sem hefur verið ágengt á árinu. Þá er ég ekki síst að vísa til þess mikla atvinnuleysis sem hér hefur verið viðvarandi undanfarin misseri.*

*Það skýtur skökku við - að á sama tíma og hagvöxtur er með mesta móti og mestu framkvæmdir Íslandssögunnar standa yfir - þá skuli þúsundir manna vera atvinnulausir. Þetta er í mínum huga algjör mótsögn og með öllu ólíðandi. Það að 4500 manns gangi um atvinnulausir í sliku árferði er ekki sæmandi - það er raunar aldrei sæmandi.*

*Alvarlegustu staðreyndirnar í sambandi við atvinnuleysið er þó sú, að um þriðjungur þeirra sem nú eru atvinnulausir hafa verið það í sex mánuði eða lengur og hlutfall atvinnulauss ungs fólks er orðið svipað og í Evrópu. Setjum okkur í spor þessa fólks. Hér verður að grípa inn í með afgerandi hætti.*

*Í þeim drögum að atvinnustefnu sem unnið hefur verið að á árinu er þessum málum gefinn mikill gaumur. Bent er á ýmsar leiðir til að brjótast út úr þessum vanda, m.a. nýsköpun, en ekki síst menntun. Menntun er einn mikilvægasti lykillinn að því að treysta og bæta stöðu einstaklinga á vinnu-markaði.*

*Starfið í menntamálanum hefur verið öflugt á árinu. Breytingarnar sem við gerðum á okkar eigin kerfi fyrir tveimur árum síðan hafa verið að festa sig í sessi og ég held að það sé ekki ofmælt að þær lofa góðu. Því til viðbótar hefur starf annarra fræðsluaðila á vegum landsambanda og einstakra féлага bætt um betur og ljóst að þar er verið að vinna mjög gott og metnaðarfullt starf.*

*Ég get ekki látið hjá líða að nefna sérstaklega það starf sem víða er unnið í þágu útlendinga í fræðslumálunum. Þar hafa verkalýðsfélög og aðilar á þeirra vegum víða uppfyllt þörf sem eðlilegt væri að opinberir aðilar sinntu. Þetta lýsir ef til vill betur en margt annað með hvaða huga menn ganga til verka í verkalýðshreyfingunni. Menn gera það sem þarf að gera í stað þess að eyða tímanum í að velja því fyrir sér af hverju þeir sem ættu að sinna þessum verkefnum geri það ekki betur en raun ber vitni.*

*Eins og flestum er í fersku minni, var fyrir ekki ýkja löngu síðan mikið unnið að stefnumótun í velferðarmálum á okkar vettvangi. Ég ætla ekki að rekja þá sögu alla, einungis rifja það upp að fyrir síðustu alþingiskosningar lögðum við fram mjög ítarlegar tillögur í því sambandi.*

*Allir stjórnmálaaflokkar tóku tillögum okkar vel og samsinntu fjölmörgu af því sem þar var lagt til. Margt rataði inn í áherslur þeirra fyrir kosningar. Þegar ríkisstjórnin gerði með sér samstarfssamning eftir kosningarnar, var þar ýmislegt að finna sem ástæða var til að fagna í þessu samhengi.*

*Fyrsta fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar var vonbrigði í þessu sam-*

bandi og ekki dró úr vonbrigðum þegar fjárlagafrumvarp fyrir árið 2005 sá dagsins ljós. Núna virðist svigrúm og fjárhagslegt bolmagn til að gera raunverulegt átak í velferðarmálunum - en menn ætla að nýta svigrúmið til að lækka skatta.

Tækifærin til að standa við áformin hafa verið mörg, en þau hafa ekki verið nýtt. Þetta leiddi meðal annars til þess að velferðarmálin voru aftur í brennidepli á ársfundinum okkar á síðasta ári í aðdraganda kjarasamninganna. Þar voru afgreiddar tillögur velferðarnefndar um hvaða áherslur yrðu settar í forgang á sameiginlegu borði í kjarasamningunum. Í framhaldi af ársfundi settust formenn landssambanda og stærstu félaga yfir málin og menn sammæltust um með hvaða hætti skyldi þrýsta á um velferðarmálin í tengslum við gerð kjarasamninga - jafnvel þó samböndin semdu hvert fyrir sig.

Það er alveg ljóst í mínum huga að þau áform sem menn höfðu um þessi mál gengu ekki nema að takmörkuðu leyti eftir. Án þess að gera lítið úr því sem ríkisstjórnin lagði til málanna, þá eru það engu að síður vonbrigði að hún skyldi ekki ganga lengra til móts við kröfur okkar en raunin varð. Því er heldur ekki að leyna að deildar meiningar voru í okkar eigin röðum um hvernig við héldum á málinu.

Í stað þess að velta sér of mikið upp úr fortíðinni í þessu sambandi, finnst mér mikilvægt að við komum okkur saman um með hvaða hætti sameiginlegum málum af þessu tagi verður best fyrir komið og þeim unnið brautargengi. Við höfum skýrar skoðanir á því hvernig velferðarkerfið eigi að líta út - en við verðum að koma okkur saman um það hvernig og á hvaða vettvangi við náum að semja um það sem við viljum ná fram.

Í aðdraganda næsta ársfundar og á honum þurfum við að taka opna umræðu um það hvernig við ætlum okkur að nýta betur þann slagkraft sem verkalýðshreyfingin sannarlega hefur til að hafa þau áhrif sem hún getur haft.

Þessi mál þurfum við að taka upp á okkar eigin vettvangi og fara í forðómalaus umræðu og án fyrirframgefinnar niðurstöðu, að öðru leyti en því að við hljótum að ganga út frá þeirri hugsun sem felst í yfirskrift þessa ársfundar - að við séum sterkari saman.

Í tengslum við þetta þurfum við að fjalla um samskiptin við aðila utan hreyfingarinnar, þá aðila sem við höfum mest samskipti við, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Þessi samskipti hafa ekki verið með þeim hætti að undanförunu sem við hefðum kosið. Þá er ég ekki að halda því fram að menn hafi ekki verið kurteisir hver í annars garð - heldur hitt að samráð hefur á stundum skort.

Þegar ég tala um samráð er ég ekki að vísa til þess að menn tilkynni

hver öðrum hvað þeir ætli að gera. Ég er að tala um að menn setjist yfir mál og láti á reyna hvort ekki er hægt að komast að sameiginlegri niðurstöðu sem allir eigi þátt í.

Fyrir tæpum einum og hálfum áratug voru gerðir kjarasamningar sem ollu straumhvorfum í íslensku þjóðlífi - þjóðarsáttarsamningarnir svokölluðu. Grundvöllur þessarar sáttar var efnahagslíkan sem byggði á stöðugleika og skuldbinding um að menn ætluðu að verja stöðir velferðarkerfisins. Efnahagslegum forsendum þessarar sáttar er nú stefnt í tvísýnu og maður spyr sig hefur þjóðarsáttin runnið sitt skeið?

Ég er engu að síður þeirrar skoðunar, að þjóðarsátt sem aðferð - þar sem aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld hafi með sér víðtækt samstarf um stefnumótun í efnahagsmálum, atvinnumálum og félagsmálum - sé hin ákjósanlega leið. Látum það þó vera alveg ljóst, félagar, að ef þríhliða samstarf af þessu tagi á að ganga upp, þurfa markmið um félagslegan jöfnuð og réttlæti að vera jafnsett markmiðum í efnahags- og atvinnumálum. Að öðrum kosti erum við tilneydd að endurskoða þátttöku okkar í þríhliða samstarfi.

Við viljum skipa okkur í forystu fyrir framförum og nýta okkur þau tækifæri sem alþjóðavæðing, tæknibreytingar og aukin samkeppni bjóða. En við gerum þá kröfu, að um leið komist menn að samkomulagi um samstarf sem spornar gegn þeim hættum sem þessi þróun skapar.

Það er á þessum grunni sem við hljótum að móta okkur sýn til framtíðar - bæði inn á við í hreyfingu okkar - en einnig í samskiptum okkar við samtök atvinnulífsins og stjórnvöld.

Félagar,

Ég gæti talað mig hásan um gildi samstöðunnar en læt hér staðar numið - að sinni, en áskil mér rétt til að gera það við önnur tækifæri. Ég gæti líka staðið hér í allan dag rakið það sem gerst hefur á vettvangi Alþýðusambandsins á árinu. Ég vísa hins vegar í skýrsluna sem þið hafið hjá ykkur í því sambandi og læt hér staðar numið.

Að lokum vil ég þakka félögum mínum í miðstjórn og félagsmönnum Alþýðusambandsins samstarfið á liðnu tímabili og starfsfólki á skrifstofu ASÍ fyrir allt það starf sem það hefur innt af hendi. “

## **Samstæðureikningur ASÍ 2003**

Að lokinni framsögu forseta gerði Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, grein fyrir ársreikningi ASÍ og stofnana. Félagslegir skoðunarmenn samþykktu reikningana 18. maí og miðstjórn ASÍ samþykkti þá á fundi sínum 2. júní 2004. Endurskoðendur hafa áritað samstæðureikning án athugasemda.



Í samstæðunni eru Sambandssjóður ASÍ, Vinnudeilusjóður ASÍ, Menningar og fræðslusjóður, Listasafn ASÍ, Eignarhaldsfélagið Sætúni 1 ehf. og Mímir-símenntun ehf. og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.

Gylfi hóf umfjöllun sína á greinargerð um rekstrartekjur samstæðunnar. Þar kom fram að stærsti tekjuliður sambandssjóðsins eru skattar sem voru árið 2003 kr. 135.764.514 og höfðu aukist um rúmar 5 milljónir frá fyrra ári. Framlög og styrkir voru kr. 73.100.000, aðrar tekjur um 110.585.271 og samlagðar rekstrartekjur kr. 319.449.785.

Þá gerði Gylfi grein fyrir rekstrargjöldum samstæðunnar. Rekstrargjöld á árinu 2003 voru alls kr. 307.470.500. Laun og starfsmannakostnaður voru kr. 142.359.857 og hækkaði sá liður um 38 milljónir frá fyrra ári, sem skýrist einkum af fjölgun starfsmanna og aukinni starfsemi í einstökum stofnunum innan samstæðunnar. Annar rekstrarkostnaður árið 2003 var kr. 155.321.593 og afskriftir fastafjármuna kr. 9.789.050.

Hagnaður samstæðunnar árið 2003 var kr. 21.860.219, sem er mikil breyting frá fyrra ári, þegar tapið var um 15 milljónir. Eignir samstæðunnar eru kr. 703.454.948, samanborið við kr. 647.156.254 árið 2002. Eigið fé samstæðunnar er kr. 321.951.092 og er hlutfall sambandsjóðs ASÍ þar stærst, eða kr. 176.403.105.

## **Umræða um skýrslu forseta og reikninga**

Rannveig Sigurðardóttir tók til máls og gerði athugasemd við það að í skýrslu forseta væri nánast ekkert fjallað um jafnréttismál. Slíkt skyti skökku við þegar horft væri til þeirrar mismununar í launum sem konur á íslenskum vinnu-markaði búi við. Grétar svaraði athugasemd Rannveigar og tók undir þá ábendingu sem þar kæmi fram.

## **Reikningar ASÍ og stofnana afgreiddir**

Fundarstjóri bar samstæðureikning ASÍ undir atkvæði og var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

## **Málefni - framsögur, umræður og afgreiðsla Efnahags- og kjaramál**

Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ kynnti hagspá Alþýðusambands Íslands fyrir 2003 - 2005. Hagspáin er birt í heild sinni í haustskýrslu Hagdeildar ASÍ 2004 undir heitinu „Hvers virði er hagvöxtur án atvinnu?“

Gunnar Páll Pálsson talsmaður kjara- og skattanefndar ASÍ gerði grein fyrir drögum að tveimur ályktunum nefndarinnar, um efnahagsmál og um skattamál.

Lífleg umræða varð á fundinum um þessar tillögur og síðan í nefndinni



sem starfaði á fundinum. Gunnar Páll gerði síðar á fundinum grein fyrir umfjöllun í nefnd ársfundarins og gerði grein fyrir tillögum hennar að ályktunum um efnahagsmál og skattamál. Nefndin fjallaði jafnframt um tillögur Vlf. Hlífar um verðtryggingu útlána. Ennfremur kynnti Gunnar Páll drög nefndarinnar að ályktun um íslenskan lánamarkað.

Tillögurnar voru samþykktar. Nánari grein er gerð fyrir tillögunum og umræðum á fundinum í fundargerð ársfundar 2004.

Samþykktar ályktanir ársfundarins er að finna aftast í þessum kafla.

## **Atvinnumál**

Signý Jóhannesdóttir formaður atvinnumálanefndar ASI tók til máls og gerði grein fyrir drögum að ályktunum nefndarinnar um atvinnumál. Líflegar umræður urðu á fundinum og í nefndinni sem fjallaði um drögin á fundinum. Þar var meðal annars rætt um jafnréttismál, atvinnuleysi, stuðning við atvinnulausa, menntamál o.fl. Gerð er nánari grein fyrir umræðum í fundargerð ársfundar 2004.

Seinni dag ársfundar var síðan fjallað um ýmsar breytingar sem orðið höfðu á drögum í meðförum nefndarinnar. Ályktunin, sem birt er í heild aftast í þessum kafla, var síðan samþykkt samhljóða.

## **Lífið í vinnunni**

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir formaður vinnumarkaðsnefndar og Halldór Grönvold gerðu grein fyrir greinargerð nefndarinnar um „Lífið í vinnunni“, sem samþykkt var í miðstjórn ASI 22. september 2004, sem upplegg fyrir ársfund.

Nokkrar umræður urðu í framhaldinu og einnig við aðra umræðu á föstu-deginum, ekki síst í tengslum við málstofu frá fyrri deginum.

Nefndin fjallaði einnig um tillögu Vlf. Hlífar um fullgildinu ILO samþykktar nr. 158.

Nefndin lagði til að þeim málum sem fjallað var um í fyrirbyggjandi plaggi um lífið í vinnunni, verði vísað til áframhaldandi umræðu í vinnumarkaðsnefndinni og til ársfundar 2005. Tillagan var samþykkt með þorra atkvæða.

Tillaga Vlf. Hlífar um staðfestingu ILO samþykktar nr. 158 var samþykkt samhljóða.

Nánari frásögn af framsögum og umræðu er að finna í fundargerð ársfundar. Samþykktirnar eru birtar aftast í þessum kafla.

## **Önnur mál**

Áður hefur verið greint frá meðferð tillagna Vlf. Hlífar um hækkun á skattleysismörkum, verðtryggingu á útlánnum og staðfestingu ILO samþykktar 158. Nokkur fleiri mál voru rædd og afgreidd á ársfundinum.

Guðmundur Ingi Kristinsson kvaddi sér hljóðs um ákvæði skaðabótalaga sem hafa að geyma þær reglur að allar bætur almannatrygginga, bætur frá lífeyrissjóðum og greiðslur frá sjúkrasjóðum vegna slysa eru dregnar frá greiðslum skaðbóta tryggingafélaga. Rakti hann einstakar greinar skaðabótalaga þar sem mælt er fyrir um slíkan frádrátt. Þessum ólögum verði að breyta. Í framhaldi af því kynnti Ingibjörg R. Guðmundsdóttir drög að ályktun um óréttmæt- ar skerðingar á skaðabótum.

Tillagan var samþykkt. Hún er birt í heild í lok þessa kafla.

Lilja Rafney Magnúsdóttir kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir tveimur tillögum, annars vegar um markvissa jafnréttisáætlun og hins vegar um kynbundinn launamun á vinnumarkaði.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

## **Lagabreytingar**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir kynnti tillögur skipulags- og starfsháttanefndar um breytingar á lögum ASÍ. Um er að ræða tvær breytingar, annars vegar á 26. grein um að sett verði ákvæði um leynilega atkvæðagreiðslu í stað allsherjaratkvæðagreiðslu og hins vegar á 33. grein um fjölda varamanna í miðstjórn. Þeim verði fjölgað úr níu í ellefu. Báðar tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

## **Kosningar og kosningaúrslit**

Stefanía Magnúsdóttir formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Grétar Þorsteinsson var einn í kjöri til embættis forseta ASÍ og var því sjálfkjörinn forseti til ársfundar 2006.

Kjörnefnd gerði tillögu um Björn Snæbjörnsson, Finnbjörn A. Hermannsson, Níels S. Olgeirsson, Sigurð Bessason, Úlfhildi Rögnvaldsdóttiu og Stefaníu Magnúsdóttur sem aðalmenn í miðstjórn til ársfundar 2005. Gerð var tillaga um Pétur Sigurðsson sem aðalmann til 2005. Kjörnefnd leggur til að Georg Páll Skúlason, Örn Friðriksson, Guðbrandur Einarsson, Kolbeinn Gunnarsson, Þorsteinn Gunnarsson og Kristín Björnsdóttir verði varamenn í miðstjórn til 2006.

Auk tillögu kjörnefndar, er gerð tillaga um Georg Pál Skúlason sem fulltrúa í miðstjórn til 2005 og var því kosið milli hans og Péturs Sigurðssonar. Pétur var kjörinn með 79,6% atkvæða. Að öðru leyti voru áðurnefnd sjálfkjörin aðal- og varamenn í miðstjórn.

## **Tillaga um kjörnefnd**

Stefanía Magnúsdóttir kynnti eftirfarandi tillögu um kjörnefnd er starfi til loka ársfundar 2005. Kvað hún samstöðu vera um þessa tillögu meðal landssambandanna.

Tillaga um fulltrúa í kjörnefnd: Aðalsteinn Baldursson, Guðmundur Þ Jónsson, Haraldur H. Jónsson, Kolbeinn Gunnarsson, Konráð Alfreðsson, Kristín Björnsdóttir, Níels S. Olgeirsson, Stefanía Magnúsdóttir og Þorbjörn Guðmundsson.

Ekki komu fram fleiri tillögur, þannig að þau voru sjálfkjörin.

## **Samþykktir ársfundar**

### **Atvinnustefna ASÍ - Framtíð fyrir alla**

#### ***Framtíðarsýn ASÍ***

Miklar breytingar hafa orðið í íslensku atvinnulífi og samfélaginu öllu á til-  
tölulega stuttum tíma. Alþjóðavæðing, tæknibreytingar, nýsköpun og símennt-  
un eru í auknum mæli hluti af daglegu lífi. Í þessum breytingum felast mörg  
tækifæri til framfara, en vissulega einnig mjög alvarlegar hættur, ef ekki er  
brugðist rétt við. Enginn vafi er á því að samtök launafólks eiga að knýja á um  
að tækifæri til framfara verði nýtt. Jafnframt hlýtur það að vera forgangsverk-  
efni að draga fram í dagsljósið hætturnar af breytingunum.

#### ***Tækifæri í breytingum***

Á hverju ári bætast þúsundir manna við vinnumarkaðinn. Til þess að tryggja  
fulla atvinnu þarf því stöðugt að skapa fleiri störf. Þetta gerir þá kröfu að efna-  
hagslífið sé samkeppnishæft. Mikilvægt er að samkeppnishæfnin grundvallast  
á gæðaframleiðslu og framleiðniaukningu (hálaunaleið) fremur en ódýrri  
fjöldaframleiðslu (láglaualeið).

Lykillinn að hálaunaleiðinni er nýsköpun. Nýsköpun felur í sér ferli rann-  
sóknna, þróunar, tæknivæðingar og skipulagsbreytinga. Fjöldi aðila tekur þátt í  
þessu ferli: Rannsóknarstofnanir, sprotafyrirtæki, atvinnurekendur, fjármögn-  
unaraðilar, stjórnvöld o.s.frv. Nýsköpun hefur auk þess áhrif á fjölda annarra  
aðila sem ýmist sjá í henni tækifæri eða ógnanir.

Til að nýsköpun skili tilætluðum árangri er mikilvægt að búa þeim sem að  
henni koma viðunandi starfsskilyrði, svo sem eins og aðgang að nægu áhættu-  
fjármagni. Einnig er mikilvægt að byggja upp traust milli allra aðila sem ný-  
sköpunin kann að hafa áhrif á, t.d. með öflugu samráði ólíkra hagsmunaaðila.

#### ***Hættur í breytingum***

Þrátt fyrir að horft sé björtum augum til þeirra tækifæra sem felast í breyting-  
um er mikilvægt að standa vörð um gildi sem ætla má að séu sígild og felast  
m.a. í virðingu fyrir réttarstöðu launafólks, uppbyggingu öflugs velferðarkerf-  
is, víðtækri sátt um grundvöll stöðugleika og fullrar atvinnu í landinu.

Réttarstaða launafólks hefur veikst á undanförunum misserum. Stjórnendur

og eigendur fyrirtækja telja sig ekki lengur bera samfélagslega ábyrgð né ábyrgð á starfsmönnum sínum. Núverandi stefna stjórnvalda í vinnumarkaðsmálum, m.a. í málefnum útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, gerir stöðuna enn alvarlegri. Verkalýðshreyfingin vill að vel sé tekið á móti útlendingum á íslenskum vinnumarkaði og ætlast til þess að þeir njóti sömu kjara og íslenskt launafólk. Því er hafnað að aðstæður þeirra og útgáfa atvinnuleyfa séu notuð til að rýra aðbúnað, innihald starfa og þrýsta niður launum.

Sé staða velferðarmála, þar sem útþynning réttinda blasir við, sett í samhengi við þessa þróun, er ljóst að íslenska velferðarkerfið stefnir hraðbyri yfir í nauðþurftakerfi að amerískri fyrirmynd, þar sem hver er sjálfum sér næstur. Alþýðusambandið hefur frá stofnun árið 1916 verið þeirrar skoðunar, að sam- an eigi að fara uppbygging í efnahags- og atvinnulífi og öruggt og tryggt velferðarkerfi. Við þurfum ekki að fara lengra en til hinna Norðurlandanna til að sjá yfirburði slíks þjóðfélagslíkans, því Danir, Svíar og Finnar eru þær þjóðir sem hafa náð mestum árangri, jafnt innan ESB og OECD á undanförunum árum.

Þjóðarsáttarsamningarnir árið 1990 fólu í sér ákveðna sameiginlega sýn á samþættingu efnahags- atvinnu- og félagsmála. Hún grundvallaðist á viðtæku samstarfi og samráði við lausn djúpstæðs efnahagsvanda. Á undanförunum misserum hafa ýmsar forsendur þessarar sáttar raskast og hætta er á að hún rofni. Það er þó engu að síður ljóst að þessi aðferð - þ.e. að mynda sameiginlega sýn á samþættingu efnahags- og atvinnumála og frið um forsendur velferðarkerfisins - á fullan rétt á sér. Reynslan sýnir, að samstarf verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og stjórnvalda, er besta aðferðin til að móta slíka framtíðarsýn.

### ***Framtíð fyrir alla***

Á ársfundi Alþýðusambands Íslands árið 2002 var mótuð sú framtíðarsýn að: „Íslendingar setji sér það markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft, tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð.“ Í þessu felst að þætta þarf saman efnahags-, atvinnu- og félagsmál í eina heildstæða stefnu.

Til þess að ná þessu markmiði ákvað ársfundur ASÍ 2003 að atvinnustefnan ætti að hvíla á þremur meginstöðum: Frumkvöðlastarfi og nýsköpun, aðlögun og starfshæfni og jöfnum tækifærum. „Nýsköpun og frumkvöðlastarfi“ er drifkraftur viðvarandi hagvaxtar og uppspretta nýrra vel launaðra starfa. „Aðlögun og starfshæfni“ tryggir félagslega aðlögun launafólks að breytingum í atvinnulífinu. „Jöfnun tækifæra“ er nauðsynleg til að skapar sátt í öllu samfélaginu um markmið og leiðir.

Alþýðusambandið vill skipa sér í framvarðarsveit þeirra sem vilja nýta þau

tækifæri sem alþjóðavæðing og tæknibreytingar bjóða. Það er þó ófrávíkjanleg krafa að um leið náist samstarf um að sporna gegn þeim miklu hættum sem þessi þróun skapar. Í því sambandi hefur Atvinnuálanefnd miðstjórnar ASÍ, ásamt Menntanefnd og Velferðarnefnd, lagt mikla vinnu í að leggja fram ítarlegar tillögur um leiðir að þessu marki undir yfirskriftinni „Atvinnustefna ASÍ - framtíð fyrir alla“.

### ***Helstu verkefni ASÍ***

- Aðlögun og starfshæfni
  - Grunnenntun fyrir alla án tillits til efnahags, búsetu og félagslegrar stöðu. Þetta er hornsteinn fyrir raunverulegu jafnrétti til náms. Öllum verði veitt góð grunnenntun við hæfi, þar sem tryggt verði að allir ljúki formlegu námi á þessu stigi, af einhverju tagi.
  - Nýtt tækifæri til náms verði veitt þeim einstaklingum sem hafa ekki náð að ljúka formlegu námi á grunn- og framhaldsskólastigi. Er það gert m.a. með þróun starfsmenntabrauta.
  - Símenntun fyrir almennt launafólk verði eflað til muna og hún gerð markvissari. Með það í huga þarf að móta starfstengda símenntun á vinnutíma og starfsþjálfun á vinnustað. Einnig þarf að jafna misgengi á milli þarfa atvinnulífsins, þekkingar í samfélaginu og þarfa einstaklinganna.
  - Veita þarf auknum fjármunum til iðnnáms.
  - Traust og öruggt atvinnuleysistryggingakerfi tryggi atvinnulausum afkomaöryggi á meðan þeir takast á við breytingar á vinnumarkaði.
  - Efla skal vinnumarkaðsaðgerðir sem felast í því að aðstoða fólk við að finna starf við hæfi og símenntun til að tryggja að fólk geti nýtt sér tækifæri á vinnumarkaði sem bjóðast. Sérstaklega þarf að huga að ungu fólki á vinnumarkaði og eldra fólki. Mikilvægt er að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld vinni saman að öflugum vinnumarkaðsaðgerðum.
  - Koma skal á þríhliða samstarfi um aðlögun og endurnýjun atvinnulífsins, milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Samstarfið feli meðal annars í sér greiningu á tækifærum og ógnunum og mótun viðbragða við þeim. Samstarfið verði m.a. byggt á efnisatriðum tilskipana Evrópusambandsins um upplýsingar og samráð. Samstarfið grundvallist á samþættri efnahags-, atvinnu- og félagsstefnu.

Við aðlögun að breyttum aðstæðum, hvort sem hún felst í hagræðingu, sameiningu fyrirtækja eða innleiðingu á nýrri tækni, verður að eiga sér stað virk upplýsingamiðlun, samráð og samningaviðræður á öllum stigum breytinganna, þar sem tekið er tillit til allra hagsmunaaðila.

- Jöfnun tækifæra
  - Jöfn tækifæri séu tryggð til atvinnuþátttöku, starfa, húsnæðis, menntunnar, heilbrigðisþjónustu og almannatrygginga óháð kyni, aldri, búsetu, efnahag og félagslegri stöðu.
  - Jafn réttur og jöfn tækifæri kvenna og karla til launa og starfa eru grundvallarréttindi. Mikilvægur þáttur í því sambandi er gagnsæ launastefna.
  - Konum og körlum sé gert mögulegt að samræma fjölskylduábyrgð og þátttöku á vinnumarkaði, óháð fjölskylduformi.
  - Innleiddir verði í íslenska löggjöf efnisþættir tilskipana Evrópusambandsins um jafna meðhöndlun og bann við mismunun á vinnumarkaði. Allt launafólk á íslenskum vinnumarkaði njóti sömu réttinda í skjóli samræmdrar og heildstæðrar löggjafar.
  - Koma í veg fyrir mismunun fólks af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði m.a. með því að tryggja því aðgang að námi í íslensku og fræðslu um íslenskt samfélag því að kostnaðarlausu.
  - Að móta á sínum vettvangi byggðastefnu sem miðar að því að treysta grunn fyrir afkomu heimila og rekstur fyrirtækja með því m.a. að byggja upp og viðhalda ýmsum innviðum samfélagsins eins og menntakerfi, samfélagslegri þjónustu, samgöngukerfi og dreifikerfi til samskipta. Við mótun byggðastefnunnar verði kallað eftir breiðu samstarfi ýmissa aðila í samfélaginu, m.a. sveitarfélaga og stofnana sem koma að byggðamálum og atvinnuþróun.
- Nýsköpun
  - Nýsköpun, hagræðing og samkeppnishæfni á að grundvallast á framleiðniaukningu. Hafna ber hugmyndum um samkeppnishæfni grundvallaðri á ódýrri fjöldaframleiðslu og láglau nastörfum.
  - Sameina þarf krafta opinberra rannsóknarstofnana og tengja þær betur við háskólana og atvinnulífið. Búa þarf hæfileikaríkum fræðimönnum sem eru tilbúnir til að setjast hér að og stunda rannsóknir, aðlaðandi umhverfi. Skapa þarf sprotafyrirtækjum hagstæð skilyrði til að dafna.
  - Tryggja verður nægt fjármagn, frá hinu opinbera og einkaaðilum til rannsókna, þróunar og tæknivæðingar. Jafnframt þarf að tryggja að fjármagnið sé nýtt sem best, t.d. með því að auka kröfur um faglegt mat við úthlutun á rannsóknarfé.

### ***Vinnulag***

Næstu misseri fyrirhugar Atvinnumálanefnd Alþýðusambandsins að halda stefnumótunarvinnu í atvinnumálum áfram og ætlar að leita eftir aðstoð og

skoðunum breiðs hóps fólks í samfélaginu, m.a. alþingismanna sveitastjórnarmanna, forsvarsmanna hagsmunasamtaka og sérfræðinga.

Samþætting efnahags- atvinnu- og félagsmála, sem miðar að því að nýta tækifæri alþjóðavæðingar og tækniframfara, en tryggir um leið félagslega aðlögun launafólks að þeim, verður forsenda þess að Alþýðusambandið komi að þríhliða samstarfi við atvinnurekendur og stjórnvöld.

Alþýðusamband Íslands ætlar að móta heildstæða byggðastefnu, sem miðar að því að treysta grunn fyrir afkomu heimila og rekstur fyrirtækja, með því m.a. að byggja upp og viðhalda ýmsum innviðum samfélagsins eins og menntakerfi, samfélagslegri þjónustu, samgöngukerfi og dreifikerfi til samskipta.

## Ályktun ársfundar ASÍ um efnahagsmál

Hagspár benda til þess að við getum búið við mikinn og góðan hagvöxt allt til ársins 2007. En nú eru blikur á lofti. Verðbólga fer vaxandi og ljóst er að lítið má út af bera til að hún fari úr böndunum. Atvinnuleysi er einnig óvenju mikið miðað við mikinn hagvöxt.

Með síðustu samningum lagði verkalýðshreyfingin sitt af mörkum til að tryggja stöðugleika og leggja grunn að vaxandi kaupmætti, en það er ekki nóg. Aðrir verða að axla ábyrgð líka.

Við þessar aðstæður veldur fjárlagafrumvarp fyrir árið 2005 miklum vonbrigðum. Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að beita ríkisfjármálunum með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn, eru fá merki um það í frumvarpinu. Tekjuafgangur er áætlaður 1,6% af landsframleiðslu sem er mun minna en var á árunum 1999 og 2000 þegar verðbólga fór úr böndunum. Allt stefnir því í að ríkisstjórnin ætli að endurtaka fyrri hagstjórnarmis-tök enda spáir fjármálaráðuneytið 3,5% verðbólgu á næsta ári.

Seðlabankinn virðist því einn eiga að takast á við verðbólguvandann þrátt fyrir að öllum megi vera ljóst að til lengri tíma sé slíkt mun sársaukafyllra fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Háir vextir munu bæði þrengja að kaupmættinum og atvinnustiginu. Auk þess er óvíst hversu virk stjórnþæki Seðlabankans eru nú þegar stærri fyrirtæki leita eftir lánaþyrngreiðslu erlendis og bankakerfið fjármagnar sig að miklu leyti með erlendu fé. Vaxatákvarðanir Seðlabankans hafa því minni áhrif en ætla mætti.

Óheftur innflutningur erlendra starfsmanna sem starfa á lágmarkslaunum og búa við óviðunandi aðstæður virðist vera það sem stjórnvöld og atvinnurekendur sjá helst til lausnar á vandanum. Verkalýðshreyfingin getur aldrei setið undir því að atvinnuleysi sé notað sem hagstjórnartæki. Það verður aldrei sátt um stöðugleika sem byggir á atvinnuleysi. Það er ljóst að stjórnvöld verða að gera sitt til að halda aftur af verðbólgu og tryggja jafnframt fulla atvinnu. Annars eru þau að rjúfa sátt á vinnumarkaði með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

## Ályktun ársfundar ASÍ um skatta- og velferðarmál

Ársfundur Alþýðusambands Íslands krefst þess að ríkisstjórnin og Alþingi standi betur vörð um tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins og jöfnunarhlutverk velferðarkerfisins.

Ársfundur ASÍ skorar á ríkisstjórn og Alþingi að gæta hagsmuna lág- og meðaltekjufólks nú þegar boðað hefur verið að skattar verði lækkaðir um allt að 23 milljarða. Veruleg hækkun skattleysismarka, lægra skattþrep á lágur tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli eru skattkerfisbreytingar sem koma þeim sem eru með lægri- og millitekjur að mestu gagni. Einnig skiptir miklu að koma betur til móts við barnafólk. Slíkt verður best gert með því að hækka barnabætur og draga úr tekjuskerðingum barnabótakerfisins.

Jafnframt þarf að gæta þess að skattalækkanir leiði ekki til þess að velferðarkerfið veikist, þvert á móti er nauðsynlegt að styrkja það. Þannig er unnt að nýta betur velferðarkerfið sem tæki til jöfnunar í samfélaginu, samhliða skattkerfinu. Í því sambandi minnir ársfundur ASÍ á ítarlegar og vel útfærðar tillögur sínar í velferðarmálum frá síðasta ári.

### **Greinargerð:**

Á liðnum árum hefur skattbyrði þeirra sem eru með lágar- og miðlungstekjur hækkað meira en þeirra tekjuhærri. Þetta gerist annars vegar vegna þess að aukinn kaupmáttur leiðir sjálfkrafa til aukinnar skattbyrði en ekki síður vegna inngrípa stjórnvalda í skattkerfið.

Inngrip stjórnvalda hafa falist í því að láta persónuafsláttinn á stundum hækka minna en verðlag, lækka hátekjuskattinn og nú að lögfesta afnám hans. Einnig má nefna að síðast þegar skattprósentan var lækkuð, var persónuafslátturinn lækkaður sérstaklega, til þess að draga úr áhrifum skattalækkunarinnar á þá tekjulægri! Þessi þróun hefur leitt til þess að dregið hefur úr tekjujöfnun skattkerfisins.

Stoðir velferðarkerfisins hafa líka verið að veikjast. Slíka þróun má meðal annars merkja á sífellt vaxandi þjónustugjöldum í heilbrigðis og menntakerfinu og einnig að miklum tekjuskerðingum í skatta- og almannatryggingakerfinu sem hafa komið illa við þá tekjulægri.

Veiking velferðarkerfisins og sú þróun að draga úr tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins hefur leitt til þess að sífellt stærri hluti af kaupmáttarauka þeirra sem eru með lægri- og miðlungstekjur rennur að lokum í ríkissjóð.

## Ályktun ársfundar ASÍ um íslenskan lánamarkað

Að undanfögnu hafa orðið breytingar á íslenskum fjármálamarkaði. Það er nauðsynlegt að halda áfram að þróa lánakjörin í átt að því sem best gerist er-



lendis. Þar eru óverðtryggð lán ríkjandi og vextir og greiðslubyrði lána almennt mun hagfelldari almenningi.

Ársfundur ASÍ fagnar þessari þróun og krefst þess að áfram verði stigin markviss skref á allra næstu árum í að færa íslensk lánakjör að því sem gerist í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Jafnframt skorar ársfundurinn á fjármálafyrirtæki að lækka lántökugjöld og stjórnvöld að fella niður stimpilgjöld.

### **Ályktun ársfundar um lífið í vinnunni**

Ársfundur samþykkti tillögu vinnumarkaðsnefndar um að skjalinu „Lífið í vinnunni“ verði vísað áfram til frekari vinnslu með það að markmiði að leggja fyrir ársfund 2005.

Hér að neðan er upplagið eins og það var lagt fyrir ársfundinn.

#### ***Inngangur***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 21. janúar 2004 var ákveðið að annað helsta viðfangsefni ársfundar ASÍ 2004 sem undirbúið yrði af hálfu miðstjórnar skyldi vera umfjöllun og undirbúningur undir stefnumótun á vettvangi Alþýðusambands Íslands er varðaði „Lífið í vinnunni“.

Með „Lífinu í vinnunni“ er átt við þá þætti sem hafa áhrif á líðan launafólks í vinnunni, ef frá eru talin launamálin í þrengstum skilningi, og möguleika verkalýðshreyfingarinnar og starfsmanna sjálfra til að hafa áhrif á þá þætti sem þar skipta máli. Þeir þættir varða m.a.:

- Umhverfi vinnunnar og vinnustaðinn,
- Vinnan, skipulag vinnunnar og vinnufyrirkomulag, og
- Samskipti og félagsleg tengsl á vinnustað.

Þannig tekur viðfangsefnið „lífið í vinnunni“ á þáttum sem falla undir vinnuvernd í víðasta skilningi, auk þátta sem samkvæmt hefðbundnum skilningi standa þar nærri.

Jafnframt verði hugað að samhengi framangreindra þátta og launa- og kjaramála í þrengri skilningi annars vegar og samþættingu vinnunnar og einkalífs hins vegar.

Framangreind nálgun byggir á því að starf stéttarfélaganna og verkalýðshreyfingarinnar í náinni framtíð muni beinast að þremur nátengdum þáttum:

- Hefðbundinni launa- og kjarabaráttu,
- Að auka gæði vinnunnar, vinnuumhverfis og vinnustaðarins - „lífsins í vinnunni“, og
- Hafa mótandi áhrif á samfélagið með samþættingu efnahags-, atvinnu- og félagsmála og með því að efla og treysta velferðarkerfið.

## ***Mikilvægi vinnunnar***

*Vinnan og virk þátttaka á vinnumarkaði er einn mikilvægasti þátturinn í lífi sérhvers einstaklings.*

Sjálfsímynd og sjálfsvitund einstaklingsins og viðhorf annarra til hans mótast í ríkum mæli af starfi hans og stöðu á vinnumarkaði. Þannig verður ekki með góðu móti skilið á milli einstaklingsins og starfa hans. Þetta lýsir sér best í því að almennt er starf eða starfsheiti það sem fyrst er spurt um og helst er notað til að auðkenna viðkomandi.

Einstaklingar verja drjúgum hluta ævinnar við að undirbúa sig undir þátttöku á vinnumarkaði og síðan í starfi sínu og í tengslum við það. Tölur sýna að þegar fólk er virkast á vinnumarkaði, ver það að jafnaði um helmingi vöku-tímans í vinnunni og almennt lengri tíma en með fjölskyldu sinni, svo dæmi séu tekin. Þetta á sérstaklega við hér á landi, þar sem atvinnuþátttaka er meiri en annars staðar í Evrópu hjá báðum kynjum og í öllum aldurshópum og þar sem vinnutími er lengri en annars staðar gerist í Evrópu og í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Stytting vinnutímans hlýtur að vera eitt mikilvægasta viðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar á næstu árum þar sem að markmiðið verði að vinnutími verði ekki lengri en í samanburðarlöndunum.

Þegar mikilvægi vinnunnar fyrir sjálfsímyndina og sá langi tími sem Íslendingar verja í vinnunni eru höfð í huga, ætti ekki að koma á óvart að við upplifum tilveruna enn frekar í gegnum starfið og það sem fram fer á vinnustaðnum.

Þá liggur fyrir að líðan okkar í starfi og á vinnustað hefur mikil áhrif á líðan okkar almennt, viðhorf til lífsins og samskipti okkar við aðra, ekki síst fjölskylduna og okkar nánustu.

Rannsóknir sýna að þegar fólki líður vel í vinnunni og á vinnustað þá hefur slíkt mikilvæg jákvæð áhrif á sjálfsímynd, samskipti við aðra og alla hegðun viðkomandi. Á sama hátt hefur vanlíðan í vinnu og á vinnustað neikvæð áhrif á sjálfsímynd og daglegt líf fólks. Þannig lita vinnan og vinnustaðurinn allt líf launafólks og líðan. Sama gildir um samþættingu atvinnuþátttöku og einkalífs. Þegar vel tekst til við að flétta þetta tvennt saman, skapast jafnvægi sem tryggir betur lífsgæði einstaklingsins. Árekstarar og átök á milli þessara þátta valda að sama skapi togstreitu og vanlíðan.

## ***Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar***

Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar er að vinna að hagsmunum félagsmanna sinna og launafólks almennt. Kjarninn í starfi stéttarfélaga hefur alltaf verið að berjast fyrir bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna sinna. Þetta hafa stéttarfélagin gert með því að hafa áhrif á þau kjör og réttindi sem launa-

fólk starfar við á hverjum tíma og móta og þróa samfélag samstöðu og velferðar fyrir alla.

Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar er í grunninn það sama og í upphafi. Nú hefur hins vegar margt breyst hvað varðar það umhverfi sem stéttarfélögin hér á landi starfa í, stöðu launafólks á vinnumarkaði og allt umhverfi vinnunnar. Það þýðir jafnframt að verkalýðshreyfingin stendur frammi fyrir nýjum aðstæðum og nýjum úrlausnarefnum varðandi „lífið í vinnunni“.

### ***Starfið hefur skilað árangri***

Starf verkalýðshreyfingarinnar hefur skilað miklum ávinningum á mörgum sviðum sem mikilvægt er að halda á lofti og verja.

- Viðurkenndur er réttur launafólks til að stofna og starfrækja verkalýðsfélög sem komi fram fyrir þess hönd í samskiptum við atvinnurekendur og stjórnvöld.
- Viðurkennt er að stéttarfélögin og verkalýðshreyfingin hafi mikilvægu hlutverki að gegna við að móta og þróa vinnumarkaðinn hér á landi.
- Réttur stéttarfélaga til að semja um kaup og kjör er viðurkenndur sem grundvallarmannréttindi. Sama gildir um rétt stéttarfélaganna til að aðstoða félagsmenn sína í samskiptum við atvinnurekendur og stjórnvöld.
- Samfélagið viðurkennir að stéttarfélög og verkalýðshreyfingin geti og eigi að hafa áhrif á umhverfi vinnunnar og vinnustaðinn, skipulag vinnunnar og það samfélag sem vinnustaðurinn er.
- Fyrir áhrif verkalýðshreyfingarinnar og bandamanna hennar hafa verið settar margháttáðar reglur sem miða á því að bæta umhverfi vinnunnar og aðbúnað á vinnustað, vinnuna sjálfa, skipulag hennar og vinnustaðinn sem samfélag. Þetta gildir um löggjöf og reglusetningu af ýmsu tagi og ákvæði kjarasamninga er varða framangreinda þætti.

Engum dettur í hug í alvöru að líkja saman kjörum og aðstæðum launafólks nú og í árdaga verkalýðshreyfingarinnar. Það gildir hvort heldur fjallað er um öryggi og aðstöðu á vinnustað, aðbúnað og vinnutíma, eða samfélagið á vinnustað, stöðu og réttindi starfsmanna. Flest hefur þar breyst til batnaðar og á mörgum sviðum eru breytingarnar byltingarkenndar. Þannig má fullyrða að gæði vinnunnar hafi almennt aukist og allur aðbúnaður og vinnuáðstæður batnað til muna. Árangurinn af þessari þróun sést m.a. í því að verulega hefur dregið úr þáttum eins og vinnuslysum og mörgum álagssjúkdómum við vinnu. Á sama tíma hafa ný vandamál komið upp sem taka þarf á, m.a. aukin streita og einhæfni starfa.

## **Gömul - og ný og breytt verkefni**

Mikilvægt er að hafa ávallt hugfast að þeir margvíslegu ávinningar sem náðst hafa eru afrakstur af miklu starfi og baráttu sem kostað hafa fórnir og einnig oft átök. Nauðsynlegt er að verja þessa ávinninga og treysta þau réttindi sem á þeim hvíla.

Jafnframt liggur fyrir að margt er enn óunnið varðandi réttindi og hagsmuni launafólks við að bæta „lífið í vinnunni“. Þannig hafa ný viðfangsefni komið í ljós samhliða því sem önnur hafa verið leyst.

Þá hafa breytingar í þjóðfélaginu og á vinnuaðstæðum, skipulagi vinnunnar og samfélaginu á vinnustað í tengslum við tæknibreytingar og nýjar stjórnunaraðferðir í fyrirtækjum, alþjóðavæðingu og (hlutabréfa)markaðsvæðingu fyrirtækja skapað nýjar aðstæður og ný úrlausnarefni.

Í ljósi breyttra aðstæðna og nýrra verkefna er einkar mikilvægt að verkalyðshreyfingin endurmeti stöðugt verkefni sín og starfsaðferðir til að tryggja sem bestan árangur við að auka lífsgæði félagsmanna sinna í vinnunni. Í þeim skilningi þurfa verkalyðsfélög, fremur enn nokkru sinni fyrr, að skilgreina sig sem lífsgæðafélög. Mikilvægur þáttur þeirra lífsgæða eru gæði „lífsins í vinnunni“. Markmiðið er að fólk búi við hóflegan vinnutíma, líði vel í vinnunni og á vinnustað, hafi verkefni við hæfi sem unnin eru við góðar aðstæður og að vinnuframlag sé metið að verðleikum.

Mikilvægur þáttur „lífsins í vinnunni“ er að launafólki séu sköpuð skilyrði til að þróast í starfi, takast á við ný verkefni eða skipta um starfsvettvang ef aðstæður krefjast eða það vill einfaldlega breyta til. Þannig er öflug og góð símenntun órjúfanlega tengd „lífinu í vinnunni“.

Ný og breytt viðfangsefni tengjast m.a. aukningu óhefðbundinna ráðningarforma, s.s. hlutastörfum, tímabundnum ráðningarsamningum, fjarvinnu, (launa)verktöku og óskráðri/svartri atvinnustarfsemi. Nýjar og harðari stjórnunaraðferðir og kröfur um aukna hagræðingu og framleiðni fela í sér breytingar á vinnunni og vinnuskipulagi og auka álag á starfsfólk. Samhliða er vaxandi tilhneiging hjá fyrirtækjum til að safna og nýta margvíslegar persónuupplýsingar um starfsmenn við eftirlit og ákvarðanatöku. Þessar breytingar hafa átt þátt í að auka skilning á mikilvægi sál-félaglegslegra þátta, bæði við skipulagningu vinnunnar og í samfélaginu á vinnustaðnum. Alþjóðavæðingin, aukinn fjöldi útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og fjölmenningarlegt vinnuumhverfi kalla á viðbrögð og nýjar lausnir á vinnustöðum. Sama gildir um möguleika eldra fólks og fólks með skerta starfsorku á vinnumarkaði til að fylgja breytingum í atvinnulífínu.

Nátengdir eru síðan aðrir þættir og önnur viðfangsefni. Örar breytingar í atvinnulífínu og á störfum og skipulagningu vinnunnar kalla á að skilgreint verði upp á nýtt hvað átt er við með því að fólk sé virkt á vinnumarkaði. Þar

þarf að skoða heildstætt samspil atvinnuþátttöku, tímabila án starfs - atvinnuleitar, endur- og eftirmenntunar og einkalífs, s.s. vegna fjölskylduábyrgðar, fæðingar- og foreldraorlofstöku og einstaklingsþróunar.

### ***Hverju þarf að breyta - hvað á að bæta ?***

Hvaða úrlausnarefni falla undir „lífið í vinnunni“? Hvaða þættir eru það sem fjalla á um og hafa áhrif á?

Skipta má úrlausnarefnunum í þrennt:

#### *Umhverfi vinnunnar/vinnustaðinn:*

Þættir sem hafa áhrif á líðan við vinnu og framkvæmd vinnunnar eins og lýsing, hitastig, gæði andrúmslofts, starfsaðstaða að öðru leyti (s.s. stólar, borð og tölvuskjái), öryggisbúnaður í víðasta skilningi og öryggismerkingar, starfsmannaaðstaða o.fl.

#### *Vinnan og skipulag hennar:*

Þættir eins og vinnutími, vaktavinna, hvíldarhlé, frídagar, einhæfni/fjölbreytni starfa, andlegt og/eða líkamlegt álag, vinnuskipulag er tengist launakerfum, möguleikar starfsmanna á að hafa áhrif á skipulagningu og framkvæmd vinnunnar, samvinna við framkvæmd verkefna, stjórnunarábyrgð o.fl.

#### *Samskipti á vinnustað - samfélagið á vinnustað:*

Þættir eins og vinnustaðamenning og samskiptareglur, samskipti og samstarf á vinnustað, varnir gegn ofbeldi, áreiti og einelti á vinnustað.

Þær hættur sem sérstaklega þarf að varast og tengjast vinnuumhverfinu, vinnuskipulaginu og vinnustaðnum eru:

- Vinnuslys, af öllu tagi,
- Atvinnusjúkdómar,
- Líkamlegt álag sem veldur vanlíðan, s.s. bakverkir og stoðkerfissjúkdómar, vöðvabólgur, gigt, hjarta- og æðasjúkdómar o.fl.,
- Andlegt álag sem veldur vanlíðan, s.s. vinnustreita, kvíði, þunglyndi, svefnerfiðleikar, geðraskanir, kulnun í starfi o.fl.,
- Einelti, áreiti og ofbeldi á vinnustað.

Markmiðið er að gera „lífið í vinnunni“ betra og innihaldsríkara og gefa starfsmönnum um leið tækifæri til að þróast í starfi, þróast með starfinu og þróast til nýrra starfa.

#### ***Lífið í vinnunni - verkfærin:***

Mikil þróun og framfarir hafa orðið varðandi þekkingu á áhættuþáttum og jákvæðri uppbyggingu varðandi vinnustaðinn og skipulag vinnunnar, þau atriði

sem mestu skipta varðandi líðan fólks í vinnunni og samhengi vinnunnar og einkalífs. Í þessum efnum getur verkalýðshreyfingin hér á landi lært mikið af rannsóknum og þróunarstarfi annars staðar í Evrópu, einkum og sér í lagi annars staðar á Norðurlöndum. Þá hefur þekking hér innanlands á þessu sviði vaxið mjög á síðustu árum.

Í annan stað hafa orðið miklar breytingar og framþróun á löggjöf og reglum sem gilda um vinnustaðinn, umhverfi vinnunnar og vinnuna sjálfa.

Á engu sviði hafa áhrif Evrópusamvinnunnar og samningsins um Evrópska efnahagssvæðið verið jafn mikil og á íslenskum vinnumarkaði, til hagsbóta fyrir launafólk.

#### *Löggjöf - opinber reglusetning:*

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur  
Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað  
Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla  
Lög um persónuvernd  
Lög um tímabundnar ráðningar  
Lög um hlutastörf  
Lög um evrópsk samstarfsráð  
Reglugerð um húsnæði vinnustaða  
Reglugerð um vinnu barna og ungmenna  
Reglugerð um réttarstöðu þungaðra kvenna

#### *Sértækar reglur s.s.:*

Reglur um skjávinnu  
Reglur um byrgðar  
Reglur um öryggismerkingar  
O.fl.

#### *Samningar aðila vinnumarkaðarins:*

Samningar um skipulag vinnutíma og hvíldartíma  
Vinnustaðasamningar og samningsákvæði um vinnustaðabátt kjarasamninga  
Kjarasamningsákvæði um trúnaðarmenn, öryggis- og aðbúnaðarmál, o.fl.  
Samningur um réttindi starfsmanna í hlutastörfum  
Leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd vinnurannsókna, frá 1972, endurnýjaðar 1983.  
O.fl.

### *Rannsóknir, fræðsla og sérfræðipækking:*

Rannsóknir á vegum Vinnueftirlitsins o.fl. á sviði vinnuverndar  
Aukin fræðslustarfsemi á vegum verkalýðshreyfingarinnar, Vinnueftirlitsins og einkaaðila sem miðar að því að verjast ýmsum hættum og auka gæði „lífsins í vinnunni“.

Þjónusta fyrirtækja á sviði starfsmannaheilsuverndar

### *Í deigluinni hér á landi m.a.:*

Reglugerð um heilsuvernd á vinnustað

Reglugerð um varnir gegn einelti á vinnustað

Samningar/löggjöf um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs

Samningur um fjarvinnu

Samningur um varnir gegn vinnustreitu

### ***Verkefni verkalýðshreyfingarinnar***

Þau verkefni sem Alþýðusamband Íslands og aðildarsamtök þess standa frammi fyrir eru að:

- Efla vitund og skilning stéttarfélaganna og launafólks á þeim möguleikum sem eru til að bæta „lífið í vinnunni“ og mikilvægi þess að eiga frumkvæði og leggja af mörkum starf á þessu sviði.
- Forgangsráða áherslusviðum og verkefnum til þess að starfið af hálfu verkalýðshreyfingarinnar verði markvisst og árangursríkt og skilgreina jafnframt hlutverk ASÍ, landssambandanna og aðildarfélaganna í þessu starfi.
- Kynna fyrir starfsfólki stéttarféлага, trúnaðarmönnum og launafólki öllu þau verkfæri sem þegar eru fyrir hendi til að bæta „lífið í vinnunni“ og hvernig megi nota þau.
- Fylgjast með þróuninni erlendis og draga lærdóma af því sem þar gerist fyrir starfið hér á landi.
- Leita samstarfs við opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga sem láta sig málin varða og samtök atvinnurekenda um kynningu, fræðslu og verkefni er miða að því að bæta „lífið í vinnunni“.
- Setja fram ákveðin mælanleg markmið og fylgja þeim eftir í starfi. Þau geta t.d. tengst þróun/styttingu vinnutíma, skipulagðri starfsmannaheilsuvernd á vinnustöðum, fækkun vinnuslysa, auknu jafnrétti til launa, auknum áhrifum starfsmanna á skipulag vinnunnar, bættri stöðu tímabundið ráðinna starfsmanna, bættri stöðu útlendinga á vinnumarkaði, o.fl.

Markmiðið er að stéttarfélagin og launafólkið sjálf hafi meira um það að segja en nú, hvernig vinnuaðstæður, vinnustaðurinn og vinnan sjálf og skipu-

lagning hennar þróast og að viðurkennt verði að þessir þættir og áhrif starfsmanna á móton þeirra varði beint hagsmuni launafólks.

### **Ályktun ársfundar ASÍ vegna fullgildingar ILO-samþykktar nr. 158**

Ársfundur Alþýðusambands Íslands, haldinn dagana 28. og 29. október 2004, skorar á forustu Alþýðusambandsins og verkalyðsfélög vítt og breitt um landið að hefja nú þegar baráttu fyrir því að íslensk stjórnvöld fullgildi samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnuástandstofnuninni (ILO). Fáist stjórnvöld ekki til að fullgilda fyrrgreinda samþykkt verði krafa um sambærileg ákvæði og í henni eru sett í kröfugerð verkalyðsfélaganna þegar núgildandi heildarkjarasamningur renna út.

### **Ályktun ársfundar ASÍ um kynbundinn launamun á vinnumarkaði**

Ársfundur ASÍ samþykkir að beina því til miðstjórnar ASÍ að leitað verði allra leiða til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun á vinnumarkaði. Skoðað verði meðal annars hvort eitthvað í gerð og framkvæmd kjarasamninga hafi áhrif á þann launamun kynjanna sem er til staðar og hvaða úrræði verkalyðshreyfingin hefur til að afnema launamisrétti kynjanna.

### ***Greinargerð***

Rannsóknir sýna að þó tekið sé tillit til mismunandi vinnutíma, menntunar starfsaldurs, ábyrgðar og svo framvegis stendur eftir allt að 18% launamunur konum í óhag sem ekki verður skýrður með öðru en kynferði. Ef litið er á meðaltímakaup, hafa konur aðeins 77% af tímakaupi karla á vinnumarkaði, sam-anber nýlega skýrslu Hagstofunnar. Hægt virðist miða að afnema launamisrétti kynjanna. Þrátt fyrir að konur hafi verið að afla sér meiri menntunar hefur það ekki nægt til að laun þeirra nái launum karla. Oft hefur því verið haldið fram að launamisrétti næði ekki til láglaunastétta. Því miður er staðreyndin sú að þrátt fyrir að launamunur sé ekki jafnmikil í láglaunastörfum þá falla launahækkningar og allskyns yfirborganir frekar í hlut karla en kvenna.

Þar sem karlar eru yfirgnæfandi meirihluti á fundum hjá aðilum vinnumarkaðarins eru jafnréttismál og launamunur kynjanna yfirleitt ekki þar mikil til umræðu. Þar er frekar rætt um stöðu efnahagsmála hverju sinni. Staða jafnréttismála í víðustum skilningi þess orðs ætti stöðugt að vera í umræðunni því allir græða á jafnrétti, bæðir karla og konur og samfélagið í heild.

### **Ályktun ársfundar ASÍ um markvissa jafnréttisáætlun**

Ársfundur ASÍ haldinn 28. og 29. október 2004 beinir því til miðstjórnar að móta marksvissa jafnréttisáætlun sem m.a. skuli miða að því að auka hlut



kvenna í stjórnnum og áhrifastöðum innan verkalýðshreyfingarinnar og í samtökum þeim tengdum, t.d. stjórnnum lífeyrissjóða. Jafnréttisáætlunin verði lögð fyrir næsta ársfund ASÍ ásamt framkvæmdaáætlun sem beint verði til allra aðildarfélaga að vinna eftir.

### ***Greinargerð***

Konur eru í minnihluta í áhrifastöðum nær hvert sem litið samanber ný útkomin Hagtíðindi sem Hagstofa Íslands gaf út í þessum mánuði þar sem fjallað er um líf og stöðu kvenna og karla í íslensku samfélagi.

Hvort sem litið er til hlutfalls kvenna á Alþingi, í sveitastjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins, forstöðumanna ríkisstofnana, dómara eða stjórnunarstöðum í fyrirtækjum svo eitthvað sé nefnt, þá er hlutur kvenna á bilinu 15% - 30%, sem ekki er ásættanlegt á okkar dögum, sérstaklega með tilliti til áralangrar jafnréttisbaráttu.

Þegar horft er til samtaka vinnumarkaðarins er jafnréttið mun minna hjá Samtökum atvinnulífsins en hjá samtökum launafólks. Hlutur kvenna sem sitja í stjórnnum og áhrifastöðum hjá Samtökum atvinnulífsins er 7% - 10% en í stjórnnum stéttarfélaganna er hlutfallið 30%. Rétt er að hafa í huga að 52% félagsmanna stéttarfélaganna eru konur og af níu helstu landssamtökunum ASÍ er aðeins ein kona í forystu. Að framansögðu er ljóst að jafnrétti á langt í land og öll umræða og vilji í verki þarf að vera sýnilegur jafnt í launþegahreyfingunni sem og annarsstaðar í samfélaginu.

### **Ályktun ársfundar um ólögmetar skerðingar á skaðabótum**

Ársfundur ASÍ telur það mikilvægt hagsmunamál fyrir launafólk að horfið verði frá núverandi ákvæðum skaðabótalaga um lækun skaðabóta á grundvelli réttinda launafólks til örorkubóta úr lífeyrissjóði eða sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum verkalýðsfélaga.

Ársfundur ASÍ telur jafnframt mikilvægt að hafin verði gagnger endurskoðun á skaðabótalöggjöfinni og framkvæmd hennar út frá hagsmunum launafólks og vísar í því sambandi til fyrri umsagna ASÍ um þetta efni.

Ljóst er að um viðamikið og flókið mál er að ræða og því beinir ársfundurinn því til miðstjórnar ASÍ að skaðabótalögin og framkvæmd þeirra verði tekin til ítarlegrar og vandaðrar skoðunar með það að markmiði að ASÍ móti afstöðu til þess hverju þurfi að breyta varðandi lögin og framkvæmd þeirra. Þá verði einnig skoðuð túlkun og framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins er varðar uppgjör slysabóta. Niðurstaða framangreindrar skoðunar liggi fyrir sem fyrst og hún kynnt fyrir alþingismönnum og öðrum sem málið varðar og henni síðan fylgt eftir.

## Fundarslit

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, sleit ársfundi ASÍ 2004 með eftirfarandi ræðu:

*„Fundarstjóri - góðir félagar*

*Nú er dagskrá fjórða ársfundar Alþýðusambands Íslands tæmd. Fundurinn hefur gengið vel fram og við höfum skilað góðu verki. Þá er ég ekki bara að tala um þennan fund, heldur einnig undirbúning hans, því við komum vel undirbúin til fundarins.*

*Þau viðfangsefni sem voru undirbúin í starfsnefndum í aðdraganda fundarins voru þannig úr garði gerð að kynning og umræða í nefndum hefur verið skilvirk. Eðlilega hafa verið skiptar skoðanir um einstök atriði, en þannig er það í lýðræðislegri hreyfingu og þannig á það að vera.*

*Við höfum á fundinum fjallað um atvinnu og byggðamál. Í umræðunni og þeirri ályktun sem fundurinn samþykkti eru skýr skilaboð til stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda um að taka til endurskoðunar og endurmats þríhliða samstarf þessara aðila, með það að leiðarljósi að móta sameiginlega stefnu og sýn til framtíðar.*

*Sú sýn á að ná til efnahagsmála, atvinnumála og félags- og velferðarmála. Þessi mál eigum við öll að skoða í samhengi og þau eiga að vera jafnsett. Með því móti tekst okkur að nýta þau tækifæri sem bíða okkar í náinni framtíð og jafnframt varist þeim hættum og ógnum sem af breyttu alþjóðlegu umhverfi stafa.*

*Við höfum umræðu um „lífið í vinnunni“ og þeirri tillögu sem lá fyrir fundinum var vísað til frekari umfjöllunar og úrvinnslu fram að næsta ársfundi. Ég vænti mikils af þeirri vinnu.*

*Vegna þeirra aðstæðna sem hafa skapast í þjóðfélaginu frá því að gengið var frá flestum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í vor, ákváðum við að fjalla um efnahags- og kjaramál á þessum fundi.*

*Kynnt var ný spá Hagdeildar um þróun helstu hagstærða, þar sem fram kom að efnahagshorfur væru um margt góðar, en þó væru blíkur á lofti. Lítið má útaf bera til þess að stöðugleikanum verði ekki ógnað.*

*Ég ætla ekki að spá því að kjarasamningum verði sagt upp í árslok 2005 - en það er ekki langsótt - ef verðbólga þróast í samræmi við spána. Það skýtur jafnframt skökku við, að á sama tíma og hér er mikill hagvöxtur, þá er gríðarlegt atvinnuleysi. Atvinnuleysi er alltaf óþolandi - en þegar tekið er mið af öllum þeim framkvæmdum sem í gangi eru og uppsveiflu í efnahagslífinu eiga allir að geta fengið störf við hæfi.*

*Þetta er viðfangsefni sem við hljótum að setjast yfir með stjórnvöldum og atvinnurekendum og er í eðlilegu samhengi við það sem við höfum samþykkt í atvinnumálunum.*

*Hagspáin sem var kynnt í gær er afrakstur mikillar vinnu og undirbúnings og við eigum von á að ný og uppfærð spá verði kynnt tvisvar á ári í framtíðinni og í hvert sinn verði lögð sérstök áhersla á eitt tiltekið viðfangsefni sem verði sett í brennidepil.*

*Yfirskrift þessa fundar var - Sterkari saman. Okkur veitir ekkert af því að halda því til streitu í þeirri vinnu sem er framundan - ekki síst til að knýja á um þær breytingar á stefnunni í atvinnumálum sem við höfum lagt áherslu á hér á þessum fundi. Þá er ég ekki síst að vísa til þess að við ætlumst til þess að stjórnvöld og atvinnurekendur svari kalli okkar um samstarf um mótun framtíðarsýnar - þar sem hagsmunir allra verði teknir með í reikninginn og verði jafn rétt háir.*

*Íslenskt þjóðfélag hefur ráð á því. Það er raunar rétt að snúa þessu við og segja að íslenskt samfélag hafi ekki ráð á að tryggja ekki að allir njóti hér sómasamlegra kjara og geti lifaði með reisn. Við berum öll sameiginlega ábyrgð á velferðinni - við berum sameiginlega ábyrgð hvert á öðru. Það er og á að vera grundvöllur alls okkar starfs.*

*Félagar*

*Ég vil nýta þetta tækifæri til að bjóða bókagerðarmenn aftur velkomna til starfa í Alþýðusambandinu. Það er gott að fá þá heim.*

*Á þessum ársfundi höfum við kosið hluta af okkar forystusveit. Félagi Halldór Björnsson lætur nú af störfum í miðstjórn. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þér félagi Halldór fyrir góð störf í þágu verkalýðshreyfingarinnar og íslenskrar alþýðu. Jafnframt þakka ég þér fyrir góð kynni - þó þetta sé engin kveðjustund.*

*Við skulum gefa félagi Halldóri gott klapp inn í framtíðina.*

*Ég vil óska nýjum miðstjórnarmanni, Pétri Sigurðssyni, til hamingju með kjör hans í miðstjórn og jafnframt þeim aðal og varamönnum í miðstjórn sem voru endurkjörnir á þessum fundi. Nýjum varamönnum í miðstjórn óska ég ennfremur til hamingju. Ég vænti mikils af samstarfi við þessa ágætu féлага.*

*Ágústi Óskarssyni, sem nú lætur af starfi sem varamaður í miðstjórn þakka ég samstarfið.*

*Síðan vil ég nota tækifærið til að þakka enn og aftur það traust sem þið hafið sýnt mér.*

*Ég vil ítreka þá skoðun mína að við komum vel undirbúin frá þessum ársfundi undir verkefnin framundan og höfum gott vegarnesti frá fundinum í þá vinnu.*

*Að lokum vil ég þakka fundarstjórum og riturum fyrir störf sín, sem hafa gengið fram af mikilli röggsemi eins og við var að búast. Gefum þeim klapp.*

*Jafnframt vil ég þakka starfsfólki Alþýðusambandsins og öðrum heim sem hafa tekið þátt í að gera framkvæmd fundarins jafn góða og hún hefur verið. Hún hefur verið með miklum ágætum.*

*Ég vil biðja starfsfólkið að koma í salinn og gefa okkur kost á að þakka fyrir með lófaklappi.*

*Félagar,*

*Ég þakka ykkur fyrir samstarfið þessa tvo daga og óska öllum góðrar heimferðar.*

*Fjórða ársfundi Alþýðusambandsins er slitið.“*

# Fulltrúar á ársfundi ASÍ 2004

## **Félög með beina aðild að ASÍ**

### **Félag bólkagerðarmanna**

Bragi Guðmundsson  
Georg Páll Skúlason  
Hrafnhildur Ólafsdóttir  
Stefán Ólafsson  
Sæmundur Árnason

### **Félag ísl. hljómlistarmanna**

Árni Friðrik Scheving  
Björn Theódór Árnason  
Sigurgeir Sigmundsson

### **Félag leiðsögumanna**

Sólmundur Tryggvi Einarsson

### **Flugfreyjufélag Íslands**

Ásdís Eva Hannesdóttir  
Hrefna Hallgrímsdóttir

### **Mjólkurfræðingafélag Íslands**

Kristján Rudolf Larsen

### **Landssamb. ísl. verzlunarmanna**

#### **Verzlunarmannafélag Reykjavíkur**

Arnar Bragason  
Arnbjörn Ólafsson  
Arngrímur Friðrik Pálmason  
Árni G Ferdinandsson  
Árni Leósson  
Árni Steingrímsson  
Ásmundur I Þórisson  
Benedikt Vilhjálmsón  
Björk Felixdóttir  
Díana Linda Sigurðardóttir  
Eggert Eggertsson  
Einar Magnús Nikulásson  
Elías Guðmundur Magnússon  
Elísabet Magnúsdóttir  
Ellen Vestmann Emilsdóttir  
Elsa Unnur Guðmundsdóttir  
Grétar Hannesson  
Guðmundur H Garðarsson  
Guðmundur Ingi Kristinsson

Guðmundur J Jónsson  
Guðmundur Pétursson  
Guðrún Helga Stefánsdóttir  
Gunnar Böðvarsson  
Gunnar Helgi Guðmundsson  
Gunnar Páll Pálsson  
Hafðís Júlía Hannesdóttir  
Hannes Þ Sigurðsson  
Harpa Lydía Gunnarsdóttir  
Hildur Mósesdóttir  
Hlíf Sævarsdóttir  
Ingibjörg R Guðmundsdóttir  
Ingimundur Kristinn Guðmundsson  
Jóhanna E Vilhelmsdóttir  
Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir  
Jón Hrafn Guðjónsson  
Jón Magnússon  
Jónína Sóley Ólafsdóttir  
Judy Ásthildur Wesley  
Júlíana Pálsdóttir  
Júnía Porkelsdóttir  
Kolbrún Friðriksdóttir  
Kristín Sigurðardóttir  
Lykke Bjerre Larsen  
Magnús Bogason  
Magnús Leifur Sveinsson  
Margrét Eiríksdóttir  
Margrét Torfadóttir  
Marólfína Arnheiður Magnúsdóttir  
Ólafur Ingimarsson  
Ólafur Ólafsson  
Ólafur Sigurþór Sveinsson  
Óskar Kristinsson  
Ragnar Engilbertsson  
Rannveig Sigurðardóttir  
Reynir Jósepsón  
Rúnar Þór Pétursson  
Sigurbjörn G Eggertsson  
Sigurhans Wium Hansson  
Sigurlaug Hilmarsdóttir  
Stefanía Magnúsdóttir  
Steingerður Hilmarsdóttir  
Steinn Gunnarsson  
Stella Breiðfjörð Magnúsdóttir

Súsanna Gísladóttir  
Svanhvít Sigurðardóttir  
Teitur Jensson  
Valdimar Ingibergur Þórarinnsson  
Valur Magnús Valtýsson  
Valva Árnadóttir  
Þorkell Vignir Viðarsson  
Þorlákur Jóhannsson  
Örn Sigmar Kaldalóns

#### **Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar**

Gunnbjörn Steinarsson  
Jón Ragnar Jónsson  
Unnur Helgadóttir

#### **Verslunarmannafélag Suðurnesja**

Ásta Pálína Stefánsdóttir  
Gróa Hávarðardóttir  
Guðbrandur Einarsson  
Sigrún Ólafsdóttir

#### **Verkalýðsfélag Borgarness**

Einar Oddur Pálsson

#### **Verslunarmannafélag Skagfirðinga**

Hjörtur S Geirmundsson

#### **Félag verslunar- og skrifstofufólks**

##### **Akureyri**

Elísabet Hallgrímsdóttir  
Friðbjörg Jóhannsdóttir  
Páll H Jónsson  
Svavar Hannesson  
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

#### **Verslunarmannafélag Austurlands**

Kristín María Björnsdóttir

#### **Verslunarmannafélag**

##### **Vestmannaeyja**

Guðrún Erlingsdóttir

#### **Verslunarmannafélag Suðurlands**

Brynja Erlingsdóttir  
Margrét Ingbórsdóttir

#### **Verkalýðsfélag Vestfirðinga**

Finnbogi Sveinbjörnsson

#### **Vökull, stéttarfélag**

Þorkell Kolbeins

#### **MATVÍS**

Jón Karl Jónsson  
Níels S. Olgeirsson  
Sigurður Magnússon  
Þorsteinn Ómar Gunnarsson  
Þuríður Helga Guðbrandsdóttir

#### **Rafíðnaðarsamband Íslands**

Anna Nína Stefniadóttir  
Anna Sigríður Melsted  
Árni Jón Baldvinsson  
Einar Jón Ólafsson  
Georg Grundfjörð Georgsson  
Guðmundur Gunnarsson  
Haflíði S Sívertsen  
Haraldur Hafsteinn Jónsson  
Helgi Jónsson  
Hermann Lúðvíksson  
Hilmar Friðrik Árnason  
Ísleifur Tómasson  
Oddur Sigurðsson  
Sigurgeir Ólafsson  
Stefán Ó Guðmundsson  
Svanur Þorsteinsson  
Þór Ottesen Pétursson  
Þórunn Stefanía Jónsdóttir

#### **Samiðn**

##### **Trésmiðafélag Reykjavíkur**

Finnbjörn A Hermannsson  
Grétar Þorsteinsson  
Hallgrímur G Magnússon  
Sigurjón Einarsson  
Þorbjörn Guðmundsson

#### **Félag hársnyrtisveina**

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir  
Súsanna Björg Vilhjálmisdóttir

**Félag iðn- og tæknigreina**

Árman Ægir Magnússon  
Georg Óskar Ólafsson  
Gunnar Björn Gunnbjörnsson  
Hilmar Harðarson  
Sveinn Ingason  
Sveinn Jónsson  
Tryggvi Frímann Arnarson  
Vilhjálmur G Gunnarsson

**Iðnsveinafélag Suðurnesja**

Adólf Sigurgeirsson  
Sigfús Rúnar Eysteinnsson

**Verkalýðsfélag Akraness**

Guðmundur Rúnar Davíðsson

**Félag byggingamanna Eyjafirði**

Guðmundur Friðfinnsson  
Guðmundur Ómar Guðmundsson

**AFL, Starfsgreinafélag Austurlands**

Stefán Guðnason

**Félag járníðnaðarmanna**

Guðmundur Smári Guðmundsson  
Gylfi Ingvarsson  
Kristinn Sævar Jóhannsson  
Pétur V Maack Pétursson  
Samúel Ingvason  
Örn Friðriksson

**Félag járníðnaðarmanna Ísafirði**

Halldór Óli Hjálmarsson

**Félag málmíðnaðarmanna Akureyri**

Hákon Hákonarson  
Páll Birkir Reynisson

**Sjómannasamband Íslands****Sjómana- og vélstj.fél. Grindavíkur**

Hermann Magnús Sigurðsson  
Sævar Gunnarsson  
Tryggvi Sæmundsson

**Sjómannafélag Ísfirðinga**

Sævar Gestsson

**Sjómannafélag Eyjafjarðar**

Árni Sigurðsson  
Konráð Þorsteinn Alfreðsson  
Sigurður Viðar Heimisson

**Vökull, stéttarfélag**

Ragnar Logi Björnsson

**Starfsgreinasamband Íslands**

Efling, stéttarfélag  
Anna María Clausen  
Arnfinnur Antonsson  
Ágúst Elís Gústafsson  
Berglind Jónína Gestsdóttir  
Bjarni Bjarnason  
Björg Gísladóttir  
Einar Björn Sigurðsson  
Faney Helga Friðriksdóttir  
Guðbjörg Þórunn Guðnadóttir  
Guðjón Ágúst Norðdahl  
Guðlaugur Bjarnason  
Guðmundur Ragnar Ragnarsson  
Guðmundur Þ Jónsson  
Guðrún Hlín Adolfsdóttir  
Halldór Guðjón Björnsson  
Hannes Ólafsson  
Hjördís Baldursdóttir  
Ingi Bjarnar Guðmundsson  
Ingunn Þorsteinsdóttir  
Jóhann Reynisson  
Jón Bjarnason  
Jón Friðrik Hrafnsson  
Jón S Pétursson  
Jóna Sveinsdóttir  
Jónína Sigurðardóttir  
Katrín Gunnarsdóttir  
Kristbjörg B Guðjónsdóttir  
Kristín Guðbj. Benediksdóttir  
Kristín Helga Jónatansdóttir  
Lilja Eiríksdóttir  
Magnús Jakobsson  
Oliver Þórisson  
Ólafur Einar Ólafsson

Ólafur Guðmundsson  
Ólafur Jósef Sigurjónsson  
Ragnar Ólason  
Rannveig H Gunnlaugsdóttir  
Sigurður Bessason  
Símon Gunnarsson  
Snorri Ársælsson  
Stefán Viðar Egilsson  
Steinn G Lundholm  
Stella Guðnadóttir  
Sverrir Bergmann Egilsson  
Thelma Björk Brynjólfsson  
Theodóra S. Theodórsdóttir  
Tryggvi Marteinsson  
Viðar Ottesen  
Vilhjálmur Þ Bragason  
Þorsteinn M Kristjánsson  
Þórunn Sveinbjörnsdóttir  
Þuríður Ingimundardóttir

#### **Verkalýðsfélagið Hlíf**

Guðbjörg Skúladóttir  
Kolbeinn Gunnarsson  
Linda Baldursdóttir  
Ragnar Árnason  
Reynir Albertsson  
Sigríður Þorleifsdóttir  
Sigurður T. Sigurðsson

#### **VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.**

Guðjón H Arngrímsson  
Ingbjörg Magnúsdóttir  
Jóhannes D Halldórsson  
Kristján G Gunnarsson  
Kristrún Jónsdóttir  
Marta Baldvinsdóttir  
Steingerður Hermannsdóttir  
Vigdís Sigurjónsdóttir

#### **Verkalýðsfélag Grindavíkur**

Benoný Benediktsson

#### **VI. og sjóm.fél. Sandgerðis**

Baldur Matthíasson

#### **Verkalýðsfélag Akraness**

Auður Ásgeirsdóttir  
Jón Jónsson  
Vilhjálmur E Birgisson  
Þórarinn Helgason

#### **Verkalýðsfélagið Hörður**

Kristín Helga Ármannsdóttir

#### **Verkalýðsfélag Borgarness**

Baldur Jónsson  
Sveinn Gunnar Hálfðánarson

#### **Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar**

Guðrún Fríða Pálsdóttir

#### **Stéttarfélagið Samstaða**

Ásgerður Pálsdóttir  
Eiríkur Pálsson

#### **Verkalýðsfélag Stykkishólms**

Þorsteinn Sigurðsson

#### **Verkalýðsfélagið Valur**

Kristján Jóhannsson

#### **Verkalýðsfélag Vestfirðinga**

Halldór Gunnarsson  
Karitas Maggy Pálsdóttir  
Lilja Rafney Magnúsdóttir  
Pétur Sigurðsson

#### **Aldan, stéttarfélag**

Jón Karl Karlsson  
Þórarinn Guðni Sverrisson

#### **Verkalýðsfélagið Vaka**

Signý Jóhannsdóttir

#### **Eining - Iðja**

Anna Júlíusdóttir  
Björn Snæbjörnsson  
Elísabet Jóhannsdóttir  
Eyþór Karlsson  
Guðmundur Karlsson  
Guðrún Fanneý Skarphéðinsdóttir



Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir  
Matthildur Sigurjónsdóttir  
Sigríður K Bjarkadóttir  
Sæbjörg Ágústsdóttir  
Valdimar Gunnarsson  
Þorsteinn J Haraldsson  
Þórey Aðalsteinsdóttir

**Verkalýðsfélag Húsavíkur**  
Aðalsteinn Árni Baldursson  
Kristbjörg Sigurðardóttir  
Sólveig Sveinbjörnsdóttir

**Verkalýðsfélag Þórshafnar**  
Kristinn Lárússon

**AFL, Starfsgreinafélag Austurlands**  
Gunnar Smári Guðmundsson  
Jón Guðmundsson  
Jón Ingi Kristjánsson  
Sigurbjörg Kristmundsdóttir  
Sigurbjörn Björnsson  
Stella Björk Steinþórsdóttir

**Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar**  
Lars Olsen

**Vökull, stéttarfélag**  
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir  
Reynir Arnórsson

**Drífandi, stéttarfélag**  
Arnar G Hjaltalín

**Verkalýðsfélag Suðurlands**  
Eiríkur Tryggvi Ástþórsson  
Már Guðnason

**Verkalýðsfélag Öxarfjarðar**  
Olga Gísladóttir

**Báran, stéttarfélag**  
Ásdís Ágústsdóttir  
Óðinn Kalevi Andersen  
Ragna Gissurardóttir  
Vernharður Stefánsson

**VI. og sjóm.fél. Boðinn**  
Jóna Sigríður Gestsdóttir  
Þórður Ólafsson

**VI. og sjóm.fél. Bolungarvíkur**  
Lárus Benediktsson

**Þetta eru þeir fulltrúar sem áttu seturétt á ársfundinum  
28. október 2004.**

**Eftirfarandi breytingar urðu 29. okt.**

**Rafiðnaðarsamband Íslands**

*Út fóru:*

Anna Nína Stefniðsdóttir  
Árni Jón Baldvinsson  
Hilmar F. Árnason  
Sigurgeir Ólafsson

*Inn komu:*

Páll S. Guðmundsson  
Borgþór Hjörvarsson  
Stefán Sveinsson  
Viðar Már Þorsteinsson

**Efling, stéttarfélag**

*Út fóru:*

Jón Bjarnason  
Ólafur Jósef Sigurjónsson

*Inn komu:*

Hjálmfriður Þórðardóttir  
Fjóla Jónsdóttir



*Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, óskar Grétari til hamingju með endurkjör í embætti forseta. Þau fóru fyrir miðstjórninni á árinu.*

## Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í ágúst ár hvert. Miðstjórnin er æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins á milli ársfunda ASÍ. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykpta ársfunda ASÍ.

Fjölmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá ársfundi ASÍ 2004. Í upphafi árs 2005 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2005. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma sem starfsemin byggir á og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og nýtingu þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Um fjöllum um félagsleg undirboð og ólöglega starfsemi sem byggir á misnotkun á erlendu launafólki, var fyrirferðarmikil í starfi miðstjórnar á tímabil-

inu, enda ljóst að um víðtæk og alvarleg áhrif á íslenskan vinnumarkað er að ræða. Á vettvangi miðstjórnar snerist umræðan um grundvallaratriði varðandi vinnumarkaðinn og mikilvægi þess að treysta réttindi launafólks og framkvæmdina varðandi þátttöku erlends launafólks á vinnumarkaði. Af hálfu miðstjórnar eru markmiðin skýr, að tryggja að erlent launafólk njóti sömu réttinda og kjara og íslenskt launafólk, en sé ekki notað til félagslegra undirboða á vinnumarkaði eða í svarta atvinnustarfsemi. Hér koma einnig til stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og þróunin á Evrópuvettvangi. Af þessu tilefni ákvað miðstjórn að hrinda af stað átakinu „Einn réttur – Ekkert svindl“ í byrjun maí sl. Nánar er fjallað um málefni erlends verkafólks á íslenskum vinnumarkaði og átakið „Einn réttur – Ekkert svindl“ annars staðar í skýrslunni.

Þá voru efnahags- og kjaramálin einnig fyrirferðarmikil þegar leið á tímabilið, enda ljóst að forsendur kjarasamninganna sem gerðir voru á árinu 2004 mundu bresta og því koma til endurskoðunar á samningunum og mögulega reyna á uppsögn þeirra í lok árs. Á fundum miðstjórnar var gerð ítarleg grein fyrir stöðu og þróun efnahags- og kjaramálanna. Þessum málum er einnig gerð ítarleg skil annars staðar í skýrslunni. Á fundum miðstjórnar var gerð ítarleg grein fyrir stöðu og þróun samningaviðræðnanna meðan þær stóðu yfir og síðan samningunum sjálfum. Nánar er fjallað um samningagerðina og niðurstöður hennar á öðrum stað í skýrslunni.

Önnur mál sem fjallað var um á vettvangi miðstjórnar og gerð er grein fyrir annars staðar í skýrslunni voru m.a.: húsnæðismál og mikil hækkun á íbúðaverði, tillaga að tilskipun Evrópusambandsins um þjónustuviðskipti og möguleg áhrif hennar hér á landi, málefni foreldra langveikra barna, endurskoðun laga um atvinnuleysisstryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga, málefni lífeyrissjóðanna, samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja og málefni Mannréttindaskrifstofu Íslands. Eru þá ótalin fjölmörg mál er varða innri málefni verkalýðshreyfingarinnar og samskipti ASÍ við ýmsa aðila, samtök og stofnanir, innanlands og erlendis.

Loks má nefna að undirbúningur fyrir ársfund ASÍ 2005 hefur verið á dagskrá miðstjórnar með reglulegu millibili á seinni hluta tímabilsins.

Hér á eftir er gerð grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til og ekki er fjallað um annars staðar í henni.

## **Samráð olúfélaganna**

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. nóvember 2004 var fjallað um samráð olúfélaganna og kom fram mjög hörð gagnrýni á olúfélögin, stjórnendur þeirra meðan á samráðinu stóð og framgöngu þeirra alla. Þá varð einnig mikil umræða um það með hvaða hætti væri hægt að endurheimta það sem olúfélögin höfðu

af samfélaginu og einstaklingum með samráði sínu. Einnig var velt upp hinni pólitísku ábyrgð í málinu og mikilvægi þess að treysta Samkeppnisstofnun.

Miðstjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi ályktun um málið:

*Samkeppnisstofnun hefur nú kynnt skýrslu sína um víðtækt ólögmaett samráð olúfélaganna á Íslandi. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fordæmir samráðið harðlega. Í ályktun í febrúar árið 2002 um nauðsyn þess að styrkja Samkeppnisstofnun sagði miðstjórn að misnotkun markaðsráðandi stöðu á fátækennismarkaði væri tilræði við efnahag almennings og efnahagslíf þjóðarinnar sem verði að rannsaka og uppræta þegar tilefni gefist til. Þar var ekkert ofsagt.*

*Miðstjórnin minnir á, að árum saman hefur hún bent á þetta samráð, m.a. í bréfi til Samkeppnisstofnunar í nóvember árið 2000, þar sem því var beint til stofnunarinnar að þessi mál yrðu tekin til vandaðrar rannsóknar og að gripið yrði til allra nauðsynlegra úrræða og viðurlaga ef sýnt þætti að lög væru brotin.*

*Nú hefur verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að um víðtækt samráð olúfélaganna var að ræða og að brotin voru enn alvarlegri og ófyrirleitnari en nokkurn óraði fyrir. Ljóst er að samráðið hefur bitnað harkalega á rekstar-skilyrðum fyrirtækja og hag almennings. Ekki einungis hefur almenningur þurft að greiða hærra verð fyrir vöru og þjónustu heldur hafa verðtryggðar skuldir heimilanna hækkað vegna samráðsins. Samkeppnisstofnun færir rök fyrir því að tjón samfélagsins hafi numið yfir 40 milljörðum á því níu ára tímabili sem til rannsóknar var.*

*Miðstjórn krefst þess að olúfélögin bæti þann skaða sem þau hafa valdið og skili almenningi til baka því sem hann með réttu á. Jafnframt krefst miðstjórn þess að þeir núverandi og fyrrverandi eigendur og stjórnendur sem að þessu máli komu verði dregnir til ábyrgðar. Þar duga ekki afsökunarbeiðnir.*

*Miðstjórn ASÍ bendir á að í þessu máli hefur mikilvægi þess að efla samkeppnislöggjöfina og Samkeppnisstofnun komið skýrt fram.*

## **Ályktun miðstjórnar ASÍ um kjara- og skattamál**

Á fundi sínum 24. nóvember fjallaði miðstjórn ítarlega um skattalækkunartilögur ríkisstjórnarinnar og samhengi þeirra við stöðu og horfur í efnahags- og kjaramálunum almennt. Kom fram mikil áhersla á að gætt yrði aðhalds í ríkisfjármálum til að efnahagsmálin færu ekki úr böndunum með alvarlegum afleiðingum fyrir launafólk.

*Að lokinni umræðu var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:*

*Skattalækkana tillögur ríkisstjórnarinnar gefa til kynna að hún telji svigrúm til umfangsmikilla skattalækkana þrátt fyrir stöðuna í efnahagslífinu. Miðstjórn Alþýðusambandsins telur skattalækkanir jákvæðar, ef tryggt er að þær leiði ekki til aukinnar verðbólgu eða veikingar á stöðum velferðarkerfins. Verðbólga er í dag langt umfram forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þær umfangsmiklu skattalækkanir sem nú eru boðaðar munu enn auka á hagstjórnarvandann og geta leitt til vaxandi verðbólgu á næstu misserum. Gangi það eftir eru forsendur kjarasamninga um stöðugleika í efnahagsmálum og kaupmátt launa brostnar.*

*Alþýðusambandið telur að sé svigrúm fyrir hendi hefði átt að nýta tækifærið og auka tekjujöfnun í skattkerfinu. Tillögur Alþýðusambandsins um meiri hækkun skattleysismarka, lægra skattþrep á lágar tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli væru tekjujafnandi, andstætt tillögum ríkisstjórnarinnar um afnám hátekjuskatts, flata lækkun skattþrósentunnar og afnám eignaskatta.*

*Veruleg hækkun barnabóta er aftur á móti tekjujafnandi aðgerð og fagnar miðstjórn henni. Alþýðusambandið lagði þó til við stjórnvöld, að barnabætur yrðu greiddar til 18 ára aldurs í samræmi við hækkun sjálfræðisaldurs.*

*Alþýðusambandið hefur ítrekað kallað eftir samstarfi við stjórnvöld um mótun samþættrar stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum en stjórnvöld hafa ekki sýnt vilja til slíks samráðs. ASÍ mun því þurfa í samráði við aðildarfélög sín að endurskoða samskiptin.*

## **Verðhækkanir í byrjun árs 2005**

Á fundi miðstjórnar 12. janúar 2005 var fjallað um verðhækkanir sem tilkynntar höfðu verið og komu til framkvæmda í byrjun árs 2005. Kynnt var greinargerð sem hagdeild ASÍ hefur tekið saman um hækkanir á gjaldskrá og álögur opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga síðustu vikur og boðaðar hækkanir á næstunni. Fram kom að um miklar og víðtækar hækkanir er að ræða.

Í umræðum kom fram hörð gagnrýni á ríkið og sveitarfélög vegna framgöngu þeirra í þessum málum og bent var á þær alvarlegu afleiðingar sem hækkanirnar hafa.

Eftirfarandi ályktun var send frá miðstjórn um málið:

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir þungum áhyggjum vegna þróunar verðlagsmála undanfarið. Það er ljóst að hækkanir á gjaldskrá í opinberri þjónustu, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, vega hér þungt og er ábyrgð þessara aðila mikil.*

*Miðstjórnin bendir í þessu sambandi sérstaklega á hækkun raforkuverðs, ekki síst til húshitunar. Það er ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki tryggt nægjanlega fjármuni til að koma í veg fyrir að þessar hækkanir kæmu þungt niður á*

*fólki á þeim svæðum þar sem hús eru kynt með rafmagni, þrátt fyrir fyrirheit þar um.*

*Þessu til viðbótar hafa ýmis sveitarfélög hækkað útsvarið til viðbótar við þá gríðarlegu hækkun sem orðið hefur á fasteignagjaldastofninum.*

*Með þessu er verið að taka til baka ávinninginn af þeirri kaupmáttaraukningu sem kjarasamningar áttu að færa launafólki. Þetta setur augljóslega mikinn þrýsting á forsendur kjarasamninga næsta haust, þar sem í þeim var gengið út frá mun minni verðbólgu.*

## **ASÍ og mannréttindamál í Kína**

Í fyrri hluta janúarmánaðar 2005 sendi forseti ASÍ dómsmálaráðherra Kína bréf, þar sem þess var krafist, fyrir hönd ASÍ, að tveimur félögum í verkalýðshreyfingunni verði sleppt úr fangelsi. Félagarnir, þeir Yao Fuxin og Xiao Yunliang frá Liaoyang, voru handteknir og dæmdir til fangavistar vegna þátttöku í aðgerðum verkalýðsfélaga. Alþjóðasamband verkalýðsfélaga hefur ítrekað bent á að þeir hafi ekki gerst sekir um annað en það sem samþykktir ILO skilgreina sem félagafrelsi og þátttöku í að þrýsta á um gerð kjarasamnings. Stjórnarnefnd ILO hefur jafnframt hvatt kínversk stjórnvöld til að láta þá lausa. Fangavistinn hefur farið illa með heilsu þeirra félaga og því er þess krafist nú að þeir verði látnir lausir af heilsufarsástæðum.

Í tilefni af fyrirhugaðri opinberri heimsókn forseta Íslands til kínverska Alþýðulýðveldisins sendi forseti ASÍ forseta Íslands bréf þann 9. maí 2005, þar sem hann kom á framfæri fyrir hönd Alþýðusambands Íslands áhyggjum sínum af stöðu mannréttindamála í Kína, einkum hvað varðar starfsemi frjálsra stéttarféлага. Þar kom einnig fram að Alþýðusambandið lýsti yfir miklum áhyggjum sínum af örlögum þeirra Yao Fuxin, 53 ára, og Xiao Yunliang, 58 ára, sem báðir voru virkir félagar í frjálsum stéttarfélagunum í Kína, en þeir voru fangelsaðir fyrir baráttu sína fyrir hagsmunum launafólks.

Þá sagði að vegna stöðu mannréttindamála í Kína og fleiri löndum hafi Alþjóðasamtök frjálsra stéttarféлага, ICFTU, sem eru samtök 148 milljóna launamanna í 223 samtökum frá 152 löndum og ASÍ á aðild að, krafist þess að grundvallarsamþykktir ILO verði gerðar að lágmarksákvæðum í öllum viðskiptaskilmálum Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar, WTO.

Loks kemur fram í bréfinu að Alþýðusambandið sé þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að rækta samskipti við Kína, þannig að færi geti gefist á beinum og milliliðalausum samskiptum. Því fari Alþýðusamband Íslands þess á leit við forseta Íslands, að hann komi fyrrgreindum áhyggjum verkalýðshreyfinginnar á framfæri í viðræðum sínum við kínversk stjórnvöld.

## Evrópufræðasetur

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. mars 2005, var staðfest aðild ASÍ að Evrópufræðasetrinu í samstarfi við Viðskiptaháskólann að Bifröst, BSRB, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins, en málið hafði áður verið til umfjöllunar í tengslum við starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2005. Fram kom að mikilvægt væri að skapa vettvang fyrir rannsóknir, kennslu og umræðu um málefni Evrópusambandsins, áhrif Evrópusamvinnunnar á íslenskt samfélag, ekki síst vinnumarkaðinn og þróun og áhrif Evrópusamvinnunnar í hnattrænu samhengi. Þá kom fram að mikilvæg væri þátttaka helstu samtaka launafólks og atvinnurekenda hér á landi, ásamt Viðskiptaháskólanum að Bifröst sem vistar setrið og skapar því ákveðna aðstöðu.

### 1. maí 2005

Á fundi miðstjórnar ASÍ 20. apríl var ákveðið að yfirskrift 1. maí aðgerðanna árið 2005 yrði **Einn réttur - ekkert svindl**. Með yfirskriftinni var verið að vísa til baráttunnar gegn félagslegum undirboðum og ólöglegri atvinnustarfsemi með erlendu verkafólki. **Einn réttur** vísar til þess að allir á vinnumarkaði eigi að njóta þeirra réttinda sem unnist hafa og kveðið er á um í kjarasamningum og löggjöf, óháð þjóðerni. **Ekkert svindl** vísar til þess að engum fyrirtækjum eða einstaklingum, íslenskum eða útlendum, á að líðast að svindla á erlendu verkafólki og nota það til félagslegra undirboða og skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja.

### Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja

Miðstjórn ASÍ hefur á undanförunum árum ítrekað fjallað um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, bæði í hnattrænu samhengi og hér á landi sérstaklega. Hvað varðar aðstæður hér á landi, hefur umræðan einkum tengst starfsemi stórfyrirtækja og ábyrgð þeirra gagnvart starfsfólki og áhrifum þeirra á samfélagið sem þau starfa í. Þá hefur umræðan jafnframt í vaxandi mæli beinst að þeim alþjóðlegu fyrirtækjum sem hér starfa, innlendum og erlendum, umgengni þeirra gagnvart starfsmönnum sínum, útvistun verkefna og samningum þeirra við birgja sína og undirverktaka. Áherslan hefur verið á að bæði fyrirtækin sjálf, birgjar þeirra og undirverktakar virði kjarasamninga og lög gagnvart starfsmönnum sínum og séu að öðru leyti til fyrirmyndar í samskiptum sínum við þá.

Á fundi miðstjórnar 18. maí sl. var samþykkt að veita forsetum sambandsins, ásamt formönnum landssambanda, umboð til að gera almennan samnings-texta um starfsemi fyrirtækja eða útibúa þeirra hér á landi um réttindi launafólks og samskipti þeirra við verkalýðshreyfinguna og fulltrúa hennar. Er ætlunin sú að ganga síðan til samninga við fyrirtæki um slíkan almennan samn-

ing þar sem viðkomandi fyrirtæki undirgangast með formlegum hætti samfélagslegar skyldur sínar að þessu leyti.

## Ályktun vegna Mannréttindaskrifstofu Íslands

15. júní 2005 sendu neðangreind samtök frá sér eftirfarandi ályktun um mál-fni Mannréttindaskrifstofu Íslands.

*Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Kennarasamband Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Lands-samband eldri borgara krefjast þess að ríkisstjórn Íslands tryggi nú þegar rekstur Mannréttindaskrifstofu Íslands, eins og ætla má að hafi verið vilji Alþingis við afgreiðslu síðustu fjárlaga.*

*Mannréttindaskrifstofa Íslands gegnir mikilvægu hlutverki í nútíma þjóð-félagi. Niðurskurður á fjárveitingum ríkisins til skrifstofunnar felur í sér sker-ta möguleika hennar til að gegna því hlutverki, eins og þörf er á.*

*Í hröðum þjóðfélagsbreytingum og miklum flutningum fólks milli landa er brýnt að skilgreina mannréttindi með þeim hætti að hverjum og einum séu tryggð eðlileg lífskjör og lífsskilyrði. Það er því áriðandi að Mannréttinda-skrifstofunni sé veitt nægilegt fé til að hún njóti sjálfstæðis í starfi og geti gætt hagsmuna alls almennings eins og henni er ætlað.*

*Ofangreind samtök munu beita sér fyrir því að Mannréttindaskrifstofa Ís-lands geti starfað með eðlilegum hætti í framtíðinni, með framlögum úr ríkis-sjóði og að hún geti gegnt hlutverki sínu í samræmi við þær alþjóðlegu skuld-bindingar sem Ísland hefur undirgengist. Á yfirstandandi ári munu samtökin tryggja rekstur skrifstofunnar.*

Jafnframt ákvað miðstjórn að leggja fjármuni til starfsemi mannréttinda-skrifstofunnar á árinu 2005, auk þess sem landssamböndin innan ASÍ sam-þykktu einnig fjárframlög til skrifstofunnar.

## Starfsmannaleigur á íslenskum vinnumarkaði

Á fundi miðstjórnar 21. september var einu sinni sem oftast fjallað um starf-semi erlendra starfsmannaleiga hér á landi, í tengslum við félagsleg undirboð og ólöglega atvinnustarfsemi, sem byggir á misnotkun á erlendu verkafólki. Fjallað var um stöðu mála almennt, þau vandamál sem blasa við varðandi það að afla upplýsinga um starfsemi þessara starfsmannaleiga, bæði erlendra og innlendra, koma í veg fyrir skaðleg áhrif þeirra á íslenskan vinnumarkað og tregðu stjórnvalda til að taka á málunum af festu með lagasetningu um þessa starfsemi.



Að lokinni umræðu var eftirfarandi ályktun ásamt greinargerð samþykkt samhljóða:

*Miðstjórn Alþýðusambands Íslands skorar á ríkisstjórn og Alþingi að beita sér nú þegar fyrir setningu laga um starfsmannaleigur. Miðstjórnin telur afar brýnt að setja slíka löggjöf sem taki á öllum helstu álitæfnum sem komið hafa upp varðandi starfsemi slíkra fyrirtækja og nái jafnt til innlendra og erlendra fyrirtækja á þessu sviði.*

*Í lögum um starfsmannaleigur verði útleiga launafólks bundin skilyrðum um starfsleyfi, upplýsingaskyldu og opinbert eftirlit. Í slíkri löggjöf verði takmarkað í hve miklum mæli fyrirtæki geti byggt atvinnustarfsemi sína á þjónustu starfsmannaleiga. Þá verði öll gjaldtaka starfsmannaleiga af starfsmönnum bönnuð og tryggt að starfsmenn starfsmannaleiga njóti sömu kjara og réttinda og annað launafólk.*

*Jafnframt leggur ASÍ áherslu á að löggjöf og eftirfylgni hennar tryggi að starfsmannaleigur og þau fyrirtæki, sem nýta sér þær, geti ekki skotið sér undan því að greiða til samfélagsins, eins og önnur fyrirtæki og þannig skekkt samkeppnisstöðuna á íslenskum vinnumarkaði.*

### **Greinargerð:**

*Starfsemi starfsmannaleiga hefur færst mjög í vöxt á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum misserum. Meirihluti þessara fyrirtækja á uppruna sinn í ríkjum Evrópusambandsins, þ.m.t. nýjum aðildarríkjum þess í austri. Þau byggja réttinn til að bjóða fyrirtækjum hér á landi þjónustu sína á því frelsi sem EES-samningurinn tryggir þeim. Þá hafa innlendar starfsmannaleigur sem bjóða erlent verkafólk til starfa einnig boðið þjónustu sína. Framgangna starfsmannaleiga hér á landi hefur í mörgum tilfellum einkennst af virðingarleysi gagnvart launafólki og brotum á kjarasamningum og þeim lögum sem gilda um vinnumarkaðinn. Þá byggir starfsemi þessara fyrirtækja á því að skjóta sér undan því að greiða skatta og skyldur til samfélagsins.*

*Það fyrirkomulag við útvegum starfsmanna, sem starfsmannaleigur bjóða fyrirtækjum í framleiðslu og þjónustu, gengur þvert á þann grundvöll sem íslenskur vinnumarkaður hefur byggt á og sátt hefur verið um. Þegar atvinnuþátttaka launafólks byggir ekki lengur á beinu ráðningarsambandi við fyrirtækið þar sem atvinnustarfsemin fer fram, slitna þau mikilvægu tengsl milli starfsmanns og atvinnurekanda þar sem byggt er á gagnkvæmum og kjarasamningsbundnum réttindum og skyldum aðila. Slíkt rof býður heim hættunni á félagslegum undirboðum í formi launa undir lágmarkskjörum kjarasamninga, vanskilum á sköttum og launatengdum gjöldum og mismunun launafólks á vinnumarkaði eftir ráðningarformi þess, eins og fjölmörg dæmi sanna.*

*ASÍ leggur áherslu á að beint ráðningarsamband á milli launafólks og fyrirtækja sem það starfar hjá, eigi áfram að vera meginreglan á íslenskum vinnumarkaði. Mikilvægt er að löggjöf og öll framkvæmd endurspegli þetta sjónarmið.*



*Strax í vor, meðal annars á 1. maí, voru stjórnvöld vöruð við því hvert stefndi í hagstjórninni og verðlagsmálum. Spárnar hafa því miður gengið eftir*

## Efnahags- og verðlagsmál

### Efnahagsmálin

Efnahagsmál hafa verið fyrirferðarmikil í starfi ASÍ á síðasta ári og það sem af er þessu ári. Hæst ber umfjöllun um þróun og horfur í efnahagsmálum og umræður um efnahagsstjórn. Hefur Hagdeildin tekið virkan þátt í efnahagsumræðunni og sent frá sér nokkrar skýrslur um þau efni.

Í upphafi árs 2004 sendi Hagdeildin frá sér sína fyrstu hagspá, þar sem spáð var fyrir um þróun helstu hagstærða fyrir árin 2004 og 2005. Hagdeildin hefur síðan sent frá sér tvær spár til viðbótar, í október 2004 og endurskoðun á þeirri spá í maí sl.

Spá Hagdeildar hefur í meginþáttum gengið eftir. Spáð var 5,7% hagvexti í fyrra en samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands var hagvöxtur á síðast ári 6,2% eða hálfu prósentustigi hærri en Hagdeildin spáði fyrir um. Hagdeildin fór einnig nærri um verðbólgu og atvinnuleysi á síðasta ári. Í endurskoðaðri hagspá í vor, var því spáð að krónan myndi veikjast þegar líða tæki á árið. Sú spá hefur ekki gengið eftir. Hefur það því leitt til þess að verðbólga hefur verið ívíð minni en Hagdeildin gerði ráð fyrir. Ómögulegt er að spá fyr-

ir um þróun gengis krónunnar til skamms tíma með einhverri nákvæmni. Hún ræðst af væntingum manna á gjaldeyrismarkaði, og vaxtamun við útlönd. Langtímajafnvægi hennar ræðst aftur á móti af stöðu þjóðarbúsins og jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Sú skoðun er almenn, að krónan sé of hátt metin og allar líkur eru taldar á snarpri veikingu hennar innan tveggja ára.

Hagdeildin gaf út sína fyrstu Haustskýrslu í október 2004, í tengslum við ársfund ASÍ. Í skýrslunni var hagspá Hagdeildar fyrir árin 2004 til 2006 og umfjöllun um skipulagsbreytingar á fasteignamarkaði. Í skýrslunni var varað við því að rýmri veðheimildir, lægri vextir og hækkun hámarksblána til fasteignakaupa, myndu leiða til aukinnar einkaneyslu og þensluáhrifa. Var ríkisstjórnin einnig gagnrýnd fyrir skort á aðhaldi í ríkisfjármálum.

Í maí 2005 gaf Hagdeildin út vorskýrslu, þar sem hagspáin frá því í október 2004 var endurskoðuð. Einnig var ítarleg umfjöllun um breytingar á íbúðamarkaði. Í skýrslunni eru stjórnvöld enn og aftur gagnrýnd fyrir hagstjórnina og bent á að lækun skatta kalli á stóraukið aðhald í fjármálum hins opinbera, umfram það sem boðað er í fjárlögum 2005.

Í júlí síðastliðnum sendi svo Hagdeildin frá sér greinargerðina „Hagstjórn í uppsveiflu“. Þar er meðal annars kallað eftir auknu aðhaldi opinberra aðila og bent á, að hætta sé á að hagkerfið lendi í svipuðum hremmingum og fyrir um hálfum áratug. Í skýrslunni segir m.a.: „Staðan í þjóðarbúskapnum um þessar mundir minnir um margt á stöðuna á haustmánuðum 1999. Líkt og þá, hefur húsnæðisverð hækkað umtalsvert, skuldir heimila og fyrirtækja hafa aukist hratt og verðbólga fer vaxandi. Viðskiptahallinn stefnir í 12% af vergri landsframleiðslu og ytra ójafnvægi þjóðarbúsins eykst hratt. „Ríkisstjórnin er því ekki að axla ábyrgðina á hagstjórninni og því lítur út fyrir að þjóðarbúið muni lenda harkalega við lok stóriðjuframkvæmda. Það dugar skammt að framlengja góðærið með því að ráðast í frekari stóriðjuframkvæmdir. Það mun aðeins fresta brotlendingunni og veikja stöðu samkeppnis- og útflutningsgreinanna enn frekar.“

Í september tók Hagdeildin saman greinargerð um vaxtabætur. Í greinargerðinni kom m.a. fram að vaxtabætur eru hluti af velferðarkerfinu og skipta ennþá miklu máli sem slíkar. Í greinargerðinni var það dregið fram, að lækun vaxta hefur leitt til mikilla hækkana á íbúðaverði og eru margir hópar verr settir varðandi greiðslubyrði nú en fyrir ári síðan. Þannig hafa þeir sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð t.d. meiri þörf fyrir samfélagslega aðstoð í formi vaxtabóta en fyrir ári síðan.

## **Þróun helstu hagstærða 2004 og 2005**

Hagvöxtur var mikill á síðasta ári, 6,2% og stefnir í að verða svipaður eða jafnvel hærri í ár. Hagvöxturinn er drifinn áfram af mikilli einkaneyslu og fjárfest-

ingum. Þjóðarútgjöld sem eru samtala einkaneyslu, samneyslu og fjárfestinga, jukust um 8,2% á síðasta ári og stefnir í 12% aukningu í ár. Mikil aukning þjóðarútgjalda samhliða auknum viðskiptahalla er vísbending um vaxandi ójafnvægi í þjóðarþúskapnum.

## Helstu kennitölur

Helstu kennitölur	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Hagvöxtur	5,3%	5,5%	4,2%	5,0%	3,3%	-1,3%	3,6%	6,2%
Verðbólga	1,8%	1,7%	3,4%	5,0%	6,7%	4,8%	2,1%	3,2%
Kaupmáttur launa	3,5%	7,6%	3,3%	1,6%	2,0%	2,2%	3,4%	1,4%
Atvinnuleysi	3,9%	2,8%	1,9%	1,3%	1,4%	2,5%	3,4%	3,1%
Einkaneysla <sup>1</sup>	6,2%	10,1%	7,8%	4,1%	-3,2%	-1,8%	5,8%	6,9%
Samneysla <sup>1</sup>	2,6%	3,4%	4,9%	4,4%	3,1%	5,0%	1,5%	2,8%
Fjármunamyndun <sup>1</sup>	10,1%	31,9%	-3,8%	14,6%	-4,9%	-19,6%	20,5%	21,0%
Útflutningur <sup>1</sup>	5,6%	2,5%	3,9%	4,3%	7,4%	3,9%	1,4%	8,3%
Innflutningur <sup>1</sup>	8,0%	23,3%	4,3%	8,5%	-9,1%	-2,6%	10,7%	14,2%
Viðskiptajöfnuður <sup>3</sup>	-1,8%	-6,9%	-7,0%	-10,4%	-4,5%	1,4%	-5,0%	-8,4%
Framleiðni	4,5%	4,4%	2,9%	3,6%	1,9%	-2,1%	3,0%	5,0%

Heimild: Seðlabanki, Hagstofa og fjármálaráðuneyti

<sup>1</sup> %magnbreyting milli ára

<sup>2</sup> %breyting milli ára

<sup>3</sup> Hlutfall af landsframleiðslu

\* Hluti 2004 eru bráðabirgðatölur

Í fyrra jókst einkaneysla um 7,5% og eru vísbendingar um áframhaldandi kröftugan vöxt á þessu ári. Kaupmáttur launa jókst um 1,5% í fyrra og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 2%. Gera má ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist meira á þessu ári en kaupmáttur launa vegna minna atvinnuleysis og skattalækkana.

Breytingar á íbúðalánamarkaði á síðasta ári sem fólust í rýmkun veðheimilda og lækkun vaxta, hafa stór aukið aðgengi almennings að fjármagni. Heimilin hafa aukið lántökur sínar nokkuð í kjölfarið. Árið 2004 jukust skuldir heimilanna um tæp 14% og voru komnar í 878 milljarða í lok síðasta árs. Þetta nemur um 192% af ráðstöfunartekjum heimilanna. Á þessu ári hefur lítið dregið úr skuldaaukningu heimilanna og stefnir allt í að þær verði komnar yfir 1000 milljarða í lok þessa árs.

## Fjárfestingar

Fjárfestingar voru miklar á síðasta ári vegna stóriðjuframkvæmda og tengdra orkuvera, en einnig vegna mikilla fjárfestinga í íbúðahúsnæði. Í heildina jukust fjárfestingar um 21% og munaði þar mest um aukningu í atvinnuvegafjárfestingu, en hún jókst um 23%. Samkvæmt upplýsingum frá byggingarfulltrúum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, var 60% aukning í nýbyggingum á síðasta ári og má búast við að aukningin verði 25% á þessu ári. Horfur eru á

að aukningin verði svipuð á þessu ári, en síðan fari heldur að draga úr þeim á næsta ári, þegar fer að draga úr fjárfestingum vegna stóriðju.

Miklar fjárfestingar í íbúðahúsnæði stafa af umtalsverðum breytingum á íbúðalánamarkaði sumarið 2004. Var breytingunum og áhrifum þeirra gerð ít-  
arleg skil í Haustskýrslu Hagdeildar haustið 2004 og eins í Vorskýrslunni í maí 2005. Í báðum skýrslunum var varað við því að breytingarnar myndu leiða til aukinnar einkaneyslu og þar með óstöðuleika í efnahagskerfinu og auka enn frekar á verðbólguþrýsting. Þetta hefur gengið eftir. Mikil þensla hefur verið á íbúðamarkaði og íbúðaverð hækkaði gífurlega á síðustu 12 mánuðum eða um 40,4%. Vísbendingar eru um að heldur sé að hægja á markaðnum.

## Samneysla

Ílla hefur gengið að halda aftur af samneysluútgjöldum hins opinbera. Í fyrra jukust þau um 2,8%, og allt stefnir í 3,5% aukningu á þessu ári. Er þetta meiri aukning en Hagdeildin hafði gert ráð fyrir í sínum hagspám og einnig meira en gert var ráð fyrir í Fjárlagafrumvarpinu 2005. Þrátt fyrir það eru horfur á að ríkissjóður verði rekinn með verulegum afgangi.

## Utanríkisviðskipti

Vaxandi ójafnvægi er í utanríkisviðskiptum og innflutningur er langt umfram útflutning. Í árslok 2004 var viðskiptahallinn kominn í 75 milljarða, eða sem nemur 9% af landsframleiðslu. Hafði hann aukist um 35 milljarða frá því í árslok 2003. Ekkert lát er á aukningu viðskiptahallans og á 1. ársfjórðungi þessa árs var hann kominn í 14% af landsframleiðslu. Viðskiptahallinn hefur ekki mælst jafn mikill eftir stríð. Þetta er mjög hátt hlutfall í alþjóðlegum samanburði og sýnir mikla skuldasöfnun þjóðarbúsins við útlönd.

Aukinn viðskiptahalla má að nokkru leyti rekja til stóriðjuframkvæmdanna sem eru taldar skýra um 40% af hallanum. Hins vegar má rekja hann í auknum mæli til innflutnings á neyslsvörum og ekki síður til fjárfestinga útlendinga hér á landi. Allt stefnir í að viðskiptahallinn verði ríflega 11% af landsframleiðslu á þessu ári og 10% á því næsta.

Ytra ójafnvægi þjóðarbúsins mun að hluta til leiðréttast af sjálfu sér þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur. Að auki mun veiking krónunnar draga úr innflutningi á neyslsvörum og styrkja útflutning að nýju. Reiknað er með því að stóriðjuframkvæmdir nái hámarki á þessu og næsta ári og því má gera ráð fyrir að það dragi úr innflutningi í tengslum við þær. Áfram er gert ráð fyrir kröftugum vexti innflutnings á neyslsvörum. Hagdeildin gerir ráð fyrir því að innflutningur vaxi um tæp 19% á þessu ári en um 2,8% á næsta ári. Útflutningur jókst nokkuð meira á síðasta ári en reiknað hafði verið með, eða um 8,3%. Á

fyrri hluta þessa árs jókst útflutningur hins vegar aðeins um 4,7%. Minni aukningu má að nokkru leyti rekja til minni sjárvarafla og verulegrar styrkingar kónunnar.

## Verðlag, vextir og gengi

Þegar gengið var til kjarasamninga á vormánuðum 2004 var miðað við að verðbólga yrði sem næst 2,5% á samningstímanum. Strax á öðrum ársfjórðungi 2004 fór að gæta aukinnar verðbólgu, m.a. vegna hækkandi heimsmarkaðsverðs á olíu, en ekki síður vegna mikilla hækkana á íbúðarhúsnæði, í kjölfar breytinga á íbúðalánamarkaði. Styrking krónunnar og verðstríð á dagvörumarkaði hafa á móti heldur haldið aftur af verðbólgunni, sem hefur ítrekað farið upp fyrir efri vikmörk (4%) verðbólguþröngun Seðlabankans á þessu ári.

**Þróun gengisvísitölu íslenskrar krónu  
1. jan. 2004 - 26. sept. 2005**



Þegar verðbólgan fór í fyrsta skiptið upp fyrir efri vikmörk, sendi miðstjórn ASÍ frá sér ályktun, þar sem hún lýsti áhyggjum sínum af þróun verðlagsmála og varaði við því að ef áfram færi sem horfði, yrði mikill þrýstingur á forsendur kjarasamninga í haust. (Sjá nánar kaflann af vettvangi miðstjórnar).

Þegar verðbólga fór upp fyrir efri vikmörk í upphafi árs þá dreif mikil hækkun á íbúðaverði verðbólgunna. Hækkun neysluverðsvísitölnunnar nú í september er af nokkuð öðrum toga og stafar af umtalsverðum hækkunum á almennum vöruverði. Veldur þetta nokkrum áhyggjum og bendir til þess að eftirspurnarþrýstingur sé að aukast.

Til að sporna við verðbólgunni hefur Seðlabankinn hækkað stýrivexti 9 sinnum frá því í maí á síðasta ári og eru þeir nú í 9,5%. Almennt er búist við

að bankinn hækki stýrivexti sína enn frekar og að þeir fari í 10% - 10,25%. Hefur vaxtamunur við útlönd aukist jafnt og þétt og er nú um 6,5%. Þessi mikli vaxtamunur við útlönd styður við sterkt gengi krónunnar. Gengisvísitala krónunnar hefur styrkst um rúm 14,5% frá því í nóvember 2004. Sú skoðun er almenn, að krónan sé of hátt metin og allar líkur eru taldar á snarpri veikingu hennar innan tveggja ára.

Mikil styrking krónunnar hefur haft áhrif á afkomu samkeppnis- og útflutningsfyrirtækja, eins og uppsagnir og lokanir á Vestfjörðum á þessu ári bera með sér. Ljóst er að ef krónan heldur áfram að vera svona sterk, verður grundvelli kippt undan rekstri margra fyrirtækja og þau annað hvort flytjast úr landi eða hætta alveg rekstri. Hvort heldur sem er, verður íslenskt atvinnulíf veikara og fábreyttara.

### **Erlend umgjörð**

Aðstaður í helstu viðskiptalöndum okkar hafa verið íslensku hagkerfi hagstaðar. Vextir erlendis hafa ekki verið jafnlágir í 100 ár og ekki eru horfur á að þeir hækki mikið í bráð. Verð á sjávarafurðum í erlendri mynt hefur verið hátt og hefur farið hækkandi. Það hækkaði um 8,3% í júlí, frá sama tíma í fyrra. Álverð hefur einnig verið hátt og stóð í ágúst í 1.878 \$/tonn og hefur hækkað um tæp 11% frá því í ágúst í fyrra. Sterk króna hefur hinsvegar dregið úr hækkunum í íslenskum krónum. Viðskiptakjör rýrnuðu heldur á síðasta ári eða um rúm 2% og horfur eru á að svo verði áfram á þessu ári, vegna mikillar styrkingar krónunnar á árinu.

Olíuverð hækkaði mikið á síðasta ári. Í ágúst sl. hafði það hækkað um 52,6% frá sama tíma í fyrra. Veruleg óvissa ríkir um verðþróun á olíu.

### **Launaþróun**

Það hefur reynst erfitt að leggja nákvæmt mat á launaþróun fyrir síðasta ár, þar sem ekki eru til nýrri gögn hjá Hagstofunni (KRN) en frá síðasta ársfjórðungi 2004. Eini mælikvarðinn er launavísitala Hagstofunnar, en hún lýsir launabreytingum á öllum vinnumarkaðnum. Samkvæmt henni hækkuðu laun frá ágúst í fyrra til ágúst á þessu ári um 6,7%. Þessar hækkanir skýrast að mestum hluta af upphafshækkunum kjarasamninga hjá opinberum starfsmönnum. Verðbólga á tímabilinu var um 3,5% og samkvæmt því er kaupmáttur launa að aukast mikið. Vísbendingar eru þó um að launaskrið á almennum markaði sé lítið og að stórir hópar launafólks hafi aðeins fengið sammingsbundnar hækkanir, upp á 3% 1. janúar sl. Kaupmáttur launa þessa hóps hefur því verið að minnka.


### **Vinnumarkaður**

Staðan á vinnumarkaði hefur batnað verulega frá því í fyrra. Þrátt fyrir það



voru 2.850 manns á atvinnuleysisrá í ágúst sl. en hafði fækkað verulega frá því árið áður, en þá voru 4.450 á atvinnuleysisrá. Atvinnuleysi hefur því minnkað mikið frá því á síðasta ári og hefur ekki mælst jafn lítið síðan í mars 2002. Hlutfall atvinnulausra af heildarfjölda þeirra sem eru á vinnumarkaði var 1,8% í ágúst 2005. Þegar búið er að taka tillit til árstíðabundinna sveiflna þá hefur atvinnuleysi verið á bilinu 2,1 – 2,5%, en hefur heldur verið að aukast á ný. Heldur hefur dregið úr atvinnuleysi ungmenna. Að sama skapi hefur hlutdeild elsta aldurshópsins, 60 ára og eldri, aukist. Hlutdeild langtímaatvinnulausra, þ.e. þeirra sem hafa verið án vinnu í 6 mánuði eða lengur, hefur aðeins minnkað frá sama tíma í fyrra. Hlutfallið hefur sveiflast nokkuð á milli mánaða og fór mest í 36% í mars á þessu ári en það var komið niður í 29% í ágúst sl. Hátt hlutfall langtímaatvinnulausra vekur nokkrar áhyggjur.

Lausum störfum hefur fjölgað verulega frá því í fyrra. Flest eru þau á Austurlandi eða um 35% en 25% eru á höfuðborgarsvæðinu.



## Hagstjórn á villigötum

ASÍ, Seðlabankinn, OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóður hafa gagnrýnt ríkið og sveitarfélög fyrir skort á aðhaldi í fjármálum hins opinbera og varað við þeirri þróun sem nú virðist eiga sér stað. Seðlabankinn hefur borið hitann og þungann af efnahagstjórninni.

Þeir aðilar sem fara með stjórn efnahagsmála þ.e. Seðlabankinn og ríkisstjórnin hafa verið ósamstíga í efnahagsaðgerðum.

Ítrekað hefur verið kallað eftir auknu aðhaldi í ríkisfjármálum og þrátt

fyrir að stefni í að ríkissjóður verði rekinn með myndarlegum afgangi á þessu ári – bendir ýmislegt til þess að það sé ekki nóg. Tekjur ríkissjóðs aukast sjálfkrafa í góðu árferði eins og nú, vegna aukinna veltu- og tekjuskatta. Hlutfall afgangansins af vergri landsframleiðslu er betri mælikvarði. Í fjárlögum í ár er afgangurinn áætlaður 1,6% af vergri landsframleiðslu og 1,3% á næsta ári. Á síðasta þensluskeiði árin 1999 – 2000 var hann 2,6% og dugði það ekki til þess að koma í veg fyrir að við misstum fótanna. Hagdeildin hefur varað við þessari þróun bæði í Vor- og Haustskýrslu sinni.

### **Mikill uppgangur - en blikur á lofti**

Horfur í efnahagsmálum nú á haustmánuðum 2005 eru um margt sérkennilegar og einkennast af mikilli óvissu um framvindu. Mikill hagvöxtur hefur verið síðustu tvö ár sem drifinn er áfram af mikilli einkaneyslu og fjárfestingum. Staðan á vinnumarkaði hefur einnig batnað verulega frá síðasta ári og hefur atvinnuleysi ekki mælst jafn lítið síðan í mars 2002.

En ýmsar blikur eru á lofti og hagkerfið er farið að sýna ýmis merki ofhitunar og vaxandi ójafnvægis. Verðbólga hefur aukist að undanfögnu, þrátt fyrir ítrekaðar stýrivaxtahækkanir Seðlabankans og viðskiptahallinn hefur ekki mælst meiri eftir stríðslok. Krónan hefur verið afar sterk að undanfögnu og er það samdóma álit hagfræðinga að hún sé komin út fyrir langtímajafnvægi og sé of hátt metin. Það er því fyrirsjáanlegt að íslenskt efnahagslíf mun ganga í gegnum aðlögun að nýju jafnvægi fyrir eða síðar og það muni gerast í formi snarprar gengislækkunar og verðbólguþröskots í kjölfarið.

### **Verðlagseftirlit ASÍ**

Hlutverk verðlagseftirlits Alþýðusambandsins er að veita virkt aðhald í verðlagsmálum, en það er mikilvægur þáttur í að verja kaupmátt og velferð launafólks.

Í ljósi þess hversu stór hluti af ráðstöfunartekjum flestra heimila fer til matarinnkaupa, hefur verðlagseftirlitið lagt sérstaka áherslu á það á starfsárinu að fylgjast með matvöruverði. Í upphafi árs 2005 var gerður samningur við fyrirtækið Handtölvur ehf. um leigu á handtölvubúnaði til verðkannana, með það fyrir augum að stækka og auka gæði kannana. Á tímabilinu frá áramótum og fram í ágúst 2005 voru framkvæmdar fimm stórar verðkannanir í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem verð á allt að 250 vörutegundum hefur verið kannað í hvert sinn. Einnig var gerð ein stór könnun á matvöruverði, sem fram fór samtímis í 65 verslunum á öllu landinu og var unnin í samstarfi við fjölmörg aðildarfélög ASÍ um land allt. Tókst sú framkvæmd mjög vel. Almenn nýttast kannanir sem unnar eru á höfuðborgarsvæðinu öllu landinu, í þeim tilvikum þar sem kannað er verð í svokölluðum keðjuverslunum,

sem nú eru útbreiddar víða um land og gefa sig út fyrir að hafa sömu verðstefnu um allt land. Þrátt fyrir þetta er afar mikilvægt að kanna einnig stöðu mála á hverju landssvæði fyrir sig, bæði til að sannreyna þessa stefnu og gefa heildræna mynd í hverju byggðarlagi fyrir sig til samanburðar við önnur svæði.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að koma upplýsingum úr matvörukönnunum fyrir sjónir almennings, bæði á heimasíðu ASÍ og í fjölmiðlum. Niðurstöður hvernar könnunar hafa verið birtar í nokkrum bítum og unnið með framsetningu niðurstaðna á ýmsa vegu. Þau nýmæli voru tekin upp að birta, auk hefðbundins samanburðar á einstökum vöruliðum, samanburð milli verslana á verði vörukörfu með helstu neysluvörum. Auk þess hefur reglulega verið gerður samanburður á verði milli kannana hjá einstökum verslunum. Þetta hefur skilað góðum árangri í umfjöllun fjölmiðla, sem gert hafa niðurstöðum kannana góð skil.

Verðlagseftirlitið hefur frá sl. áramótum einnig gert ýmsar minni kannanir á verði margvíslegrar vöru og þjónustu sem hér verður stuttlega greint frá.

- Framhaldsskólanemar þurfa á hverju skólaári að leggja í mikinn kostnað vegna námsbóka og er mikilvægt að fylgst sé vel með verðlagi á þeim markaði. Verð á nýjum náms- og orðabókum fyrir framhaldsskólanema var kannað bæði í janúar og ágúst 2005.
- Verðlagning á internetþjónustu fyrir heimili er flókin og oft erfitt fyrir neytendur að gera beinan verðsamanburð á milli aðila. Verðkönnun á ADSL þjónustu fyrir heimili var gerð í febrúar 2005 þar sem kostnaður var flokkaður niður, annars vegar eftir hraða á tengingu og hins vegar eftir því gagnamagni sem viðskiptavinurinn þarfnast á mánuði. Auk þess voru gefnar almennar upplýsingar til neytenda um hvað ber að hafa í huga þegar tekin er ákvörðun um hvers konar þjónustupakka skuli kaupa og hvað beri að varast.
- Verðkönnun á þjónustu í efnalaugum var gerð í mars 2005.
- Neytendur greiða oft háar upphæðir í ýmis seðil- og greiðslugjöld mánaðarlega. Tekið var saman yfirlit yfir gjöld sem innheimt eru af greiðendum greiðslu- og gíróseðla hjá ýmsum aðilum og bent á leiðir fyrir neytendur til að spara á þessu sviði.
- Mikil samþjöppun hefur orðið í lyfsölu hér á landi á síðustu árum og verðkannanir á þeim markaði því afar mikilvægar. Gerð var könnun á lyfseðilsskyldum lyfjum í samstafi við Landlæknisembættið í apótekum í apríl 2005. Einnig var í fyrsta sinn gerð könnun á verði lausasölulyfja sem seld eru án lyfseðils. Líkt og í fyrri könnunum á lyfjaverði var mikill verðmunur milli lyfjabúða, bæði á lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum.
- Foreldrar barna á yngsta stigi og miðstigi grunnskólans þurfa flestir að

finna börnum sínum samastað í nokkrar vikur á sumri. Sumarnámskeið fyrir börn á vegum sveitar- og íþróttafélaga gegna mikilvægu hlutverki hjá mörgum barnafjölskyldum í að brúa þetta bil. Könnun á námskeiðsgjöldum á sumarnámskeiðum fyrir börn var gerð í júní 2005 og voru gjöld ársins 2004 einnig könnuð til samanburðar.

- Kannað var gjald fyrir gistingu á 57 tjaldsæðum hringinn í kringum landið í júní 2005.
- Sala á lífrænum matvörum hefur aukist undanfarin ár þó framboð hér á landi sé enn mun minna en í nágrannalöndum okkar. Gerð var könnun á verði lífrænnar matvöru í mat- og heilsuvörubúðum í júní 2005 og verð lífrænnar matvöru borið saman við hefðbundin matvæli. Fram kom að mun dýrara er fyrir neytendur að kaupa ýmsar algengar neysluvörur með lífrænni vottun en hefðbundnar.
- Í ágúst 2005 var gerð könnun á kostnaði af fartölvulánum sem námsmönnum allt niður í 18 ára aldur bjóðast nú víða hjá bönkum og tryggingarfélagum. Samhliða því var einnig gerð könnun á kostnaði vegna fartölvu-trygginga hjá tryggingarfélagunum, þar sem námsmaður fór til allra tryggingarfélaganna og fékk tilboð í tryggingu skv. fyrirframgefnum forsendum. Fram kom allnokkur munur milli félaganna .

Auk hefðbundinna verðkannana hefur verðlagseftirlitið einnig gert úttektir varðandi ýmis verðlagsmál og verður hér greint frá þeim helstu og niðurstöðum þeirra.

- Hækkanir á opinberri þjónustu voru ásamt hækkandi fasteignaverði megin orsök þess að verðbólga á fyrri hluta árs 2005 var mun meiri en gengið var út frá við gerð kjarasamninga. Í kjölfar boðunar á miklum hækkunum á ýmsum þjónustugjöldum hjá hinu opinbera sl. áramót, var gerð ítarleg úttekt á hækkunum á gjaldsskrám hjá ríki og sveitarfélögum, sem lögð var fram í miðstjórn ASÍ í janúarbyrjun 2005. (Helstu hækkanir hjá ríkinu voru á komugjöldum heilbrigðisstofnana, skráningargjaldi í Háskóla, bifreiða- og áfengisgjaldi, auk 200 milljóna kr. hækkunar á ýmsum aukatekjum. Hjá stóru sveitarfélögum hækkaði útsvar í leyfilegt hámark í Reykjavík og Kópavogi, sorphreinsunargjald hækkaði víða og öll stærstu sveitarfélögin hækkuðu gjöld vegna leikskóla og skóladagvistunar. Þá hækkaði raforkuverð hjá öllum orkuveitum.
- Í upphafi árs var lögð fram greinagerð um breytingar á kostnaði vegna raforkunotkunar heimila í kjölfar breytinga á raforkulögum sem tóku gildi 1. janúar 2005. Greind var hækkun hjá mismunandi notendum hjá öllum orkuveitum landsins og hvernig kerfisbreytingar í gjaldtöku komu niður á

mismunandi hópum. Niðurstaðan var sú að umtalsverð hækkun varð á raforkukostnaði hjá flestum notendum á öllum stöðum á landinu en mest hækkun var hjá notendum í dreifbýli á svæði Orkuveitu Vestfjarða. Almennt hækkaði raforkukostnaður mest hjá þeim sem nota lítið rafmagn, vegna þeirrar leiðar orkufyrtækjanna að fella nú stærra hluta kostnaðar inn í fasta gjaldið sem innheimt er óháð notkun. Áfram verður lögð áhersla á að upplýsa neytendur um raforkukostnað vegna þeirra breytinga sem væntalegar eru í upphafi árs 2006 þegar notendur geta sjálfir valið þann orkusala sem þeir skipta við.

- Greinargerð um breytingar á verðlagi innfluttra vara og gengisþróun á árunum 2000-2004 var sett fram í janúar 2005. Gerð var grein fyrir þróun á helstu flokkum innfluttra vara og þróun á gengi krónunnar á tímabilinu. Helstu niðurstöður voru þær að þegar krónan veiktist í upphafi tímabilsins leiddi það til verðhækkana á innfluttum vörum sem voru svo til í takt við gengisþróun. Hins vegar var ekki unnt að greina að þessi hækkun hefði í öllum tilvikum gengið til baka eftir að krónan tók að styrkjast á ný á árinu 2002 og raunar höfðu vísitölur ákveðinna flokka innfluttra vara ss. varanlegra neysluvara á borð við bíla og húsbúnað hækkað stöðugt frá árinu 2000, út allt tímabilið.
- Í ágúst 2005 var gerð sambærileg greinargerð þar sem skoðað var hvort breyting hefði átt sér stað frá því í upphafi árs og sterk króna skilað sér betur inn í verðlag til neytenda. Niðurstöður voru mjög svipaðar og þær sem fram komu í greinargerðinni í janúar.
- Nokkur umræða var í samfélaginu um gjaldtöku vegna leikskólavistunar í kjölfar kynningar borgarstjórans í Reykjavík á áætlun borgaryfirvalda um að gera leikskólavist í Reykjavík gjaldfrjálsa í áföngum, fram til ársins 2008. Kostnaður barnafjölskyldna, bæði vegna leikskóla, en einnig vegna skóladagvistunar og hádegisverðar í grunnskólum, er umtalsverður. Verðlagseftirlitið gerði ítarlega úttekt á þessum kostnaði barnafólks í apríl 2005, í 13 stærstu sveitarfélögum á landinu. Sett voru fram dæmi af mismunandi fjölskyldugerðum og heildarkostnaður þeirra vegna þessara gjalda skoðaður. Helstu niðurstöður voru þær að algengt er að hjón með eitt barn á leikskólaaldri og eitt í yngri bekkjum grunnskólans, greiði á milli kr. 35.000 og 40.000 á mánuði og einstæðir foreldrar milli kr. 25.000 og 30.000. Hjón með tvö leikskólabörn greiða að jafnaði kr. 45.000-50.000 á mánuði og einstæðir foreldrar kr. 30.000-35.000. Talsverður mismunur kom einnig í ljós á milli sveitarfélaga og munaði þar allt að þriðjungur á heildarkostnaði fjölskyldna. ASÍ hefur í velferðarstefnu sinni lagt áherslu á að draga úr gjaldtöku vegna leikskóla, skóladagvistunar og skólamáltíða,

til að koma í veg fyrir aðstöðumun barna vegna tekna foreldra. Ljóst er að þessi kostnaður vegur afar þungt hjá tekjulágu barnafólki og því áfram brýnt að fylgjast með þróun í gjaldröku á þessu sviði hjá hinu opinbera.



*Kjör launafólks eru alltaf til umfjöllunar á vettvangi Alþýðusambandsins. Vegna þróunarinnar í efnahagsmálunum eru verðlagsforsendur kjarasamninga brostnar og kjaramálin því í forgrunni um þessar mundir.*

## Kjaramál og kjarasamningar

Í þessum kafla verður fjallað um þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið frá hausti 2004. Ekki eru tók á að rekja nákvæmlega alla þá samninga sem gerðir voru, né heldur að gera nákvæma grein fyrir efni einstakra samninga. Hér verður því fyrst og fremst fjallað um þau atriði samninganna sem voru frábrugðin samningunum sem landsamböndin gerðu við SA eða aðildarfélög SA á fyrri hluta árs 2004.

### Samningar sjómanna

Þann 30. október 2004 var undirritaður samningur milli Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands annars vegar og Landsambands íslenskra útvegsmanna hins vegar, vegna sjómanna á fiskiskipum. Samningurinn gildir frá undirskrift til 31. maí 2008.

Launakerfi sjómanna á fiskiskipum er ólíkt því sem gerist í öðrum starfsgreinum. Sjómenn eru á hlutaskiptum, en er þó tryggt lágmarksskaup á mánuði eða kauptrygging.

Helstu atriði sem samið var um í kjarasamningnum eru:

- Kauptrygging og aðrir launaliðir (aðrir en fæðispeningar):

Frá 30. október 2004	4,25%
Þann 1. janúar 2005	3,00%
Þann 1. janúar 2006	3,50%
Þann 1. janúar 2007	2,25%
Þann 1. janúar 2008	3,50%

- Heildarhækkun kauptryggingar og kaupliða á samningstímanum er því 17,6%. Samningstíminn er hins vegar lengri en almennt var samið um og af þeim sökum kemur aukahækkun þann 1. janúar 2008. Vægi kauptryggingar og annarra kaupliða í launakostnaði útgerðar er hins vegar lítið þar sem laun sjómanna byggjast að stærstum hluta á aflahlut. Áætlað er að launakostnaður aukist um 1% - 2% á samningstímanum vegna þessa, að öðru óbreyttu.
- Samið var um hækkun mótfamlags útgerðar í lífeyrissjóð í 7% þann 1. janúar 2005 og í 8% þann 1. janúar 2007. Jafnframt var samið um mótfamlag útgerðar í séreignarsjóð af öllum launum, en fram til þessa hafði útgerðin aðeins greitt mótfamlag í lífeyrissjóð af kauptryggingu. Eftir þessar breytingar eru lífeyrismál sjómanna með sambærilegum hætti og hjá öðrum á almenna vinnumarkaðnum. Einnig var samið um starfsaldurstengt orlof, aukinn uppsagnarfrest og önnur réttindamál. Áætlað er að launakostnaður aukist um 3,6% vegna þessa, að öðru óbreyttu.
- Á móti kostnaðarauka útgerðar vegna lífeyrismála og annarra réttindamála var gerð veruleg breyting á hlutaskiptakerfinu er varðar fækkun í áhöfn og fjölda í áhöfn. Aflahlutir voru að jafnaði lækkaðir um 3%, ýmist beint eða með breytingum á mönnunarákvæðum samningsins, auk þess sem launakostnaður útgerðar lækkar við fækkun í áhöfn. Einnig var samið um lækkun aflahluta um 10% í allt að 7 ár á nýjum skipum. Framangreindar aðgerðir vega upp þann kostnaðarauka sem útgerðin hefði annars orðið fyrir vegna lífeyris- og réttindamála sem samið var um. Áætlað er að framan- greindar breytingar spari útgerðinni 3,6% í launakostnaði, að öðru óbreyttu.

Áætlað er að heildaráhrif samningsins sé um 1% - 2% hækkun launakostnaðar á samningstímanum.

## Samningar rafiðnaðarmanna

Hér verður gerð grein fyrir helstu þeim samningum sem RSÍ hefur gert við einstök fyrirtæki.

*Kjarasamningur RSÍ og RARIK var undirritaður 8. apríl 2005. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2005 til 30. nóvember 2008. Almennar launabreytingar*



ar eru þær sömu og samið var um í öðrum samningum, auk þess sem 1. janúar 2005 verður varið 2,7% til þess að laga innröðun í launatöflu. Að auki er launatöflu lyft um 4%. Þetta samsvarar 6,8% upphafs-launahækkun að jafnaði.

Heildarlaunakostnaðarauki RARIK vegna samningsins er liðlega 20%. Samningurinn var felldur og náðist þá samkomulag um að auka við upphafshækkun launatöflu og flýta fyrirhugaðri endurskoðun á innröðun.

*Samningur RSÍ við Orkuvirki* vegna framkvæmda við stækkun Norðuráls var undirritaður 1. apríl. Lágmarkslaun rafiðnaðarmanna verða 18. taxti og lágmarkslaun reyndra rafiðnaðarmanna verður 28. taxti.

*Nýr samningur RSÍ vegna sýningarstjóra* var undirritaður 24. febrúar 2005. RSÍ hefur í gegnum árin verið með mismunandi kjarasamninga við kvikmyndahúsaeigendur, en nú náðist samkomulag um að sameina þessa kjarasamninga í einn samning, sem nær til allra kvikmyndahúsanna. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2008. Upphafshækkun er að lágmarki 6,25% og síðan sömu hækkunir og í öðrum samningum. Lágmarkslaun hækka um 37,3% á samningstímanum. Að auki var vaktalag hækkað í 55% föstudaga - sunnudaga, samræmdar tímaskriftir og síðan var samið um 30.000 kr. eingreiðslu vegna tafa á gerð samnings. Lífeyrisframlög atvinnurekenda hækka líkt og í öðrum samningum í 8% á samningstímanum.

*Samningur RSÍ við Landsvirkjun* var undirritaður 14. mars 2005. Almennar launahækkunir samningsins eru þær sömu og í öðrum samningum, auk þess sem launatöflu er lyft um 6%. Neðstu launaflokkar eldri launatöflu voru felldir brott og nýjum flokkum bætt ofan á töfluna, samhliða því að starfsheimum var breytt.

Inn í samninginn kom nýtt ákvæði um breytingar á vinnufyrirkomulagi. Greiðsla fyrir bakvaktir var hækkuð í 33,33 %, hæðaralag hækkaði í 20% og samið var um 35% straumalag. Uppsagnartími 60 ára og eldri starfsmanna lengdist úr 3 mánuðum í 6 mánuði. Tímakaup í yfirvinnu fer í 1,0385% af mánaðarlaunum í stað 1%. Slysatryggingum er breytt þannig að þær ná til alls sólarhringsins. Mótframlag í lífeyrissjóð hækkar úr 6% í 8% frá 1. janúar 2005 og í 9% frá 1. janúar 2006 og í 11,5% frá 1. janúar 2007. Þeim hluta mótframlags sem er umfram 7% frá 1. 1. 2005 og svo umfram 8% frá 1. 1. 2007 getur starfsmaður ráðstafað í auknar séreignagreiðslur. Heildarlaunakostnaðarauki vegna þessa samnings er 21,58%.

Að auki gerði RSÍ sérstakan samning við Landsvirkjun um stjórnstöð, í samstarfi við Vélstjórafélagið. Samningurinn er í einu og öllu eins og samningur RSÍ við Landsvirkjun að því undanskildu að í honum eru sérstök vaktalag ákvæði og eins ákvæði um flýtt starfslok.

*Fyrsti kjarasamningur RSÍ við Landsnet* var undirritaður 18. febrúar.

Samningurinn er í nánast öllum atriðum eins og samningur RSÍ við Landsvirkjun. Samningstími er til 30. nóvember 2008.

*Samningur RSÍ við ÍÚ og Hvítar myndir* var undirritaður 4. febrúar. Samningurinn er tvískiptur. Annarsvegar samningur milli ÍÚ/H.M., sem gildir frá 1. nóvember 2004 og hækka laun um 3,25% ásamt því að þeir starfsmenn sem eru í starfi við undirskrift samningsins fá 4.000 kr. hækkun á grunnlaunataxta sína. Síðan er samningur milli SA,ÍÚ/H.M. og RSÍ sem gildir frá 1. jan. 2005 með 3,25% í byrjunarhækkun og síðan 3% 2006, 2,5% 2007 og 2,25% 2008. Inn kemur grein um þjónustu utan bakvakta. Iðgjald atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkar í 8% á samningstímanum. Yfirvinna fer úr 1% í 1,0385%.

*Samningur RSÍ og Símans* var undirritaður 4. febrúar 2005. Samningurinn gildir til 30. nóvember 2008. Auk almennra launahækkana var gerð breyting hjá þeim sem eru á taxtalaunum, þannig að þeim var tryggt a.m.k. 6,25% upphafshækkun. Desemberuppþót hækkar sérstaklega og verður í lok samningstímans 50.000 kr. Í samninginn kom nýtt ákvæði um að starfsmaður eigi árlega rétt á viðtali um endurskoðun launa. Að auki var samið um lengingu uppsagnarfrests í 4 mánuði eftir 20 ára starf.

*Samningur RSÍ/FÍS við Símann* var undirritaður 4. febrúar 2005. Fylgt er þeirri stefnu sem mörkuð var í almennum samningum á síðasta ári, um að hækka lágmarkstaxta sérstaklega. Við þetta fengu þeir hópar sem voru á lægstu launaflokkum sérstaka hækkun. Að öðru leyti eru launahækkanir svipaðar og í öðrum samningum. Samningstími er til 30. nóv. 2008.

*Reykjavíkurborg og Vélamiðstöðin.* Þann 25. janúar 2005 voru undirritaðir kjarasamningar við Reykjavíkurborg og Vélamiðstöðina. Verulegar breytingar voru gerðar á samningnum og er hann nú eins og ríkissamningur RSÍ, með samskonar ákvæðum og BSRB samningar. Endurröðun í launaflokka og lágmarkstaxtar eru svipaðir og í öðrum samningum RSÍ. Samið var um samskonar lífeyrisréttindi og ríkisstarfsmenn hafa.

*Samningar við Sementsverksmiðjuna og Steinullarverksmiðjuna.* Þann 11. febrúar 2005 var undirritaður kjarasamningur við Sementsverksmiðjuna og við Steinullarverksmiðjuna þann 14. apríl 2005. Samningstími beggja samninga er til 30. nóvember 2008. Launakostnaðarauki var svipaður og í öðrum fastlaunasamningum. Mótframlag til lífeyrissjóðs hækkar í 8% á samningstímanum.

*Samningur við Norðurorku.* Undirritaðir voru kjarasamningar við Norðurorku þann 26. maí 2005. Samningurinn er í öllum meginatriðum eins og RARIK samningurinn.

*Samningur RSÍ við Hitaveitu Suðurnesja.* Í maílok var gerður fyrsti kjarasamningur RSÍ við Hitaveitu Suðurnesja. Þessi samningur kemur í stað Selfossveitusamnings RSÍ, en Hitaveitan hefur keypt Selfossveitur og Bæjarveit-

urnar í Vestmannaeyjum. Samningurinn er í öllum meginatriðum eins og RARIK samningurinn.

*Kjarasamningur RSÍ við Ratsjárstofnun.* Um miðjan maí var undirritaður nýr kjarasamningur RSÍ við Ratsjárstofnun. Launakostnaðarauki er svipaður og í öðrum fastlaunasamningum sem RSÍ hefur gert. Einnig er í samningnum tekið á þeim atriðum sem breytast vegna þeirrar hagræðingar sem verið er að gera á rekstri stofnunarinnar. Samið var um töluvert lengri starfslok eldri starfsmanna eða 6 mánaða uppsagnarfrest. Auk þess féllst stofnunin á að greiða umtalsverðar upphæðir í fagtengt nám starfsmanna til þess að gera þeim kleift að leita sér annarra starfa. Einnig var staðaruppbót jöfnuð, sem þýddi hækkun á sumum stöðvunum.

## **Samningar Starfsgreinasambandsins og Eflingar stéttarfélags**

Starfsgreinasambandið og Efling stéttarfélag skrifuðu undir efnislega samhljóða samninga við Launanefnd sveitarfélaga þann 29. maí 2005. Gildistími samningsins er 1. maí 2005 - 30. nóvember 2008. Helstu atriði samningsins eru:

- Laun hækka:

1. maí 2005	4,25%
1. janúar 2006	3,00%
1. janúar 2007	3,00%
1. janúar 2008	3,00%
- Auk þess hækkuðu byrjunarlaun sérstaklega, þar sem tvö lægstu launaþrepin voru felld út. Að meðaltali var hækkun vegna launatöflubreytinga um 0,7%. Auk þess hækka laun í júní 2006 að meðaltali um ríflega 2% vegna breytinga á tengingu starfsmats í launatöflu.
- Framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð fór í 11,5% og framlag starfsmanna lækkaði úr 5% í 4%.
- Þá greiðir launagreiðandi 2% í séreignarsjóð á móti 2% framlagi launamanns.
- Framlag launagreiðanda í fræðslusjóð rúmlega tvöfaldast og verður komið í 0,72% 1. janúar 2007.
- Hæfnislaunaflokkar vegna símenntunar falla niður en í staðinn kemur inn svokallað persónuálag sem leggst við launaflokk og þrep viðkomandi einstaklings og myndar þannig nýjan grunn sem afleiddar launatölur taka mið af. Persónuálag vegna símenntunar miðast við starfsaldur hjá sveitarfélögum, þannig að eftir 1 ár fær viðkomandi 2%, eftir 5 ár 4% og eftir 9 ár 6%. Þeir starfsmenn sem voru í starfi héldu þeirri álagsprósentu sem þeir höfðu áunnið sér miðað við símenntunarkafla úr fyrri kjarasamningi.

## **Samningar verslunarmanna**

VR og Árvakur undirrituðu kjarasamning þann 6. september 2005, vegna útburðarfólks, er snýr að fjöldreifanlegum pósti.

## **Samningar Samiðnar**

Samiðn og Reykjavíkurborg undirrituðu kjarasamning 29. desember 2004 vegna borgarinnar og fyrirtækja tengdra henni. Helstu atriði samningsins eru, að tekin voru upp sambærileg réttindaákvæði og eru í samningum opinberra starfsmanna varðandi félagsleg réttindi s.s. veikindi og lífeyrisjóð. Jafnframt var samið um aðkomu að starfsmatskerfi borgarinnar, sem ætti að geta gefið nokkra flokkahækkun. Flokkahækkunin mun þó væntanlega vera mjög breytileg eftir einstaklingum og hópum. Almennar launabreytingar voru hliðstæðar og hjá öðrum hópum.

*Samiðn og Landsvirkjun undirrituðu kjarasamning 20. apríl 2004. Samningurinn sem er fyrir fasta starfsmenn í virkjunum tekur til mjög fárra starfsmanna. Samningurinn er hliðstæður öðrum sambærilegum samningum.*

## **Samningar Matvís**

*Matvís undirritaði kjarasamning við Launanevnd sveitarfélaga 3. mars 2005. Helstu atriði kjarasamningsins eru að kjara- og réttindamál voru samræmd við það sem gerist hjá félögum opinberra starfsmanna.*

## **Samningur Félags leiðsögumanna**

Félag leiðsögumanna annars vegar og SA og Samtök ferðaþjónustunnar hins vegar undirrituðu þann 28. apríl 2005 nýjan kjarasamning. Kemur hann í stað síðast gildandi kjarasamnings aðila og gildir frá 1. apríl 2005 til 31. desember 2007. Laun leiðsögumanna hækka sem hér segir: 1. apríl 2005 um 3,25%, 1. janúar 2006 um 2,50% og 1. janúar 2007 um 2,25%.

## **Samkomulag við Impregilo**

Þau aðildarsamtök ASÍ sem aðild eiga að virkjunarsamningi undirrituðu þann 7. mars 2005 samkomulag um viðbótargreiðslu fyrir hvern unninn dag á virkjunarsvæðinu. Ennfremur var samið um sérstakan bónus fyrir iðnaðarmenn í rafvirkjun, trésmíði og málmíðnaði, á alla unna tíma.

## **Stóriðjusamningar**

*Samningur við Alcan (ÍSAL) var undirritaður 1. mars 2005. Samningurinn gildir til 30. nóvember 2008. Almennar launabreytingar eru þær sömu og í öðrum samningum, en auk þess var bónuskerfi breytt, þannig að m.v. rekstur und-*

anfarinna ára á það að gefa a.m.k. 4% launahækkun. Þökum á bónuskerfum var einnig lyft, sem gefur starfsmönnum möguleika á frekari hækkunum.

Fyrirtækið hefur greiðslur í starfsmenntasjóði. Flýtt starfslok sem starfsmönnum standa til boða, eru færð frá 67 ára til 65 ára. Auk þessa eru gerðar ýmsar breytingar, sem eru svipaðar og gerðar hafa verið í öðrum kjarasamningum undanfarið, þ.á.m. á ábyrgðarálagi, námskeiðs aukum, veikindum í orlofi, fæðingarorlofi og greiðslum í lífeyrissjóð.

Samningurinn var felldur og var í framhaldinu gerður viðauki við samninginn. Í honum er komið til móts við þau atriði sem starfsmenn gagnrýndu í nýjum kjarasamningi. Sett voru 7,7% gólf í bónuskerfin og orlofs- og desemberuppbætur hækkaðar. Í stað afturvirkni er greidd 120 þús. kr. eingreiðsla. Kaupaukar í óprifalegustu störfum eru auknir. Samið var um breytingar á útborgun launa frá 2ja vikna launum upp í mánaðarlaun, en þó þannig að nýja kerfið er valkvætt. Þeir sem velja að fara yfir í mánaðarlaun fá 16 þús. kr. eingreiðslu frá fyrirtækinu vegna hagræðingar. Desember- og orlofsuppbót færirst frá tveggja vikna launum í 1/2 mánaðarlaun, verður hvort um sig 97.000 kr. Heildarkostnaðarauki samningsins var metinn tæp 21%.

*Samningur við Járblendifélagið.* Þann 1. febrúar 2005 var undirritaður kjarasamningur við Járblendifélagið. Samningurinn gildir til 30. nóvember 2008. Almennar hækkanir eru þær sömu og samið hefur verið um í öðrum samningum. Að auki eru nokkrar launakerfisbreytingar. Kaupaukar eru felldir inn í taxa og taxtar þannig hækkaðir um 3% nema taxtar iðnaðarmanna, sem hækka um 1,1%. Eldri bónus var felldur inn í taxa og taxtar hækkaðir um 5,44%. Tekið var upp nýtt bónuskerfi með tveimur nýjum bónusum. Iðgjald atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkar eins og hjá öðrum. Gjöld í starfsmennta- og endurmenntunarsjóði fer skv. almennum kjarasamningum. Ágreiningu um hagnaðarhlutdeild var lokið með eingreiðslu upp á 40.000 kr. í júní, vegna þess sem liðið er. Samkvæmt bókun í samningunum kemur fram að umhverfis- og öryggisbónus var hækkaður vegna brottfalls hagnaðarhlutdeildarinnar.

Samningurinn var felldur og í viðauka sem gerður var við hann var desember- og orlofsuppbót hækkuð úr 90 þús. kr. í 97 þús. kr. Bætt var við 2 kaupaukum vegna erfiðustu starfa. Sett er 4,2% gólf í bónusa. Kostnaðarauki samnings er um 20,5% og viðauka um 0,5%.

*Samningur við Norðurál var undirritaður* aðfaranótt 2. apríl 2005. Gildistími samningsins er út árið 2009 og mun hann taka sömu launahækkanir og samið verður um í sambærilegum samningum í árslok 2008. Starfsmenn höfðu fyrir viðræður sett sér það markmið að ná samræmingu á kjörum við sambærileg störf í öðrum verksmiðjum. Samningurinn var gott skref í þá átt. Launakostnaðarauki er 24,5%.

Launatafla var endurskoðuð og hækkuð, m.a. með innfærslu á árang-

urstengdum launum. Upphafshækkun að öllu meðtöldu er um 10,5%, aðrar beinar launahækkningar verða 3% 1. 1. 2006, 3% 1. 1. 2007 og 3% 1. 1. 2008. Orlofs- og desemberuppbætur eru hækkaðar til samræmis við það sem er í samningum ALCAN og Járblendifélagsins.

Mótframlög verksmiðjunnar í lífeyrissjóð eru hækkuð, eins og í almennum kjarasamningum. Auk þess var mótframlag í séreignarsjóð hækkað í 4,5% á móti 1% mótframlagi starfsmanns en þetta ákvæði er tengt flýttum starfslokum í verksmiðjunni. Auk þess var samið um 2% mótframlag í séreignarsjóð gegn 2% mótframlagi starfsmans eins og tíðkast í öðrum samningum. Bónuskerfi, vaktakerfi og starfsaldurkerfi voru endurskoðuð. Orlofsdögum var fjölgað í 30 eftir 10 ára starf, 20 á tímabilinu 1. júní – 30 ágúst og 10 utan þess tíma. Starfsmenn geta einnig valið um 28 daga að sumri, þá gegn engum að vetri.

## **Tilfærsla á verkefnum Kjararannsóknarnefndar til Hagstofu Íslands**

Þann 9. september 2004 var undirritaður samningur milli Kjararannsóknarnefndar og Hagstofu Íslands þess efnis að Hagstofa Íslands annaðist allar kjararannsóknir sem hafa farið fram á vegum beggja samningsaðila. Sérstök ráðgjafarnefnd sérfræðinga aðila vinnumarkaðarins mun fylgjast með framkvæmd samningsins og vera Hagstofunni til ráðgjafar. Kjararannsóknarnefnd starfar áfram sem verkkaupi og stefnumarkandi samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins gagnvart Hagstofu Íslands.

Þann 1. janúar 2005 fluttist öll starfsemi Kjararannsóknarnefndar til Hagstofu og sjálfstætt skrifstofuhald nefndarinnar lagðist af frá sama tíma. Öllum starfsmönnum Kjararannsóknarnefndar var boðið sambærilegt starf á Hagstofu Íslands.

## **Samstarfssamningur Hagstofu Íslands og Kjararannsóknarnefndar um launakannanir og aðrar vinnumarkaðsrannsóknir**

### **1. grein**

#### **Samningsaðilar**

Samningsaðilar eru Hagstofa Íslands og Kjararannsóknarnefnd.

### **2. grein**

#### **Markmið samningsins**

- a. Öflun og úrvinnsla upplýsinga um laun, launakostnað og vinnutíma sem ná til allra höfuðatvinnugreina og allra helstu starfsgreina á vinnumarkaði.
- b. Að aðferðir við öflun og úrvinnslu gagna samsvari þeim aðferðum sem bestar þykja á hverjum tíma og jafnframt þeim vinnuglum sem skilgreindar eru í lögum og reglugerðum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um launakannanir.
- c. Að afla víðtækra upplýsinga um vinnumarkaðinn vegna opinberrar hagskýrslugerðar.
- d. Að samræma upplýsingar um laun og launakostnað á vinnumarkaðnum öllum.
- e. Að afla gagna og vinna sérverkefni sem nýtast samtökum launafólks og atvinnurekenda við gerð kjarasamninga.
- f. Að fyrirhöfn og kostnaði launagreiðenda verði haldið í lágmarki við að láta í té upplýsingar um laun og launakostnað.
- g. Að nýta sem best það fjármagn sem veitt er til hagskýrslugerðar um vinnumarkaðinn og samnýta þekkingu og starfskrafta samningsaðila.
- h. Að stuðla skilmerkilegri framsetningu upplýsinga um vinnumarkaðinn.
- i. Að Ísland geti uppfyllt kröfur alþjóðastofnana um gerð vinnumarkaðsrannsókna.

### **3. grein**

#### **Umfang samningsins**

Samningurinn nær til samstarfs um gerð vinnumarkaðsrannsókna um kjör, atvinnutekjur, atvinnuþátttöku, atvinnuleysi og aðra mikilvæga þætti um vinnumarkaðinn. Í fylgiskjali með samningi þessum eru talin upp helstu verkefni sem vinna á að samkvæmt samningnum.

### **4. grein**

#### **Framkvæmd samningsins**

Hagstofa Íslands annast allar kjararannsóknir sem hafa farið fram á vegum beggja samningsaðila. Rekstur á vegum Kjararannsóknarnefndar verður lagður niður, en nefndin starfar áfram með óbreyttri samsetningu sem verkkaupi og stefnumarkandi samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins gagnvart Hagstofu Íslands.

## **5. grein**

### **Ráðgjafarnefnd**

Sérstök ráðgjafarnefnd sérfræðinga skal starfa með Hagstofunni. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd þessa samnings og vera Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vinnumarkaðsrannsókna, einkum launakannana. Í ráðgjafarnefndinni sitja tveir sérfræðingar frá ASÍ og tveir frá SA. Ráðgjafarnefndin starfar samkvæmt starfsreglum sem samningsaðilar koma sér saman um. Ekki skal greiða sérstaklega fyrir setu í ráðgjafarnefnd.

## **6. grein**

### **Sérstakar vinnslur**

Hagstofan annast sérstakar vinnslur úr launakönnunum í aðdraganda og við gerð kjarasamninga eftir sameiginlegum óskum ASÍ og SA. Ráðgjafarnefndin skal fjalla um beiðnir um vinnslur af þessu tagi. Hagstofan tekur ekki gjald fyrir þessa þjónustu.

## **7. grein**

### **Aðgengi að trúnaðargögnum**

Gögn um aðgreinanlega einstaklinga og fyrirtæki skulu vera trúnaðarmál og skulu verklagsreglur Hagstofu Íslands um meðferð trúnaðargagna gilda um þetta efni.

## **8. grein**

### **Fjármögnun**

Samningur þessi er reistur á eftirfarandi forsendum um fjármögnun:

1. Að launakannanir og aðrar vinnumarkaðsrannsóknir verði fjármagnaðar með framlögum úr ríkissjóði, annars vegar með fjárveitingu í fjárlögum til Hagstofu Íslands og hins með fjárveitingu í fjárlögum til Kjararannsóknarnefndar.
2. Að fjárveitingin til Kjararannsóknarnefndar verði sérstakt viðfangsefni undir félagsmálaráðuneyti (og komi því í stað fjárveitingar úr Atvinnuleysis-tryggingasjóði) og skal hún ganga beint til Hagstofunnar til fullnustu á þessum samningi.
3. Að árleg fjárveiting til Kjararannsóknarnefndar verði 41 millj. kr. miðað við verðlag ársins 2004 og að hún taki sömu verðlagsbreytingum og fjárveitingar til Hagstofunnar á gildistíma samningsins.

Hagstofan skal eftir því sem unnt er haga bókhaldi sínu þannig að hægt sé að aðgreina kostnað af þeirri starfsemi sem fjárframlag Kjararannsóknarnefndar er ætlað að standa undir.

## **9. grein**

### **Ársfundur**

Kjararannsóknarnefnd og Hagstofan skulu ár hvert halda fund um þennan samning. Á fundinum skal farið yfir framkvæmd samningsins, ráðstöfun fjárframlega Kjararannsóknarnefndar til verkefnisins á grundvelli skýrslu Hagstofunnar um það efni og um forgangsröðun verkefna.



## 10. grein

### Aðild annarra að þessum samningi

Samningsaðilar telja æskilegt að fulltrúar samtaka opinberra starfsmanna og fulltrúar samninganefnda ríkis og sveitarfélaga verði aðilar að samstarfi Hagstofu og Kjararannsóknarnefndar með sambærilegum hætti og felst í þessum samningi.

## 11. grein

### Gildistími og endurskoðun samnings

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2005 og gildir til 1. janúar 2010. Eftir þann tíma er samningurinn uppsegjanlegur með minnst eins árs fyrirvara miðað við áramót en sé honum ekki sagt upp framlengist hann sjálfkrafa.

Samninginn skal endurskoða ef annar hvor aðilinn óskar þess. Verði verulegar vanefndir á samningi þessum af hálfu annars hvors aðilans þannig að forsendur hans bresti fellur samningurinn úr gildi án fyrirvara.


### Ákvæði til bráðabirgða

Starfsmönnum Kjararannsóknarnefndar skulu boðin störf á Hagstofunni frá þeim tíma sem hún tekur við verkefnum nefndarinnar.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.


Reykjavík 9. september 2004

F. h. Kjararannsóknarnefndar

  
Hannes G. Sigurðsson

Staðfesting forsætisráðuneytis

F.h. Hagstofu Íslands



Staðfesting fjármálaráðuneytis

Staðfesting félagsmálaráðuneytis

**Fylgiskjal með samstarfssamningi Kjararannsóknarnefndar og Hagstofu Íslands um launakannanir og aðrar vinnumarkaðsrannsóknir**


Samkvæmt samningi þessu skal Hagstofan inna af hendi verkefni sem fram að gerð samningsins hafa fallið undir verksvið beggja samningsaðila, auk verkefna sem eru í undirbúningi eða er á lokastigi við gerð samningsins. Þá skal unnið að nýjum verkefnum á sviði vinnumarkaðsrannsókna og skulu samningsaðilar koma sér saman um slík verkefni eins og nánar er tilgreint í 9. grein samningsins.

**1. Verkefni Kjararannsóknarnefnd**

- a. Launakönnun, þ.e. söfnun, gæðaprófun, úrvinnsla og birting upplýsinga í eftirtöldum atvinnugreinum:  
Fiskveiðar (er á undirbúningsstigi)  
Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður  
Textil- og fataiðnaður  
Efnaiðnaður  
Málmiðnaðar  
Framleiðsla samgöngutækja  
Prentiðnaður og útgáfustarfsemi  
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð  
Verslun  
Hótel og veitingastarfsemi (þekja mjög takmörkuð)  
Samgöngur/flutningar.  
Fjármálafyrirtæki (er á undirbúningsstigi)
- b. Önnur staðtölusöfnun sem KRN hefur innt af hendi, einkum um vinnudeilur og fjarvistir vegna veikinda og slysa.
- c. Sérvinnsur fyrir SA og ASÍ í tengslum við kjarasamninga, bæði fyrirfram ákveðnar, eins og hefð hefur komist á í tengslum við samningsgerð undanfarinn áratug og sérvinnsur sem ASÍ og SA geta þurft í miðju samningsferli.

**2. Verkefni Hagstofu**

- a. Mánaðarleg launavísitala. Hagstofa fær gögn frá Kjararannsóknarnefnd frá fyrirtækjum á almennum markaði og öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg. Hagstofa fær gögn beint frá Reykjavík og ríki.
- b. Hagstofa birtir ársfjórðungsleg launavísitölu fyrir opinbera- og almenna markaðinn.
- c. Evrópskar launakannanir, m.a. Structure of earnings survey, labour cost index.
- d. Hagstofan birtir ársfjórðungslega upplýsingar um atvinnuþátttöku, atvinnuleysi og aðrar mikilvægar upplýsingar um vinnumarkaðinn.
- e. Hagstofan hefur birt upplýsingar um fjölda starfandi skv. staðgreiðslugögnum ríkisskattstjóra. Þá hefur Hagstofan notað sömu heimild til að birta upplýsingar um atvinnutekjur.



**3. Verkefni sem eru í burðarliðnum**

- a. Kjararannsóknarnefnd er að undirbúa söfnun launagagna frá fjármálafyrirtækjum og safnar launagögnum frá útgerðarfyrirtækjum. Stefnt er að birtingu upplýsingar um kjör sjómanna og starfamanna fjármálafyrirtækja á næstu misserum.
- b. Hagstofa fékk gögn um kjör ríkisstarfsmanna frá Fjársýsluna á samræmdu formi, en við upptöku á nýju launakerfi 2004 var þessi möguleiki ekki lengur til staðar. Hagstofa hefur óskað eftir að ný launaforrit ríkisins verði þannig útbúin að láta megi Hagstofu í té gögn.





*Atvinnuleysi hefur sem betur fer farið minnkandi á árinu.*

## Atvinnumál

### Yfirlit atvinnumála

Atvinnuástandið í landinu hefur batnað frá því á síðasta ári:

- Að meðaltali voru 2.851 manns á atvinnuleysissskrá í ágúst 2005. Þetta þýðir að atvinnulausum fækkaði um 1.601 frá sama tíma í fyrra.
- Á landsbyggðinni voru 839 manns atvinnulausir í lok ágúst. Þeim fækkaði um 325 milli ára. Allsstaðar nema á Vestfjörðum varð vart fækkunar milli ára, mest á Suðurlandi (104). Á Vestfjörðum fjölgaði atvinnulausum um 10 milli ára. Á höfuðborgarsvæðinu voru 1.920 manns atvinnulausir í lok ágúst. Þeim fækkaði um 1.516 frá sama tíma í fyrra. Síðastliðna tólf mánuði hefur hlutdeild landsbyggðarinnar í heildaratvinnuleysi aukist úr 28% í 30%.
- Konur án atvinnu voru 1.706 í lok ágúst. Þeim fækkaði um 950 frá sama tíma í fyrra. Karlar án atvinnu voru 1.053 í lok ágúst. Þeim fækkaði um 891 frá sama tíma í fyrra. Síðastliðna tólf mánuði hefur hlutdeild kvenna í heildaratvinnuleysi aukist úr 58% í 62%.
- Ungmenni (16-24 ára) án atvinnu voru 466 í lok ágúst. Þeim fækkaði um

417 milli ára. Eldri einstaklingar (60 ára og eldri) án atvinnu töldust 433 í lok ágúst. Þeim fækkaði um 57 milli ára. Síðastliðna tólf mánuði hefur hlutdeild ungmenna í heildaratvinnuleysi minnkað úr 19% í 17%. Að sama skapi hefur hlutdeild elsta aldurshópsins aukist úr 11% í 16%.

- Þeir sem verið hafa án atvinnu í sex mánuði eða lengur (langtímaatvinnulausir) voru 832 í lok ágúst. Þeim fækkaði um 734 milli ára. Síðastliðna tólf mánuði hefur hlutdeild langtímaatvinnulausra í heildaratvinnuleysi minnkað úr 34% í 30%.
- Atvinnuleysistölur eftir atvinnugreinum í lok ágúst liggja ekki fyrir. Ef stuðst er við tölur frá í júní kemur þó í ljós að atvinnuleysi hefur minnkað í öllum atvinnugreinum frá sama tíma í fyrra.

Þrátt fyrir að atvinnuástandið hafi þannig batnað á heildina lítið, er nauðsynlegt að hafa í huga að ástandið er misjafnt eftir því hvar borið er niður. Víðast hvar á landinu hefur það batnað, en sums staðar hefur það versnað. Atvinnuleysi hefur líka minnkað hægar meðal eldri borgara en meðal annarra aldurshópa. Þá er vert að hafa í huga að hátt gengi krónunnar hefur íþyngt rekstri í útflutnings- og samkeppnisatvinnuvegum. Skemmst er að minnast uppsagna starfsfólks í rækjuvinnslu víða um land síðustu misseri.

## Strúktúrbreytingar

Hinn 15. mars 2003 voru samþykkt á Alþingi ný heildarlög um raforkumál. Lögini taka til framleiðslu, sölu, dreifingar og flutnings á raforku. Með þeim voru innleiddar í landsrétt reglur tilskipunar ESB um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Eftir breytingar sem gerðar voru á lögnum árið 2004, komu þau til framkvæmda í byrjun árs 2005. Gert er ráð fyrir því að ráðherra leggi fram skýrslu um raforkumálefni á fjögurra ára fresti og að fyrsta raforkuskýrslan verði lögð fram árið 2005, en sú næsta árið 2009, en þá verða öll ákvæði laganna komin til framkvæmda og nokkur reynsla fengin af nýskipan raforkumála. Í framhaldi af því verða lögini tekin til endurskoðunar og á þeirri vinnu að ljúka fyrir árslok 2010.

Hinn 3. nóvember 2004 tilkynnti Norðurál að ákveðið hefði verið að auka við fyrirhugaða stækkun álverksmiðjunnar á Grundartanga. Viðbótin nemur 32 þúsund tonnnum og verður heildarframleiðslugeta verksmiðjunnar því 212 þúsund tonn haustið 2006. Verður verksmiðja Norðuráls þá stærsta álverksmiðja landsins. Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja munu auka raforkusölu sína til fyrirtækisins um 54 MW vegna þessa. Að auki er stefnt á átta þúsund tonna stækkun seint á árinu 2006 sem eykur þá raforkusöluna um 15 MW en það er háð samningum um orku og orkuflutninga. Ennfremur hafa Orkuveita Reykjavíkur og Norðurál ákveðið að kanna forsendur fyrir orkuviðskipt-

um fyrir allt að 40.000 tonna stækkun til viðbótar, þannig að þar með næði álverið 260.000 tonna stærð.

Hinn 1. september 2005 tók gildi nýr samningur til sjö ára milli ríkisins og mjólkurframleiðenda. Samningurinn felur m.a. í sér að hlutfall framleiðsluhvetjandi styrkja af heildarstyrkjum til bænda mun minnka; að sama skapi mun hlutfall framleiðslutakmarkandi og óframleiðslutengdra styrkja hækka. Mjólkursamningurinn felur einnig í sér að ekki verður horfið frá fyrirkomulagi opinberrar ákvörðunar á heildsöluverði mjólkurafurða að svo stöddu. Þá er í samningnum kveðið á um að þegar yfirstandandi samningaviðræðum innan Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar lýkur, skuli hann endurskoðaður þannig að stuðningur við íslenskan landbúnað samræmist alþjóðlegum skuldbindingum Íslands hverju sinni.

ASÍ gagnrýndi mörg atriði í mjólkursamningnum þegar hann var undirritaður, sérstaklega hve lítið tillit var tekið til tillagna hinnar svokölluðu Mjólkurnefndarinnar um að neytendur skuli njóta í meira mæli ávinnings hagræðingar í greininni. Í kjölfar þessarar gagnrýni gaf landbúnaðarráðherra út yfirlýsingu á Alþingi þar sem hann ítrekaði stuðning við tillögur Mjólkurnefndarinnar, þó þær hefðu ekki allar komið inn í samninginn. Um hálfu ári eftir undirritun samningsins, eða hinn 22. nóvember 2004, tilkynnti Verðlagsnefnd búvöru þá ákvörðun sína að heildsöluverð á mjólkurafurðum myndi ekki breytast árið 2005. Í ár verða því líðin þrjú ár síðan heildsöluverð á mjólkurafurðum hækkaði síðast.

Hinn 6. september 2005 greiddu kaupendur Landssíma Íslands hf. 67,7 milljarða króna fyrir fyrirtækið, þar af 32,2 milljarða í erlendum gjaldeyri og 32,5 milljarða í íslenskum krónum. Með þessu lýkur stærstu einkavæðingu Íslandssögunnar og jafnframt hefur ríkið alfarið dregið sig út úr samkeppnisrekstri á fjarskiptamarkaði. Sama dag ákvað ríkisstjórnin að erlendum hluta greiðslunnar yrði varið til að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs en 32,5 milljörðum verði varið í innlend verkefni. Meðal innlendra verkefna er lúta að atvinnumálum má nefna:

- 15 milljörðum króna verður á árunum 2007 - 2010 varið til framkvæmda í vegamálum, m.a. til byggingar Sundabrautar, fyrst yfir í Grafarvog og síðan, með tilstilli einkaframkvæmdar, um Álfsnes upp á Kjalarnes. Þá verður að mestu lokið við tvöföldun Reykjanesbrautar og framkvæmdum við helstu þjóðvegi á landinu.
- 2,5 milljörðum króna verður varið til að styrkja stöðu Nýsköpunarsjóðs. Með þessu er Nýsköpunarsjóði gert kleift að stofna sameignarsjóði með þátttöku lífeyrissjóðanna, auk þess sem stofnfé hans er aukið, sem mun örva uppbyggingu sprotafyrirtækja.
- 2,5 milljörðum króna verður varið til uppbyggingar fjarskiptaþjónustu í

samræmi við gildandi fjarskiptaáætlun. Með þessu verður unnt að ljúka farsímavæðingu á þjóðvegi eitt og efla aðgang landsbyggðarinnar að háhraðatengingum.

Um önnur mál er tengjast einstökum atvinnugreinum, svo sem eins og afkomu þeirra á síðasta ári er fjallað í kafla um efnahagsmál.

## Vinnumál

Í fjárlögum fyrir árið 2005 var heildarfjárveiting til vinnumála hækkuð nokkuð frá fyrra ári. Hækkunin skýrist m.a. af: Vaxandi umsýslu við útgáfu atvinnuleyfa; auknu álagi á Svæðisvinnumiðlun Austurlands vegna stóriðjuframkvæmda eystra; aukningu á útgreiðslum úr Ábyrgðasjóði launa síðustu ár; og þörf ungs fólks í atvinnuleit fyrir starfsþjálfun. Enn fremur gerði frumvarpið ráð fyrir auknu framlagi vegna samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins í mars 2004, um að treysta stöðu fólks á vinnumarkaði, með því að gefa því kost á að efla og endurnýja þekkingu sína.

Árið 2005 var úthlutað styrkjum úr Starfsmenntasjóði í tvo flokka verkefna og einn opinn flokk. Skilgreindu flokkarnir voru: Tækifæri miðaldra og eldra fólks til starfsmenntunar og yfirfærsla þekkingar og reynslu innan fyrirtækja. Alls fengu 28 aðilar úthlutað styrk vegna 42 verkefna, samtals að fjárhæð kr. 47.100.000. Auk þessara hefðbundnu styrkja var veitt styrk til Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, vegna ráðstefnu um íslenskukennslu í dreifbýli fyrir útlendinga kr. 1.200.000. Árið 2005 var einnig úthlutað styrkjum til atvinnumála kvenna. Alls fengu 29 verkefni styrk að upphæð rúmlega 17 milljónir króna.

Í nóvember 2004 kom út skýrsla sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Fjölmenningarsetur á Ísafirði, með styrk frá ASÍ og fleiri aðilum. Í skýrslunni koma fram ýmsar mikilsverðar upplýsingar um viðhorf og aðstæður innflytjenda á Austurlandi og Vestfjörðum. Ljóst virðist, að ýmislegt mætti betur fara varðandi upplýsingagjöf og fræðslu fyrir innflytjendur, möguleika þeirra á kennslu í íslensku og almennt um tengsl þeirra við íslenskt samfélag. Sem dæmi þar um má nefna, að rétt rúmur helmingur svarenda fékk einhverja fræðslu um réttindi sín í íslensku samfélagi þegar þeir fluttu til landsins og flestir hjá vinum og ættingjum. Að mörgu leyti er þessi hópur, sem könnunin náði til, þó sáttur við stöðu sína í íslensku samfélagi. Þannig telja yfir 80% á heildina litíð gott að búa á Íslandi.

Hinn 21. september 2005 undirritaði Vinnumálastofnun þriggja ára þjónustusamning við Fjölsmiðjuna. Samningurinn tekur til greiðslna stofnunarinnar vegna þjónustu Fjölsmiðjunnar við atvinnulausa einstaklinga sem eru á aldrinum 16-24 ára. Samningurinn nær til verkþjálfunar, náms- og starfsráðgjafar og tilsagnar í námi í grunnfögum og almennri fræðslu.

Um önnur vinnumál, svo sem eins og skýrslu nefndar sem kannaði stöðu

miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði, er fjallað í kafla um félags- og vinnu-  
markaðsmál.

## **Byggðamál**

Núgildandi byggðaáætlun rennur sitt skeið á enda um áramótin. Gerð nýrrar fjögurra ára áætlunar fyrir árin 2006-2009 er langt komin. Í drögum að henni er lagt til að sérstök áhersla verði lögð á eftirfarandi fjögur atriði: 1) Gildi menntunar og menningar; 2) aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi; 3) bættar samgöngur og fjarskipti; og 4) styrkingu þriggja landshlutakjarna, þ.e. Akureyrar, Ísafjarðar og Mið-Austurlands. Í byggðaáætluninni verða skilgreindar á þriðja tug aðgerða til þess að ná markmiðum. Aðgerðirnar fela í sér tiltekna meginhugmynd, sem verður útfærð nánar af tilgreindum ábyrgðaraðilum og öðrum þátttakendum, sem einnig eru tilgreindir í áætluninni.

Byggðastofnun gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd og eftirfylgni byggðaáætlunar. Stofnunin stendur hins vegar mjög illa fjárhagslega um þessar mundir. Fyrirtækjum með traustan fjárhag hafa boðist betri kjör á almenna markaðnum og því hafa þau fært lánaviðskipti sín frá stofnuninni. Þá hefur stofnunin þurft að afskrifa verulegar upphæðir á undanförunum árum sem leitt hefur til þess að eiginfjárstaðan hefur versnað umtalsvert. Samkvæmt úttekt sem iðnaðaráðuneytið fékk ráðgjafarfyrirtækið Stjórnhætti ehf. til að gera á stofnunni þá virðist núverandi lánastefna frekar þjóna stöðnuðu atvinnulífi en framsæknum nýiðnaði. Nú er nýhafin vinna starfshóps sem mun fara yfir greiningarvinnu ráðgjafarfyrirtækisins og gera tillögur um leiðir til þess að efla það hlutverk sem Byggðastofnun gegnir.

Á grunni síðustu byggðaáætlunar var hafin gerð svokallaðra vaxtarsamninga. Nú þegar er lokið við gerð vaxtarsamninga fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Vestfirði og aðrir eru í undirbúningi. Til skýringar má segja að vaxtarsamningur sé samkomulag á milli þeirra sem láta sig varða framtíðarþróun viðkomandi svæðis og geta haft áhrif á þá þróun. Samningarnir byggja á niðurstöðum úttektar á styrkleikum svæðis og greiningu á þeim möguleikum sem eru til vaxtar og fjölgunar samkeppnishæfrar vöru eða þjónustu og fjölgunar starfa.

## **Atvinnumálanefnd ASÍ**

Atvinnumálanefnd ASÍ er vettvangur umfjöllunar um atvinnumál innan sambandsins. Alls hefur nefndin hist tíu sinnum frá því á síðasta ársfundi. Í starfi sínu byggði nefndin á þeirri stefnu sem ASÍ hefur mótað í atvinnumálum síðustu misseri, Framtíð fyrir alla – heildstæðri stefnu sem tvinnar saman efna-  
hags-, atvinnu- og félagsmál. Í ár var áhersla lögð á að útfæra þessa stefnu nánar á sviði byggðamála og sjávarútvegsmála. Ársfundurinn 2004 hafði beinlínis falið nefndinni að fjalla um byggðamálin. Margar ástæður voru hins vegar



taldar fyrir því að taka einnig sjávarútvegsmálin fyrir: Aukin alþjóðleg samkeppni á sjávarafurðamarkaði, hátt gengi krónunnar, ákall útgerðarfyrirtækja um sjávarútveg á hörðum viðskiptalegum forsendum o.s.frv. Hinn 18. febrúar 2005 tóku nefndarmenn þátt í kynnisferð iðnaðarsviðs Starfsgreinasambandsins í álverið í Straumsvík og í umræðu um stóriðjumál á skrifstofu Hlífar í Hafnarfirði á eftir.

Vinnan að byggðamálunum hófst á fundi Atvinnumálanefndar hinn 4. mars 2005. Á þeim fundi var m.a. fjallað um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að efla fjárhag Byggðastofnunar. Í ljósi umræðna nefndarmanna, var skilað inn umsögn til Alþingis þar sem ekki var lagst gegn fyrirhuguðum aðgerðum, en sett fram gagnrýni á stjórnvöld vegna takmarkaðs árangurs í byggðamálum. Á fundi nefndarinnar hinn 25. apríl var fjallað um stöðu og horfur í byggðamálum almennt. Í framhaldi af því var á vinnufundi nefndarinnar hinn 23. maí farið nánar ofan í einstakar stoðir byggðastefnunnar: Landbúnað, sjávarútveg, ferðaþjónusta, byggðaáætlun, samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun (fjallað var um orkumál á sérstökum fundi 14. september 2005 og um vaxtarsamninga 10. október 2005). Ákveðið var að taka saman áfangaskýrslu nefndarinnar um byggðamál og var sú skýrsla kynnt fyrir miðstjórn hinn 15. júní. Á fundi nefndarinnar hinn 14. september var ákveðið að skila lokaskýrslu um byggðamál til miðstjórnar haustið 2005.

Vinnan að sjávarútvegsmálunum hófst, eins og vinnan að byggðamálunum, á fundi Atvinnumálanefndar hinn 4. mars 2005. Á þeim fundi var farið yfir núverandi stefnu ASÍ í sjávarútvegsmálum sem er frá árinu 1996. Eftir umfjöllun nefndarmanna var niðurstaðan sú að þessi stefna væri barn síns tíma. Nauðsynlegt væri að endurskoða alla þætti hennar. Á fundinum var einnig fjallað um tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Nefndarmenn komust að því að ASÍ hefði ekki forsendu til að tjá sig um slíkar tillögur, fyrr en eftir að hreyfingin væri búin að fara í gegn um endurskoðun á sjávarútvegsstefnu sinni. Á fundi nefndarinnar hinn 1. apríl var fjallað um stöðu og horfur í sjávarútvegi. Á vinnufundi nefndarinnar hinn 23. maí var ákveðið að mynda sérstakan vinnuhóp um sjávarútvegsmál, sem hefði það hlutverk að móta samstöðu innan hreyfingarinnar um sem flesta þætti er lúta að sjávarútvegsmálum.

## **Annað starf að atvinnumálum**

Þriðji sumarskóli evrópsku verkalýðshreyfingarinnar (ETUC) var haldinn í Krakow 2.–4. júlí 2005. Í ár eins og í fyrra, var fulltrúum í efnahags- og atvinnumálanefndum ETUC sérstaklega boðið og átti Alþýðusambandið einn fulltrúa. Yfirskrift skólans var „Iðnhrórnun, hvarf starfa og atvinnugreinastefnur í nýrri Evrópu“. Segja má að hann hafi þannig verið framhald af skólanum

í fyrra, sem fjallaði um hina svokölluðu Lissabon-áætlun, þ.e. stefnu Evrópu-sambandsins í atvinnumálum. Í þessari áætlun hefur verið reynt að ná ákveðnu jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða. Evrópska verkalýðshreyfingin hefur stutt áætlunina frá því hún kom til framkvæmda árið 2000. Hún hefur hins vegar lýst yfir áhyggjum af því að við endurskoðun áætlunarinnar í ár hafi félagslegum markmiðum atvinnustefnu Evrópusambandsins hugsanlega verið fórnað fyrir viðleitni til að skapa „viðskiptavænt“ umhverfi í Evrópu.

Lykilerindi á sumarskólanum í ár var flutt af Reiner Hoffmann, aðstoðaradalritara ETUC. Hoffman sagði m.a. að meginþekki iðnhrórnunar væru stöðnun í framleiðslu, framleiðni og fjölgun starfa. Hann benti á að þrátt fyrir allt væru það aðeins afmarkaðar greinar sem sýndu þessi einkenni í Evrópu, þ.e. fimm greinar af tuttugu og þremur: Saumaíðnaður, vefjariðnaður, leður- og skóiðnaður, skipasmíðaiðnaður og olíuhreinsunariðnaður. Hoffman benti á að það væri hins vegar áhyggjuefni að hagkerfin í Evrópu störfuðu undir getu. Þörf væri á strúktúrbreytingu í hagkerfum Evrópulanda. Ein meginhindrunin fyrir að það tækist fælist í að of litlu fjármagni væri beint í rannsóknir og þróun. Meðaltalið væri um 1,98% af vergri landsframleiðslu, en þyrfti að vera a.m.k. 3%. Í þessu ljósi legði Evrópska verkalýðshreyfingin til, að mótuð yrði atvinnugreinastefna sem legði áherslu á nýsköpun, svokölluð nýsköpunaratvinnugreinastefna. Slík stefna grundvallast á fjórum stöðum:

- Samtvinnun breytinga
- Finna þarf upp aðferð til að tvinna saman stefnur sem grípa inn í atvinnulífið í heild (t.d. samkeppnisstefnu) og stefnur sem grípa inn í á afmörkuðum sviðum (t.d. atvinnugreinastefnu).
- Áhersla á atvinnugreinar
- Skipulögð strúktúrbreyting kallar á sértækar tækni- og atvinnugreinastefnur – þær þurfa samt að falla inn í heildarmynd umskapaðs hagkerfis.
- Samhæfing ólíkra stefna
- Mikilvægt er að ná fram eins hagstæðri samvirkni og mögulegt er á milli ólíkra stefna (t.d. samkeppnisstefnu, tæknistefnu, iðnaðarstefnu, umhverfisstefnu ...).
- Virðing fyrir ólíkum hagsmunum
- Til að stuðla að samfélagslegri sátt um strúktúrbreytingar og atvinnugreinastefnur þarf að efla umræður og samráð jafnt á landsstjórnarstiginu sem og á ESB-stiginu.

Um annað starf ASÍ að atvinnumálum, svo sem eins og störf nefndar um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, er fjallað í kafla um félags- og vinnumarkaðsmál.



*Alþýðusambandið hefur sett fram skýra stefnu og kröfur í velferðarmálum.*

## Velferðarmál

### Yfirlit velferðarmála

Síðustu misseri hafa komið fram vísbendingar um vaxandi ójöfnuð í landinu:

Í janúar 2005 gerði fjármálaráðherra t.d. grein fyrir því í svari við fyrirspurn á Alþingi að hinn svokallaði Gini-stuðull, sem gjarnan er notaður til að meta jöfnuð í samfélaginu, hafi hækkað verulega á Íslandi á tímabilinu 1995-2003, þ.e. að ójöfnuður hafi aukist.

- Nokkrum dögum síðar gerði félagsmálaráðherra grein fyrir því, einnig í svari við fyrirspurn á Alþingi, að útlit væri fyrir að fjárhagsaðstoð í sex fjölmennustu sveitarfélögum landsins hafi hækkað um næstum helming á tímabilinu 2000-2004.
- Þá kemur fram í nýlegri greinargerð um atvinnuleysi og fjárhagsaðstoð í Reykjavík að fjölskyldum sem þáðu fjárhagsaðstoð hafi fækkað á árunum 1995-2000 en fjölgað jafnt og þétt síðan.
- Loks má nefna, að talsmenn Mæðrastyrksnefndar, Hjálparstarfs kirkjunnar

og Hjálpræðishersins hafa lýst yfir að þörf á neyðaraðstoð um síðustu jól hafi verið meiri en árið áður.

Allar þessar vísbendingar renna stöðum undir eldri vísbendingar sem hníga í sömu átt: Í úttekt Alþýðusambandsins á velferðarkerfinu árið 2003 kom t.d. í ljós að þrátt fyrir að kaupmáttur tekna hjá flestum þjóðfélagshópum hefði aukist síðustu ár þá hefði hlutfall fólks sem tilheyrði lægstu tekjuhópunum aukist talsvert síðan árið 1995. Úttekt forsætisráðuneytisins árið 2004 á fátækt leiðir sömu niðurstöðu í ljós. Hætta er á að vaxandi ójöfnuður leiði til þess að þeir sem búa við kröppustu kjörin fyllist vanmáttartilfinningu gagnvart umhverfinu og einangrist félagslega.

Þegar rýnt er nánar ofan í gögnin á bak við framangreindar vísbendingar kemur yfirleitt í ljós að þeir hópar sem búa við kröppustu kjörin eru einstæðir foreldrar, einhleypir karlar, láglaunafólk, atvinnulausir, sjúklingar, öryrkjar og aldraðir. Talsmenn ýmissa samtaka hafa einnig lýst yfir áhyggjum af stöðu erlends starfsfólks sem sé illa sett og viti jafnvel ekki hvar það getur leitað sér aðstoðar.

Það vekur athygli að meðal þeirra sem búa við hvað kröppust kjör, er að finna hóp launafólks — sérstaklega í ljósi þess að í síðustu kjarasamningum hefur verið lögð áhersla á að hækka laun þeirra umfram annarra. Staðreyndin er hins vegar sú, að slíkar sérhækkningar hafa á undanförunum árum varla dugað til að vega upp launaskrið sem starfsfólk sem stött er ofar í launastiganum oft nýtur.

Það kemur síður á óvart að meðal þeirra sem búa við hvað kröppust kjör er að finna marga þá sem þurfa að reiða sig á velferðarkerfið. Árið 1995 voru hækkanir almannatrygginga aftengdar hækkun lágmarkslauna og hafa síðan þá hækkað enn minna en lægstu launin. Þetta á sérstaklega við um þær greiðslur sem eru minnst tekjutengdar, þ.e. grunnlífeyri.

## Húsnæðismál

Miklar sviptingar hafa verið á húsnæðismarkaði síðustu misseri. Strax í upphafi árs 2004 var ljóst að Íbúðalánasjóður stefndi að hækkun lánshlutfalls í 90% af verði íbúðar. Þessu til viðbótar hóf sjóðurinn í júlí sama ár að bjóða peningalán fjármögnuðum með svokölluðum íbúðabréfum, á talsvert lægri vöxtum en áður höfðu þekkt í hinu almenna íbúðalánakerfi. Stuttu síðar braust út hörð samkeppni banka og annarra lánveitenda um fjármögnun húsnæðiskaupa sem leiddi til þess að veðheimildir rýmkuðu, vextir lækkuðu og húsnæðisverð rauk upp.

Áhrif þessara breytinga á ráðstöfunartekjur fólks eru margslungin. Á móti lækkun vaxta verður nefnilega að taka með í reikninginn ýmis neikvæð hlið-

aráhrif húsnæðisverðshækkanna, svo sem eins og lækkun vaxtabóta vegna hraðari eignamyndunar, hækkun fasteignagjalda, meiri verðbólgu og hærri afborganir verðtryggðra lána. Einnig verður að taka tillit til þess að hækkun húsnæðisverðs er líkleg til þess að leiða til hækkunar húsaleigu síðar. Til einföldunar má draga upp mynd af heildaráhrifum breytinganna á íbúðalánamarkaði annars vegar fyrir húsnæðiseigendur og hins vegar fyrir leigjendur.

Heildaráhrif breytinganna eru einna hagstæðust fyrir þá eigendur sem eru með tiltölulega háar tekjur og sem eiga orðið stóran hluta húsnæðis síns skuldaust – en mun óhagstæðari og jafnvel íþyngjandi fyrir aðra, t.d. margt ungt fólk sem er að kaupa sitt fyrsta húsnæði svo og sumt verkafólk sem keypti íbúð með dæmigerðu láni frá Byggingasjóði verkamanna áður en hann var lagður niður. Rétt er að hafa í huga, að sumar veðlánastofnanir sem keppa nú við Íbúðalánasjóð, setja ströng skilyrði um að lántakandi sé með önnur fjármála viðskipti hjá sér. Þetta er áhyggjuefni, þar sem slík skilyrði draga úr möguleikum fólks til að bregðast við breyttum aðstæðum, t.d. ef gjaldskrá fyrir aðra þjónustu en veðlán hækkar.

Heildaráhrif breytinganna á íbúðalánamarkaði virðast geta orðið mjög neikvæð fyrir marga leigjendur. Þannig er líklegt að hátt fasteignaverð miðað við húsaleigu leiði til þess að eigendur leiguhúsnæðis noti tækifærið og annað hvort hækki leiguna eða hreinlega selji eignir sínar út af leigumarkaðnum. Við þetta bætast áhrifin af nýrri áherslu á húsaleigubætur til einstaklinga fremur en uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Hættan er sú að verið sé að vísa einstaklingum sem oft búa við hvað verstu kjörin á grunnan leigumarkað þar sem verð getur skyndilega þotið upp þegar húsnæði er selt út úr honum.

Mitt í sviptingunum á húsnæðismarkaðnum sat að störfum nefnd sem falið hafði verið að yfirfara stöðu leigumarkaðar og gera tillögur um aukið framboð leiguíbúða. Hinn 5. nóvember 2004 kom út skýrsla nefndarinnar. Í henni heldur nefndin því fram að húsaleigubótakerfið hafi gefist vel og mælir með að það verði þróað áfram. Nefndin telur einnig koma til álita að veita stofnstyrki til byggingar leiguíbúða fyrir sérstaka hópa aldraða, öryrkja og námsmanna sem búa við erfiðar aðstæður og eru með tekjur og eignir innan tiltekinna marka. Þá telur nefndin ástæðu til að leita leiða til að lækka byggingarkostnað leiguhúsnæðis og leggur til í því sambandi m.a. að ákvæði byggingarlaga og/eða byggingarreglugerðar verði skoðuð með það fyrir augum að auka svigrúm varðandi lágmarksstærðir herbergja og geymslna.

## Heilbrigðismál

Samkvæmt hálfársuppgjöri Landsspítala-háskólasjúkrahúss (LSH) er rekstur spítalans nokkurn veginn í jafnvægi um þessar mundir, þó greiðslustaða hans sé mjög erfið vegna mikils uppsafnaðs rekstrarhalla frá fyrri árum. Flest svið

spítalans sýna rekstrarkostnað í samræmi við fjárheimildir. Að mati stjórnenda spítalans hefur náðst umtalsverð „framleiðniaukning“ í kjölfar sameiningar sérgreina á LSH. Veturinn 2004-2005 gerði vart við sig nokkur óánægja meðal starfsmanna LSH um svokallað sviðsstjórakerfi spítalans. Í sameiginlegri viljayfirlýsingu frá 8. apríl lýstu forstjóri spítalans, formaður lækna ráðs og formaður hjúkrunarráðs vilja sínum til að vinna markvisst að bættum samskiptum innan sjúkrahússins.

Samkvæmt hálfársuppgjöri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eru útgjöld umfram fjárveitingar og tekjur um 9,6 milljónir króna eða 0.6% miðað við fjárlög. Að mati stjórnenda spítalans telst fjárhagsleg afkoma spítalans þó góð með tilliti til starfsemisaukningar sem orðið hafi.

Um miðjan janúar 2005 tók formlega til starfa í Roðasölum í Kópavogi nýtt sambýli og dagvist fyrir aldraða. Húsnæðið er sérstaklega hannað til að mæta þörfum einstaklinga með minnissjúkdóma. Þar er sambýli fyrir átta einstaklinga og dagvist fyrir tuttugu manns. Hinn 28. apríl var tekin á Akureyri fyrsta skóflustungan að nýbygginu við Öldrunarstofnun Akureyrarbæjar, Hlíð. Í byggingunni verður hjúkrunarheimili með 60 einstaklingsherbergjum, eldhús, matsalur og búningaáðstaða fyrir starfsmenn. Verkinu á að vera fulllokið 15. september 2006. Hinn 29. september var skrifað undir samkomulag milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um að byggt verði nýtt hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Sogamýri og það verði tekið í notkun árið 2007. Um 110 hjúkrunar-rými verða á heimilinu, allt einbýli, en gert ráð fyrir að áðstaða verði fyrir hjón og sambúðarfólk.

Árið 2004 kom út skýrsla sem unnin var af norrænu stofnuninni NOMESCO um lyfjanotkun á Norðurlöndunum árin 1999-2003. Í skýrslunni kemur fram að á Norðurlöndunum er lyfjakostnaður hlutfallslega hæstur á Íslandi. Aftur á móti er neysla lyfja hér á landi mæld í dagskömmtum með því minnsta sem gerist. Samkvæmt skýrslunni var lyfjakostnaður á hvern Íslending árið 2003 um 588 evrur, sem svarar tæpum 50.000 kr. á ári. Næstir Íslendingum komu Finnar með 403 evrur á mann, þá Norðmenn með 379 evrur, Danir með 350 evrur og Svíar með 330 evrur. Helstu ástæður fyrir háum lyfjakostnaði hér á landi eru sagðar lítill markaður, kostnaðarsöm lyfjadreifing og tilhneiging til að skipta eldri lyfjum út fyrir ný lyf sem jafnan eru dýrari.

Hinn 30. mars 2005 var undirritað samkomulag heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Landlæknisembættisins, Lyfjastofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins um rekstur lyfjagagnagrunns. Gagnagrunnurinn er rekinn í samræmi við lög um persónuvernd og reglur Persónuverndar. Landlæknisembættið ber samkvæmt samkomulaginu ábyrgð á dulkóðun persónuauðkenna í lyfjagagnagrunninum en Lyfjastofnun og Tryggingastofnun ríkisins geta sótt um aðgang að gagnagrunninum að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í lyfjalögum.

Í byrjun apríl 2005 náði Lyfjagreiðslunefnd og fulltrúar lyfjasmásala samkomulagi um nýjar álagningareglur lyfseðilsskyldra lyfja. Reglurnar eiga að leiða til þess að við árslok 2006 verði smásöluverð lyfja hér á landi svipað og gengur og gerist í nálægum löndum og er þá einkum horft til verðs í Danmörku og í Finnlandi. Frá og með 1. október átti lyfjaverð í heildsölu á um þrjú hundruð pakkningum að lækka þegar til framkvæmda kom annar hluti samkomulagsins sem heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið gerði við Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) og Actavis í fyrra, um lækkuð lyfjaverðs í heildsölu.

Hinn 6. september 2005 barst ríkissjóði greiðsla frá Skipti ehf. fyrir Landsíma Íslands hf. að fjárhæð 66,7 milljarðar króna. Ríkisstjórnin hefur þegar ákveðið að verja eigi hluta söluandvirðisins til þess að bæta þjónustu í heilbrigðiskerfinu:

- 18 milljörðum króna verður varið til uppbyggingar hátækni sjúkrahúss á Landsspítalalóðinni á árunum 2008 - 2012. Með þessu framlagi er unnt að ljúka skipulagsvinnu og undirbúningi svæðisins, byggja aðstöðu fyrir slysa- og bráðþjónustu og koma upp aðstöðu fyrir rannsóknarstarfsemi.
- 1 milljarði króna verður varið til þess að hefja nú þegar uppbyggingu búsetuúrræða fyrir geðfatlaða.

### **Tryggingamál**

Um síðustu áramót hækkuðu ýmsar viðmiðunarupphæðir félagslegra trygginga. Þannig hækkuðu atvinnuleysisbætur um 3%, fæðingarstyrkur og lágmarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði um 3%, frítekjumörk almannatrygginga um 5%, bætur almannatrygginga um 3,5% og fjárhæðir í reglugerð um stofnanþjónustu fyrir aldraða um 5%. Á sama tíma tóku gildi umfangsmiklar verðhækkanir á komugjöldum sjúkratryggðra á heilbrigðisstofnanir. Komugjöld á heilsugæslustöðvar og gjöld vegna vitjana lækna hækkuðu t.d. um 16-17%, jafnt almenn gjöld sem gjöld fyrir ellilífeyrisþega, örorkulífeyrisþega og börn.

Í upphafi árs 2005 kom út skýrsla sem unnin var af nefnd sem falið var að finna leiðir til að auka rétt foreldra á vinnumarkaði til að sinna langveiku barni. Í skýrslunni kemur fram að margir foreldrar langveikra barna, sérstaklega mæður, missa u.þ.b. sex mánuði úr vinnu á ári. Til að mæta vinnutapinu eiga þeir aðeins rétt á 7-10 dögum á launum frá atvinnurekanda. Eftir það verða þeir að reiða sig á dagpeninga úr sjúkrasjóðum og umönnunargreiðslur frá Tryggingastofnun. Af þessu er ljóst að foreldrar langveikra barna eiga á hættu að lenda í u.þ.b. sex mánaða „krítísku tímabili“ þar sem þeir verða fyrir vinnutapi, tekjumissi og – ef þeir detta út af vinnumarkaði – réttindamissi.

Á grundvelli tillagna nefndarinnar ákvað ríkisstjórnin hinn 15. febrúar 2005 að taka upp svokallaðan umönnunarlífeyri, u.þ.b. 90.000 kr. á mánuði,



sem sé greiddur til foreldra langveikra eða fatlaðra barna í allt að þrjá mánuði og í allt að níu mánuði ef barn veikist mjög alvarlega eða greinist með mjög alvarlega fötlun. Með þessu er komið á tryggingavernd í þremur stigum: Á fyrsta stiginu (fyrstu 7-10 dagana) er tryggingaverndin fólgin í launagreiðslum frá atvinnurekanda. Á öðru stiginu (frá því launagreiðslum lýkur út þriðja mánuðinn) er gert ráð fyrir að verndin sé fólgin í samspili dagpeningagreiðslna sjúkrasjóða og umönnunargreiðslna Tryggingastofnunar þar sem það á við. Á þriðja stiginu (frá lokum þriðja mánaðar út 6.-12. mánuðinn) væri verndin fólgin í samspili sérstaks umönnunarlífeyris og umönnunargreiðslna. Skilyrði fyrir umönnunarlífeyrinum er að foreldri leggi niður launað starf. Lífeyririnn verður samt starfstengdur, þannig að greidd verða af honum launatengd gjöld, þ.m.t. framlag í sjúkrasjóð.

Hinn 26. apríl 2005 kom út skýrsla sem unnin var af Tryggva Þór Herberts-syni forstöðumanni Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fjölgun öryrkja á Íslandi. Meðal niðurstaðna Tryggva er að fjöldi öryrkja hefur aukist úr 8.700 árið 1992 í 13.800 árið 2004. Öryrkjum sem þiggja hærra bætur (75% öryrkjar) fjölga en öðrum fækka. Fjölgunin er sérlega mikil frá árinu 1999. Þá kemur fram að á Íslandi hafi verið óvenjulega mikil fjölgun öryrkja um eða rétt undir miðjum aldri.

Í skýrslunni kemur fram að ástæður fjölgunar öryrkja felist m.a. í: Lýðfræðilegum þáttum eins og fólksfjölgun og hækkingu meðalaldri þjóðarinnar; heilsufarslegum þáttum eins og aukningu í tíðni geðraskana og stoðkerfissjúkdóma; svo og í fjárhagslegum þáttum eins og kerfisbundnum hvötum fyrir sumt láglaunafólk og fólk utan vinnumarkaðar til að sækja um örorkumat. Í skýrslunni er einnig talað um að ástæðurnar fyrir fjölgun öryrkja kunni að liggja enn dýpra, svo sem í þáttum eins og of lágum launum, aukinni vinnuhörku og úrræðaleyfi í endurhæfingarkerfinu.

Öryrkjabandalag Íslands hefur gert fjölmargar athugasemdir við skýrslu Tryggva. Þannig telur bandalagið að umfjöllun um skýringar á fjölgun öryrkja sé lausleg og um of undirlögð af einu sjónarhorni, þ.e. hagfræðilegu sjónarhorni þar sem megináherslan er á miklar freistingar sem tengjast lífeyris- og almannatryggingakerfum. Þetta sjónarhorn feli í sér að kjör öryrkja megi helst aldrei nálgast lægstu laun án þess að samfélagslegur vandi hljóti af.

## Velferðarnefnd ASÍ

Velferðarnefnd ASÍ er vettvangur umfjöllunar um velferðarmál innan sambandsins. Alls hefur nefndin hist fimm sinnum frá því á síðasta ársfundi. Í starfi sínu byggði nefndin á þeirri stefnu sem ASÍ hefur mótað í velferðarmálum síðustu misseri, Velferð fyrir alla. Í ár var áhersla lögð á að Velferðarnefndin starfaði sem bakland fyrir fulltrúa ASÍ í þremur opinberum nefndum: Nefnd



sem falið var að finna leiðir til að auka rétt foreldra á vinnumarkaði til að sinna langveiku barni; nefnd um endurskoðun lyfjalaga; og nefnd um endurskoðun heilbrigðisлага. Hinn 28. apríl 2005 skipaði Velferðarnefndin, að beiðni miðstjórnar, fulltrúa ASÍ til setu í stjórn Öldrunarráðs. Hinn 8. júní stóð nefndin fyrir opnum morgunvarðafundi með Tryggva Þór Herbertssyni um skýrslu hans um fjölgun öryrkja á Íslandi.

Á fundi Velferðarnefndarinnar hinn 2. febrúar 2005 kynnti fulltrúi ASÍ í opinberri nefnd um málefni foreldra langveikra barna væntanlegar tillögur nefndarinnar (sbr. umfjöllun um tryggingamál hér að framan). Í framhaldi af því ræddu fulltrúar í Velferðarnefndinni ýmis álitamál. Þar kom m.a. fram að þar sem fyrirhugaður umönnunarlífeyrir frá Tryggingastofnun til foreldra langveikra barna kæmi fyrst til sögunnar eftir þrjá mánuði þá væri enn talsverður þrýstingur á sjúkrasjóði að styðja við foreldrana fyrstu vikunar eftir að launagreiðslum lýkur. Þess má geta hér að það hefur verið sýn ASÍ að stefna beri að því að stuðningur vegna langveikra barna verði tekjutengdur og grundvallaður á samtryggingu allra landsmanna, fremur en ábyrgð einstakra foreldra, fyrirtækja eða sjúkrasjóða.

Hinn 21. mars 2005 þáðu fulltrúar í Velferðarnefndinni boð lyfjahóps Félag Íslenskra stórkaupmanna (FÍS) um kynningarheimsókn á skrifstofu þeirra. FÍS-menn kynntu lyfjaiðnaðinn frá sjónarhóli íslenskra lyfjaheildsala, fjölluðu um gildi lyfja, lyfjaverð, lyfjakostnað og um umhverfi lyfjaiðnaðar erlendis og á Íslandi. FÍS-menn telja að virk samkeppni ríki milli lyfjaheildsala á Íslandi, þ.e. á milli heildsala innan Lyfjadreifingar (55% markaðshlutdeild), Vistor (39%) og Austurbakka (6%). Þeir hvöttu ASÍ til að standa fyrir þjóðarsátt um heilbrigðismál. ASÍ-menn lýstu yfir áhuga á að tekið yrði upp lyfjakort á Íslandi með hámarksgreiðsluþáttöku einstaklinga.

Á fundi Velferðarnefndarinnar hinn 7. júní 2005 kynnti fulltrúi ASÍ í opinberri nefnd um endurskoðun lyfjalaga vinnuna í nefndinni fram til þessa. Nefndinni er ætlað að leita leiða til að tryggja örugga og skynsamlega notkun lyfja á sem hagkvæmstu verði fyrir landsmenn og hið opinbera. Nefndinni er m.a. ætlað að byggja vinnu sína á skýrslu Ríkisendurskoðunar um lyfjakostnað sem kom út árið 2004. Í framhaldi af kynningu á störfum lyfjanefndarinnar ræddu fulltrúar í Velferðarnefndinni ýmis álitamál. Þar kom m.a. fram að til að tryggja að raunverulegur árangur náist af samkomulagi við heildsala og smásala um lækkun lyfjaverðs þurfa að liggja fyrir upplýsingar um lyfjaverð á öllum stigum fyrir og eftir framkvæmd samkomulags. Þá kom fram að eðlilegt væri að fulltrúar ASÍ, BSRB og Öryrkjabandalags Ísland í nefndinni stilli saman strengi innbyrðis enda ættu þeir svipaðra hagsmuna að gæta.

Hinn 8. október 2003 var skipuð nefnd til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu. Í nefndinni eiga m.a. sæti fulltrúar Umhyggju, Öryrkjabandalags

Íslands, ASÍ, BSRB, SA, Félags íslenskra hjúrunarfræðinga, Læknafélags Íslands, auk opinberra stofnana og stjórnmalaflokka. Hinn 28. apríl kynnti fulltrúi ASÍ í nefndinni stöðuna í þessari vinnu fyrir Velferðarnefnd. Líklegt er að hin opinbera nefnd skili tillögum til heilbrigðisráðherra veturinn 2005-2006. Þegar efni tillagnanna verður gert opinbert er líklegt að Velferðarnefndin efni til einhverskonar umræðu um þær.

## **Annað starf að velferðarmálum**

Við gerð kjarasamninga á almennum markaði vorið 2004 urðu samningsaðilar ásáttir um að endurskoða slysatryggingarákvæði kjarasamninga með það að markmiði að auka tryggingarvernd starfsmanna. Undir lok árs 2004 var vinna við endurskoðun slysatryggingarákvæðanna enn ekki hafin. Á hinn bóginn var búið að færa inn í kjarasamninga SGS 40% raunhækkun á tryggingaupphæðum og 20% raunhækkun hjá öðrum. Þrátt fyrir að tryggingarupphæðirnar höfðu verið hækkaðar var talin full ástæða til að leggjast yfir endurskoðun slysatryggingarákvæðanna – sérstaklega í ljósi þess að í nóvember 2004 sömdu ríki og sveitarfélög við BSRB, BHM og KÍ um mikla hækkun á slysatryggingum og framlagi í styrktarsjóði. Í byrjun desember tilnefndu formenn aðildarsamtaka ASÍ því fulltrúa í vinnuhóp sem falið var að undirbúa kröfugerð gagnvart SA. Í mars 2005 skilaði Vinnuhópurinn af sér sameiginlegri greinargerð með tillögum um úrbætur í slysatryggingarmálum. Greinargerðin hefur verið kynnt fyrir miðstjórn ASÍ og fyrir SA.

ASÍ hefur um árabíl stutt rekstur Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna (RFH) með ákveðnu fjárframlagi. Hinn 31. desember 2004 rann út samkomulag sem gert var árið 2002 um þennan stuðning. Í tilefni af því efndi RFH hinn 18. nóvember sama ár til samráðsfundar með styrktaraðilum sínum. Á fundinum tilkynnti fulltrúi félagsmálaráðuneytis að stefnt væri að því að endurnýja samninginn við sömu aðila í meginatriðum á sömu forsendum og áður. Á fundinum voru einnig kynntar niðurstöður tveggja kannana: Annars vegar á viðhorfum notenda þjónustu RFH; og hins vegar á viðhorfum styrktaraðilanna. Með bréfi dagsettu 23. desember 2004 var ASÍ boðið að taka þátt í næsta samkomulagi um stuðning við rekstur ráðgjafarstofunnar. Hinn 17. febrúar 2005 var svo skrifað undir nýtt samkomulag og var ASÍ aðili að því. Samkomulagið gildir frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2007. Hinn 9. júní var haldinn fyrsti ársfundur RFH eftir undirritun hins nýs samkomulags.



*Barátta gegn félagalegum undirboðum hefur verið fyrirferðarmikil á árinu. 2. maí var verkefninu Einn réttur – ekkert svindl! hleypt af stokkunum í því sambandi.*

## Félags- og vinnumarkaðsmál

Alþýðusambandið og skrifstofa þess vinna árlega að miklum fjölda verkefna er tengjast vinnumarkaðs- og félagsmálum, eðli málsins samkvæmt. Með aðild sinni að stjórnnum Vinnumálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins, Jafnréttisráði og Starfsmenntaráði, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála taka fulltrúar ASÍ virkan þátt í að móta og framkvæma stefnuna á þessu sviði.

Vinnumarkaðurinn einkenndist á tímabilinu af mikilli þenslu vegna verklegra framkvæmda og aukinna umsvifa á öllum sviðum samfélagsins. Samhliða fór í lok tímabilsins að draga verulega úr atvinnuleysi, eins og vonir höfðu staðið til og var atvinnuleysi síðsumars komið niður í 1,8%.

Auk hefðbundinna verkefna má nefna að vorið 2004 hófst endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir sem ASÍ á aðild að. Vinna við þessa endurskoðun var á lokastigi í lok september sl. Þá kalla ný vinnuverndarlög sem samþykkt voru á Alþingi 2003 á mikla vinnu við smíði reglugerða og reglna af ýmsu tagi. Þar ber hæst vinnu við reglugerð um áhættumat og innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum. Umræða um lífeyrismál hefur verið mikil á tímabilinu, bæði á vettvangi ASÍ og í samskiptum við sam-

tök atvinnurekenda, í tengslum við þann vanda sem lífeyrissjóðirnir standa frammi fyrir vegna skuldbindinga sinna við sjóðsfélaga og umfjöllunar um breytingar á réttindaávinnslukerfi sjóðanna. Stefnumótun og eftirlit með framkvæmd EES samningsins er viðvarandi verkefni, þar sem stöðugt eru að bætast við nýjar reglur og ný úrlausnarefni. Þá hefur alþjóðavæðingin og málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði kallað á umræðu og stefnumótun í þessum málaflokki þar sem áhersla Alþýðusambandsins hefur verið á að vernda og treysta þær reglur og hefðir sem mótast hafa í samskiptum á íslenskum vinnumarkaði og treysta réttindi launafólks. Jafnframt hefur ASÍ lagt áherslu á að sett verði löggjöf sem taki á málefnum starfsmannaleiga og starfsemi þeirra hér á landi.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum málaflokkum sem voru til umræðu og unnið var að á vettvangi ASÍ á tímabilinu.

## **Endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir**

Félagsmálaráðherra skipaði nefnd vorið 2004 til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Í erindi ráðherra þar sem óskað var eftir tilnefningum segir m.a.:

*Markmiðið með endurskoðuninni er að bæta stöðu og öryggi fólks í atvinnuleysi, tryggja gæði vinnumarkaðsaðgerða og auka skilvirkni almenn. Nefndinni verður sérstaklega falið að fjalla um stjórnábyrgð og yfirstjórn á málaflokknum. Enn fremur að fjalla um bótarétt, bótatíma, bótaffjárhæð, samræmingu á tryggingavernd og stuðning við fólk utan vinnumarkaðar. Einnig að fara yfir ákvæði laga um vinnumarkaðsaðgerðir og meta árangur þeirra.*

Framangreind markmið eru síðan áréttuð í skipunarbréfi nefndarinnar.

Fulltrúi ASÍ í nefndinni er Grétar Þorsteinsson og Halldór Grönvold til vara. Þá hefur Vinnumarkaðsnefnd ASÍ verið ráðgefandi fyrir fulltrúa ASÍ, auk þess sem miðstjórn hefur reglulega verið kynnt starfið við endurskoðunina.

Fyrir liggur að nefndin mun skila af sér skýrslu um efni málsins og tillögum, en nefndinni hefur ekki verið falið að semja lagafrumvarp um efni málsins.

## **Áherslur ASÍ**

Af hálfu Alþýðusambands var í mars 2003 mótuð stefna í málefnum atvinnulausra. Þar voru sett fram helstu áhersluatriði um:

- a) Hækkun bóta (lágmark sama og lægstu launa) og könnun á tekjutengingu m.v. fyrri laun viðkomandi.

- b) Einfaldari og skilvirkari stjórnýsla í tengslum við atvinnuleysisbótakerfið.
- c) Áhersla á virkar vinnumarkaðsaðgerðir.
- d) Heildarendurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingar og Vinnumarkaðsaðgerðir með það að markmiði að treysta réttindi atvinnulausra og gera kerfi vinnumarkaðsaðgerða betra og skilvirkara.

Framangreind áhersluatriði hafa legið til grundvallar starfi fulltrúa ASÍ í nefndinni um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.

Starf nefndarinnar hefur tekið mun lengri tíma en ráð var fyrir gert í upphafi. Þar hefur hvort tveggja komið til, að verkefnið hefur reynst viðameira og tímafrekara en áætlað var. Nú liggur hins vegar fyrir að búið er að fjalla um öll helstu álitæfni sem til greina koma við endurskoðun laganna, bæði um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir og fer því að draga til tíðinda varðandi starf nefndarinnar og niðurstöður.

Nefndinni er ætlað að skila félagsmálaráðherra skýrslu með áherslum og tillögum en ekki eiginlegu lagafrumvarpi/lagafrumvörpum og er reiknað með að skýrslan verði tilbúin nú í haust. Ekkert liggur fyrir um það nú hvort samstaða verður í nefndinni um tillögur og allt eins víst að svo verði ekki, enda hefur þegar komið í ljós verulegur áherslumunur meðal nefndarmanna. Þetta á einkum við varðandi hækkun á atvinnuleysisbótum og bættu réttarstöðu og möguleika atvinnulausra. Ljóst er að ASÍ mun leggja áherslu á að koma að vinnunni við gerð lagafrumvarpsins/lagafrumvarpanna sem unnin verða á grundvelli skýrslunnar enda slíkt eina tryggingin fyrir því að sjónarmið ASÍ komist að við frumvarpsgerðina sjálfa, þótt ekkert liggi fyrir um að fullt tillit verði tekið til þeirra.

Í sem stystu máli er staðan í vinnu nefndarinnar nú eins og greint er frá hér á eftir (efnisþættir taka mið af umræðu í endurskoðunarnefndinni).

### **Samspil Atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða - fjármögnun**

Af hálfu ASÍ hefur verið lögð áhersla á að skilja eigi á milli fjármögnunar vegna afkomu/tekjutryggingar til atvinnulausra og fjármögnunar vegna vinnumarkaðsaðgerða. Það hefur verið skoðun ASÍ að atvinnuleysistryggingasjóður eigi að vera tryggingasjóður fyrir fólk á vinnumarkaði verði það atvinnulaust, eftir þeim reglum sem um það gilda. Það sé hins vegar verkefni hins opinbera/ríkissjóðs að fjármagna vinnumarkaðsaðgerðir sem hafa að markmiði að styrkja stöðu fólks á vinnumarkaði, óháð því hvort viðkomandi eigi rétt til greiðslna úr atvinnuleysistryggingasjóði eða ekki.

## **Samspil Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnumálastofnunar - stjórnýslan**

Í upphafi starfs nefndarinnar urðu miklar umræður um stjórnýslu varðandi samspil Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnumálastofnunar/vinumarkaðsaðgerða. Þar var margt undir.

- a) Af hálfu fulltrúa stjórnvalda var lögð mikil áhersla á að fækkað yrði úthlutunarnefndum í eina. Helstu rökin fyrir þessum tillögum voru af tvennum toga. Annars vegar að stjórnýslan eins og hún er nú tryggja ekki nægilegt samræmi og þar með jafnræði gagnvart þeim sem sækja þurfa rétt til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hins vegar að um væri að ræða einföldun og sparnað fyrir kerfið. Einnig var bent á að með nýju fyrirkomulagi mætti flýta afgreiðslu mála, þar sem starfsmenn vinnumiðlana fengju í reynd umboð til að afgreiða öll venjuleg mál.

Af hálfu ASÍ var á móti bent á að mikilvægt væri að tryggja nálægð ákvarðana við þann atvinnulausa og að hagsmuna hans væri gætt af fulltrúum stéttarfélaganna.

Engin niðurstaða liggur fyrir í þessu álitamáli og bíður það þess að málefnið in sem undir eru verði gerð upp í heild.

- b) Áhersla hefur verið lögð á sjálfstæði Atvinnuleysistryggingasjóðs frá Vinnumálastofnun og jafnframt að sjóðurinn hafi sérstaka stjórn sem gæti hagsmuna sjóðsins gagnvart framkvæmdaaðilanum — Vinnumálastofnun, sem jafnframt annist gerð þjónustusamnings við stofnunina og eftirlit með framkvæmd hans. Um þetta er ekki ágreiningur.
- c) Þá hefur af hálfu ASÍ verið lögð áhersla á að efla samstarf og framkvæmd varðandi mat á aðstæðum, tillögugerð um vinnumarkaðsaðgerðir og framkvæmd þeirra úti á svæðunum sjálfum. Þannig hefur verið sett fram tillaga um að sérstök Vinnumarkaðsráð svæðanna taki við af svæðisráðunum með mun víðtækara hlutverk og ábyrgð.

Hvað varðar þær hugmyndir sem ræddar hafa verið varðandi stjórnýsluna þá liggja þær og bíða þess hvort sátt næst um aðra þætti málsins.

### **Réttur til greiðslna úr atvinnuleysistryggingasjóði – meginatriðin**

Mikil vinna hefur farið í að fjalla um úthlutunarreglur Atvinnuleysistryggingasjóðs og réttindi til greiðslna úr sjóðnum eins og þau eru samkvæmt núgildandi lögum og í framkvæmd, s.s. eins og varðandi skilgreiningu á hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum, aldursmörk o.fl.. Sú skoðun hefur ekki leitt til þess að komið hafi fram hugmyndir um miklar breytingar. Frekar að skýra þurfi frekar ýmis ákvæði laganna til að gera þau afdráttarlausari og þá gjarnan í ljósi þeirrar framkvæmdar sem þróast hefur.

Sama gildir um þætti eins og biðtíma og viðurlög vegna rangra upplýsinga

eða misnotkunar á sjóðnum, þótt eðlilegt sé talið að gera greinarmun á bið-tímareglum vegna atvinnumissis af eigin ástæðum og hins vegar viðurlaga vegna brota.

Loks hefur verið samstaða um að eðlilegt sé að fólk geti endurnýjað að fullu rétt sinn til greiðslna út Atvinnuleysisstryggingasjóði með þátttöku á vinnumarkaði í tiltekinn tíma, en ekki eins og er í núgildandi lögum, að rétturinn endurnýjast ekki fyrir en viðkomandi hefur tæmt fyrri rétt sinn og síðan áunnið sér hann að nýju.

## **Upphæð atvinnuleysisbóta – bótatímabil**

Af hálfu fulltrúa ASÍ hefur verið lögð áhersla á þá kröfu sambandsins að fullar atvinnuleysisbætur taki mið af/verði í grunninn sem næst lágmarkslaunum fyrir fulla dagvinnu. Þá hefur jafnframt verið sett fram krafa um að skoðuð verði ítarlega tekjutenging atvinnuleysisbóta. Þar verði miðað við að atvinnuleysisbætur verði 80% af tekjum fyrir viðmiðunartímabil með hámarki, sem gæti legið nærri hámarki sem gildir í Ábyrgðasjóði launa. Tekjutengingin vari í ákveðinn tíma en falli síðan niður. Á móti hefur verið fallist á að skoða með styttingu atvinnuleysisbótatímabilsins úr 5 árum í 3-4 ár. Helstu rökin fyrir því eru að eftir svo langan tíma í atvinnuleysi sé ljóst að viðkomandi einstaklingar þurfi sérstaka aðstoð og uppbyggingu til að komast aftur út á vinnumarkað. Þá skipta hér máli þau sjónarmið sem áður hefur verið greint frá varðandi endurnýjun bótatímabils með atvinnuþátttöku.

Um framangreindar áherslur ASÍ hefur komið fram ágreiningur í nefndinni.

## **Áhersla á þjónustu við atvinnulaust fólk – ekki refsingu**

Af hálfu fulltrúa ASÍ hefur verið lögð áhersla á að nýtt fyrirkomulag varðandi atvinnuleysisstryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir eigi að byggja á þjónustu og aðstoð við atvinnulausa við að komast aftur á vinnumarkaðinn og aðstoð í formi virkra vinnumarkaðsúrreka til að treysta stöðu viðkomandi og auka þannig möguleika þeirra á að fá starf við hæfi, þar sem viðkomandi einstaklingar eru meðhöndlaðir með virðingu sem viðskiptavinir.

Lögð er áhersla á að efla upplýsingagjöf þess atvinnulausa um hagi sína menntun, reynslu, áhuga og hæfileika og ráðgjöf svæðisvinnumiðlana, bæði varðandi starfsleit og uppbyggingu viðkomandi. Þarna beri að líta á menntun og þjálfun sem mikilvæg úrræði, fyrir viðkomandi einstakling.

Til að ná þessum markmiðum er lögð áhersla á að draga úr skráningum og stimplunum en nýta þess í stað tíma hins atvinnulausa og starfsmanna vinnumiðlana til leiðbeiningar og ráðgjafarstarfa og byggja upp hæfni á vinnumiðlanum á því sviði. Hér má nefna að nefndin kynnti sér fyrirkomulag mála bæði í Danmörku og Hollandi þar sem framangreindar áherslur eru uppi.



## **Virkar vinnumarkaðsaðgerðir - lykilatriði**

Af hálfu fulltrúa ASÍ hefur verið lögð áhersla á að ný lög um málaflökkinn endurspegli sem best áherslu á mikilvægi virkra vinnumarkaðsaðgerða, í formi uppbyggilegra úrræða, mats á reynslu og áhugasviðum, menntunar og starfsþjálfunar, á forsendum viðkomandi einstaklinga gegna lykilhlutverki. Þannig á markmið kerfisins að vera að efla fólk til virkrar og uppbyggilegrar þátttöku á vinnumarkaði.

Þá hefur fulltrúi ASÍ m.a. bent á að mikilvægt sé að stuðningskerfið á vinnumarkaði grípi inn í strax þegar uppsögn liggur fyrir, ef kostur er. Þannig megi mögulega frekar koma í veg fyrir að viðkomandi verði nokkurn tíma atvinnulausir.

## **Að lokum**

Eins og sagði í upphafi má reikna með að það dragi til tíðinda í vinnu nefndarinnar nú í lok september eða byrjun október.

## **Lífeyrismál**

### **Samkomulag um framkvæmd á hækkun iðgjalds**

Töluverð umræða hefur farið fram á vettvangi Lífeyrisnefndar miðstjórnar ASÍ á þessu starfsári. Tvö málefni voru öðrum meira áberandi í þeirri vinnu, annars vegar aldurstenging ávinnslu lífeyrisréttinda og hins vegar réttarstaða þeirra sjóðsfélaga sem bæði hafa áunnið og munu ávinna sér lífeyrisréttindi í mörgum lífeyrissjóðum vegna hreyfanleikans á vinnumarkaði. Samhliða þessu þurfti nefndin í viðræðum við Samtök atvinnulífsins að útfæra með hvaða hætti hækkun á framlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóði myndi leiða til ávinnslu réttinda.

Til að taka það síðasta fyrst, var samkomulag milli ASÍ og SA undirritað þann 8. desember 2004 um leiðbeiningar gagnvart stjórnnum lífeyrissjóða með hvaða hætti hækkun á framlagi atvinnurekenda kæmi fram. Í samkomulaginu er gengið út frá því að vegna aukinna útgjalda sjóðanna vegna aukinnar örorkubyrði og lengri meðalævi verði stjórnir sjóðanna að grundvalla allar ákvarðanir á tryggingarfræðilegu mati m.v. nýjar áhættuforsendur og hækkað iðgjald. Leiði slík skoðun í ljós að sjóðurinn eigi fyrir skuldbindingum er lagt til að stjórnir bíði með frekari ákvarðanir um breytingar á reglugerðum þar til vinnu á sameiginlegu borði um framtíðarskipan kerfisins líkur. Eigi sjóðurinn, þrátt fyrir hækkað iðgjald, ekki fyrir skuldbindingum og staða sjóðsins stenst ekki ákvæði 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er lagt til að stjórnir grípi til aðhaldsaðgerða á grundvelli tryggingarfræðilegs mats.

Til þess að taka af allan vafa, var í samkomulaginu einnig kveðið skýrt á um að ákvæði í samningi aðila frá 1995 um samhengi skylduaðildar, lág-



markstryggingarverndar, iðgjalds og gjaldhæfis sjóðanna, raski ekki starfsemi þeirra lífeyrissjóða sem falla undir þennan samning, meðan heildarsamtökin vinna að endurskoðun á framtíðarfyrikomulagi lífeyriskerfisins.

Í samkomulaginu er áréttað að ákaflega sterk tryggingarfræðileg rök hnígi að því að tekin verði upp með samræmdum hætti aldurstengd réttindaávinnsla. Jafnframt er það áréttað, að samningsaðilum beri skylda til að þróa „milda“ aðferð við yfirfærslu úr jafnri- í aldurstengda réttindaávinnslu þannig að tryggt sé að einstaklingar glati ekki umtalsverðum réttindum vegna kerfisbreytinganna.

## **Samkomulag milli ASÍ og SA um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði 1. janúar 2005 og framtíðarskipulag lífeyriskerfisins**

*Undanfarið hafa fulltrúar ASÍ og SA átt í viðræðum um lífeyrismál, m.a. um með hvaða hætti eigi að framkvæma hækkun á mótframlagi atvinnurekenda 1. janúar 2005 í þeim lífeyrissjóðum, sem starfa á grundvelli kjarasamnings þessara aðila um lífeyrismál frá 1969 og 1995.*

*Í viðræðum aðila hefur komið fram að mikilvæg rök hníga í þá átt að taka upp aldurstengda réttindaávinnslu og er stefnt að því. Jafnframt eru aðilar sammála um að æskilegt sé að þeir lífeyrissjóðir sem vilja eða þurfa að breyta réttindaávinnslukerfi sínu geti gert það samtímis.*

*Loks hefur verið rætt um ýmis kerfislæg vandamál sem lífeyrissjóðir eiga við að glíma, m.a. vegna aukinnar örorkubyrði. Hafa tryggingarstærðfræðingar upplýst samningsaðila um það í viðræðunum að óhjákvæmilegt sé að lífeyrissjóðir taki í notkun nýjar töflur um auknar ævi- og örorkulíkur. Báðir þessir þættir munu leiða til aukinna útgjalda hjá sjóðunum vegna þeirra réttinda sem núverandi samþykktir þeirra kveða á um.*

*Nánar hafa samningsaðilar orðið ásáttir um eftirfarandi:*

### **I. Ráðstöfun á 1% viðbótarframlagi atvinnurekenda**

*Í kjarasamningum aðildarsambanda og -félaga ASÍ við Samtök atvinnulífsins sem lokið er á þessu ári hefur verið samið um hækkun á mótframlagi atvinnurekenda í samtryggingarlífeyrissjóði úr 6 í 7%. Samhliða þessari hækkun fellur niður greiðsluskýlda atvinnurekenda á að lágmarki 1% í séreignarlífeyrisþarnað. Ljóst er að þessi breyting kemur að sjóðunum sem launahækkun sjóðfélaga og eykur útreiknaðar framtíðarskuldbindingar jafnávinnslusjóða, miðað við óbreyttar samþykktir.*

*Ef uppgjör lífeyrissjóða í árslok 2004, að teknu tillit til breyttra tryggingarfræðilegra forsendna vegna nýrra taflna um ævilengd og örorkulíkur, sýna að viðkomandi sjóður eigi fyrir skuldbindingum er það tillaga samningsaðila*

*að stjórnir viðkomandi sjóða bíði með allar breytingar á samþykktum þangað til endanleg niðurstaða liggur fyrir um framtíðarfyrirkomulag réttindaávinnslnunnar.*

*Ef slíkt uppgjör sýnir að viðkomandi sjóður eigi ekki fyrir skuldbindingum og staða sjóðsins stangist á við ákvæði 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða, er það tillaga samningsaðila að stjórnir viðkomandi sjóða grundvalli aðhaldsaðgerðir sínar á tryggingarfræðilegu mati.*

## **II. Réttindaávinnsla og framtíðarskipulag lífeyriskerfisins**

*Mikilvægt er að samningsaðilar nái samkomulagi um nauðsynlegar breytingar á framtíðarskipulagi lífeyriskerfisins, sérstaklega hvernig fyrirkomulagi réttindaávinnslu sjóðsfélaga verði hagað þannig að sjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðsfélögum.*

*Með viðræðunum er stefnt að því að tekin verði upp aldurstengd réttindaávinnsla og að þeir lífeyrissjóðir sem vilja eða þurfa að breyta réttindaávinnslukerfi sínu geti gert það samtímis. Í þessu sambandi hefur verið unnið að því að þróa „milda“ aðferð við yfirfærslu úr jafnri- í aldurstengda réttindaávinnslu. Er stefnt að því að samningsaðilar geti tekið afstöðu til aðferðar við yfirfærslu sem fyrst og eigi síðar 1. maí 2005. Með þeim hætti geta lífeyrissjóðir tekið ákvarðanir byggðar á samkomulaginu strax í vor. Tengt þessu stefna samningsaðilar að því að staðfesta samkomulag milli sjóða um meðferð iðgjalda fólks sem flyst á milli sjóða, meðan á yfirfærslutímabili stendur.*

*Samningsaðilar eru jafnframt sammála um að framtíð lífeyriskerfisins í heild sinni, þ.m.t. breyttar forsendur um lífaldur og örorkubyrði lífeyrissjóðanna, geri mikilvægara en nokkru sinni fyrr að taka upp viðræður við stjórnvöld með það að markmiði að finna framtíðarfyrirkomulag þessara mála.*

*Samningsaðilar eru sammála um að ákvæði 1., 2. og 3. greinar samkomulags aðila frá 1995 um samhengi skylduaðildar, lágmarkstryggingarverndar, iðgjalds og gjaldhæfis sjóðanna muni ekki raska starfsemi þeirra lífeyrissjóða sem falla undir þennan samning meðan samningsaðilar vinna að endurskoðun á framtíðarfyrirkomulagi lífeyriskerfisins.*

Reykjavík, 8. desember 2004.

## **Viðræður um nýja samskiptareglu**

Á heils dags fundi Lífeyrisnefndar ASÍ í byrjun febrúar 2005 var farið í saumana á því hvaða valkostum hreyfingin stæði frammi fyrir vegna framtíðarþróunar lífeyrisréttinda og helstu tryggingarþátta. Á fundinum var dregin sú meginniðurstaða að leggja beri til, bæði við miðstjórn ASÍ og aðildarsamtökin, að óhjákvæmilegt sé að taka upp aldurstengingu lífeyrisréttinda. Þróun í

aldurssamsetningu þjóðarinnar auk ákvarðana sem einstakir lífeyrissjóðir hafa þegar tekið, valdi því að óhjákvæmilegt sé að þróa allt lífeyriskerfið yfir í samræmdan ávinnsalurétt. Að öðrum kosti munu félagsmenn okkar standa frammi fyrir það miklum sveiflum í ávinnslu réttinda að ekki verði hægt að tala um „samræmt lífeyriskerfi“ á Íslandi. Jafnframt var full samstaða í nefndinni um að þessi leið væri skilyrt því að fundin yrði haldbær leið til þess að koma í veg fyrir að félagsmenn glati umtalsverðum réttindum hafi þeir áunnið eða munu ávinna sér réttindi í fleiri en einum sjóði. Ástæðan fyrir þessari skoðun er að bæði í gildandi samskiptareglum, kjarasamningi aðila og lögunum frá 1997, eru skýr ákvæði um að ekki eigi að skipta máli hvort einstaklingur eigi lífeyrisréttindi í einum eða fleiri sjóðum.

Vegna mismunandi tryggingarfræðilegrar stöðu einstakra sjóða var ljóst að ekki yrði auðvelt að finna slíka leið. Jafnframt var ljóst að mjög skiptar skoðanir voru meðal einstakra landssambanda innan ASÍ um hvaða leið ætti að fara við að ná þessu markmiði. Hins vegar var enginn skoðanamunur á því að slíka leið yrði að finna. Eftir talsverðar þreifingar og umræður tókst nefndinni að ná samstöðu á fundi sínum um miðjan ágúst, sem fól í sér einskonar málamiðlun milli ríkjandi sjónarmiða. Fengu landssamböndin síðan frest til miðs september til þess að lýsa skoðun sinni á þessari tillögu og hafa þau öll samþykkt hana sem tillögu að nýjum grundvelli fyrir samskiptareglu milli lífeyrissjóða og í versta falli að einstakir sjóðsfélagar sem standa frammi fyrir miklum réttindamissi geti vikið sér undan skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóði. Í ljósi þessarar niðurstöðu er stefnt að því að festa þetta í samkomulagi við Samtök atvinnulífsins, þannig að hægt verði að ganga frá nýrri samskiptareglu milli lífeyrissjóðanna.

### ***Drög að tillögu Lífeyrisnefndar ASÍ að ákvæðum um tilhögun réttinda við breytingar réttindaávinnslu yfir í aldurstengd réttindi***

*Þeir lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ og SA sem breyta úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda ávinnslu skulu veita sjóðsfélögum sem flytjast milli sjóða og greitt hafa iðgjöld í full 7 ár til lífeyrissjóðs eða lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með jafna réttindaávinnslu, rétt til þess að greiða iðgjöld til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs m.v. þær reglur sem gilda í viðkomandi sjóði. Þetta ákvæði á þó ekki við um sjóðsfélaga, sem þegar hafa fengið umtalsverða leiðréttingu á lífeyrisréttindum sínum með afturvirkum hætti vegna breytinga yfir í aldurstengda ávinnslu í öðrum lífeyrissjóði.*

*Skipti einstaklingur sem öðlast hefur rétt til greiðslu viðmiðunariðgjalds til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs í tilteknum sjóði um starfsvettvang, þannig að hann færirst milli starfstengdra lífeyrissjóða, skal sjóður sem við honum tekur og gert hefur samkomulag um gagnkvæma skiptingu réttinda,*

veita honum rétt til greiðslu sama viðmiðunariðgjalds til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs með sömu réttindum og aðrir sjóðsfélagar í þeim sjóði.

Standi einstaklingur sem öðlast hefur rétt til greiðslu viðmiðunariðgjalds til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs í tilteknum sjóði og skiptir um starfsvettvang, þannig að hann færast milli starfstengdra lífeyrissjóða, frammi fyrir því að glata umtalsverðum réttindum við að færast til sjóðs sem veitir honum einungis aldurstengd réttindi, öðlast hann rétt til þess að greiða áfram lífeyrисиðgjöld til þess sjóðs sem hann hefur verið hjá til starfsloka, óháð þeirri starfsgrein sem hann tilheyrir á hverjum tíma.

Komi til ágreinings milli sjóðsfélaga og viðkomandi lífeyrissjóðs varðandi fyrirkomulag réttinda við greiðslu iðgjalda til stigadeildar vegna umbreytingar kerfisins, getur sjóðsfélagi skotið slíkum ágreiningi til sérstakrar úrskurðarnefndar lífeyrismála, sem samningaáðilar munu setja á laggirnar. Samningsáðilar munu setja sérstakar starfsreglur um skipan og starfsemi þessarar nefndar og skulu hafa um það samráð við stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða.

### **Fundur með ríkisstjórn um örorkubyrði lífeyrissjóðanna**

Í kjölfar heils dags vinnufundar Lífeyrisnefndar ASÍ í byrjun febrúar, var m.a. lögð rík áhersla á að hefja þá þegar viðræður við stjórnvöld um mikinn vanda almenna lífeyriskerfisins vegna vaxandi örorkubyrði. Í umræðu nefndarinnar var lögð áhersla á tvennt sem leggja yrði til grundvallar. Annars vegar verði að finna leiðir til þess að jafna byrðinni vegna örorku með réttlátari hætti en nú er, það gæti ekki talist viðunandi að örorkubyrði væri fjármögnuð með skerðingu eftirlaunaréttinda sumra landsmanna og því yrði ríkissjóður að koma til með myndarlegum hætti og dreifa þessari byrði á alla landsmenn. Hins vegar ætti við slíkar viðræður að leggja mikla áherslu á að ríkið yfirtæki fjárhagslega byrði vegna þessa, til þess að gera sjóðunum kleift að hækka eftirlaunaþáttinn til að stuðla að jöfnun lífeyrisréttinda landsmanna.

Í kjölfar þessa fundar áttu forseti ASÍ og framkvæmdastjóri fund með formanni og framkvæmdastjóra SA um málið og var ákveðið að óska sameiginlega eftir fundi með ríkisstjórninni í kjölfarið. Nokkuð dróst að fá slíkan fund, en hann var ekki haldinn fyrr en 13. júní sama ár. Á þeim fundi kynntu áðilar þá sýn sína að ríkissjóður yfirtæki byrðina vegna örorku og voru viðbrögð við því fremur dræm. Forsætisráðherra útilokaði ekki að eftir því sem ríkissjóður spari fjármuni vegna tekjutengingar almennra lífeyrisgreiðslna við bætur almannatrygginga gæti verið hægt að finna leið til að nýta þá fjármuni til að draga úr byrði sjóðanna. En kröfu um að ríkið yfirtæki byrðina var hafnað. Skömmu fyrir fundinn kynnti Hagfræðistofnun skýrslu sína „Fjölgun öryrkja

á Íslandi“ og þrátt fyrir skiptar skoðanir um efnistöð og umfjöllun voru aðilar sammála um mikilvægi þess að sest verði að málinu.

Í lok fundar var ákveðið að reyna að setja vinnu í gang að afloknum sumrarfríum til að kortleggja umfang þessa vanda. Við frágang á skýrslu forseta hafði slík vinna ekki farið í gang, en ljóst að leggja verður verulegan þrýsting á málið á næstu vikum.

## **Jafnréttis- og fjölskyldumál**

Jafnréttis- og fjölskyldumál eru einn af þeim málaflökum sem tengjast flestum þáttum í starfi Alþýðusambandsins með beinum eða óbeinum hætti. ASÍ hefur mótað sér sérstaka stefnu í þessum málaflökki, sem síðast var endurskoðuð á ársfundi sambandsins 2001 og sem vísað hefur veginn í starfsemi sambandsins á þessi sviði síðan.

Að þessu sinni voru það einkum þrjú mál tengd jafnréttis- og fjölskyldumálunum sem Alþýðusambandið lét sérstaklega til sín taka, lögin um fæðingar- og foreldraorlof og framkvæmd þeirra, alþjóðlegur baráttudagur kvenna, 8. mars og launajafnrétti, í tengslum við undirbúning ársfundar ASÍ 2005. Þá ber að geta þess að á tímabilinu var ráðinn nýr jafnréttisfulltrúi á skrifstofu ASÍ sem hefur það sem sitt megin verkefni að efla þennan málaflökk í starfi Alþýðusambandsins.

### **Lögin um fæðingar- og foreldraorlof**

Eins og áður var mikil leitað til Alþýðusambandsins vegna framkvæmdar laganna um fæðingar- og foreldraorlof og túlkunar á einstökum ákvæðum laganna. Af því tilefni var upplýsingarit ASÍ um lögin tekið til ítarlegrar endurskoðunar og gefið út að henni lokinni, auk þess sem ritið var birt í heild sinni á vef ASÍ.

### ***Orlof í fæðingarorlofi***

Sú framkvæmd fæðingarorlofssjóðs, að greiða ekki orlof ofan á fæðingarorlof, hefur ítrekað verið til umræðu á vettvangi Alþýðusambandsins síðustu misseri.

Málið var til umfjöllunar árið 2003 á Alþingi og síðan í Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála á grundvelli erindis sem nefndinni barst vegna framkvæmdar mála. Í framhaldi af neikvæðri niðurstöðu ákvað miðstjórn ASÍ að höfða viðurkenningarmál gegn Tryggingarstofnun til breytingar á framkvæmdinni. Málið var höfðað 21. janúar 2004 og dómur kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 23. september. Dómurinn féllst ekki á kröfu ASÍ og sýknaði Tryggingastofnun. Að athuguðu máli ákvað miðstjórn að áfrýja málinu ekki til Hæstaréttar.

Þá ber að geta þess að í tengslum við breytingar sem gerðar voru á lögum

um um fæðingar- og foreldraorlof vorið 2004 lagði Alþýðusambandið „ríka áherslu á að tækifærið sem nú gefst, við endurskoðun laga um fæðingar- og foreldraorlof, verði notað til að taka af öllum tvímæli um að foreldrar sem eiga aðild að Alþýðusambandi Íslands fái greidd orlofslaun samkvæmt 7. gr. laga um orlof nr. 30/1987 vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslu úr sjóðnum skv. 2. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof.“ Eins og segir í umsögn ASÍ um frumvarpið 19. maí 2004. Við þessum ábendingum ASÍ var ekki orðið.

Það er afdráttarlaus krafa ASÍ að úr þessu óréttlæti verði bætt.

## **Fæðingarorlofslögin og framkvæmd þeirra**

Auk þess sem að framan greinir hefur á vettvangi ASÍ verið lagt mat á efni núgildandi laga og framkvæmd þeirra. Fyrir liggur að lögin hafa í öllum meginatriðum skilað því sem vænta mátti og rúmlega það. Jafnframt hefur af hálfu fulltrúa ASÍ verið bent á ákveðna vankanta sem bæta þarf úr varðandi lögin sjálf og framkvæmd þeirra, auk þess sem nefnt er hér að ofan varðandi mismununina er snertir ávinnslu orlofsréttinda.

Hvað varðar efni laganna er einkum tvennt sem kallar á lagfæringar, auk orlofsmálsins:

Mikilvægt er að auka sveigjanleika varðandi ákvörðun um rétt til greiðslu fæðingarorlofs, þannig að m.a. sé tekið ríkara tillit til þess ef væntanlegir foreldrar eru af viðurkenndum ástæðum utan vinnumarkaðar um styttri tíma á síðustu 6 mánuðum fyrir fæðingu barns. Sama gildir varðandi gólfíð sem miðar við a.m.k. 25% starfshlutfall á vinnumarkaði, alla 6 viðmiðunarmánuðina.

Þá er ljóst að sú breyting sem gerð var á lögnum og kom til framkvæmda 1. janúar 2005, að reikna greiðslur í fæðingarorlofi út frá tveimur síðustu heilu tekjuárum/almanaksárum, er mjög ósanngjörn og krefst endurskoðunar. Þetta á bæði við, varðandi almenn áhrif breytingarinnar til lækkunar á greiðslum í fæðingarorlofi og skerðingaráhrif gagnvart einstökum hópum, s.s. foreldrum sem hafa verið í fæðingarorlofi á tímabilinu og foreldrum sem hafa verið utan vinnumarkaðar hluta tímans af öðrum ástæðum. Þá mismunar reglan mjög foreldrum eftir því hvenær árs barn fæðist.

Hvað varðar framkvæmd laganna hafa eftirfarandi atriði einkum komið upp á borðið, sem öll snerta viðhorf einstakra atvinnurekenda til laganna og þeirra réttinda sem launafólk á að njóta samkvæmt þeim. Það eru einkum þrenns konar tilfelli sem komið hafa upp og sem nauðsynlegt er að koma í veg fyrir:

Komið hafa upp dæmi um að atvinnurekendur hafi alfarið hafnað rétti starfsmanna til fæðingarorlofs og er mál framkvæmdastjóra KEA vorið 2005 þekktasta dæmið um það.

Í annan stað eru þekkt dæmi um að atvinnurekendur hafi neitað starfsmönnum um að taka fæðingarorlofið á þeim tíma sem þeir áttu rétt til, eða með þvingunum látið þá taka fæðingarorlofið með öðrum hætti en þeir ætluðu sér og lögin heimiluðu.

Í þriðja lagi eru síðan dæmi um að atvinnurekendur hafi ekki virt samráðsskyldu sína þegar starfsmenn hafa óskað eftir sveigjanlegri orlofstöku.

Framangreind dæmi sýna, að nauðsynlegt er að treysta lögin enn frekar og fylgja framkvæmdinni eftir þannig að starfsmenn njóti sannanlega þeirra réttinda sem lögin kveða á um.

Þá liggur fyrir að enn skortir mikið á að ákvæði laganna um áhættumat vegna þungaðra kvenna og aðgerðir í framhaldi af þeim séu virk í framkvæmd. Af hálfu ASÍ er í undirbúningi sérstakt átak til að kynna þennan þátt fæðingarorlofslaganna frekar.

## **8. mars – alþjóðlegur baráttudagur kvenna**

Árið 2002 hafði ASÍ frumkvæði að því að taka upp samstarf helstu samtaka launafólks og annarra aðila sem hafa sérstaklega látið sig jafnréttismál varða. Þá stóðu þessir aðilar að sameiginlegu ávarpi á 8. mars, auk þess sem þeir stóðu fyrir opnum fundi þar sem fjallað var um jafnréttismál og mikilvægi vinnuframlags kvenna.

Frá þeim tíma hafa samtök launafólks og samstarfsaðilar staðið fyrir fundi í tengslum við 8. mars. Árið 2005 var yfirskrift fundarins *Jafnrétti á vinnumarkaði – ábyrgð atvinnurekenda*. Fulltrúi Jafnréttisstofu flutti erindi sem bar yfirskriftina *Jafnrétti á vinnumarkaði. Hver er ábyrgð atvinnurekenda?* Þá fjallaði Linda Rut Benediktsdóttir, sérfræðingur hjá IMG um *Fjölskyldustefnu – jafnréttisáætlun í framkvæmd*. Loks leituðu Hildur Jónsdóttir, jafnréttisráðgjafi Reykjavíkurborgar, Jakobína Þórðardóttir, varaformaður St.Rv. og Sigríður Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félags háskólakennara svara við spurningunni *Leiðir starfsmat til launajafnréttis?*

## **Málefni foreldra langveikra barna**

Félagsmálaráðherra skipaði nefnd þann 29. janúar 2001 sem hafði það hlutverk að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu og rétt til sjúkradagpeninga vegna langvarandi veikinda barns. Þórunn Sveinbjörnsdóttir varaformaður Eflingar, var fulltrúi Alþýðusambands Íslands.

Nefndin starfaði með hléum til vors 2005 þegar hún skilaði af sér skýrslu ásamt tillögum. Fjallað var um störf nefndarinnar á nokkrum fundum miðstjórnar ASÍ, þar sem Þórunn gerði grein fyrir gangi mála og voru niðurstöðurnar bornar undir miðstjórn og þær samþykktar áður en endanlega var gengið frá þeim í nefndinni.



Í skýrslunni kemur fram að tillögur nefndarinnar miði að því að foreldrar geti verið virkir á vinnumarkaði þrátt fyrir veikindi barna þeirra þannig að koma megi í veg fyrir að þeir missi tengslin við vinnumarkaðinn. Er þess vegna talið mjög mikilvægt að foreldrar geti leitað til sjúkra- og styrktasjóða stéttarfélaga sinna á fyrstu mánuðunum. Nefndin telur enn fremur þýðingarmikið að starfsmenn mæti skilningi á vinnustað þegar börn veikjast alvarlega eða greinast fötluð. Tillögur nefndarinnar eru meðal annars byggðar á niðurstöðum könnunarinnar um aðstæður fjölskyldna langveikra barna. Samkvæmt þeim voru þeir foreldrar sem lögðu niður störf í kjölfar veikinda barnanna að meðaltali sex mánuði frá vinnu. Á þetta bæði við um mæður og feður. Hins vegar benda niðurstöður könnunarinnar til þess að veikindi barna virðast koma verr niður á atvinnuþátttöku mæðra en feðra. Má því leiða að því líkum að tillögur nefndarinnar komi til með að hafa meiri áhrif á stöðu mæðra langveikra eða fatlaðra barna heldur en feður þeirra. Þó standa vonir til að tillögurnar hafi einnig jákvæð áhrif á stöðu feðranna í þessu sambandi, þannig að foreldrar sjái sér frekar fært að skipta með sér umönnun barna sinna.

Tillögur nefndarinnar voru sem hér segir:

*Nefndin telur mikilvægt að foreldrar langveikra barna haldi tengslum við vinnumarkaðinn þrátt fyrir að þeir þurfi að leggja tímabundið niður störf vegna veikinda barna sinna. Tillögur nefndarinnar miðast því að því að bæði ríkið og sjúkra- og styrktasjóðir stéttarfélaga komi til móts við aðstæður foreldra langveikra og fatlaðra barna.*

*Nefndin leggur til að framlag ríkisins komi fram í greiðslum til foreldra langveikra barna í **allt að þrjá mánuði** sem ætlað er að komi til móts við sannanlegt tekjutap þeirra. Hið sama ætti við um foreldra fatlaðra barna þegar þau greinast með alvarlega fötlun. Lagt er til að greiðslurnar nemi um 90.000 kr. á mánuði. Til hliðsjónar voru hafðar fullar umönnunargreiðslur (87.970 kr.) og lágmarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði fyrir 50-100% starf (92.100 kr.). Við innleiðingu á tillögum nefndarinnar er lagt til að kerfið taki gildi í áföngum á þremur árum. Þannig er gert ráð fyrir einum mánuði á fyrsta árinu, tveimur mánuðum á öðru ári og á þriðja árinu kemur það að fullu til framkvæmda.*

*Enn fremur er lagt til að þegar barn veikist mjög alvarlega eða greinist með mjög alvarlega fötlun, þannig að ljóst þyki að annað foreldrið geti ekki stundað vinnu í lengri tíma, eigi foreldri barnsins rétt til greiðslna í **allt að 9 mánuði** sem ætlaðar væru til að koma til móts við sannanlegt launatap þess. Lagt er til að greiðslurnar nemi um 90.000 kr. á mánuði. Lagt er til að kerfið taki gildi í áföngum þannig að fyrstu þrjú mánuðirnir komi þegar til fram-*



kvæmda á fyrsta árinu. Ári síðar bætast þrír mánuðir við og á þriðja árinu verður rétturinn nýu mánuðir.

Skilyrði fyrir framangreindum greiðslum yrði að foreldri legði tímabundið niður launað starf á sama tíma en gert er ráð fyrir að um sameiginlegan rétt foreldra sé að ræða sem þeir geti skipt milli sín að eigin vild. Miðað er við að foreldri sem nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eigi ekki á sama tíma rétt á þeim greiðslum sem lagðar eru til en hvoru tveggja er ætlað að bæta launamissi. Mikilvægt er að faglegt, þ.e. læknisfræðilegt, félagslegt og fjárhagslegt mat fari fram við ákvörðun um rétt foreldris. Áhersla er lögð á að greiðsla laumatengdra gjalda verði skoðuð og höfð í samræmi við aðrar sambærilegar greiðslur. Enn fremur er mikilvægt að foreldrar haldi áfram uppsöfnun tiltekinnna réttinda, svo sem lífeyrisréttinda, en gert er ráð fyrir að foreldrar eigi þess kost að greiða áfram til stéttarféлага. Þá gerir nefndin ráð fyrir því að fjárhæð greiðslnanna komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Nánari útfærsla á tilögum nefndarinnar skal útfærð í lagafrumvarpi.

Jafnframt telur nefndin mikilvægt að **sjúkra- og styrktasjóðir stéttarféлага** tryggi félagsmönnum sínum rétt til greiðslna í **a.m.k. þrjá mánuði** vegna veikinda barna þeirra. Gerir nefndin ráð fyrir að foreldrar nýti rétt sinn hjá sjúkrasjóðnum a.m.k. fyrstu þrjá mánuðina af veikindum barnsins en síðan taki við þær greiðslur sem lagt er til að ríki greiði til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna. Það kæmi þó ekki í veg fyrir að sjúkrasjóðir stéttarfélaganna inntu áfram af hendi greiðslur til foreldra, t.d. mismun greiðslnanna sem foreldri ætti rétt á frá ríkinu og tiltekins hlutfalls tekna.

Þá er lagt til að foreldrum verði gert kleift að nýta sér foreldraorlof skv. lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, fram til að börnin verði 18 ára vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar barns.

Síðast en ekki síst leggur nefndin til að kerfið um umönnunargreiðslur skv. lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, verði tekið til endurskoðunar með það að markmiði að skýra reglur um aðstoð til foreldra langveikra og fatlaðra barna vegna útlagðs kostnaðar í tengslum við veikindi/fötlunar barnanna.

Við endanlegan frágang málsins lét fulltrúi ASÍ bóka eftirfarandi:

Nú þegar kemur að því að nefndin ljúki störfum vil ég sem fulltrúi ASÍ láta eftirfarandi koma fram: Þessi niðurstaða sem nefndin er nú að skila af sér er mikilvægur áfangi á lengri leið til að tryggja stöðu foreldra langveikra barna þannig að ásætlanlegt sé.

Það er hinsvegar mikilvægt að fram komi að þetta er áfangi á lengri leið þar sem sumir foreldrar þurfa að vera frá vinnumarkaði mun lengur en þessar niðurstöður ná til.

## **Stefna ASÍ í jafnrétti kvenna og karla**

Unnið hefur verið að stefnu ASÍ í jafnrétti kvenna og karla sem lögð verður fram á ársfundi ASÍ 2005. Eitt af hlutverkum verkalýðshreyfingarinnar er að fylgja eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Til þess að ná fram þeim markmiðum þarf m.a. að efla og styrkja samstarf við önnur samtök launafólks og alla aðra aðila vinnumarkaðarins. Einnig þarf verkalýðshreyfingin að leita samstarfs við önnur hagsmuna- og félagasamtök sem vinna að jafnrétti kvenna og karla.

### **24. október – Kvennafrídagurinn**

Jafnréttisfulltrúi ASÍ hefur tekið þátt í undirbúningi baráttufundar 24. október 2005 þar sem þess verður minnst að 30 ár eru frá Kvennafrídeginum 1975. Að undirbúningnum koma fulltrúar annarra samtaka launafólks, auk fulltrúa fjölmargra kvennasamtaka. Minnst á kvennafrísins með barátturæðum, menningardagskrá og fleiru. Þess fyrir utan munu fulltrúar samtaka launafólks hvetja konur til að nýta daginn sérstaklega til umræðna á vinnustaðnum um jafnrétti kvenna og karla og halda upp á daginn á sem fjölbreyttastan hátt.

### **Önnur störf jafnréttisfulltrúa**

Vinna þarf markvisst með aðildarsamtökum ASÍ að því að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla. Fræðsla um jafnrétti kvenna og karla er nauðsynleg og ekki síst að ná til ungra kvenna og karla innan verkalýðshreyfingarinnar. Unnið er að því að byggja upp tengslanet þeirra er málið varðar og nálgast alla hópa kvenna innan verkalýðshreyfingarinnar.

Þar má nefna að myndaður hefur verið vinnuhópur kvenna frá fjölmörgum kvennasamtökum og aðildarfélagi ASÍ þar sem fjallað er um hvernig hægt er m.a. að auka þátttöku kvenna af erlendum uppruna í starfi verkalýðshreyfingarinnar.

### **Vinnuvernd**

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa stöðugt mikilvægara hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og almenna líðan. Um leið liggur fyrir, að áherslur á þessu sviði hafa tekið breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem tengjast grundvallarþáttum varðandi öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Á undanförunum árum hefur athyglin í vaxandi mæli einnig beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum á vinnustað.

Í aðdraganda ársfundar ASÍ 2004 var á grundvelli þeirrar sýnar sem hér

hefur verið sett fram, ákveðið var að ársfundurinn fjallaði sérstaklega um „líf-ið í vinnunni\_ og með hvaða hætti mætti auka lífsgæði fólks tengd vinnunni, skipulagi hennar og samfélaginu á vinnustaðnum. Á ársfundinum 2004 var síðan ákveðið að halda áfram með málið og taka það aftur fyrir á árinu 2005.

Ný vinnuverndarlög sem samþykkt voru á Alþingi í mars 2003 endurspeglar nýja hugsun í vinnuverndarmálum. Í lögum er mikil áhersla lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir með áhættumati á vinnustað og áætlunum um heilsuvernd starfsmanna, þar sem ábyrgð og skyldur atvinnurekenda eru settar fram með skýrum hætti. Þá eru komin inn mikilvæg ákvæði er varða félagslega og sálræna þætti vinnuumhverfis og vinnuverndar, þar sem sérstaklega er tekið á einelti á vinnustað og varnir gegn því. Þessi atriði skipta mestu um vinnuverndarstarf á vinnustöðum og hagsmuni launafólks.

Breytingarnar byggja flestar á skuldbindingum vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og hafa verið lengi í undirbúningi. Í þeim er einnig í veigamiklum atriðum tekið tillit til gagnrýni og ábendinga sem ASÍ hafði sett fram á fyrri lög og framkvæmd þeirra.

### **Nýjum vinnuverndarlögum fylgt eftir**

Fyrir liggur að ný vinnuverndarlög eru mikilvægt verkfæri til að efla vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og bæta vinnuáðstæður og skipulag vinnunnar. Það er hins vegar mikið starf framundan við að hringja efni þeirra í framkvæmd.

Þannig liggur fyrir að setja þarf nokkurn fjölda reglugerða og reglna um nánari útfærslu og framkvæmd einstakra þátta laganna. Þetta gildir m.a. um áætlanir á vinnustað um áhættumat og heilsuvernd starfsmanna og sérstakar aðgerðir gegn vinnustreitu og einelti á vinnustað.

Á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins hefur starfið síðustu misserin mjög mótast af nýjum vinnuverndarlögum og þeim verkefnum sem þau setja Vinnueftirlitinu og stjórn þess. Nú um nokkurn tíma hefur verið unnið að reglugerð um heilsuvernd á vinnustað, þar sem framkvæmd vinnuverndarlaganna er varðar áhættumat og skipulagt heilsuverndarstarf á vinnustað er útfærð nánar. Þess er vænst að þessari vinnu ljúki í haust. Þá hefur félagsmálaráðherra, að tillögu stjórnarinnar, sett reglugerð vegna eineltis á vinnustað. Þá hefur verið unnið að gerð nokkurra sértækra reglna, m.a. um titring og hávaða. Unnið hefur verið að verklagsreglum vegna vinnuvélaréttinda erlendra starfsmanna á vinnumarkaði. Loks má nefna að á vettvangi stjórnar VER var ákveðið að standa fyrir umræðu um lífsýnatökur og eftirlit með starfsmönnum og mögulegar reglur í þessum efnunum og var haldið málþing um þetta efni s.l. vetur.

Þá flutti fulltrúi ASÍ í stjórn VER svohljóðandi tillögu um átak til eflingar vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum í byrjun september 2005:

*Lagt er til að stjórn Vinnueftirlits ríkisins skipuleggi í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins sérstakt átak sem ætlað er að efla vinnuverndarstarf í fyrirtækjum. Stefnt verði að því að átakið hefjist í nóvember nk. og standi í eitt ár.*

*Markmið átaksins verða að:*

- 1. Vekja umræðu og auka skilning stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja á mikilvægi og jákvæðri þýðingu skipulags og öflugs vinnuverndarstarfs innan fyrirtækja.*
- 2. Hvetja til og stuðla með kerfisbundnum hætti að kosningu öryggistrúnaðarmanna og skipun öryggisvarða, sem forsendu öflugs vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum.*
- 3. Endurmeta og efla aðstoð og stuðning Vinnueftirlitsins og aðila vinnu- markaðarins við öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði (öryggisnefndir) í starfi þeirra úti á vinnustöðunum.*

Tillögunni fylgdi greinargerð þar sem tillagan var rökstudd og lagt upp með hvernig mætti hrinda henni í framkvæmd. Stjórn VER samþykkti tillögun og er nú unnið að því að hrinda henni í framkvæmd.

### **Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd**

Alþýðusamband Íslands fékk aðild að ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd á seinni hluta árs 2004 og sótti fulltrúi sambandsins fyrsta fund nefndarinnar í maí 2005, ásamt fulltrúum frá Vinnueftirlitinu og Samtökum atvinnulífsins.

Ráðgjafarnefndin á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1956 þegar ráðherraráð Evrópusambandsins ákvað að setja á stofn nefnd vegna öryggis í námavinnslu. Árið 1974 ákvað ráðherraráðið síðan að setja á fót Advisory Committee on Safety, Hygiene and Health Protection at Work. Með ákvörðun ráðherraráðsins frá 22. júlí 2003 var ákveðið að breyta nokkuð starfsháttum og viðfangsefnum nefndarinnar.

Nefndin er þríhliða, skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila, stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks í aðildarríkjunum, auk fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að aðstoða framkvæmdastjórn ESB við að undirbúa, hrinda í framkvæmd og meta starfsemi á sviði vinnuverndar. Allar væntanlegar aðgerðar og ákvarðanir Evrópusambandsins á sviði vinnuverndar eru lagðar fyrir nefndina til umfjöllunar, auk þess sem nefndin getur sjálf haft frumkvæði að aðgerðum og komið því á framfæri við framkvæmdastjórnina. Þá veitir nefndin ráðgjöf, fjallar um innleiðingu aðgerða og fylgir þeim eftir og metur árangur þeirra.

EFTA/EES ríkin (Ísland, Noregur og Lichtenstein) óskuðu eftir að fá sæti

í nefndinni sem áheyrnarfulltrúar og var það samþykkt af hálfu ESB. Hvað varðar Ísland tók hins vegar óratíma áður en þátttaka Íslands var staðfest og fulltrúar skipaðir, sem þýddi að það er fyrst nú sem fulltrúar frá Íslandi sækja fund nefndarinnar.

Það kom glögglega fram á fundinum í maí sl. að það er mikið samspil og tengsl á milli starfsemi ráðgjafarnefndarinnar og vinnuverndarstofnunar ESB í Bilbao. Þetta skýrist hvort tveggja af því að þessir aðilar vinna að sömu mál-efnunum og að margt af því fólki sem tengist þessu starfi er bæði í ráðgjafar-nefndinni og í stjórn Bilbao stofnunarinnar. Sú staðreynd að EFTA ríkin eiga ekki aðild að Bilbao stofnunni, þýðir að við erum frekar en ella utan við það sem gerist á vettvangi ráðgjafarnefndarinnar.

Fjallað var um starfsáætlun Bilbao stofnunarinnar fyrir árið 2006. Í upphafi gerði forstjóri hennar grein fyrir starfsáætluninni og síðan voru umræður um hana. Almennt var ágæt sátt um starfsáætlunina. Í henni kemur m.a. eftirfarandi fram:

Evrópsku vinnuverndarvikurnar 2005 – 2007:

2005: Varnir gegn hávaða

2006: Ungt fólk og vinnuvernd

2007: Stoðkerfisvandamál

Þá var ákveðið að árið 2006 verði sérstaklega helgað eldra fólki á vinnu- markaði sem forgangshópi.

## Ábyrgðarsjóður launa

Stjórn Ábyrgðarsjóðs launa lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er af félags- málaráðherra til fjögurra ára, samkvæmt tilnefningu ASÍ, SA og sá þriðji er skipaður án tilnefningar. Eftirtaldir einstaklingar skipa stjórn sjóðsins: Sævar Þór Sigurgeirsson formaður skipaður af ráðherra, Álfheiður M. Sívertsen f.h. Samtaka atvinnulífsins og Ingvar Sverrisson f.h. Alþýðusambands Íslands.

Samkvæmt ársreikningi Ábyrgðarsjóðs launa vegna 2004, var uppsöfnuð skuld hans við ríkissjóð í árslok 2004, um 535 milljónir. Árið 2004 var rúm- lega helmingi útgjalda sjóðsins mætt með framlögum úr ríkissjóði, með heim- ild í 3. mgr. 23. gr. laga 88/2003. Svokallað ábyrgðargjald, sem standa á und- ir útgjöldum sjóðsins, er samkvæmt lögum 0,04%, en áætlun Vinnumálastofn- unar gerir ráð fyrir því að skuld sjóðsins m.v. óbreytta hlutfallstölu ábyrgða- gjaldsins verði komin í 1 milljarð í árslok 2008. Stjórn sjóðsins telur afar brýnt að draga úr þessum mikla halla, en það verður ekki gert öðruvísi en með hækka- un ábyrgðargjaldsins og hefur verið rætt um að hækka það í 0,10%.

Samkvæmt d-lið, 5. gr. l. 88/2003 nær ábyrgð sjóðsins á kröfum vegna van- goldinna iðgjalda einungis til 10% lágmarksiðgjalds í samtryggingarlífeyris-

sjóð. Að óbreyttum lögum mun Ábyrgðasjóður launa því ekki ábyrgjast kröfur lífeyrissjóða vegna vangoldinna iðgjalda umfram þessi 10%, sbr. hækkun framlags atvinnurekanda þann 1. janúar 2005 í 7% og 8% þann 1. janúar 2007. Fulltrúi ASÍ í stjórn sjóðsins hefur lagt til að óskað verði eftir því við félagsmálaráðherra að hann hlutist til um að gerðar verði breytingar á lögum sjóðsins, þannig að tryggt sé að hann beri fulla ábyrgð á kjarasamningsbundnu lágmarksiðgjaldi í samtryggingarlífeyrissjóð.

Samkvæmt nýlegum dómi Hæstiréttar Íslands í máli Fréttablaðsins (mál nr. 375/2004), ber nýjum rekstraraðila að taka við ráðningarsamningum og virða laun og önnur starfskjör starfsmanna eins og þau voru ákveðin í kjarasamningi og í ráðningarsamningi þeirra meðan þeir voru í starfi hjá fyrri rekstraraðila. Hæstiréttur telur hins vegar lögín óljós hvað varðar ábyrgð nýs rekstraraðila á launaskuldum sem tengjast starfsmönnum sem flytjast yfir til nýs rekstrariðla. Var hið nýja útgáfufyrirtæki Fréttablaðsins því sýknað af kröfum Blaðamannafélags Íslands um greiðslu á kröfum starfsmanna vegna ógreiddra launa fyrri útgáfufélags blaðsins. Í kjölfar þessarar niðurstöðu greiddi Ábyrgðasjóður launa kröfur starfsmanna.

Þessi túlkun Hæstaréttar kom á óvart, þar sem almenn sátt hefur verið um það hvernig túlka beri ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum nr. 72/2002. Ef um aðilaskipti er að ræða í skilningi laganna ber nýjum rekstraraðila að virða launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir fyrri atvinnurekanda. Þá eiga réttindi og skyldur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað, að færast yfir til nýja atvinnurekandans. Áunnin réttindi starfsmanna s.s. orlofsréttindi eða veikindaréttur, flytjast jafnframt með yfir til nýs atvinnurekanda. Hæstiréttur hafnar hins vegar eins og áður segir þeirri túlkun laganna, að ábyrgð vegna ógreiddra launa starfsmanna flytjist yfir til nýs rekstraraðila.

Til álita hefur komið að óska eftir því við félagsmálaráðherra að hann hlutist til um að gerðar verði breytingar á lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og tryggt að ábyrgð á launaskuldum falli ekki á sjóðinn í þeim tilvikum þegar um skýr kennitöluskipti er að ræða.

## **Málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði**

Í febrúar 2004 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að kanna með hvaða hætti hægt væri, með lagasetningu, að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað. Nefndin var skipuð fulltrúum samtaka launafólks, samtaka atvinnulífsins og stjórnmalaflokka. Fulltrúi ASÍ í nefndinni var Einar Jón Ólafsson og Ingunn S. Þorsteinsdóttir til vara. Nefndin lauk störfum í nóvember 2004 og lagði þá fram skýrslu þar sem fjallað var um stöðu miðaldra og eldra fólks á

vinnumarkaðnum ([www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)) ásamt tillögum. Skemmst er frá því að segja að nefndin klotnaði í álitinu sínu og voru lögð fram þrjú álit. Fulltrúarnir komust þó að samkomulagi um að gera það að tillögu sinni til ráðherra að stofnað yrði fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaðnum. Lagt var til að skipuð yrði 7 manna verkefnisnefnd undir forystu félagsmálaráðuneytis. Fulltrúum ASÍ, BSRB og Samfylkingar og VG þótti ekki nægjanlegt að stofna til fimm ára átaks, heldur væri nauðsynlegt að minnsta kosti að innleiða í íslenskalöggjöf efnisatriði Evrópusambandsins nr. 2000/78/EB sem lúta að eldra fólki á vinnumarkaði. Hér á eftir fer sérálitið dags. 9. nóvember 2004:

*Við undirrituð fulltrúar ASÍ, BSRB, þingflokks Samfylkingarinnar og þingflokks Vinstri grænna leggjum hér með fram álit okkar og niðurstöður í nefnd til að kanna stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.*

*Afstaða okkar til þessa máls grundvallast á þeirri sýn að allir eigi jafnan rétt til að stunda atvinnu og starf óháð aldri, kyni, kynþætti, trúarbrögðum, litarþætti og öðrum þáttum og að hvers konar mismunun á grundvelli þessara þátta sé óásættanleg.*

*Í starfi nefndarinnar hafa ekki komið fram beinar eða afdráttarlausar sannanir fyrir því að eldra fólk (50 – 65 ára) búi við almenna eða kerfisbundna mismunun á vinnumarkaði hvað varðar kjör, vinnuástæður eða starfsframa. Hins vegar hafa komið fram ákveðnar vísbendingar sem hníga að því að fólk yfir miðjum aldri standi höllum fæti á vinnumarkaði, sérstaklega hvað varðar starfsframa, símenntun og endurráðningu, missi það atvinnu. Atvinnuþátttaka eldra fólks hér á landi er með því mesta sem gerist meðal OECD-ríkja eða um 84%. Þetta mikla vinnuframlag eldra fólks felur í sér mikilvægt framlag til atvinnulífsins og samfélagsins alls. Það er því mikilvægt að við njótum starfa þessara einstaklinga eins og vilji þeirra, heilsa og kraftar standa til.*

*Í könnunum SA hefur það komið fram að stjórnendur fyrirtækja meti vinnuframlag eldra starfsfólks jafnt og yngra fólks og í minni fyrirtækjum er það jafnvel talið verðmætara. Kannanir hafa einnig leitt í ljós að eldra fólk (50 ára og eldra) er mun sjaldnar frá vinnu vegna veikinda en yngra fólk og það er mun jákvæðara gagnvart vinnunni. Þrátt fyrir það hafa komið fram ákveðnar vísbendingar um að þessi hópur standi höllum fæti á vinnumarkaði. Í viðhorfskönnun sem Gallup gerði fyrir nefndina kemur fram að eldra fólk virðist vera minna metið á vinnumarkaðnum en yngra fólk og að það eigi minni möguleika á starfsframa. Það koma einnig fram vísbendingar um að eldra fólk sækir sér síður símenntun eða starfsþjálfun en yngra fólk. Í viðhorfskönnunni kemur einnig fram að tæplega 10% aðspurðra telja að starfsfólki á sínum*



vinnustað hafi verið sagt upp vegna aldurs eða ekki verið endurráðið vegna aldurs.

Í starfi nefndarinnar kom og í ljós, að ólíkt því sem gerist á hinum Norðurlöndunum, er hér á landi ekki að finna ákvæði um sérstaka vernd eldra fólks á vinnumarkaði gegn uppsögnum eða annarri aldurstengdri mismunun, að frátöldum lögum nr. 27/2000, um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanns.

Bein eða óbein mismunun eldra fólks á vinnumarkaði er heldur ekki skilgreind í íslenskum lögum. Í þessu tilliti stöndum við því nokkuð að baki nágrannalanda okkar. Sem dæmi má nefna að hin Norðurlöndin hafa hafid aðgerðir til að sporna gegn mismunun vegna aldurs og annarra þátta. Þau hafa hins vegar farið nokkuð mismunandi leiðir hvað það varðar og ganga Finnland og Noregur lengst í þessum efnum. Þá hafa þau Norðurlandanna sem eru aðilar að Evrópusambandinu skuldbundið sig til að innleiða tilskipun ESB um jafna meðhöndlun á vinnumarkaði, sem m.a. nær til eldra fólks á vinnumarkaði. Þá hefur Noregur þegar lögleitt þessa tilskipun.

Af framangreindu er ljóst, að mikilvægt er að treysta frekar réttindi og stöðu eldra fólks á vinnumarkaði. Það er ekki síður mikilvægt að tryggja fólki sem komið er á efri ár efnahagsleg og félagsleg skilyrði til að hverfa af vinnumarkaði og skapa þeim möguleika á að aðlagast breyttum aðstæðum með sveigjanlegum starfslokum.

Í framhaldi af starfi nefndarinnar og þeim upplýsingum sem þar hafa komið fram, er mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti til að treysta stöðu og möguleika eldra fólks á vinnumarkaði.:

- setja þarf rammalöggjöf sem innleiðir þau efnisatriði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/78/EB sem lúta að eldra fólki á vinnumarkaði. Með henni verði m.a. réttarstaða eldra fólks á vinnumarkaði bætt og það tryggt að því verði ekki mismunad á vinnumarkaði.
- Mikilvægt er að tryggja að eldra fólk á vinnumarkaði eigi möguleika á símenntun, bæði að það nýti sér þá möguleika sem eru fyrir hendi og eins að það fái tækifæri til þess að nýta sér þau.
- Ljóst er að kerfisbundið mat á raunfærni fólks á vinnumarkaði og þar með formleg viðurkenning á þeirri þekkingu og hæfni sem fólk hefur til einkað sér í lífi sínu og starfi, hefur sérstaklega mikla þýðingu fyrir eldra fólk á vinnumarkaði. Hér þarf annars vegar að tryggja réttindi og möguleika eldra fólks til starfsmenntunar og starfsþjálfunar til samræmis við aðra starfsmenn, sem gera má með löggjöf sbr. hér fyrir ofan. Hins vegar er nauðsynlegt að huga sérstaklega að tækifærum og



*úrræðum til menntunar, sem eru ætluð þessum hópi og taka mið af þörfum hans.*

- *Auka þarf sveigjanleika fyrir eldra fólk varðandi starfslok og aðdraganda þeirra.*

### **Rammalöggjöf gegn mismunun í starfi og á vinnumarkaði vegna aldurs**

*Hlutverk nefndarinnar var að kanna á hvern hátt unnt væri með lagasetningu að sporna gegn því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað. Við leggjum til að sett verði sérstök lög sem innleiða þá efnisþætti tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/78/EB sem lúta að banni við mismunun á vinnumarkaði vegna aldurs.*

*Tilgangur laganna væri að setja almenna rammalöggjöf sem miðar að því að koma í veg fyrir mismunun vegna aldurs og fleiri þátta, með það að markmiði að tryggja jafnan rétt á vinnumarkaði.*

*Með mismunun er hér átt við:*

*beina mismunun*

*óbeina mismunun.*

*Við setningu slíkra laga er mikilvægt að þau nái bæði yfir almenna vinnumarkaðinn og hinn opinbera og fjalli m.a. um eftirtalda þætti:*

- *aðstæður og skilyrði er varða möguleika til ráðningar og starfa,*
- *aðgang að starfsþjálfun og menntun,*
- *ráðningarkjör - og starfsskilyrði,*
- *aðild að samtökum launafólks og atvinnurekenda.*

### **Aðgerðir til að ná markmiðunum**

*Meginreglan um jafnrétti komi ekki í veg fyrir að gripið sé til aðgerða sem ætlað er að styrkja sérstaklega stöðu þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði. Kveðið verði á um skyldur atvinnurekenda til að gera nauðsynlegar og eðlilegar ráðstafanir sem tryggja að markmið laganna um jafnrétti á vinnumarkaði og í starfi náist. Einnig verði kveðið á um hlutverk og skyldur stjórnvalda til að stuðla að því að markmið laganna náist.*

### **Frávik**

*Í umræddum lögum verði kveðið á um eðlileg frávik frá meginreglu varðandi heimildir til að setja skilyrði um líkamlegt og andlegt heilbrigði eða burði, aldur og þroska, ef hlutlægar aðstæður krefjast þess.*

### **Aðgerðir og eftirfylgni**

*Í lögnum verði enn fremur kveðið á um eftirfarandi, m.a.:*

- nauðsynlegar heimildir til að fylgja markmiðum lagana eftir.
- málsmeðferð og sönnun þegar einstaklingar telja að brotið hafi verið á þeim.
- úrræði sem ætlað er að koma í veg fyrir að einstaklingar missi starf sitt eða sé með öðrum hætti refsað fyrir að nýta sér rétt sinn samkvæmt lögum.
- söfnun og úrvinnslu upplýsinga er varða markmið og framkvæmd laganna.
- samráð stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka hlutaðeigandi hópa, varðandi markmið og framkvæmd laganna.
- hver eigi að bera ábyrgð á framkvæmd laganna og samráðinu.
- bætur og viðurlög vegna brota á lögnum.

Einnig komi fram að lögin séu sett með tilvísun í tilskipun ESB 2000/78/EB.

### Á löggjöfin að ná til fleiri hópa á vinnumarkaði?

Eins og áður segir, var það meginhlutverk nefndarinnar að kanna á hvern hátt væri unnt með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað.

Áðurnefnd tilskipun Evrópusambandsins, sem miðar að því að tryggja að fólk sé ekki beitt mismunun á vinnumarkaði, nær yfir fleiri þætti en aldur, svo sem fötlun, trú og kynhneigð. Í þessu sambandi má geta þess að félagsmálaráðherra hefur lýst yfir vilja til þess að innleiða umrædda tilskipun í íslensk lög. Einnig hafa önnur Norðurlönd, þar á meðal Noregur, innleitt viðkomandi tilskipun í sína löggjöf og önnur EFTA ríki hafa jafnframt lýst yfir vilja til að innleiða efnisþætti hennar.

Undirrituð hvetja því til þess að sett verði lög sem innleiða aðra efnisþætti tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/78/EB um almennan ramma fyrir jafna meðhöndlun í atvinnu og starfi og við setningu laganna verði sérstaklega litið til sambærilegrar löggjafar í Noregi”.

### Verkefnisstjórn til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði

Í aprílmánuði skipaði félagsmálaráðherra í verkefnisstjórn til að styrkja stöðu miðalda og eldra fólks á vinnumarkaði.

Fulltrúi ASÍ í nefndinni er Einar Jón Ólafsson og Ingunn S. Þorsteinsdóttir er til vara. Aðrir í nefndinni eru Elín R. Líndal formaður, skipuð af félagsmálaráðherra, Ásta Lára Leósdóttir fulltrúi fjármálaráðuneytisins, Jón H. Magnússon fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, Halldóra Friðjónsdóttir sameigin-

legur fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, Lára Björnsdóttir fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Margrét Kr. Gunnarsdóttir fulltrúi Vinnumálastofnunar og starfsmaður nefndarinnar.

Starf nefndarinnar grundvallast á skýrslu nefndar um málefni eldra fólks á vinnumarkaði. Meginverkefni verkefnastjórnarinnar er að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Verkefninu er einnig ætlað að styrkja stöðu hópsins almennt, m.a. með því að skapa jákvæða umræðu og ímynd um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði.

Verkefnastjórnin hefur haldið fjóra fundi frá því að hún var skipuð og hefur hún fengið sjö sérfræðinga á ýmsum sviðum á fundina til að veita verkefnastjórninni upplýsingar og aðstoð við að móta stefnu og markmið verkefnastjórnarinnar til næstu fimm ára. Ákveðið hefur verið að fara út í kannanir og rannsóknarvinnu til að kortleggja ástandið í þessum málum hér á landi. Einnig verður haft samráð við norrænar stofnanir og nefndir á þessu sviði.

Eitt af þeim verkefnum sem verður kannað, er hvort fjölgun einstaklinga á örorkubótum sé að hluta til afleiðing mismununar eldra fólks á vinnumarkaðnum. Langtímaatvinnuleysi þessa hóps verður kannað og bornar saman svipaðar kannanir á norðurlöndunum.

## **Framkvæmd EES-samningsins**

Sá þáttur í starfi Alþýðusambands Íslands sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur orðið stöðugt mikilvægari þáttur í starfsemi ASÍ á síðustu árum. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi og gildistöku tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Það er jafnframt ljóst að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ýmis álitamál hafa komið upp varðandi framkvæmd EES samningsins á íslenskum vinnumarkaði. Fjallað er um nokkur þau helstu hér á eftir. Einnig vísast til kaflans um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði á öðrum stað í skýrslunni.

## **Samninganefndir vegna EES reglna**

Eins og áður hefur komið fram í skýrslu forseta ASÍ fyrir tímabilið 2001 til 2002, voru í desember 2001 samþykkt í miðstjórn ASÍ drög að samstarfssamningi aðildarfélaga ASÍ um gildistöku reglna sem ætlað er að hafa almenn réttaráhrif og sem gildisteknar eru með samningum aðila vinnumarkaðarins. Flest

öll aðildarfélög ASÍ með þorra félagsmanna sambandsins hafa með formlegum hætti staðfest fyrir sitt leyti þennan samning með undirskrift hans.

Á grundvelli samstarfssamningsins samþykkti miðstjórn ASÍ í júní 2002 reglur um málsmeðferð og framkvæmd mála undir yfirskriftinni „Skipun og starf samninganefnda vegna Evrópureglna“. Samninganefndirnar eru skipaðar einum fulltrúa ASÍ sem jafnframt er formaður, auk þess sem landssamböndin innan ASÍ skipa fulltrúa í nefndirnar.

Nú eru starfandi á vettvangi ASÍ samninganefndir um eftirtalda mála-flokka:

- Tilskipun um upplýsingar og samráð
- Evrópsks kjarasamnings um fjarvinnu
- Tilskipun í vinnslu um útleigða starfsmenn
- Reglur/tilskipun í undirbúningi um persónuvernd starfsmanna
- Evrópusamning um varnir gegn vinnustreitu

Þessar samninganefndir hafa eðli málsins samkvæmt ólík verkefni, eftir stöðu hvers máls fyrir sig.

### **Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna EES**

Á vettvangi samráðsnefndarinnar er fylgst með undirbúningi og tilurð nýrra reglna á sviði félags- og vinnumarkaðsmála á Evrópuvísu og innleiðingu þeirra hér á landi. Þá er nefndin vettvangur fyrir almenn skoðanaskipti þeirra aðila sem nefndina skipa um stöðu þessara mála. Starf nefndarinnar hefur þróast í að verða einkum vettvangur upplýsingamiðlunar um það sem er að gerast á Evrópuvísu og þau mál sem þar eru í gangi. Hér má m.a. nefna tillögur að breytingum á reglum um stöðu maka og skyldmenna EES borgara sem koma utan svæðisins og tillögu að tilskipun um útleigða starfsmenn. Þá hafa þau mál er varða stækkun vinnumarkaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu einnig verið til umfjöllunar í nefndinni. Loks má síðan nefna gildistöku og framkvæmd Evrópureglna hér á landi.

### **Evrópu-kjarasamningar**

Tveir rammasamningar á Evrópuvísu milli ETUC og UNICE, annars vegar um fjarvinnu og hins vegar um vinnustreitu, bíða þess að vera hrint í framkvæmd, með samningum aðila vinnumarkaðarins hér á landi. Frestur til að hrinda þeim fyrri í framkvæmd er liðinn, en hinum síðari skal hafa verið hrint í framkvæmd fyrir mitt ár 2007. ASÍ hefur lokið við þýðingu beggja samninga, skipað í samninganefndir en viðræður hafa ekki hafist. Samninganefnd ASÍ um fjarvinnu hefur samþykkt tillögu sem lögð hefur verið fyrir SA, en viðbrögð hafa ekki borist. Samninganefnd um vinnustreitu mun hafa sama hátt á.

## **Starfshópur um starfsmannaleigur**

Starfshópur sem félagsmálaráðherra skipaði árið 2003, til að fjalla um stöðu starfsmannaleiga á íslenskum vinnumarkaði, hefur enn ekki náð samkomulagi um sameiginlegar tillögur til ráðherra. Er starfshópnum meðal annars ætlað að skoða sérstaklega starfsumhverfi starfsmannaleiga sem hafa staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, en kjósa að veita þjónustu hér á landi í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja og 36.-39. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ennfremur er starfshópnum ætlað að kanna nauðsyn þess að sett verði lög um starfsemi starfsmannaleiga er eiga sér staðfestu hér á landi, hvort sem um er að ræða fyrirtæki sem er innlent að uppruna eða erlent fyrirtæki sem hefur kosið að nýta sér staðfesturétt sinn skv. EES-samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Í starfshópnum eiga sæti Magnús M. Norðdahl tilnefndur af ASÍ, Hrafnhildur Stefánsdóttir, tiln. af SA og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir lögfr. félagsmálaráðuneytisins. Ingvar Sverrisson hefur tekið sæti Magnúsar meðan hann hefur verið í leyfi erlendis. Miðstjórn ASÍ samþykkti þann 21. september s.l. ályktun um starfsmannaleigur, þar sem skorað er á félagsmálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að sett verði lög um starfsmannaleigur. Í ályktun miðstjórnar er lögð áhersla á að ef einhver sátt eigi að nást um þátttöku starfsmannaleiga á íslenskum vinnumarkaði, sé óhjákvæmilegt að skilgreina í lögum réttarstöðu þeirra og hvaða skyldur hvíla á þeim gagnvart starfsmönnum og stjórnvöldum. Til grundvallar slíkrri löggjöf verði að liggja það meginsjónarmið að atvinnuþátttaka launafólks á íslenskum vinnumarkaði sé í formi beinna ráðninga starfsmanna hjá þeim fyrirtækjum þar sem hinn raunverulega atvinnustarfsemi fer fram hverju sinni.

## **Upplýsingar og samráð**

Félagsmálaráðuneytið óskaði eftir því við ASÍ og SA árið 2003, að samtökin semdu um innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins 2002/14/EB með kjarasamningi. Markmið þessarar tilskipunar er að koma á fót almennu fyrirkomulagi upplýsinga og samráðs, milli atvinnurekanda og starfsmanna í fyrirtækjum í löndum Evrópusambandsins. Í tilskipuninni er kveðið á um að atvinnurekendur skuli veita fulltrúum starfsmanna:

- a) upplýsingar um nýlega og líklega þróun í starfsemi og afkomu fyrirtækis,
- b) upplýsingar og hafa samráð um stöðu, skipulag og líklega þróun varðandi fjölda og samsetningu starfa innan fyrirtækis og um allar ráðstafanir sem fyrirsjáanlegt er að þurfi að gera, einkum þegar atvinnuöryggi starfsmanna er ógnað, og
- c) upplýsingar og hafa samráð um ákvarðanir sem líklegt er að leiði til

verulegra breytinga á skipulagi vinnu innan fyrirtækis eða samningum við starfsmenn, þ.m.t. ákvarðanir sem eru byggðar á ákvæðum laga eða kjarasamninga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og hópuppsagnir.

Er atvinnurekendum skylt að veita þessar upplýsingar það tímanlega að fulltrúum starfsmanna sé kleift að átta sig á efni þeirra, þeir geti lagt mat á áhrif þeirra á stöðu atvinnumála innan fyrirtækis og undirbúið samráð við atvinnurekanda, þar sem við á.

Sérstök samninganefnd skipuð á grundvelli 9. gr. laga ASÍ hefur farið með umboð í samningaviðræðum við SA. Samninganefndin er skipuð eftirfarandi fulltrúum: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (LÍV) og Elías Magnússon til vara, Níels S. Olgeirsson (MATVÍS) og Þorsteinn Gunnarsson til vara, Guðmundur Gunnarsson (RSÍ) og Þór Ottesen til vara, Finnbjörn A. Hermannsson (SAMÍÐN) og Guðmundur Ó. Guðmundsson til vara, Sævar Gunnarsson (SSÍ) og Hólmgeir Jónsson til vara, Snær Karlsson (SGS) og Skúli Thoroddsson til vara og Ingvar Sverrisson frá ASÍ. Stefnt var að því að viðræðum ASÍ og SA yrði lokið með samningi aðila eigi síðar en 1. desember 2004, en að öðrum kosti yrði að vísa málinu til félagsmálaráðuneytisins sem hefði þá frest til 23. mars 2005 til að leggja fram frumvarp um málið. Viðræður aðila hafa staðið yfir í rúmt ár án þess að það hafi skilað endanlegri samningsniðurstöðu. Það sem aðila greinir einkum á um, er hversu ítarlegur samningur aðila um þetta efni skuli vera. SA hefur talið rétt að miða efni samningsins við lágmarksákvæði tilskipunarinnar ásamt fáeinum viðbótarákvæðum, en samninganefnd ASÍ hefur á hinn bóginn talið nauðsynlegt að samningurinn geymi ýmis viðbótarákvæði, sem hafi þann tilgang að skýra meginskyldur og réttindi atvinnurekanda og fulltrúa starfsmanna.

Meðal þess sem samninganefnd ASÍ hefur gert tillögu um og gengur lengra en lágmarksákvæði tilskipunarinnar er að upplýsinga- og samráðsferli milli fulltrúa starfsmanna annars vegar og fulltrúa atvinnurekanda hins vegar eigi sér stað á vettvangi sérstakrar samráðsnefndar, sem sett yrði á laggirnar í þeim tilgangi. Einnig er lagt til, að gildissvið samnings aðila miðist við fyrirtæki sem hafa a.m.k. 50 starfsmenn í vinnu. Samningssviðið verði þó ekki einskorðað við fyrirtæki af þessari stærðargráðu, heldur er lagt til að fyrirtæki þar sem fjöldi starfsmanna er milli 20 og 50 starfsmenn falli einnig undir gildissvið samningsins, en þó án skipanar sérstakrar samráðsnefndar. Af hálfu samninganefndar ASÍ hefur einnig verið lögð áhersla á að huga verði sérstaklega að stöðu þeirra sem starfa á vegum fyrirtækja er tilheyra fyrirtækjasamsteypum. Í slíkum tilvikum eru ákvarðanir sem varða hagsmunum starfsmanna í einstökum dótturfélögum oft teknar af stjórn móðurfélagsins, en ekki stjórnnum hlut-

aðeigandi dótturfélaga. Meðal þess sem ágreiningur hefur verið um, eru tillögur samninganefndar ASÍ í þá veru að samningur aðila geymi nánari ákvæði til nánari skýringar og fyllingar á meginskyldum atvinnurekanda. Þannig er lagt til að í dæmaskyni verði útskýrt nánar hvaða þætti í rekstri fyrirtækis atvinnurekendur beri að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar um. Auk þess verði skýrt nánar hvert sé innihald samráðsskyldu atvinnurekanda, við hvaða aðstæður atvinnurekanda beri að hafa samráð, viðbrögð fulltrúa starfsmanna og svigrúm þeirra til að kynna sér efni máls og móta viðbrögð og tillögur vegna framkominna upplýsinga o.s.frv. Samninganefnd ASÍ hefur lagt til að trúnaðarmenn stéttarfélaganna hafi stöðu sem fulltrúar starfsmanna og er þar fylgt forðæmi úr sambærilegri löggjöf um hópuppsagnir. Þó er gert ráð fyrir þeim möguleika að starfsmenn geti kosið fulltrúa í samráðsnefnd beinni kosningu. Að síðustu má nefna að gerð er tillaga um skipan samráðsnefndar ASÍ og SA er hefði það hlutverk að fjalla almennt um framkvæmd sammingsins en hefði einnig það verkefni að leysa úr málum er vísað væri til nefndarinnar vegna ágreinings um túlkun sammingsins hjá einstökum fyrirtækjum. Samninganefnd ASÍ lagði fyrir SA í upphafi þessa árs drög að samningi um upplýsingar og samráð sem hefur m.a. að geyma þessar og aðrar tillögur. SA hefur tekið undir ýmsar af tillögum ASÍ, þ.m.t. um skipan sérstakrar samráðsnefndar, fyrirtækjasamsteypur, hvernig reikna skuli út heildarfjölda starfsmanna o.fl. SA hefur hins vegar að öðru leyti viljað halda sig við lágmarksákvæði tilskipunarinnar. Ljóst er að ASÍ og SA ná ekki saman um málið og er það nú í höndum félagsmálaráðherra.

### **Tillaga að tilskipun um þjónustuviðskipti**

Mikil umræða varð hér á landi seinni hluta árs 2004 og í byrjun árs 2005 vegna tillögu framkvæmdarstjórnar ESB að tilskipun um þjónustuviðskipti. Alþýðusambandið sendi frá sér greinargerð, þar sem ítarlega var fjallað um efni málsins og tók auk þess þátt í samráði á vegum utanríkisráðuneytisins um tillöguna og möguleg viðbrögð íslenskra stjórnvalda.

Í framhaldi af umfjöllun á vettvangi miðstjórnar ASÍ var eftirfarandi sent utanríkisráðherra um málið þann 8. desember 2004:

Utánríkisráðherra  
Davíð Oddsson  
Rauðarárstíg 25  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2004.

**Efni: Tillaga að tilskipun um þjónustuviðskipti**

Nú er til umfjöllunar á vettvangi Evrópusambandsins tillaga framkvæmdastjórnar sambandsins að tilskipun um þjónustuviðskipti. Fyrir liggur að tillagan er um margt mjög umdeilanleg og gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir launafólk og samfélög í Evrópu yrði hún samþykkt eins og hún liggur fyrir.

Alþýðusamband Íslands telur tillögu framkvæmdastjórnar ESB að tilskipun um þjónustuviðskipti með öllu óásættanlega. Verkalýðshreyfingin hefur stutt ákvörðunina um sameiginlegan innri markað Evrópuríkja sem stuðlað gæti að meiri hagvexti, aukinni atvinnu og velferð í Evrópu. Tillagan að tilskipuninni eins og hún liggur fyrir nú er hins vegar meingölluð. Hún ógnar réttindum og kjörum launafólks, núverandi fyrirkomulagi samskipta á vinnu- markaði og réttinum til að semja um kaup og kjör. Þá gæti framkvæmd hennar stórlega skaðað grundvöll almannaþjónustu í ríkjum Evrópu og þá samfélagsgerð sem Evrópusamvinnan byggir á, um réttindi og velferð þegnanna og félagslega samstöðu.

Með framangreind sjónarmið í huga leggst Alþýðusambandið alfarið gegn samþykkt tillögunnar nema á henni verði gerðar umfangsmiklar og gagngerar breytingar. Alþýðusamband Íslands hefur þegar komið þessum sjónarmiðum á framfæri í gegnum aðild sína að Evrópusambandi verkalýðsfélaga (ETUC).

Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að íslensk stjórnvöld styðji framangreind sjónarmið og komi þeim á framfæri í samstarfi stjórnvalda á norrænum og evrópskum vettvangi, enda ljóst að tillagan hefði sambærilegar afleiðingar hér og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Virðingarfyllst,

Sign.

Grétar Þorsteinsson,

forseti Alþýðusambands Íslands

Hjálagt fylgir greinargerð Alþýðusambands Íslands um efni tillögu að tilskipun um þjónustuviðskipti og áherslur verkalýðshreyfingarinnar.

Samrit: Forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson  
Félagsmálaráðherra, Árni Magnússon



Greinargerð Alþýðusambandsins sem fylgdi bréfinu var ítarleg og tók á flestum þáttum sem verkalýðshreyfingin hér á landi og á Evrópuvísu gagnrýndi varðandi tillöguna að tilskipun um þjónustuviðskipti. Inngangur greinargerðarinnar var svohljóðandi:

### ***Tillögu að tilskipun um þjónustuviðskipti hafnað***

### ***Gengur gegn hagsmunum launafólks og samfélagslegum markmiðum Evrópusamvinnunnar***

*Evrópsk verkalýðshreyfing telur tillögu framkvæmdastjórnar ESB að tilskipun um þjónustuviðskipti með öllu óásættanlega. Verkalýðshreyfingin hefur stutt ákvörðunina um sameiginlegan innri markað Evrópuríkja sem stuðlað gæti að meiri hagvexti, aukinni atvinnu og velferð í Evrópu. Tillagan að tilskipuninni eins og hún liggur fyrir nú er hins vegar meingölluð. Hún ógnar réttindum og kjörum launafólks, núverandi fyrirkomulagi samskipta á vinnumarkaði og réttinum til að semja um kaup og kjör. Þá gæti framkvæmd hennar stórlega skaðað grundvöll almannaþjónustu í ríkjum Evrópu og þá samfélagsgerð sem Evrópusamvinnan byggir á, um réttindi og velferð þegnanna og félagslega samstöðu.*

*Með framangreind sjónarmið í huga leggst verkalýðshreyfingin alfarið gegn samþykkt tillögunnar nema á henni verði gerðar umfangsmiklar og gagngerar breytingar. Alþýðusamband Íslands hefur þegar komið þessum sjónarmiðum á framfæri í gegnum aðild sína að Evrópusambandi verkalýðsfélaga (ETUC). Jafnframt leggur ASÍ ríka áherslu á að íslensk stjórnvöld styðji þessi sjónarmið og komi þeim á framfæri í samstarfi stjórnvalda á norrænum og evrópskum vettvangi, enda ljóst að tillagan hefði sambærilegar afleiðingar hér og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.*

*Gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu byggir í grunninn á þeim skorti á félagslegri sýn sem tillaga framkvæmdastjórnar ESB einkennist af. Tillagan gengur út frá markaðsfrelsi á sviði þjónustuviðskipta án þess að meta mögulegar samfélagslegar afleiðingar þess, eða setja fram skýr félagsleg markmið í anda Lissabon ferilsins, sem tillögunni er þó ætlað að styrkja. Meginmarkmiðið sem sett var fram með Lissabon ferlinu er að Evrópa verði samkeppnishæfasta þekkingardrifna hagkerfið, sem tryggði fleiri og betri störf og félagslega samstöðu, byggðu á sjálfbærri þróun.*

*Það eru einkum tveir þættir sem verkalýðshreyfingin hefur lagt áherslu á í gagnrýni sinni á tillöguna:*

- Fyrirsjáanleg neikvæð áhrif á vinnumarkaðinn, kjör og aðbúnað launafólks og samskipti á vinnumarkaði, sem erfitt er að meta, en ástæða er til að ætla að geti orðið víðtæk, leitt til skerðingar á kjörum og lakari vinnuaðstæðna og uppnáms í samskiptum aðila vinnumarkaðarins í

ríkjum Evrópu. Hér hafa svokölluð upprunalandsregla og tengdir þættir lykiláhrif.

- Vegið er að grundvelli almannaþjónustunnar í aðildarríkjunum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þetta byggir einkum á þeirri staðreynd að mörkin á milli almannaþjónustu og þjónustu á markaði og þar með réttur aðildarríkja til að stýra almannaþjónustunni og uppbyggingu hennar er takmarkaður.

*Þá má gagnrýna að framkvæmdastjórn ESB hefur sett fram ýmsar fullyrðingar um áhrif og mögulegar afleiðingar tillögu sinnar án þess að með fullnægjandi hætti hafi verið greind og metin raunveruleg áhrif hennar á vinnu- markaðinn og samfélagsþjónustuna, yrði hún að veruleika. Þar er enn margt mjög óljóst þótt annað sé skýrt eins og hér hefur verið bent á.*

### **Kröfur verkalýðshreyfingarinnar**

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands til að tillögu að tilskipun um þjónustuviðskipti verði hafnað nema að eftirfarandi skilyrði verði uppfyllt:

- Reglan um upprunalandið og afleiddar reglur gildi ekki um vinnumarkaðsmál, kaup og kjör og önnur réttindi launafólks og samskipti á vinnumarkaði:
  - Tilskipunin veiti engar undantekningar frá rétti launafólks til að skipuleggja sig í stéttarfélag og gera kjarasamninga.
  - Skýrt verður að koma fram að laun og önnur starfskjör séu ákvörðuð með kjarasamningum í því landi þar sem störfín eru unnin (nema annað veiti betri rétt). Þá verður að vera skýrt að undantekningin varðandi tilskipunina um útsenda starfsmenn má ekki koma í veg fyrir að komið sé á hagstæðari kjörum og starfsaðstæðum en þær lágmarksreglur sem tilskipunin um útsenda starfsmenn felur í sér.
  - Heimilað verði að skylda erlend þjónustufyrirtæki til að tilnefna fulltrúa sinn í því landi þar sem þjónustan er veitt. Þessi fulltrúi hefði fullt umboð til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins gagnvart verkalýðshreyfingunni er varðar starfsemina í gistilandinu, þar með talið að gera kjarasamninga, bera ábyrgð á að slíkir samningar séu uppfylltir og að löggjöf og reglur á vinnumarkaði séu virtar.
  - Gistilandið hafi rétt til að skylda erlend þjónustufyrirtæki til að framvísa öllum nauðsynlegum gögnum þannig að hægt sé að fylgjast með að kjarasamningar og löggjöf gistilandsins séu virt. Slíkt eftirlit fari fram í samræmi við þær reglur sem gistilandið setur.
  - Skilgreining á launþegahugtakinu verði í valdi hvers ríkis fyrir sig, þar sem þjónustan er veitt.

- *Tillaga að tilskipun um starfsmannaleigur (Temporary Agencies) verði þegar afgreidd og fullgilt.*
- *Sett verði tilskipun um almannahjónustu, sem skilgreini með fullnægjandi hætti vald aðildarríkjanna til að ákveða með hvaða hætti almannahjónusta er veitt og skv. hvaða skilyrðum.*

## **Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði**

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa mikið verið til umfjöllunar á undanförunum misserum. Fyrir því eru margvíslegar ástæður. Í fyrsta lagi hefur útlendingum á íslenskum vinnumarkaði fjölgað mjög mikið og því hafa tengst ýmis ágreiningsmál og átök. Upphaflega tengdist þessi þróun einkum framkvæmdunum á Kárahnjúkum og samskiptum verkalýðshreyfingarinnar og fleiri aðila við ítalska verktakafyrirtækið Impregilo. Síðan hefur starfsemi fyrirtækja, einkum í byggingariðnaði og mannvirkjagerð vítt og breitt um landið, sem nýtt hafa sér starfskrafta vaxandi fjölda erlends verkafólks, skapað margvísleg vandamál og ágreining. Þetta á sérstaklega við um fyrirtæki, bæði erlend og innlend, sem gefa sig út fyrir að vera starfsmannaleigur og hafa starfað hér á landi á þeim grundvelli. Fjölmörg atriði hafa komið upp í þessu sambandi, en flest tengjast þau meintri misnotkun fyrirtækja á erlendu verkafólki með brotum á kjarasamningum og lögum, skattaundanskotum og annarri vafasamri eða beinlínis ólöglegri framkvæmd.

Ljóst er að þau álitafni og ágreiningsmál sem komið hafa upp varðandi þessa starfsemi tengjast einnig með beinum hætti stækkun Evrópska efnahags-svæðisins og framkvæmd EES samnings, enda í flestum tilfellum tengd fyrirtækjum og verkafólki frá nýju aðildarríkjum EES. Vísast í þessu sambandi til umfjöllunar um löggjöf um starfsmannaleigur í kaflanum um framkvæmd EES samningsins.

Af einstökum málum sem tengjast þessum málaflokki má nefna átakið:

- a) „Einn réttur – Ekkert svindl“ sem Alþýðusambandið hleypti af stokkunum í byrjun máí sl. og beint var gegn félagslegum undirboðum og ólöglegri starfsemi með misnotkun á erlendu verkafólki.
- b) Starf samráðsnefndar ASÍ og SA um málefni útlendinga og tengt því breytingar á lögum nr. 55/1980.
- c) Átök sem urðu um innflutning Impregilo á verkafólki frá 3. ríkjum, framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga og reglugerð á grunni þeirra laga.
- d) Og loks, viðvarandi starf verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við virkjanaf framkvæmdirnar á Kárahnjúkum.

## **„Einn réttur – Ekkert svindl“**

Miðstjórn Alþýðusambandsins fjallaði ítrekað í lok árs 2004 og byrjun árs 2005 um málefni erlends verkafólks hér á landi í kjölfar vaxandi fjölda þess á íslenskum vinnumarkaði og fjölda dæma sem komu upp um að þetta verkafólk fengi ekki laun og önnur starfskjör í samræmi við kjarasamninga og lög eða byggji að öðru leyti við starfsaðstæður sem gerð væri krafa um hér á landi. Þá lá einnig fyrir að mörg af þeim fyrirtækjum sem voru að flytja inn þetta verkafólk greiddu ekki skatta og skyldur af starfsemi sinni til samfélagsins eða virtu að öðru leyti þær reglur og lög sem hér gilda. Í janúar var eftirfarandi minnisblað um stöðu mála lagt fram og afgreitt af miðstjórn

### **Frankvæmd samnings ASÍ og — SA um málefni útlendinga Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og félagsleg undirboð Minnisblað 24. janúar 2005**

*Það er rík ástæða fyrir verkalyðshreyfinguna, launafólk og samfélagið allt að hafa áhyggjur af stöðu mála varðandi þátttöku útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og hvernig þau mál hafa þróast á undanförunum vikum og mánuðum, og hvert stefnir ef ekki verður tekið af mikilli festu á þeim málum á næstunni.*

*Í sem stystu máli má lýsa stöðunni með eftirfarandi hætti.*

#### **Fjölgun útlendinga á vinnumarkaði — breytt samsetning**

*Á síðustu vikum og mánuðum hefur útlendingum á íslenskum vinnumarkaði fjölgað mjög. Hér er bæði um að ræða borgara af sameiginlega evrópska vinnumarkaðinum, en þó enn frekar frá nýjum aðildarríkjum EES og 3ju ríkja borgara, einkum frá Eystrasaltsríkjum í ASÍ, sem þarfnast atvinnuleyfa.*

#### **EES borgarar af sameiginlega vinnumarkaðinum**

*Hvað varðar EES borgara koma þeir af stórum hluta í gegnum portúgalskar starfsmannaleigur og koma hingað til lands í nokkra mánuði í senn. Stór hluti þessa hóps er aldrei skráður á íslenskan vinnumarkað og eru að stórum hluta eða alfarið utan við lög og rétt. Það þýðir að þessir starfsmenn greiða ekki skatta og skyldur til samfélagsins og af vinnu þeirra greiða notkunarfyrirtækin ekki opinber gjöld. Þá bendir flest til þess að laun þeirra og önnur starfskjör séu undir þeim kjörum sem kjarasamningar og lög mæla fyrir um. Þessir starfsmenn greiða yfirleitt ekki félagsgjöld til íslenskra stéttarfélaga og njóta ekki þjónustu þeirra eða verndar.*

*Fyrir liggur að starfsmenn portúgalskra starfsmannaleiga hafa verið að koma inn á íslenskan vinnumarkað í vaxandi mæli á síðustu árum, sprenging varð síðan þegar Impregilo hóf starfsemi sína hér á landi í tengslum við virkjunarframkvæmdirnar á Kárahnjúkum. Þannig liggur fyrir að fyrirtæki í bygg-*

ingariðnaði hafa nýtt sér slíka þjónustu allt frá árinu 2000 og að störf tuga ef ekki hundruða starfsmanna starfsmannaleiga hafa hvergi verið skrásett eða eftirlit verið með þeim. ASÍ hefur undir höndum gögn sem sýna m.a. að starfsmenn starfsmannaleigu sem unnið hafa fyrir fyrirtæki sem vinnur við í uppsetningu loftræstikerfa hafa ekki notið kjara í samræmi við lög og kjarasamninga. Þessi gögn hafa einnig borist opinberum aðilum.

Nýjstu dæmin í þessum efnum er framkvæmd Impregilo/ starfsmannaleigu við Kárahnjúka á Virkjanasamningnum og launagreiðslum til portúgalskra starfsmanna starfsmannaleiga, þar sem fyrirtækin hirða af launum starfsmanna, skattahagræði sem þau telja heimildir til, stinga í eigin vasa og lækka hjá sér launakostnað sem því nemur.

### **Borgarar utan sameiginlega vinnumarkaðarins**

Hvað varðar borgara frá nýjum ríkjum EES og 3. ríkjum má skipta þeim hópi í tvennt.

Annars vegar eru þeir sem koma hingað inn á grundvelli dvalar- og atvinnuleyfa og eru því með lögmatum hætti á vinnumarkaði. Hvað varðar hluta af þessum hópi er ekki ástæða til að ætla annað en að hann njóti kjara og réttinda í samræmi við kjarasamninga og lög. Hins vegar hefur takmarkað eftirlit verið með kjörum og öðrum aðbúnaði þessa hóps og því hætta á að misjafnir atvinnurekendur misnoti sér aðstöðu sína gagnvart þessum hópi starfsmanna og greiði þeim laun og önnur starfskjör sem eru lakari en almennt gilda og jafnvel undir lögum og kjarasamningum. Þetta er mögulegt m.a. vegna þess að viðkomandi starfsmenn koma frá heimshlutum þar sem laun og önnur starfskjör eru til muna lakari er hér gilda og starfsmennirnir eiga allt sitt undir að halda starfi sínu.

Nýjasta dæmi um þetta eru umsóknir ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo um atvinnuleyfi fyrir hátt á 3ja hundrað Kínverja og aðra Asíubúa vegna framkvæmdanna á Kárahnjúkum, þar sem fyrirtækið vill helst ekki ráða Íslendinga eða aðra Evrópubúa til starfa, eða skapa þeim þau kjör og vinnuaðstæður (þ.m.t. vinnutími og skipulag úthalda) sem teljast ásættanleg á íslenskum eða evrópskum vinnumarkaði.

Fjöldi útgefna atvinnuleyfa á síðasta ári slær öll fyrri met.

Hins vegar benda upplýsingar og staðhæfingar ýmissa aðila (þar með talið opinberra aðila) og nú síðast eftirlitsmanna hjá Samiðn, til þess að hingað til lands streymi ört vaxandi fjöldi verkamanna, einkum frá Eystrasaltsríkjunum, sem hafi hvorki dvalar- eða atvinnuleyfi, eru ekki skráðir á íslenskan vinnumarkað og alfarið utan við lög og rétt. Fullyrt er að hér sé a.m.k. um hundruð einstaklinga að ræða. Það þýðir að þessir starfsmenn greiða ekki skatta og skyldur til samfélagsins og af vinnu þeirra greiða notkunarfyrirtækin ekki op-

inber gjöld. Þá bendir allt til þess að laun þeirra og önnur starfskjör séu ekki í neinu samræmi við þau kjör sem kjarasamningar og lög mæla fyrir um. Þessir starfsmenn greiða ekki félagsgjöld til íslenskra stéttarfélaga og njóta ekki þjónustu þeirra eða verndar. Þá má fullyrða að vegna ólöglegrar dvalar þeirra í landinu og þátttöku þeirra á vinnumarkaði séu þessir einstaklingar í mörgum tilfellum mjög illa settir í alla staði.

### **Áhrifin á íslenskan vinnumarkaði**

Ef tilraun er gerð til að glöggva sig á hvaða þýðingu þessi þróun hefur haft og mun hafa í náinni framtíð, verði ekkert að gert blasir eftirfarandi við:

Þessi þróun hefur orðið til að ekki hefur dregið úr atvinnuleysi hér innanlands eins og spáð var, heldur hefur atvinnuleysi lítið minnkað á síðustu mánuðum. Þannig má með einföldun segja að aukinni eftirspurn eftir vinnuafli vegna stórfamkvæmda og uppsveiflu í ýmsum greinum, hafi verið mætt með innflutningi á ódýru erlendu vinnuafli.

Í annan stað má fullyrða að þessi þróun hefur haft beina þýðingu fyrir launaþróun í þeim greinum sem einkum hafa nýtt sér þetta ódýra erlenda vinnuafli. Þannig hefur aukin eftirspurn eftir vinnuafli víða ekki leitt til bættra kjara, heldur hafa kjörin í einstökum greinum jafnvel rýrnað. Þannig vikur hefðbundinn sveigjanleiki í launamyndun hér á landi, sem einkennst hefur af framboði og eftirspurn eftir innlendu starfsfólki, fyrir sveigjanleika sem ræðst af auknu framboði af ódýru erlendu vinnuafli. Við þetta bætist síðan að oft búa hinir erlendu starfsmenn við aðbúnað og vinnuáðstæður sem standast ekki lög eða venjur hér á landi.

Umráðan og áhyggjur vegna þróunar og stöðu mála hafa eðlilega mjög verið bundnar við framgöngu ítalska fyrirtækisins Impregilo og framkvæmdanna við Kárahnjúka. Fyrir því var og er full ástæða. Um leið er mikilvægt að hafa í huga að málið er mun víðtækara og nær til fjölmargra starfs- og atvinnugreina víða um land.

Sú þróun sem hér hefur verið lýst hefur nú þegar veikt íslenska verkalýðshreyfingu og stöðu hennar til að hafa áhrif á þá þróun sem á sér stað á vinnumarkaðinum. Til lengri tíma lítið er jafnframt ljóst að þessi þróun verði ekki gripið í taumana, mun leiða til varanlegrar skerðingar á launum og kjörum á íslenskum vinnumarkaði.

### **Áherslur og tillögur Alþýðusambands Íslands**

Alþýðusamband Íslands hefur um margra mánaða og missera skeið varað við áhrifum af stjórnlausum innflutningi erlends verkafélks og mikilvægi þess að mótuð yrði stefna í málinu sem byggði á því að viðhalda og treysta samskipti og reglur á íslenskum vinnumarkaði, og fylgja henni síðan eftir í framkvæmd

í samstarfi verkalýðshreyfingarinnar, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda. Í því skyni hefur ASÍ sett fram fjölmargar tillögur og ábendingar um það sem nauðsynlegt væri að gera í þessum efnum. Það gildir bæði um margvíslega löggjöf og samninga og síðan framkvæmdina. Hér má nefna:

- a) Kröfu um að stjórnvöld marki ákveðna stefnu í málaflöknum sem miðar að því að verja íslenskan vinnumarkað og þau samskipti, reglur og réttindi sem þar gilda.
- b) Eftirlit með komu og veru útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og upplýsingaskyldu atvinnurekenda í þeim efnum. Í því sambandi hefur m.a. verið bent á ákveðnari framkvæmd laga um útlendinga og reglugerðar sem byggir á þeim lögum, auk þess sem kanna þurfi hvort frekari úrræða er þörf. Þá verði upplýsingaskyldu fyrirtækja fylgt eftir með markvissu eftirliti sem ætlað er að koma í veg fyrir brot gegn erlendum starfsmönnum og félagslegum undirboðum.
- c) Ákveðnari og markvissari framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga, m.a. með útgáfu reglugerðar og verklagsreglna á grundvelli laganna, þar sem byggt er á vinnumarkaðssjónarmiðum og m.a. tekið á álítaefnum varðandi starfsréttindamál og hvernig með skuli fara og skýrari framkvæmd varðandi undanþágureglur laganna, svo dæmi séu tekin.
- d) Löggjöf um starfsmannaleigur og vinnumiðlanir og starfsemi þeirra. Einnig að nánar verði kveðið á um og skýrt hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar til að útlendingar geti starfað á íslenskum vinnumarkaði á grundvelli samninga um þjónustuviðskipti.
- e) Refsiheimildir verði treystar og viðurlög í lögum þyngd til mikilla muna vegna brota fyrirtækja á erlendum starfsmönnum og svartrar atvinnustarfsemi.
- f) Tekið verði á skattamálum vegna erlendra starfsmanna og notkunarfyrirtækja, einkum á vegum starfsmannaleiga og á grundvelli þjónustusamninga og lög og reglur skýrðar og framkvæmdar af fullri festu. Þannig verði tryggt að íslenskt samfélag fái réttmætan arð af starfsemi og fyrirtæki sem nota innlent starfsfólk séu að þessu leyti jafnsett öðrum.
- g) Eft verði til muna samstarf og samráð stjórnvalda og annarra sem koma að málefnum útlendinga á íslenskum vinnumarkaði með það að markmiði að bæta upplýsingaflæði og treysta framkvæmd laga og reglna. Þetta á m.a. við um eftirlit með útlendingum, stöðu þeirra og skattamál þeirra og fyrirtækjanna sem þeir starfa fyrir.
- h) Kannaðir verði möguleikar þess að taka upp samstarf við viðurkenndar vinnumiðlanir í nýjum aðildarríkjum EES með það að markmiði að



draga úr vafasamri miðlun fólks frá þessum ríkjum hingað til lands. Fyrirtækjum yrði leiðbeint um og hvött til að eiga samstarf við slíkar viðurkenndar vinnumiðlanir. Umsóknir um atvinnuleyfi sem miðlað væri á þessum grunni fengju sérstaka meðhöndlum stjórnvalda.

- i) Átak verði gert í að efla upplýsingar og fræðslu til erlendra starfsmanna um réttindi þeirra og skyldur á íslenskum vinnumarkaði.

Það sem hefur náðst eru:

- j) Samningar og löggjöf sem tryggir rétt trúnaðarmanna til að sannreyna að útlendingar njóti kjara og réttinda í samræmi við íslenska kjara-samninga og lög.

Þá lagði ASÍ áherslu á að aðlögunarfrestur vegna stækkunar vinnumarkaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu yrði notaður til að undirbúa vinnumarkaðinn og íslenska stjórnvöldin undir fjölgun útlendinga frá nýjum aðildarríkjum EES sem vænta mætti.

### **Viðbrögð íslenskra stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda**

Viðbrögð stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda við þróun mála og áherslum Alþýðusambandsins hafa valdið miklum vonbrigðum.

Að vísu náðist samkomulag við SA um eftirlit með kjörum útlendinga á íslenskum vinnumarkaði í mars sl. og jafnframt yfirlýsing um að sambærilegar reglur yrðu settar inn í löggjöf. Í reynd hafa samtökin hins vegar leynt og ljóst unnið gegn ASÍ í málaflöknum. Þannig hafa Samtök atvinnulífsins tekið að sér sérstaka málsvörn fyrir framgöngu Impregilo á íslenskum vinnumarkaði og lagt sig eftir því að teyja eða koma í veg fyrir eðlilega og nauðsynlega reglugerðingu og eftirfylgni stjórnvalda. Þetta á m.a. við um reglugerðina um atvinnuréttindi útlendinga og allt sem snýr að góðri framkvæmd þeirra laga. Í því tilfelli unnu samtökin gegn niðurstöðu sem náðst hafði í nefnd um málið og fengu félagsmálaráðherra til að stöðva birtingu reglugerðarinnar, a.m.k. tíma-bundið. Í framkvæmd virðist það stefna SA að hleypa skuli útlendingum hindrana- og eftirlitslaust inn á íslenskan vinnumarkað. Þá hefur SA ekki sýnt neina tilbúnað í reynd til að verja reglur á íslenskum vinnumarkaði eða hagsmuni fyrirtækja sem nota íslenskt starfsfólk og greiða íslensk kjör, í samkeppni við fyrirtæki sem stunda undirboð með erlendu starfsfólki.

Þá verður að segjast eins og er að stjórnvöld hafa brugðist hægt og illa við ábendingum og kröfum Alþýðusambandsins, ef þau hafa þá yfirleitt gert það.

Framkvæmd eftirlits með komu og veru útlendinga á vinnumarkaði er í algjöru skötulíki og upplýst er að 3. ríkja borgarar sem uppvísir eru af því við komuna hingað til lands að þeir hafa verið ráðnir og eru að koma til starfa á íslenskum vinnumarkaði, án þess að hafa til þess tilskilin leyfi, er hleypt óátalið og eftirlitslaust inn í landið.



*Stefna stjórnvalda í málefnum útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og varðandi veitingu atvinnuleyfa hefur ekki séð dagsins ljós.*

*Reglugerð með lögum og atvinnuleyfi útlendinga og verklagsreglur á grunni þeirra hefur ekki enn verið gefin út og á meðan er framkvæmd laganna í mikilvægum atriðum í uppnámi. Þetta gerist þrátt fyrir yfirlýsingar og loforð stjórnvalda frá því í vor.*

*Breytingar á löggjöf sem tryggja heimildir til að sannreyna að útlendingar njóti kjara og réttinda í samræmi við kjarasamninga og lög hafa ekki séð dagsins ljós. Þá er margt sem bendir til þess að félagsmálaráðuneytið muni ekki stuðla að heldur þvælast fyrir slíkri lagasetningu, þrátt fyrir fyrri yfirlýsingu ráðherra.*

*Ekki bólar á löggjöf um málefni starfsmannaleiga og er vinna við skoðun á slíkri reglusetningu fyrst að fara í gang nú, ári eftir að ASÍ setti fram ósk um slíkt.*

*Skattamál útlendinga á vinnumarkaði og notkunarfyriertækja virðast í miklum ólestri í framkvæmd á mörgum sviðum.*

*Þannig mætti áfram telja en hér verður látið staðar numið. Það verða þó ekki dregnar af þessu aðrar ályktanir en þær að hvorki samtök atvinnurekenda eða stjórnvöld hafi raunverulegan áhuga á málefnum útlendinga á íslenskum vinnumarkaði verði tekið af festu og tryggð að þeir njóti réttinda og hafi skyldur né heldur þau fyrirtæki sem hafa þá í starfi, í samræmi við kjarasamninga og lög. Hverju þetta sætir er mikið íhugunarefni.*

*Það er ljóst að sú staða sem komin er upp kallar á að Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess endurmeti stöðuna og málið allt og móti sér skýra stefnu um það hvernig bregðast eigi við.*

Áfram var fjallað um málið í miðstjón ASÍ og á fundi miðstjórnar er lagt fram nýtt minnisblað þar sem frekar er gerð grein fyrir fjölgun útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, stöðu þeirra mála og þeim úrlausnarefnum sem verkalyðshreyfingin og samfélagið allt stæði frammi fyrir. Á þeim fundi var jafnframt ákveðið að Alþýðusambandið hleypti af stokkunum sérstöku átaki í samstarfi við aðildarfélög sín sem miðaði að því að upplýsa erlent verkafólk um réttindi sín og atvinnurekendur um skyldur sínar gagnvart erlendu verkafólki. Þá yrði settur upp sérstakur aðgerðahópur á vegum ASÍ sem í samstarfi við aðildarfélögin aflaði upplýsinga um erlent verkafólk sem starfaði hér á landi og kæmi á framfæri við það upplýsingum um réttindi þess og skyldur. Upplýsti jafnframt fyrirtæki um skyldur sínar og gripi til viðeigandi aðgerða ef í ljós kæmi að verið væri að brjóta á erlendum starfsmönnum eða fyrirtækin væru brotleg að öðru leyti.

## *Átakinu „Einn réttur – ekkert svindl“ hrundið af stað*

Aðgerðir verkalýðshreyfingarinnar á 1. maí 2005 voru undir yfirskriftinni „Einn réttur – ekkert svindl“ og vísuðu þar til átaksins gegn félagslegum undirboðum og svartri atvinnustarfsemi með erlent verkafólk, sem formlega var hrundið af stað með blaðamannafundi 2. maí. Áður hafði átakið verið kynnt víða í stjórnkerfinu og meðal stjórnámálamanna til að afla stuðnings og samstarfs um málið. Slíkri kynningu var síðan haldið áfram eftir að átakið hafði verið sett í loftið.

Í kynningu um átakið kom m.a. fram að markmið átaksins er að verja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir allt launafólk.

Átakið **beinist gegn** þeim atvinnurekendum sem misnota erlent verkafólk og skapa sér þannig forskot í samkeppni.

Átakið **beinist ekki gegn** erlendu verkafólki sem komið hefur hingað til lands í góðri trú.

Átakið miðar að því að ljóstra upp um og uppræta félagsleg undirboð og ólöglega atvinnustarfsemi með erlendu verkafólki á íslenskum vinnumarkaði.

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að:

**Það tapa allir** á félagslegum undirboðum og ólöglegri atvinnustarfsemi með erlendu verkafólki

- Útlendingarnir tapa af því þeir eru hlunnfarnir um laun, starfskjör og aðbúnað.
- Launafólk allt tapar af því að félagsleg undirboð grafa undan kjörum og réttindum á vinnumarkaði.
- Fyrirtækin tapa af því að félagsleg undirboð grafa undan samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem fara að leikreglum og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi.
- Samfélagið í heild tapar af því að félagsleg undirboð grafa undan velferðarkerfinu og því samfélagi sem við höfum byggt upp saman.

Tveir starfsmenn vinna að átakinu á skrifstofu ASÍ. Þeir munu taka við og fylgja eftir upplýsingum um meint félagsleg undirboð og svarta atvinnustarfsemi.

**Áhersla er lögð á að:**

- Upplýsa erlenda verkafólkið um réttindi sín með útgáfu upplýsingarits á 10 tungumálum.
- Upplýsa atvinnurekendur sem hyggjast ráða erlent verkafólk um skyldur sínar og hvernig þeir geti hagað sínum málum í sátt við verkalýðshreyfinguna.
- Upplýsa íslenskt launafólk og allan almenning um mikilvægi þess að uppræta félagsleg undirboð og svarta atvinnustarfsemi.
- Koma upplýsingum um meint brot til stjórnvalda og eftirlitsstofnana.

Einnig hefur verið gefið út upplýsingarit ætlað atvinnurekendum og íslenskum starfsmönnum.

Þá er með átakanu lögð áhersla á að fyrirtæki ráði frekar erlenda starfsmenn beint en í gegnum starfsmannaleigur og fylgi íslenskum kjarasamningum og lögum.

### **Hvað hefur gerst?**

Átakið hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð meðal félagsmanna í verkalýðshreyfingunni, frá samtökum útlendinga á Íslandi, fjölmiðlum og í samfélaginu almennt.

Starfsmenn átaksins hafa í samstarfi við aðildarfélag ASÍ heimsótt mikinn fjölda vinnustaða, þar sem upplýsingum hefur verið dreift og kjör og aðbúnaður erlendra starfsmanna verið lagfærð. Þá hafa einnig komið upp mál þar sem brotafyrirtæki hafa verið gerð opinber og kærð til þess bærri yfirvalda. Það sem af er hafa verið skráð 67 mál, í framhaldi af um 80 — 90 innhringingum og ábendingum og vegna vinnustaðaheimsóknna. Þeim athugasemdum sem ekki hafa verið skráðar var sinnt í gegnum síma eða að þær áttu ekki við rök að styðjast. Farið hefur verið á 63 vinnustaði í kjölfar ábendinga eða að frumkvæði starfsmanna og viðkomandi verkalýðsfélaga. Mjög algengt er að atvinnurekendur leggi fram ráðningarsamninga á lágmarkskjörum, og á fyrsta aldursþrepi, hvort heldur er um að ræða almennt verkafólk eða sérhæft starfsfólk með umtalsverða reynslu á vinnumarkaði. Mikilvægt er að í umsögn stéttarfélagsins felist rök fyrir því á hvaða kjörum viðkomandi einstaklingar eigi að vera samkvæmt kjarasamningi og ábendingar um markaðsleg laun ef um það er að ræða og farið sé yfir þau efnisatriði af hálfu stéttarfélagsins með skýrum hætti s.s. varðandi launaþáttinn og önnur rök sem félagið hefur fram að færa varðandi umsagnir.

Þá virðist sú aðferð verða algengari hjá fyrirtækjum sem kjósa í auknum mæli að nýta sér þjónustu starfsmannaleiga eða gera svokallaða þjónustusamninga við fyrirtæki sem staðsett eru í útlöndum. Nýjasta dæmið er að íslensk fyrirtæki eru farin að gefa sig út fyrir að starfa sem starfsmannaleigur og ráða til sín erlent starfsfólk og áfram leigja það til annarra fyrirtækja. Það er mjög erfitt að halda uppi einhverju eftirliti með starfsemi af þessu tagi nema að fara út á vinnustaði vegna þess að vitneskjan um þetta form á ráðningu fæst ekki öðruvísi, eða með upplýsingum frá trúnaðarmönnum eða almennum starfsmönnum. Það skortir einnig á lög og reglur um starfsemi sem þessa. Fyrirtæki geta því skákað í skjóli þess og komist upp með að gefa ekki upp ráðningarkjör starfsfólks sem starfar hjá viðkomandi notendafyrirtæki. Slík notendafyrirtæki skeytja því samkeppnisstöðu og líta undan þeirri ábyrgð að viðhalda hér því velferðarsamfélagi sem við höfum byggt upp, þar sem ekki eru

greiddir skattar af þessari starfsemi. Það er því brýnt að löggjafinn og framkvæmdavaldið setji um þessa starfsemi lög og reglur, og að verkalýðshreyfingin komi að þeirri vinnu. Samstarf félaganna innan ASÍ er mikilvægt er varðar sameiginlega aðkomu að atvinnuleyfisumsóknum þegar slíku verður við komið, varðandi sameiginlega ásynd gagnvart stjórnvöldum og varðandi þrýsting á þau fyrirtæki sem ætla að brjóta niður starf verkalýðshreyfingarinnar. Félögin þurfa einnig að skoða sín innri málefni varðandi umsagnir um atvinnuleyfin og eftirfylgni með slíkum umsögnum.

Nú er unnið að því að draga saman reynsluna af starfinu fram að þessu og móta tillögur um framhaldið, sem m.a. felast í:

- Kröfum um löggjöf um starfsmannaleigur og traustari lagaramma til að takast á við félagsleg undirboð og ólöglega atvinnustarfsemi.
- Knýja á um skilvirkari aðgerðir af hálfu stjórnvalda.
- Þrýsta á um að samtök atvinnurekenda beiti sér með ákveðnari hætti í málunum, einkum gegn ólöglegu atvinnustarfsemi.
- Samræma betur og treysta en frekar aðgerðir af hálfu verkalýðshreyfingarinnar.

### ***Framkvæmd samnings ASÍ og SA um málefni útlendinga***

7. mars 2004 var undirritað samkomulag á milli ASÍ og SA um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, þar sem fjallað er um rétt trúnaðarmanna og fulltrúa stéttarfélaganna til að fá upplýsingar hjá fyrirtækjum um laun og starfskjör og starfsréttindi erlendra starfsmanna sem hjá þeim starfa. Jafnframt er að finna ákvæði um sérstaka samráðsnefnd ASÍ og SA sem hægt er að vísa málum til ef þörf krefur. Samráðsnefndin skal leitast við að upplýsa mál og leiða ágreining til lykta með viðræðum sín á milli. Efni samkomulagsins er birt í heild sinni í skýrslu forseta ASÍ fyrir árið 2004.

Af hálfu miðstjórnar ASÍ var ákveðið að skipa Halldór Grönvold sem fasta-fulltrúa ASÍ í nefndinni og að landssamböndin skipuðu hvert sinn fulltrúa sem taki sæti í nefndinni þegar málefni viðkomandi landssambands eru til umfjöllunar.

Samráðsnefndin kom saman til síns fyrsta fundar 24. júní 2005 til að fjalla um erindi sem henni hafði borist frá Trésmiðafélags Reykjavíkur, dags. 9. júní. Fram kom í erindi TR að málið varðaði litháenska byggingamenn sem störfuðu við að reisa fjölbýlishús í Reykjavík og snerist um að fá upplýst um starfskjör þeirra og starfsréttindi, en grunur væri um brot varðandi kjör þeirra og starfsréttindi. Samráðsnefndin lagði sig eftir að afla upplýsinga um málið og kom þá m.a. í ljós að viðkomandi Litháar væru starfsmenn þarlendra starfsmannaleiga. Samstarfsnefndin fékk aldrei fullnægjandi upplýsingar um starfskjör framangreindra starfsmanna og skilaði nefndin málinu af sér með grein-

argerð til TR 28. september 2005. Að mati fulltrúa ASÍ var ekki spurning um að kjör framangreindra starfsmanna væru undir því sem kjarasamningar og lög mæltu fyrir um, þótt það yrði ekki sannað vegna skorts á upplýsingum.

Samráðsnefndin hefur fengið 3 önnur mál til umfjöllunar sem öll snerta starfsemi erlendra starfsmannaleiga hér á landi eða þjónustusamninga og voru þau í vinnslu þegar þessi skýrsla fór í prentun.

Það er ljóst að mati fulltrúa ASÍ í samráðsnefndinni, að möguleikar hennar til að upplýsa mál eða leysa eru miklum takmörkunum háðir, einkum og sér í lagi þegar kemur að starfsemi starfsmannaleiga hér á landi. Reynsla af starfi Samráðsnefndarinnar eru því enn ein rökin fyrir setningu laga um starfsemi starfsmannaleiga hér á landi.

### **Lögum um starfskjör launafólks nr. 55/1980 breytt**

Þann 10. desember voru samþykktar breytingar á lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Lögin bættu nýrri málsgrein við 1.gr. laganna og var það gert í þeim tilgangi að samningar samtaka aðila vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga, öðlist sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980. Tilurð lagabreytinganna er að rekja til samkomulags ASÍ og SA um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði frá 7. mars 2004. Samkvæmt bókun við þetta samkomulag var þeim tilmælum beint til félagsmálaráðherra að veita því almennt gildi þannig að það næði til allra erlendra starfsmanna er starfa á íslenskum vinnumarkaði.

Lagabreytingin er svo hljóðandi: „*Samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga, skulu hafa sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör, sbr. 1. gr., með þeim takmörkunum sem í samningunum felast.*

- *Þegar settar eru á fót samráðsnefndir til úrlausnar ágreiningsmála á grundvelli samninga skv. 1. mgr. og atvinnurekandi, sem er málsaðili, á ekki aðild að samtökum atvinnurekenda er honum heimilt að tilnefna einn fulltrúa sem tekur sæti eins fulltrúa samtaka atvinnurekenda í nefndinni. Hið sama gildir um launamann sem er málsaðili og á ekki aðild að stéttarfélagi en fulltrúi hans tekur sæti eins fulltrúa samtaka launafólks í nefndinni. Ákveði málsaðili að tilnefna fulltrúa skal tilnefningin fara fram fyrir upphaf málsmeðferðar hjá samráðsnefndinni.“*

### ***Frankvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga***

Í lok árs 2004 reis upp alvarlegur ágreiningur á milli Alþýðusambandsins og stjórnvalda vegna umsókna Impregilo um atvinnuleyfi fyrir mikinn fjölda 3ju ríkja borgara, einkum frá Kína og boðaðrar afgreiðslu stjórnvalda á þessum umsóknum. Fundur var haldinn um málið í samráðsnefnd á grundvelli 25. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga þann 30. desember þar sem fulltrúi ASÍ lagði fram ákveðnar fyrirspurnir og gerði alvarlegar athugasemdir við boðaða meðferð málsins af hálfu Vinnumálastofnunar.

Í framhaldi af fréttáflutningi um málið áttu fulltrúar ASÍ fund með félagsmálaráðherra þar sem gerð var grein fyrir áherslum og gagnrýni Alþýðusambandsins. Í framhaldinu óskaði félagsmálaráðherra síðan eftir því að ASÍ setti ábendingar sínar og gagnrýni fram skriflega sem gert var með bréfi til ráðherra ásamt 17 bls. greinargerð og fylgiskjölum. Í bréfinu til ráðherra sagði m.a. :

*Hjálagt fylgir „Greinargerð vegna umsókna Ítalska verktakafyrirtækisins Impreglio um atvinnuleyfi vegna stórra hópa 3ju ríkis borgara og stefnu stjórnvalda varðandi veitingu atvinnuleyfa og málefna vinnumarkaðarins.“ Í greinargerðinni eru sett fram sjónarmið Alþýðusambandsins til málsins og spurningum sem þú hefur sett fram svarað.*

*Við væntum þess að greinargerðin og þau sjónarmið sem þar eru sett fram gagnist stjórnvöldum við meðferð þeirra mikilvægu mála sem nú eru til úrlausnar. Ljóst er að niðurstaðan getur haft víðtæk og alvarleg áhrif á íslensk- an vinnumarkað og þær reglur og samskipti sem þar gilda. Jafnframt væntum við þess að eiga við fyrsta tækifæri samræður við þig um efni greinargerðarinnar og sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar og hvernig megi leiða þessi mál til farsællar niðurstöðu.*

Í inngangi greinargerðarinnar sagði síðan:

*Ítalska verktakafyrirtækið Impregilo hefur nýverið sótt um atvinnuleyfi fyrir um 150 verkamenn (að stærstum hluta frá Kína) og boðað að sótt verði um atvinnuleyfi fyrir annan eins fjölda á næstunni vegna verkefna fyrirtækisins við Kárahnjúka. Þessar umsóknir Impregilo um atvinnuleyfi eru nú til umfjöllunar hjá Vinnumálastofnun. Jafnframt hefur komið fram að sérstaklega sé til skoðunar hjá forstjóra stofnunarinnar að veita fyrirtækinu sérstaka „flýtimeðferð“ vegna umsókna um atvinnuleyfi fyrir 54 „lykilstarfsmenn“ úr þeim hópi sem sótt hefur verið um atvinnuleyfi fyrir, flestir sérhæfðir verka- og tækjamenn.*

*Af hálfu Alþýðusambands Íslands hefur verið bent á að mikill fjöldi framangreindra umsókna um atvinnuleyfi vekir margar spurningar og álitaefni sem nauðsynlegt er að fjalla um og fá skýr svör við.*

*ASÍ hefur áréttað að áður en til álita komi að veita einhver atvinnuleyfi vegna framangreindra umsókna Impregilo verði að liggja fyrir með ótvíræð-*

um hætti að umsóknirnar og öll meðferð þeirra uppfylli þau lög og reglur sem um það gilda og að fyrir veitingu atvinnuleyfa séu full rök.

Af hálfu ASÍ hefur jafnframt verið bent á að málefni Impregilo og umsóknir fyrirtækisins nú um mikinn fjölda atvinnuleyfa fyrir verkafólk frá Kína og fleiri ríkjum Asíu séu með þeim hætti að þau varði íslenskt samfélag og vinnu- markaðinn í heild, kjör og réttindi launafólks og þær reglur og venjur sem hér hafa mótast í samskiptum og samstarfi aðila vinnu- markaðarins og stjórnvalda á undangengnum árum og áratugum. Að mati ASÍ er nú tekist á um þetta og þá sátt sem verið hefur og henni ógnað með alvarlegum hætti. Alþýðusambandið lítur á það sem megin skyldu sína að verja og treysta kjör og réttindi launafólks. Það er jafnframt skoðun Alþýðusambandsins að það sé sameiginleg skylda aðila vinnu- markaðarins. Stjórnvöld hafa jafnframt ríkar skyldur til að verja þann árangur sem þar hefur náðst og þá sátt sem verið hefur um vinnu- markaðinn, sem byggi á ákveðnum sveigjanleika, en jafnframt traustum réttindum og velferð launafólks. Þessum sjónarmiðum hefur ASÍ ítrekað komið á framfæri í umfjöllun um þetta mál.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir sjónarmiðum Alþýðusambands Íslands varðandi fjölmarga þætti þessa máls er varða vinnu- markaðinn almennt og málefni Impregilo sérstaklega. Hér er engan veginn um tæmandi umfjöllun að ræða heldur er reynt að draga fram helstu álítaefnin og viðhorf og viðbrögð ASÍ við þeim. Af hálfu félagsmálaráðherra hefur sérstaklega verið óskað eftir að Alþýðusambandið fjalli um tiltekin atriði í þessu sambandi, þ.e. hvort atvinnuleyfisveitingar til Impregilo nú færu í bága við íslensk lög, alþjóðlegar skuldbindingar og þær verklagsreglur og viðmið sem gildi um meðferð og afgreiðslu atvinnuleyfa.

Í framhaldi af greinargerð ASÍ urðu miklar umræður um málið í fjölmiðlum. Þá var málið einnig til umfjöllunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar, þar sem ákveðið var að skipa nefnd ráðuneytisstjóra til að fara yfir gagnrýni ASÍ og móta reglur um framkvæmdina. Ráðuneytisstjóranefndin skilaði af sér og í framhaldinu var allt verklag varðandi atvinnuleyfisveitingar til Impregilo tekið til skoðunar og það treyst. Jafnframt var í framhaldinu gefin út ný reglugerð á grundvelli laganna um atvinnuréttindi útlendinga.

### **Reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga**

Í skýrslu forseta ASÍ fyrir árið 2004 er gerð grein fyrir vinnu samráðsnefndar fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnu- markaðarins að gerð reglugerðar á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga. Nefndin skilaði af sér drögum að reglugerð sem ráðherra dró síðan til baka að kröfu Samtaka atvinnulífsins. Af hálfu ASÍ var hins vegar gerð krafa um að tillögur nefndarinnar að reglugerð ásamt verklagsreglum yrðu staðfestar.



Í byrjun árs 2005 varð mikil umræða um væntanlega reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga, m.a. í framhaldi af átökum sem urðu um atvinnueyfisveitingar til ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo og hvernig ætti að standa að þeim. Í seinni hluta janúar fékk ASÍ til umsagnar drög að reglugerðinni sem það gerði alvarlegar athugasemdir við með umsögn sem send var félagsmálaráðuneytinu 27. janúar. Í framhaldinu var síðan frekara samráð um málið og höfðu reglugerðardrögin tekið verulegum breytingum þegar þau voru loks gefin út í seinni hluta marsmánaðar.

Á fundi miðstjórnar ASÍ 6. apríl var fjallað um minnisblað um nýja reglugerð þar sem sagði m.a.:

*Félagsmálaráðherra undirritaði 23. mars sl. nýja reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga nr. 339/2005, sem byggir á samnefndum lögum. Reglugerðin víkur í veigamiklum atriðum frá þeim drögum að reglugerð sem sátt varð um sumarið 2004 og Alþýðusamband Íslands stóð að. Um leið hefur verið komið nokkuð til móts við þá gagnrýni sem Alþýðusambandið setti fram á reglugerðardrög sem kynnt voru í janúar sl. og ASÍ veitti umsögn um 27. sama mánaðar. Þá hefur ASÍ jafnframt fengið frekari skýringar varðandi efni nokkurra greina reglugerðarinnar, sem taka eiga af öll tvímæli um efni þeirra.*

*Það er mat ASÍ að reglugerðin sé gölluð og ekki með þeim hætti sem best hefði verið á kosið. Verkefnið nú er hins vegar að tryggja að þær úrbætur sem reglugerðin feli í sér komist til framkvæmda og að treysta svo sem kostur er framkvæmd laganna um atvinnuréttindi útlendinga.*

### **Könnun á viðhorfum og aðstæðum útlendinga**

18. janúar 2005 var gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar sem gerð var á viðhorfum og aðstæðum innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi. Könnunin var gerð af Félagsvísindastofnun fyrir Fjölmenningsatriði á Vestfjörðum. Könnunin var styrkt af Byggðastofnun, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi Sveitarfélaga á Austurlandi, Alþýðusambandi Íslands og Vinnu-málastofnun.

Könnunin var lögð fyrir innflytjendur á Vestfjörðum og Austurlandi sem þurfa atvinnu- og dvalarleyfi áður en komið er til landsins og tala pólsku, ensku, taflensku eða serbnesku/kroátísku. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2003 fengu 2/3 þessara innflytjenda spurningarlista og svöruðu 58% þeirra listanum. Meginmarkmiðið var að kanna viðhorf innflytjenda til búsetu og vinnu, kanna hvaðan fólk fær upplýsingar um réttindi sín og skyldur, menntun þess og starfsreynslu og hvort það nýti þekkingu sína hér á landi.

Einnig var spurt um ýmis atriði varðandi þjónustu sveitarfélaga, verkalyðsfélaga o.fl.



Í könnuninni er að finna ýmsar athyglisverðar upplýsingar, m.a. um samskipti svarenda við verkalýðsfélög:

- Um það bil 60% svarenda höfðu kynnt sér þjónustu verkalýðsfélagsins síns.
- Af þeim höfðu 37% einhvern tíma leitað til félagsins. Flestir sögðust hafa fengið góða þjónustu.
- Þeir sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi höfðu hvað síst kynnt sér þjónustu stéttarfélags og því skemur sem svarendur höfðu verið búsettir hér á landi því síður höfðu þeir kynnt sér þjónustuna.
- Þeir sem ekki höfðu leitað til félags voru spurðir hvers vegna ekki. Um það bil 60% sögðu að þeir hefðu ekki þurft á því að halda og um 30% höfðu ekki haft vitneskju um hvaða þjónustu þeir gætu fengið þar. Mjög fáir sögðust ekki treysta félaginu sínu eða að tungumálaerfiðleikar hefðu komið í veg fyrir að þeir leituðu þangað.

Alþýðusambandið hefur hvatt til þess að sambærileg könnun verði gerð á meðal útlendinga annars staðar á landinu og lýst yfir vilja til að taka þátt í slíku verki.

## Kárahnjúkar

Það er mat yfirtrúnaðarmanns samkvæmt virkjunarsamningi, Odds Friðriks-sonar, að stöðugleiki hafi skapast á virkjunarsvæðinu sem heild og að launamál séu almennt í nokkuð góðu lagi. Ástandið sé því talsvert betra en það var, samanborið við stöðu þeirra mála á fyrsta ári framkvæmdanna. Samskipti við verktaka eru almennt í góðu horfi að undanskildu Universal Sodeexo, en tíðir árekstrar hafa verið milli yfirmanna þess fyrirtækis og almennra starfsmanna sem vinna í mötuneytum og við þrif á virkjunarsvæðinu.

Í ágúst 2005 var heildarfjöldi starfsmanna á vinnusvæði virkjunarinnar 1596, þ.m.t. 417 Íslendingar eða um 26% af vinnuafslins.

Starfsmenn Impregilo eru 1143 en í þeim hópi eru einungis 65 Íslendingar eða 4% vinnuafslins. Hefur Íslendingunum sífellt farið fækkandi. Kínverjar eru fjölmennastir í starfslíði Impregilo 417, 332 koma frá Portúgal, 64 frá Pakistan, 30 frá Filippseyjum, 19 frá Póllandi en aðrir stafsmenn eru af öðrum þjóðernum.

Íslendingarnir eru að mestu þjónustustörfum, þ.e.a.s. í eldhúsum og við þrif og aðeins um 20 Íslendingar starfa í véladeild Impregilo. Þá eru aðeins fimm fullgildir iðnaðarmenn að störfum hjá fyrirtækinu; fjórir matreiðslumenn sem starfa reyndar á vegum Sodhexho sem er einn af undirverktökum Imipregilo, og einn rafvirki.

Öryggismál á virkjunarsvæðinu eru að flestu leyti komin í viðunandi horf en þann árangur má að miklu leyti þakka þeim öryggistrúnaðarmönnum sem

verkalýðshreyfingin hefur haft forgöngu um að ráða inn á virkjunarsvæðið. Þessir öryggistrúnaðarmenn starfa samkvæmt sérstöku samkomulagi við Landsvirkjun við eftirlit með öryggis-, heilsu-, og umhverfismálum vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Heyra þeir undir daglega stjórn framkvæmdaeftirlitsins við Kárahnjúka VIJV að því er varðar framkvæmd og fyrirkomulag daglegra starfa.

Fosskraft, sem hefur umsjón af byggingu stöðvarhúss og tengdra mannvirkja í Fljótsdal, er með um 124 starfsmenn í vinnu, þar af 75 Íslendinga. Samstarf við fyrirtækið hefur gengið með ágætum og þeir hnökra sem upp hafa komið, leystir jafnharðan. Umfang verkframkvæmda í Fljótsdal fer vaxandi og vegna aukins álags á starfsmenn, sem stafar m.a. af fjölgun undirvertaka sem koma að byggingu stöðvarhússins, hefur verið ákveðið að einn af öryggistrúnaðarmönnum verkalýðshreyfingarinnar hafi fasta starfstöð í Fljótsdal. Hefur verið gengið frá ráðningu Jens Hjelm í starfið, en hann var áður starfsmaður Impregilo og mun hann hefja störf í lok september.

Starfsmenn Arnarfells eru 75 eða tæp 5% vinnuafslins og allt Íslendingar. Launamál fyrirtækisins eru þar komin í mjög gott lag. Starfsmannabúðir Arnarfells hafa einnig tekið stökkbreytingum.

Hjá Suðurverki eru starfsmenn 119 og allt Íslendingar. Fyrirtækið hefur að undanfögnu auglýst eftir vélamönnum en ekki fengið og standa nú nokkur tæki auð. Til að leysa þann vanda samdi fyrirtækið við íslenska starfsmannaleigu sem útvegaði fyrirtækinu hóp af pólskum vélamönnum. Hófu þeir störf í byrjun ágúst s.l. Við nánari eftirgrennslan yfirtrúnaðarmanns hefur komið í ljós að þessum erlendu starfsmönnum er ekki greidd laun samkvæmt virkjunarsamningi, þrátt fyrir að Suðurverk hafi í samningi sínum við starfsmannaleiguna lagt á það áherslu. Hafði yfirtrúnaðarmaður einnig gert forsvarsmanni starfsmannaleigunnar ljósa grein fyrir þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt virkjunarsamningi. Þegar brot starfsmannaleigunnar gagnvart starfsmönnum komu í ljós, var þess óskað af hálfu yfirtrúnaðarmanns, að Suðurverk tæki þessa pólsku starfsmenn í beint ráðningarsamband. Hefur verið unnið að því síðustu vikurnar að koma því í kring.

Á vegum Keflavíkurverktaka starfa 15 manns, flestir smiðir. Í þessum hópi eru fimm írskir smiðir.

Auk starfsmanna þessara verktakafyrirtækja eru starfsmenn eftirlitsaðila með framkvæmdunum VIJV og KSJV en á þeirra vegum starfa u.þ.b. 70 manns, þar af 45 Íslendingar.

### ***Starfsréttindi***

Í síðustu ársskýrslu ASÍ kom fram að starfsréttindamál við Kárahnjúka hafi verið talsverðum ólestri þar sem Impregilo hafi að staðið við skuldbindingar

sínar um að starfsmenn fyrirtækisins í iðnaðarstörfum legðu fram upplýsingar um menntun og fyrri störf sín á því sviði og öfluðu viðurkenningar þar til bærra stjórnvalda hér á landi á þeim gögnum.

Samráðsnefnd ASÍ hefur frá upphafi framkvæmda við Kárahnjúka óskað eftir því við sýslumanninn á Seyðisfirði að hann léti fara fram rannsókn á þessum þætti í starfsemi Impregilo. Það var hins vegar ekki fyrir en í janúar á þessu ári að teknar voru skýrslur af nokkrum starfsmönnum Impregilo vegna gruns um brot þeirra á iðnaðarlögum. Framhald málsins var á þá leið að tveir starfsmenn Impregilo voru í héraðsdómi Austurlands dæmdir í júlí á þessu ári fyrir brot á iðnaðarlögum með því að hafa starfað við Kárahnjúka, að löggiltir iðngrein án þess að hafa aflað sér viðurkenningar á starfsréttindum. Annar þeirra starfaði í rafíðnaði, sem verkstjóri í rafmagnsdeild fyrirtækisins, en hinn við trésmíðar, sem verkstjóri smíðaverkstæðis við Kárahnjúka. Voru þeir sakfelldir fyrir brot á 6. tl. 15. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, sbr. 3. mgr. 2. gr. sömu laga, sbr. einnig reglugerð nr. 495/2001 og dæmdir til að greiða 50.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins en sæta ella fangelsi í 4 daga.

Báðum þessum málum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.

### ***Mannaráðningar***

Steingrímur Þorbjarnarson var ráðinn til að starfa sem aðstoðarmaður yfirtrúnaðarmanns með vísan til samkomulags ASÍ og landssambanda og Landsvirkjunar frá 19. mars 2003. Steingrímur var ráðinn í 50% starf tímabilið frá 30. mars til 21. júní 2005 og í 25% starf frá september til desember 2005 og frá mars til ágúst 2006. Steingrímur hefur verið búsettur í Kína um nokkurra ára skeið og hefur gott vald á kínverskri tungu. Mikil fjölgun hefur verið á kínverskum starfsmönnum á virkjunarsvæðinu. Er það mat Steingríms og yfirtrúnaðarmanns að Impregilo greiði þessum hópi starfsmanna rétt laun í samræmi við ákvæði virkjunarsamningsins.

### ***Samningar***

Mánudaginn 7. mars 2005 var haldinn fundur fulltrúa Impregilo S.p.A. og verkalýðsfélaga sem aðild eiga að virkjunarsamningi vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Á þeim fundi var samþykkt að vísa til fastanefndar IGL og verkalýðsfélaganna varðandi vinnumarkaðsmál sem tengjast Kárahnjúkaverkefniinu undir heitinu Karperm.

Ákveðið var að formlegir fastafulltrúar í Karperm af hálfu félaganna yrðu Ingvar Sverrisson, frá ASÍ, Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, Aðalbjörn Sigurðsson, framkvæmdastjóri AFLS og Oddur Friðriksson, aðaltrúnaðarmaður. Fastafulltrúar Impregilo voru tilnefndir á fyrsta

fundi, þ.e. Milazzo, Brunetti/Spoldi, Þórarinn V. Þórarinsson og Ragnar Árnason hjá SA.

Markmið nefndarinnar er að vera fastur vettvangur þar sem Impregilo og hlutaðeigandi verkalýðsfélög geti rætt vinnumarkaðsmál sem hafa þýðingu fyrir framkvæmdirnar og þá sem að þeim starfa; fyrirtækið og starfsmenn þess, og taka má ákvarðanir um atriði sem lúta að framkvæmd Virkjanasamningsins og laga sem við geta átt.

Á vettvangi Karpern var gerður samningur um greiðslu á viðverubónus til starfsmanna er væri þannig að starfsmenn með lögheimili á Íslandi, utan virkjunarsvæðisins, sem vinna skv. vinnufyrirkomulaginu 4-1, eiga rétt á eftirfarandi viðbótargreiðslum fyrir hvern unninn dag á virkjunarsvæðinu, skv. viðkomandi launaflokki, enda hafi starfsmaðurinn unnið samfellt hjá IGL í fulla 6 mánuði. Þegar þessu marki er náð á starfsmaðurinn rétt á viðbótargreiðslu fyrir alla unna daga á þessu tímabili og í framhaldi af því, þó ekki fyrir veikindadaga, ferðadaga, frídaga og orlofsdaga eða yfirhöfuð aðra daga en þá sem hann raunverulega vinnur á svæðinu. Fyrsti ávinnsludagur réttar til viðbótargreiðslu var ákveðinn 1. september 2004 og fjárhæðin á daga árin 2005 og 2006 ákveðin í samræmi við launataxta viðkomandi við útborgun. Upphæð þessarar viðbótargreiðslu í lægsta launaflokki var ákveðin 400 kr. og 750 kr. í þeim hæsta.

Áunin viðbótargreiðsla er greidd út á þriggja mánaða fresti fyrir undanfarandi þrjá mánuði og myndar grunn fyrir venjubundin launatengd gjöld, s.s. orlofsfé o.s.frv. Þá var ákveðið í þeim tilgangi að laða iðnaðarmenn með full iðnréttindi til starfa á virkjunarsvæðinu að greiða þeim ákveðna uppbót sem var ákveðin 350 kr. fyrir hvern unninn tíma. Nær þessi uppbót til iðnaðarmanna í rafvirkjun, trésmíði og málmíðnaði. Markmiðið var að með þessu móti væri hægt að ráða strax a.m.k. 20-30 nýja iðnaðarmenn og fleiri þegar verkinu vindur fram og þörf verður á fleiri iðnaðarmönnum. Þetta markmið hefur hins vegar ekki náð fram að ganga og kveður Impregilo skýringuna vera þá að iðnaðarmenn með full réttindi hafa ekki sýnt störfum við Kárahnjúka áhuga.

Á virkjunarsvæðinu er einnig í gildi almennur bónussamningur. Hefur hann skilað starfsmönnum sem vinna að smíði stíflunnar við Kárahnjúka ágætum tekjuauka á síðustu mánuðum. Gangnagerð hefur hins vegar verið á eftir áætlun og hafa starfsmenn sem þar vinna því ekki enn sem komið er áunnið sér rétt til bónusgreiðslna.



*Mikið og öflug starfsemi hefur verið á vettvangi fræðslumálanna á árinu. Meðal þeirra sem kynnti starfsemi sína á síðasta ársfundi var Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.*

## Fræðslu- og menntamál

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess koma víða að menntamálum, bæði með stefnumótunarvinnu og þátttöku á fjölmörgum sviðum, auk þess sem MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eigu ASÍ, standa fyrir öflugum fræðslustarfi. Þannig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, starfsmenntaráði, MENNT - samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla, stjórn landsskrifstofu Leonardó starfsmenntaáætlunarinnar, 18 manna nefnd menntamálaráðuneytisins um verkmenntun á framhaldsskólastigi, auk þess að vera tilnefningaraðili í nokkrum starfsgreinaráðum skv. framhaldsskólalögnum.

Ljóst er að aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á mikilvægi menntunar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar hefur fylgt aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram á næstu árum.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu.

## **Félagsleg fræðsla**

### **MFA fræðsludeild ASÍ**

Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA fræðsludeildar. Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Skólanefndin hittist fimm sinnum á skólaárinu. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans. Skólastjóri gerir fjárhagsáætlanir fyrir skólann. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Þjónustusamningur er við Mími símenntun um ýmsa framkvæmdarþætti.

Í samstarfi við menntanefnd og einnig með skólanefnd Félagsmálaskólans mótar deildarstjóri heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf deildarstjórans og eru tengsl hans við talsmenn stéttarfélaga mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar.

### ***Þjónusta fræðsludeildar***

Markmið MFA er að vera með fræðslu og námskeið sem styrkja talsmenn í starfi til að þeir séu betur í stakk búnir að takast á við kröfur sem gerðar eru og stöðugar breytingar í samfélaginu. Lögð er áhersla á að námsframboð miðist við þarfir og aðstæður félaga hverju sinni. MFA býður upp á ráðgjöf og þarfagreiningu fyrir einstök félög. Stéttarfélög geta þannig nýtt sér námskeið og fræðslu til að móta starf og stefnu. Í samráði við þarfir félaga er hægt að þróa námskeið og námsefni.

Fræðsludeildin er með námskeið fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn, stjórnir og fulltrúa ASÍ í stjórnnum lífeyrissjóða. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá fræðsludeildinni og í samráði við deildarstjóra eru gerð drög að dagskrá. Stéttarfélög geta sent trúnaðarmenn sem lokið hafa grunnfræðslu einnig á námskeið sem eru auglýst fyrir talsmenn.

### **Námskeið**

Námskeið sem eru í boði fyrir stéttarfélög eru ýmist auglýst og þá opin öllum eða þöntuð af einstökum félögum.

### ***Trúnaðarmannanámskeið***

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á árinu. 27 félög innan ASI sendu trúnaðarmenn sína á námskeið eða voru með námskeið fyrir þá. Tvö félög frá BSRB sendu trúnaðarmenn á námskeið. Meiri áhersla var á fræðslu um hagfræði fyrir trúnaðarmenn þetta ár. Alls voru 28 trúnaðarmannanámskeið haldin og voru þau allt frá einum degi til fimm og voru 22 félög með námskeið fyrir trúnaðarmenn. Karlmenn sem sóttu námskeiðin voru 99 og konur 150. Nemendastundir voru 5.905.

### *Formlegt mat á trúnaðarmannanámi*

Gerður hefur verið samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að fá trúnaðarmannanámið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki í byrjun næsta árs. Markmiðið er að efla trúnaðarmannafræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi.

### **Háskólanám**

Háskólanám fyrir talsmenn stéttarféлага er í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Samstarfið hófst haustið 2004 og er tveimur önnum lokið. Á haustönn 2004 voru eftirfarandi námsþættir kenndir: Upplýsingatækni, hagfræði og stjórnun og á vorönn 2005 haglýsing, opinber stjórnsýsla og alþjóðapróun og vinnuréttur og -löggjöf. Fjöldi karla og kvenna í háskólanáminu var jafn, eða 46 þátttakendur og því samtals 92. Nemendastundir voru 3.680. Skoðanakönnun var gerð á meðal þátttakenda námsins til að kanna hvernig fólki líkar námið og hvað mætti betur fara. Var tekið tillit til óska sem þar komu fram. Hvert námskeið var lengt um 2 kennslustundir og höfð vika á milli námskeiða svo nægur tími sé til að ljúka verkefnum og prófum.

### **Talsmannanámskeið**

Þær breytingar hafa verið gerðar síðustu misseri að ekki er lengur boðið upp á lengri námskeið úti á landi vegna þess að ekki er lengur eftirspurn eftir slíkum námskeiðum. Haustið 2004 voru sjö námskeið í boði eða: Velferðakerfi verkalyðshreyfingarinnar, Enska og orðaforði vinnumarkaðarins, Fjölþjóðleg menning, Trúnaðarmaðurinn, starf hans og staða, Virk þátttaka í félagsstörfum, Fundarritun og Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja. Fella þurfti niður þrjú námskeið vegna ónógrar þátttöku.

Vorið 2005 voru sjö námskeið í boði: Færnimappa talsmannsins, Tíma-  
stjórnun, Hagfræði, Sænska og orðaforði vinnumarkaðarins, Íslenski vinnu-  
markaðurinn, Rekstur stéttarféлага, Framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn  
og Ræðu- og greinaskrif. Fella þurfti niður þrjú námskeið vegna ónógrar þátt-  
töku. Tvö námskeið voru í boði á Norðurlandi: Rekstur stéttarféлага og Ræðu-  
og greinaskrif og féll hið síðarnefnda niður. Alls sóttu 114 konur og 139 karlar  
námskeiðin þetta skólaár eða samtals 252 og nemendastundir voru 2.079.

### **Útgáfa**

Á vegum fræðsludeildar er bæði gefið út efni í prentuðu formi og rafrænu. Til að auðvelda trúnaðarmönnum og félagsmönnum aðgengi að námi og fræðslu hefur verið gefið út gagnvirkt vefnám sem er á internetinu. Vefnámið gerir fólki kleift að sækja sér fræðslu hvar og hvenær sem því hentar.

### ***Einelti á vinnustað***

Námskeiðið er á netinu og er opið öllum. Það var gefið út fyrir tveimur árum og eru meðaltali sex heimsóknir inn á námskeiðið á dag. Nokkur félög og önnur samtök eru með lykku hjá sér inn á námskeiðið. Námskeiðið er kynnt á trúnaðarmanna-námskeiðum og fá trúnaðarmenn auglýsingar til að setja upp á vinnustöðum sínum.

### ***Vefnám fyrir trúnaðarmenn***

Trúnaðarmenn munu nú eiga kost á að sækja fræðslu á internetinu. Nýkosnir trúnaðarmenn eiga því tók á að sækja sér fræðslu um leið og þeir hafa verið kosnir og aðrir geta einnig nýtt sér námið til nánari fræðslu og upprifjunar.

### ***Handbók trúnaðarmannsins***

Handbók trúnaðarmannsins kom út vorið 2004 og hefur selst í 820 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin hefur verið í stöðugri endurskoðun frá því hún kom út og er búið að endurskoða 5 tékklista. Tveir nýir tékklistar hafa bæst við: Hlutastörf og Tímabundin ráðning. Einnig hafa fimm tékklistar verið þýddir á þrjú tungumál: ensku, pólsku og portúgölsku þ.e. Trúnaðarmaðurinn, Erlendir starfsmenn, Ráðningarsamningur - ráðningarbréf, Uppsögn ráðningarsamnings og Veikindaréttur.

### ***Handbók stéttarféлага***

Hafin er gerð Handbókar stéttarféлага. Fyrsti hluti bókarinnar fjallar um rekstur stéttarféлага og eru leiðbeiningar um hvernig standa ber að rekstri stéttarféлага. Bókin verður í rafrænu formi.

### ***Kynningar***

Deildarstjóri kynnti starfsemi MFA á fulltrúarráðsfundi Alþýðusambands Norðurlands og á ársfundi ASI. Einnig er námsframboð kynnt hjá nokkrum landssamböndum. Einnig eru gefnir út bæklingar til að kynna starfsemi deildarinnar.

### ***Önnur störf***

#### ***Genfarskólinn***

Deildarstjóri er í stjórn Genfarskólans. MFA sendir tvo þátttakendur á Genfarskólann sem haldin er í tengslum við þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf.

### ***Starfsmenntaverðlaun***

Deildarstjóri sat í dómnefnd Starfsmenntaverðlauna.



## Starfsmenntaráð

Á vettvangi Starfsmenntaráðs hefur undanfarin ár verið unnið á grundvelli stefnumótunar ráðsins frá árinu 2000.

Í byrjun árs 2005 hélt Starfsmenntaráð sinn árlega opna fund með samstarfsaðilum sínum og öðru áhugafólki, þar sem gerð var grein fyrir starfi ráðsins á undangengnu ári og stefnu við úthlutanir á árinu 2005.

Starfsmenntaráð auglýsti í febrúar eftir umsóknum í starfsmenntasjóð um styrki til starfsmenntunar í atvinnulífínu. Auglýst var eftir umsóknum í tvo flokka verkefna og einn opinn flokk.

Skilgreindu flokkarnir voru: Tækifæri miðaldra og eldra fólks til starfsmenntunar og yfirfærsla þekkingar og reynslu innan fyrirtækja.

Til úthlutunar voru 55 milljónir króna. Alls bárust 66 umsóknir samtals að fjárhæð kr. 151.959.760 og fengu 28 aðilar úthlutað styrk vegna 42 verkefna, samtals að fjárhæð kr. 47.100.

Auk þessara hefðbundnu styrkja hafa eftirfarandi styrkir verið veittir á árinu:

Fræðslumiðstöð Vestfjarða vegna ráðstefnu um íslenskukennslu í dreifbýli fyrir útlendinga kr. 1.200.000

Heildarúthlutun úr starfsmenntasjóði árið 2005 er kr. 48.300.000

## Vika símenntunar og starfsmenntaverðlaunin

Eins og undanfarin ár átti ASÍ aðild að viku símenntunar og starfsmenntaverðlaununum árið 2005 og var Rannveig Einarsdóttir fulltrúi ASÍ við undirbúning þessara atburða.

Vika símenntunar var haldin dagana 25. - 30. september og verður henni að þessu sinni fylgt eftir með áframhaldandi hvatningarátaki yfir veturinn víða á landsbyggðinni.

Vika símenntunar er kynningar- og hvatningarátak og er markmiðið að vekja fólk til umhugsunar um að menntun er æviverk og að alltaf er hægt að bæta við sig þekkingu.

Áherslan með vikunni og hvatningarátakinu í vetur er tvíþætt. Annars vegar verður hugað sérstaklega að fólki sem litla eða enga formlega menntun hefur og það hvatt til að bæta við sig, þar sem öll fræðsla skiptir máli. Hins vegar verður hugað sérstaklega að landsbyggðinni og munu símenntunarmiðstöðvarnar níu um landið sjá um framkvæmd átaksins hver á sínu svæði. Meðal annars munu fyrirtæki verða heimsótt til að ná til fólks sem alla jafna leita sér ekki fræðslu, auk þess sem boðið verður upp á ókeypis námskeið og ráðgjöf.

Símenntunardagur í fyrirtækjum var 29. september. Voru fyrirtæki hvött til að tileinka þann dag fræðslumálum starfsmanna, t.d. með því að kynna starfs-

mönnum fræðslustefnu fyrirtækisins eða setja af stað námskeið. Einnig voru þau hvött til að fá aðila sem halda námskeið í heimsókn í Vikunni með kynningar eða örnámskeið fyrir starfsmenn. Þá var bent á að vikan biði líka upp á tækifæri til að fá fulltrúa stéttarféлага til að heimsækja fyrirtæki og kynna með hvaða hætti þau styðja við símenntun félagsmanna sinna.

Í Vikunni verður einnig lögð rík áhersla á almenna hvatningu til fræðslu-aðila og fyrirtækja að kynna innan fyrirtækja námskeið og ráðgjöf fyrir þá sem hafa litla eða enga formlega menntun.

Ákveðið var að þessu sinni að afhenda starfsmenntaverðlaunin seinna en verið hefur og munu þau væntanlega verða afhent í nóvembermánuði.

## Málþing um menntamál

Alþýðusamband Íslands stóð 6. september sl. fyrir málþingi um menntamál og verkalýðshreyfinguna undir yfirskriftinni „Stefna og samstarf um menntamál á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar“.

Fram kom við undirbúning málþingsins að mikilar breytingar hafa orðið á sviði menntamála, einkum starfsmenntunar, og aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að þeim málum á síðustu misserum. Hér nægir að nefna stofnun fræðslusjóða fyrir verkafólk, þróun fræðslustofnana sem sinna starfsmenntun, þær breytingar sem gerðar voru á aðkomu ASÍ að menntamálum á árinu 2002, stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og breytingarnar á MFA því samhlíða. Þá liggur fyrir að áfram þarf að vinna að frekari uppbyggingu og þróun í starfsmenntamálum og fullorðinsfræðslu almennt.

Verkalýðshreyfingin stendur nú frammi fyrir því að meta hvernig til hefur tekist og hvert beri að stefna í framhaldinu. Þannig liggur fyrir að margar fræðslustofnanir sem tengjast verkalýðshreyfingunni hafa verið í stefnumótunarvinnu á síðustu mánuðum og sama gildir um fræðslusjóði. Þá liggur fyrir að meta hvernig til hefur tekist með þær breytingar sem gerðar voru á árinu 2002 með uppstokkun á aðkomu ASÍ að menntamálunum, en ljóst er að þar þarf m.a. að fjalla um stöðu og framtíð Mímis - símenntunar. Einnig þarf að meta reynsluna af starfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og ákveða þær áherslur sem fulltrúar ASÍ eiga að hafa í viðræðunum um endurskoðun samstarfssamningsins á milli FA og menntamálaráðuneytisins sem standa fyrir dyrum næsta vetur. Síðast en ekki síst þarf að móta stefnu verkalýðshreyfingarinnar til mögulegrar lagasetningar um fullorðinsfræðslu, en það mál er nú komið á dagskrá nefndar menntamálaráðuneytisins um símenntun. Samhlíða þarf að eiga sér stað almenn umræða á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar og endurmat varðandi framtíðarsýn okkar á menntamálin og samstarf okkar á því sviði.

Málþingið var ætlað öllum þeim sem vinna að stefnumótun og framkvæmd

í menntamálum á vegum verkalyðshreyfingarinnar og menntastofnunarinnar og sjóðum í hennar vegum. Um er að ræða hliðstæðan hóp og stóð að umræðum og stefnumótun um fræðslustarfið á vettvangi ASÍ og aðildarfélaganna 2001 og 2002.

Málþingið tókst með mikilli þrýði. Um 45 aðilar frá ASÍ og aðildarsamtökum þess, sem einkum hafa með stefnumótun og framkvæmd á sviði menntamála að gera, sóttu málþingið. Fluttir voru áhugaverðir fyrirlestrar og lífflegar umræður urðu í starfshópum og á sameiginlegum fundi í lok málþingsins.

Menntanefnd ASÍ fær nú það hlutverk að vinna úr þeim upplýsingum og ábendingum sem fram komu á málþinginu og er reiknað með að boðað verði til nýs málþings með sömu aðilum í vetur þar sem frekari stefnumótun í málaflokknum fari fram.

## **MENNT, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla**

Mennt hefur á undanförunum árum tekið að sér margvísleg verkefni fyrir menntayfirvöld, og aðila vinnumarkaðarins. Þar má nefna Viku símenntunar, Starfsmenntaverðlaunin, Ráðstefnur um upplýsingatækni, Upplýsingaöflun og þjónustu vegna Evrópsku starfsmenntastofnunarinnar Leonardó da Vinci. Á vettvangi stjórnar Menntar hefur mikil umræða verið um væntanlegar breytingar á menntaáætlunum Evrópusambandsins eftir 2006 og hlutverk Menntar við framkvæmd nýrrar áætlunar hér á landi. Þá sér Mennt fram á aukið samstarf opinbera skólakerfisins og vinnumarkaðarins, ekki síst með tilkomu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og hlutverki FA við að meta námskrár óformlegra menntaleiða inn í almenna skólakerfið.

## **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð í árslok 2002 af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Þetta var gert í kjölfar samninga á almennum markaði þar sem ríkisstjórn Íslands samþykkti yfirlýsingu um að efla starfsmenntun í atvinnulífinu. Fræðslumiðstöðin starfar á grundvelli þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið frá miðju ári 2003.

Helstu markmið þjónustusamningsins við menntamálaráðuneytið eru að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu á landinu. Jafnframt ber Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að styðja fræðsluáðila við að skilgreina menntunarfærir markhópa og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum. Fræðslumiðstöðin skal aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við mat á námi og námsárangri, þ.m.t. mat og vottun á óformlegu námi og starfsþjálfun í samstarfi við atvinnulífið og fræðsluáðila. Einnig að taka þátt í að þróa aðferðir við uppbyggingu námsferilsskrár fyrir einstaklinga í mark-

hópnum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skal annast almenna upplýsingagjöf um fræðslumál og söfnun og miðlun upplýsinga fyrir markhópana.

## **Stjórn**

Stjórnarmenn FA árið 2004/2005 voru: Gústaf Adolf Skúlason, formaður, Gylfi Arnbjörnsson, varaformaður, Emil B. Karlsson, Finnbjörn A. Hermannsson, Garðar Vilhjálmsson og Ingi Bogi Bogason. Á aðalfundi í maí skiptu formaður og varaformaður um hlutverk. Gústaf Adolf lét af starfi sem formaður stjórnar og Gylfi Arnbjörnsson tók við. Varamenn í stjórn voru: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Jónína Gissurardóttir.

Stjórnin hélt 11 fundi á árinu. Auk þess var haldinn aðalfundur 1. júní 2005 og ársfundur 23. nóvember 2005.

## **Starfsmenn**

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri. Starfsmenn eru Ásmundur Hilmarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir og Sigrún Kristín Magnúsdóttir. Tveir nýjir starfsmenn hófu störf í september 2005, þeir Bjarni Ingvarsson og Björn Garðarsson. Sigríður Jóhannesdóttir hefur verið ráðin þjónustufulltrúi og mun hún hefja störf 1. október.

Frá því Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók til starfa hefur hún deilt húsnæði með Mími-símenntun, sem hefur leigt skrifstofu- og kennsluhúsnæði af FA. Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, flutti inn í húsfélagið á Grensásvegi 16a frá og með áramótum 2004.

Landsmennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni óskaði eftir aðstöðu hjá FA og flutti inn 1. október 2004.

Útbúin hefur verið vinnuaðstaða fyrir Símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni (KVASIR) í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Auk þess hafa Símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis fría fundaraðstöðu í húsakynnum FA samkvæmt samstarfssamningi aðilanna.

Settur hefur verið upp fjarfundarbúnaður og hefur hann verið tengdur FS netinu frá áramótunum 2004/2005.

Í árslok 2004 hófust viðræður við fræðslumiðstöðvarnar á Hallveigarstíg 1 um húsnæðissamvinnu í framtíðinni.

## **Þjónustu- og samstarfssamningar við fræðsluaðila**

Auk samnings sem gerður var við Mími-símenntun 30. október árið 2003 hafa eftirtaldir samningar bæst við:

Samtök verslunar- og þjónustu, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Verzlunarskóla Íslands um mat á óformlegu námi, kennslufræðinámskeið,

verkefnisstjórnun og eftirfylgni, árangursmælingar og endurskoðun vegna tilraunaverkefnis í verslunarfagnámi, undirritaður 9. september 2004.

Símenntunarmiðstöðvarnar innan Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni um samstarf með það meginmarkmið að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum undirritaður 12. nóvember 2004.

Menntafélag byggingariðnaðarins um námsskrárgerð, aðstoð við fjármögnun og mat á óformlegu námi fyrir byggingarverkamenn undirritaður 17. nóvember 2004.

Nordiskt nätverk för vuxnas lärande um að vera fulltrúi Íslands í norrænu neti, NVL, frá 1.1.2005-31.12.2006, undirritaður 20. desember 2004.

Við Félagsmálaskóla alþýðu um samstarf með það meginmarkmið að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði undirritaður 28. júní 2005.

### ***Verkefnasamningar***

Við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum vegna námsskrárgerðar fyrir starfsmenn við laugar, lindir og böð (Bláa lóns skólinn) undirritaður 18. nóvember 2004.

Við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um námsskrárgerð fyrir starfsmenn í umönnun aldraðra og sjúkra undirritaður 18. nóvember 2004.

Við Menntafélag byggingariðnaðarins um námsskrárgerð vegna þriggja námsleiða fyrir almenna byggingarverkamenn, vega- og jarðveggsvið, framleiðsluvið og húsbýggingarsvið undirritaður 28. desember 2004.

Við Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar um þarfagreiningu vegna núverandi námskeiða Starfsfræðslunefndarinnar undirritaður 29. desember 2004.

Við Starfsafl - starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins um undirbúning og framkvæmd fjarnáms í Leonardóverkefninu „Námshvatning á vinnustað“ undirritaður 27. janúar 2005.

Við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi vegna námsskrárgerðar fyrir skólaliða undirritaður 12. apríl 2005.

Við Mími-símenntun fyrir hönd samstarfsaðila um endurskoðun námsskrár í jarðlagnatækni fyrir breiðari markhóp undirritaður 6. júní 2005.

Við Starfsafl - starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins um raunfærnimat verkamanna Símans á móti námsskrá símsmiða við Iðnskólann undirritaður 21. júní 2005.

Við Landspítala - háskólasjúkrahús vegna verkefnisins „Mannauður í þekkingarfyrirtæki á fjölþjóðlegum vinnustað“ undirritaður 17. ágúst 2005.

Við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum vegna námsskrárgerðar fyrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu undirritaður 26. ágúst 2005.

### **Námsleiðir fyrir fólk á vinnumarkaði**

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu á landinu. Jafnframt ber Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að styðja fræðsluaðila við að skilgreina menntunarfærir markhópa og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum.

Markmiðið með samningum við fræðsluáðila er að gera námsleiðir viðkomandi aðila fyrir markhóp FA aðgengilegar og gagnsæar með það fyrir augum að hægt sé að fá þær metnar til eininga, tryggja framkvæmd samstarfsaðilans á eigin svæði en leitast jafnframt við að auðvelda framkvæmd sem víðast á landinu. Einnig er markmiðið að búa til nýjar námsleiðir fyrir hópa, sem ekki hafa notið fræðslu áður. Í því skyni býður Fræðslumiðstöðin fræðsluáðilum og öðrum samstarfsaðilum upp á samstarf um þarfagreiningar og í framhaldi af því lýsingu í námsskrá og mat til eininga á framhaldsskólastigi.

### ***Þarfagreiningar***

Þarfagreining var unnin fyrir SVP, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og nokkur stór verslunarfyrirtæki - Hagkaup, Kaupás, Húsasmiðjuna og Samkaup vegna fagnáms í verslunarfræðum. Námsskrá var tilbúin til tilraunakeyrslu í lok ársins. Um er að ræða nám, sem er 676 klukkustundir að lengd og fer fram á vinnutíma starfsfólks að jöfnu á vinnustað og í skóla. Vinnustaðanámið er skipulagt og fer fram undir leiðsögn starfsþjálfara. Tilraunanám hófst í ársbyrjun 2005 fyrir starfsmenn þeirra fyrirtækja, sem komu að undirbúningi námsins.

Þarfagreining var unnin fyrir verkefnið „Fiskur og ferðaþjónusta“, sem er samstarfsverkefni Mímis-símenntunar, Starfsgreinasambands Íslands, Verkalýðsfélags Húsavíkur, Markhús og nokkurra fyrirtækja á Húsavík með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Samstarf tókst við Fræðingum notkun MARKVISS við þarfagreininguna. Henni lauk um mánaðamótin nóvember/desember, en þá tók við námsskrárgerð. Tilraunanám hófst í ársbyrjun 2005 fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu á Húsavík á vegum Mímis-símenntunar í samstarfi við Fræðing.

Framkvæmd var þarfagreining vegna fiskvinnslunámskeiða fyrir Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar í lok ársins. Leitað var til MARKVISS ráðgjafa hjá 7 símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Farið var í 8 fiskvinnslufyrirtæki og kannaðar fræðsluþærfrir starfsmannanna og fyrirtækjanna og ýmis gögn vegna núverandi fyrirkomulags grunnnámskeiða Starfsfræðslunefndar

innar. Niðurstöðum var skilað í skýrsluformi til Starfsfræðslunefndarinnar um áramótin. Haldnir hafa verið tveir kynningarfundir um skýrsluna.

Nýlokið er þarfragreiningu vegna námsskrár í jarðlagnatækni. Kannaðar voru þarfir breiðari markhóps fyrir námið. Rætt var við nemendur, kennara og atvinnurekendur með það að markmiði að hægt verði að aðlaga námið að þörfum verktakafyrirtækja á almennum markaði.

### *Nýjar námsleiðir*

Á árinu hafa verið gefnar út nokkrar námsskrár. Þær eru Fiskur og ferðapjónusta í samstarfi við Mími-símenntun, Fagnámskeið I fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Ferðapjónusta, Laugar, lindir og böð einnig í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Námsskrárnar má einnig finna á vef FA, [www.frae.is/](http://www.frae.is/)

Unnið hefur verið kynningarefni fyrir þrjár af þeim námsleiðum, sem lýst hefur verið í námsskrá. Þær eru Grunnmenntaskólinn, Landnemaskólinn og Fiskur og ferðapjónusta.

### *Gæðamál*

Mikilvægt er að framkvæmd námsleiðanna sé af bestu gæðum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun **ekki** sjá um framkvæmd námsleiðanna, heldur fræðsluaðilar eins og t.d. símenntunarmiðstöðvar. Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að tryggja að gæði fræðslunnar séu sem allra best. Í þessu skyni er gerð krafa á samstarfsaðila FA um að þeir framfylgi almennum samningsskilmálum FA m.a. um gæði í framkvæmd og kennslu.

Unnið er að lýsingu á gæðakröfum FA. Fulltrúi FA tekur einnig þátt í undirbúningshópi í ALL verkefninu, sem er erlent samstarfsverkefni á vegum Menntar. Í verkefninu mun verða lýst kerfi til vottunar fræðsluaðila.

Mótaður var hópur sérfræðinga frá kennslufræðideildum háskóla til ráðgjafar um kennslufræðimiðstöð FA. Í þeim hópi eru Hróbjartur Árnason frá KHÍ, Guðrún Geirsdóttir frá HÍ og Anna Þóra Baldursdóttir frá HA. Haldnir voru 2 fundir á árinu.

FA býður samstarfsaðilum sínum upp á námskeið um kennslufræði fullorðinna og hafa verið haldin sex námskeið fyrir samstarfsaðila. Fleiri námskeið eru í undirbúningi.

Byggt hefur verið upp gagnasafn um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í húsakynnum FA.

## **Mat á raunfærni**

Eitt af hlutverkum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við mat á námi og námsárangri, þ.m.t. mat og vottun á óformlegu námi og starfsþjálfun í samstarfi við atvinnulífnið og fræðsluaðila. Einnig að taka þátt í að þróa aðferðir við uppbyggingu námsferilskrár fyrir einstaklinga í markhópnum.

Menntamálaráðuneytið setti á fót nefnd til að vera ráðuneytinu til ráðgjafar um þessi mál. Nefndin vannur jafnframt að því að móta matsreglur til viðmiðunar við mat. Í nefndinni eru Ólafur Grétar Kristjánsson, Þórir Ólafsson, Sölvi Sveinsson og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir. Tveir fundir voru haldnir á árinu.

### ***Mat á óformlegu námi***

Í desember staðfesti menntamálaráðuneytið að meta mætti Verslunarfagnám til styttingar á námi í framhaldsskóla. Námið er metið til allt að 51 einingar, nánar tiltekið 12 eininga í vali, 12 eininga á kjörsviði samkvæmt ákvæðum aðalnámsskrár framhaldsskóla og umframeiningar má meta eftir styrk og námsstöðu hvers einstaklings um sig. Verslunarfagnámið er tilraunaverkefni í samstarfi við Verslunarskóla Íslands. Námskráin verður ekki gefin út og matið ekki tilkynnt formlega til framhaldsskóla fyrr en niðurstöður tilraunarinnar liggja fyrir í júní 2006.

Í júní staðfesti menntamálaráðuneytið að meta mætti til styttingar á námi í framhaldsskóla með þeim hætti sem matsnefndin gerði tillögu um, þrjú námstilboð frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Mími-símenntun. Ráðuneytið ritaði framhaldsskólunum bréf um málið, en mat á námi á framhaldsskólastigi er í höndum skólameistara og er það ávallt einstaklingsbundið. Þau námstilboð sem fengu mat eru: Ferðapjónusta, Laugar, lindir, böð sem metin er til allt að 9 eininga. Fagnámskeið I fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu til allt að 5 eininga, Fiskur og ferðapjónusta til allt að 24 eininga.

### ***Mat á raunfærni***

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók þátt í norrænu verkefni (neti) ásamt Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi með dönskum, norskum og sænskum fullorðinsfræðsluaðilum um skráningu á raunfærni í almennri símenntun og alþýðufræðslu. Haldnir voru tveir fundir í Kaupmannahöfn 2.-3. nóvember og í Osló 29.-30. janúar 2005. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir var fulltrúi FA í verkfninu.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur fengið styrk frá Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins að upphæð 30 milljónir í tilraunverk-



efni sem ber titilinn „The Value of Work.“ Verkefnið miðar að því að þróa aðferðir til að meta raunverulega færni einstaklinga í atvinnulífinu. Fræðslumiðstöðin mun stýra verkefninu. Samstarfslönd eru Danmörk, England, Kýpur, Slóvenía og Svíþjóð. Íslensku aðilarnir eru ásamt FA, SÍB, VR, Landsbankinn, Íslandsbanki, KB banki, Starfsgreinaráð í fjármála og verslunargreinum, Menntaskólinn í Kópavogi og menntamálaráðuneytið. Samband norræna stéttarfélaganna í bönkum, fjármálafyrirtækjum og tryggingarfélögum er einnig samstarfsaðili í verkefninu.

Verkefni í samstarfi við Starfsafl, Eflingu-stéttarfélag og Símann um mat á raunfærni verkamanna hjá Símanum til styttingar á námi í símsmíði í Iðnskólanum er að ljúka um þessar mundir. Ellefu manns hófu matsferlið og í framhaldi hófu 9 þeirra nám í framhaldsskóla.

## **Upplýsingasöfnun og miðlun**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skal annast almenna upplýsingagjöf um fræðslumál og söfnun og miðlun upplýsinga fyrir markhópana.

Helstu áfangar í kynningarmálum eru:

Útgáfa á þeim námsskrám sem hafa verið metnar til eininga á framhaldsskólastigi. Þetta er námsleið Mímis-símenntunar, Fiskur og ferðapjónusta og námsleiðir Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, Fagnámskeið I fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu og Ferðapjónusta, Laugar, lindir og böð. Þessar námsskrár eru einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar [www.frae.is](http://www.frae.is).

Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Gátt var gefið út í nóvember 2004. Í því er fagleg umræða og greinar um málefni þau sem Fræðslumiðstöðinni hefur verið falið að vinna að. Rauði þráðurinn í þessu fyrsta ársriti var kynning og umræða um hugtakið raunfærni. Ársritið 2005 er í undirbúningi og verður aðaláherslan á kennslufræði fullorðinna.

Ársfundur FA var haldinn í nóvember og fjallaði hann um raunfærni og menntun starfsmanna á vinnumarkaði. Á fundinum töluðu þau Jón Sigurðsson, bankastjóri Seðlabankans, Jón Björnsson, forstjóri Haga og Agnethe Nordoft frá Danska kennaraháskólanum.

Margar kynningar hafa verið haldnar hérlendis og erlendis á málefnum FA. Starfsemi FA var kynnt á ráðstefnu í Eistlandi, ráðstefnu um raunfærni í Helsingör, fyrir ABF í Norden, norrænum lýðskólastjórum, í Multi-verkefninu, fyrir hópi frá HK í Danmörku og pólskum náms- og starfsráðgjöfum. Fundir um ýmis efni hafa verið haldnir með samstarfsaðilum FA. Starf FA hefur einnig verið kynnt fyrir nemendum í námi tengdu fullorðinsfræðslu í Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

## Markhópur FA

Samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið er markhópur FA fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólk sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar.

Nauðsynlegt er að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hafi góðar vísbendingar um stærð markhópsins, dreifingu hans um landið, dreifingu hans á starfsgrein- ar, atvinnuleysi, hlutfall nýbúa og hvaðan þeir koma, stöðu markhópsins út frá námslegum forsendum og/eða stöðu í grunngreinum. Einnig er mikilvægt að þekkja vel þarfir markhópsins, hversu mikill áhugi er fyrir námi, er hægt að auka þennan áhuga með hvatningu og stuðningi? Vantar upplýsingar um möguleika til náms? Það er ljóst að ýmsar hindranir geta verið í veginum fyrir fullorðið fólk að hefja nám að nýju, einkum fyrir þá sem hafa skemmsta skólagöngu. Náms- og starfsráðgjöf er mikilvægur þáttur í að afla þessara upplýsinga. Það er þess vegna liður í starfi FA að byggja upp náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði.

FA tók þátt í verkefninu „Námsráðgjöf á vinnustað“ í samstarfi við Starfs- afl, Eflingu-stéttarfélag, Mími-símenntun og ýmis fyrirtæki og stofnanir. Í verkefninu var lögð áhersla á að ná til markhóps FA með námsráðgjöf. Upplýsingum var safnað um þarfir og áhugasvið markhópsins. Skýrsla var gerð um verkefnið í maí 2005.

FA tók þátt í verkefni sem varðar menntun fræðslufulltrúa á vinnustöðum. Um er að ræða erlent samstarfsverkefni, sem Eflingu-stéttarfélag tekur þátt í. Hlutverk FA var að þjálfa starfsmenn fyrirtækja til að vera fræðslufulltrúar og tengiliðir við verkafólk á vinnustöðunum.

FA tók þátt í lestrarrannsókn með Elísabetu Arnardóttur og Guðmundi Kristmundssyni ásamt fleiri aðilum. Niðurstaðna er að vænta fljótlegra.

Í undirbúningi er samstarf við Félagsvísindastofnun HÍ og menntamála- ráðuneytið um vinnslu á gögnum, sem Hagstofa Íslands hefur safnað í vinnu- markaðskönnunum.

## Önnur samstarfsverkefni

### *Norrænt tengslanet um nám fullorðinna NVL*

NVL sem er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar tók til starfa 1. janúar s.l. Aðalviðfangsefni í starfsáætlun fyrir næstu tvö ár eru: 1. Efling gæða og þróun gæðamælinga innan fullorðinsfræðslu. 2. Símenntun og þróun raunfærni á mismunandi sviðum menntunar, mati á persónulegri og faglegri færni. 3. Þverfaglegt samstarf til þess að auka samkeppnishæfni atvinnu- og þjóðlífs. 4. Þverfaglegt samstarf til að efla persónulegan þroska og lýðræðislega þátttöku í samfélaginu. Þann 15. mars síðastliðinn var heimasíða netsins á slóðinni

www.nordvux.net opnuð. Á Íslandi hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verið falin umsjón með verkefninu og fulltrúi Íslands í netinu er Sigrún Kristín Magnúsdóttir.

### *Norraent verkefni um lestrar- og skrifstarstuðning í atvinnulífinu*

FA er þátttakandi í norrænu verkefni NILS sem hefur það markmið að hvetja og upplýsa atvinnurekendur, stjórnvöld, stéttarfélag og almenning til notkunar ýmissa hjálpartækja vegna lestrar og skrifstarferfiðleika fólks í atvinnulífinu. Gefið verður út upplýsingaefni. Guðmunda Kristinsdóttir er fulltrúi FA í verkefninu.

### **Mímir - símenntun**

Árið 2004 var viðburðaríkt ár í starfsemi Mímis-símenntunar. Starfið einkenndist af nýjum tækifærum og fjölþættari verkefnum en áður. Ný námskeið bættust í námskeiðsflórana og má þar m.a. nefna fagnámskeið fyrir starfsmenn leikskóla, félagsliðanáms (brúin) og fræðslu fyrir fanga á Litla-Hrauni. Í skýrslunni er gerð grein fyrir starfseminni árið 2004 og leitast er við að leggja tölulegt mat á starfið. Einnna algengast við mat á umfangi fræðslustarfs er að reikna út nemendastundir og er sá mælikvarði notaður hér við samanburð milli ára. Þrátt fyrir margvíslega nýbreytni í starfi og ný tækifæri var umtalsverð fækkun nemendastunda þegar á heildina er litið. Má rekja þennan samdrátt fyrst og fremst til umtalsvert minni eftirspurnar eftir námskeiðum fyrir atvinnulaust fólk og eftir tómsundanámskeiðum. Reynslan hefur sýnt að þegar hagvöxtur eykst dregur úr ásókn í nám og kann það að vera ein af skýringunum á fækkun nemendastunda. Hins vegar er mikilvægt að benda á að inn í nemendastundirnar mælist ekki umfang né skipulagning hvers námskeiðs. Námskeið sem telur 50 stundir og er það fjölmennt að skipta þarf því í fjóra hópa krefst meiri fyrirhafnar og fleiri kenndra stunda en námskeið sem ekki þarf að skipta upp en þau telja það sama í nemendastundum. Mímir-símenntun hefur tekið þátt í fjölda samstarfs- og þróunarverkefna og hefur enn sem komið er ekki fundist aðferð til að meta hversu mikill tími fer í þann þátt starfsins sem hefur farið vaxandi og er oft á tíðum ekki tekjutengdur.

Stefnumótunargvinnu hélt áfram og sérstakur vinnufundur starfsmanna og stjórnar var haldinn í lok október. Starfsemin var greind og horft var til framtíðar. Framtíðarsýnin er öflug starfs- og símenntunarmiðstöð á höfuðborgarsvæðinu og til þess að ná því markmiði verði leitað formlegs samstarfs við Reykjavíkurborg, eflað tengsl við aðildafélag ASÍ, leitað samstarfs við menntamálaráðuneytið, gerðir formlegir samningar um verkefni og nám við vinnustaði og aðra fulltrúa atvinnulífsins. Síðast en ekki síst er lögð áhersla á að

skilgreina þarf faglega ábyrgð á fullorðinsfræðslu og leita staðfestingar stjórnvalda á þeirri ábyrgð.

Mímir-símenntun átti fulltrúa í undirbúningshópi fyrir fullorðinsfræðslusamtök á landsvísu og verður formleg stofnun þeirra samtaka í upphafi árs 2005.

Gæðamál og fagleg vinnubrögð hafa verið ofarlega á baugi á árinu. Ber þar hæst að fimm af námsleiðum Mímis-símenntunar hafa verið staðfestar með námsskrá og mati til eininga á framhaldsskólastigi. Þeirri vinnu var stjórnað af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hafa námsskrárnar verið samþykktar af menntamálaráðuneytinu. Á árinu hefur öllum kennurum verið boðið upp á námskeið um kennslufræði fullorðinna og hafa all margir nýtt sér það tilboð.

Starfsmenntaráð veitti Mími-símenntun þróunarstyrki vegna fjögurra umsókna sem sendar voru sjóðnum.

Framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar var verkefnastjóri í norræna verkefninu, Best praksis, sem lauk á árinu og hefur verið skrifuð um það skýrsla. Annað norrænt verkefni MULTI sem einnig fjallar um tungumálakennslu nýbúa fór af stað á árinu og á Mímir-símenntun fulltrúa þar einnig.

## Stjórn

Stjórn Mímis-símenntunar skipa: Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, formaður, Stefanía Magnúsdóttir, Einar Jón Ólafsson, Ólafur Darri Andrason og Skúli Thoroddsen.

Varamenn eru: Alda Sigurðardóttir, Linda Baldursdóttir og Vignir Eyþórsson.

Stjórnarfundir: Á árinu voru haldnir 9 stjórnarfundir. Stjórnarfundi sitja kjörnir aðalmenn ásamt framkvæmdastjóra. Varamenn eru kallaðir inn á fundi í forföllum aðalmanna.

## Starfsmenn

Fastráðnir starfsmenn á árinu voru: Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Fjola María Lárusdóttir sem lét af störfum í maí, Gunnlaug Hartmannsdóttir, Haukur Harðarson, Helga Björk Pálsdóttir, Hólmfríður E. Guðmundsdóttir, sem fór í ársleyfi, í hennar stað var Ingibjörg Stefánsdóttir ráðin í hlutastarf og Sigríður Einarsdóttir, verkefnastjórar. Margrét K. Pétursdóttir sem annaðist skipulagning námskeiða hætti á árinu og tók Arndís B. Jóhannsdóttir við hennar starfi, Hjördís Kristinsdóttir, bókarí, Rósa S. Jónsdóttir, gjaldkeri, Mirasól L. Asayas, annast matseld m.m. og Lára Böðvarsdóttir ræstingar o.fl.

Auk fastráðinna starfsmanna hafa um 125 manns tekið að sér kennslu eða leiðbeinendastörf í fræðslustarfinu á árinu 2004.


## Nám og starf

### Fullorðinsfræðsla - símenntun

Megintilgangur Mímis-símenntunar er alhliða fræðslustarfsemi með áherslu á fullorðinsfræðslu. Markhópurinn eru þeir fjölmörgu einstaklingar sem hafa stutta skólagöngu, hafa hætt námi í formlega skólakerfinu eða átt í námserfiðleikum. Annar mikilvægur markhópur er fólk af erlendum uppruna, sem vill læra íslensku.

Hjá Mími-símenntun er lögð áhersla á að mæta þeim sem sækja námskeiðin á jafnréttisgrunni, þannig að þekking þeirra og reynsla fái notið sín, að aðstaðan sé við hæfi fullorðinna og að kennarar hafi reynslu og þekkingu í að kenna fullorðnu fólki. Á árinu var öllum kennurum, fastráðnum og stundakennurum, boðið upp á námskeið í kennslufræði fullorðinna og annaðst menntaráðgjafi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins þá kennslu.

Myndin hér að neðan, heildaryfirlit yfir nemendastundir, sýnir samanburð á nemendastundum árin 2003 og 2004. Þessi samanburður leiðir í ljós umtalsverða fækkun nemendastunda milli árana. Fækkunin nær fyrst og fremst til námskeiðsflokkanna tómskundnáms og náms fyrir atvinnulausa.



### Námsskrár

Árið 2004 voru gerðar námsskrár fyrir fimm af námsleiðum Mímis-símenntunar. Námsskrárnar eru unnar af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hefur Menntamálaráðuneytið samþykkt þessar námsskrár. Ráðuneytið hefur einnig samþykkt að meta megi námsleiðirnar til styttingar náms í framhaldsskóla þ.e.a.s. meta má námsleiðirnar til eininga í vali, eininga á kjörsviði og/eða til

almennra greina. Við mat á námi til eininga í framhaldsskóla er farið eftir styrkleika nemenda. Námsleiðirnar fimm sem gerðar hafa verið námskrár fyrir eru: Aftur í nám, Grunnmenntaskóli, Jarðlagnatækni, Landnemaskóli og MFA-skóli. Hér að neðan er gerð grein fyrir námskrá hverrar námsleiðar.

Aftur í nám er ætlað þeim sem komnir eru af unglingsaldri og glíma við lestrar- og skriftarörðugleika, námið er 95 kennslustundir. Tilgangur námsins er að þjálfá þá í lestri og skrift með aðferðum Ron Davis, styrkja sjálfstraust námsmanna og búa þá undir frekari þjálfun eftir að námskeiðinu lýkur. Meta má námið til styttingar, styrkja sjálfstraust námsmanna á námi í framhaldsskóla til allt að 7 eininga eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

**Aftur í nám** hófst sem þróunarverkefni styrkt af Starfsmenntaráði og er samstarfsverkefni Mímis-símenntunar, Eflingar-stéttarfélags, VR og fleiri stéttarféлага og er verkefnið styrkt af menntamálaráðuneytinu, fræðslusjóðum Eflingar og atvinnulífsins, Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks og ýmsum fræðslusjóðum iðnaðarmanna.

Fyrsti hópurinn hóf nám í janúar og lauk í maí, annar hópur hóf svo nám í nóvember. Mikil eftirspurn og áhugi hefur verið eftir þessari námsleið.

**Grunnmenntaskóli** er nám ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði eldra en 20 ára og með stutta formlega skólagöngu, námið er 300 kennslustundir. Í Grunnmenntaskólanum er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námsmenn skólans eru á misjöfnum aldri, með mislangan starfsaldur í ólíkum störfum. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er um liðið frá því þeir voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar um lágmarks skólagöngu áður en nám hefst. Meta má námið til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 24 eininga eftir styrkleika viðkomandi einstaklings. Skólinn er samstarfsverkefni Eflingar-stéttarfélags, Starfsafls, VR og Mímis-símenntunar. Verkefnið er fjármagnað af fræðslusjóðum Eflingar og VR ásamt með þátttökugjöldum.

Vorið 2004 lauk einn hópur námi úr Grunnmenntaskólanum og í september hóf annar hópur námið. Sú nýbreytni átti sér stað í hópnum sem hóf námið í september að 5 VR félagar voru með og var það ánægjuleg viðbót. Sótt var um styrk til menntamálaráðuneytisins og fékkst styrkur til síðara námskeiðsins á árinu.

**Jarðlagnatækni** er nám ætlað starfsmönnum, flokkstjórum, verkstjórum og verktökum, sem vinna við nýlagnir, endurbætur, viðhald og viðgerðir rafstrengja, vatnslagna, hitalagna, fjarskiptalagna og fráveitna í jörð, námið er 300 kennslustundir. Tilgangur námsins er að námsmenn fái nytsamlegar upplýsingar um jarðlagnir, veitur og fjarskipti, kröfur sem gerðar eru til jarðlagna og skipulags jarðlagna í þéttri byggð með það fyrir augum að auka verkgaði og draga úr mistökum. Auk þessa er tilgangurinn að stuðla að jákvæðu við-

horfi til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu. Meta má námið til styttingar á námi í framhaldsskóla til 24 eininga eftir styrkleika viðkomandi einstaklings. Jarðlagnatækninámið er skipulagt af Mími-símenntun, Samorku, Orkuveitu Reykjavíkur, Símanum, Gatnamálastjóra Reykjavíkur og Eflingu-stéttarfélagi. Starfsafl hefur styrkt námskeiðið.

Jarðlagnatækni var ekki ekki kennd á árinu en um haustið hófst undirbúningur vegna næsta námskeiðs.

**Landnemaskólinni** er ætlaður fullorðnu fólki á vinnumarkaði, sem ekki á íslensku að móðurmáli, námið er 120 kennslustundir. Tilgangur skólans er að auðvelda einstaklingum af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt talmál og nytsama samfélagsfræði. Meta má námið til styttingar á námi í framhaldsskóla til 10 eininga eftir styrkleika viðkomandi einstaklings. Landnemaskólinn er samstarfsverkefni Mímis-símenntunar og Eflingar-stéttarfélags, og er verkefnið styrkt af fræðslusjóðum Eflingar og atvinnurekenda.

Einn hópur lauk Landnemaskólanum á árinu.

**MFA-skóli** er ætlaður atvinnulausu fólki með stutta formlega skólagöngu sem komið er af unglingsaldri, námið er 350 kennslustundir. Tilgangur skólans er að veita atvinnulausum, sem hafa stutta formlega skólagöngu, nýtt tækifæri til náms, stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Meta má námið til styttingar á námi í framhaldsskóla til 27 eininga.

MFA-skóli var ekki starfræktur á árinu.

## **Félagsmálafræðsla**

Mímir-símenntun sér um kennslu og umsjón trúnaðarmannanámskeiða, sem eru í boði fyrir talsmenn verkalýðshreyfingarinnar, samkvæmt þjónustusamningi við Félagsmálaskóla alþýðu. Námskeiðin eru haldin víða um land og lengd þeirra frá hálfum degi og upp í fimm daga. Lögð er áhersla á virkni nemenda og mikið eru um verkefnatengda hópavinnu.

Efnið sem Mímir-símenntun kennir á þessum námskeiðum er um hlutverk trúnaðarmanna á vinnustöðum, um vinnurétt og hvernig eigi að bregðast við mismunandi aðstæðum á vinnustað. Að loknum undirstöðunámskeiðum taka síðan við sérhæfðari námskeið. Þar má nefna samskiptanámskeið, samningatækni, rökraður og fundastjórnun.

Mímir-símenntun heldur einnig utan um nemendabókhalld, sér um útgáfu viðurkenningarskjala og skráningu þátttakenda á félagsleg námskeið.

Námskeið sem fjalla um vinnumarkaðinn kalla á reglulegar uppfærslur og stöðuga þróun. Kjarasamningar, reglugerðir, starfsmannastefnur og launaum-

hverfi breytast og það sem var sannleikur dagsins í dag getur verið úrelt á morgun.

Auk reglulegrar yfirferðar var lagður grunnur að nýjum námskeiðum. Þar er helst að nefna: Færnimöppu talsmannsins, skipulögð vinnubrögð og námskeið um launaútreikninga og launaseðla. Á árinu var einnig lokið við gerð vefnáms þar sem fjallað er um starf og stöðu félagslegra trúnaðarmanna.

Ein af nýjungum ársins voru námskeiðsdagar fyrir trúnaðar- og starfsmenn Eflingar - stéttarfélags. Áhersla var lögð á að horfa til framtíðar, þ.e. hvaða breytingar verði á starfi trúnaðarmanna og vinnumarkaðinum næstu tíu árin. Farið var með námskeiðið út fyrir bæinn. Haldin voru nokkur námskeið.

Árið 2004 bar nokkurn keim af því að mörg stéttarfélög stóðu að gerð kjarasamninga á fyrri hluta árs. Á fyrri hluta ársins dró nokkuð úr námskeiðshaldi miðað við meðaltal en aðsókn á haustönn var góð.

Sú þekking sem skapast innan Mímis - símenntunar með kennslu til trúnaðarmanna um vinnumarkaðinn nýtist einnig fyrirtækinu á fleiri sviðum. Kennsla varðandi réttindi starfsmanna, launa- og starfsmannaviðtöl, launaumhverfi og stöðu á vinnumarkaði er m.a hluti af námsefni í Kvennasmiðju og fyrir fanga.


Námskeið fyrir félagsmenn stéttarfélaga um vinnumarkaðstengd nám hefur einnig færst í vöxt. Vinsælust eru námskeið um launa- og starfsmannaviðtöl.

## **Starfsmenntanámskeið**

Starfsmenntanámskeið kallast það nám sem stuðlar að aukinni hæfni og þekkingu á því sviði sem þátttakendur starfa. Þá er leitast við að sníða námið sérstaklega að vinnu þeirra sem námskeiðið sækja. Undanfari þessara námskeiða er yfirleitt greining á þörfum atvinnugreinarinnar til menntunar starfsmanna og út frá því hannað námsefni og í mörgum tilfellum námsskrá. Starfsmenntanámskeið kalla því á samstarf margra aðila.

Þegar bornar eru saman nemendastundir á starfsmenntanámskeiðum árin 2003 og 2004 má sjá að heildarnemendastundafjöldi á þessum námskeiðum er nokkuð jafn á árunum. Sjá mynd **Nemendastundir á starfsmenntanámskeiðum** hér að neðan. Þegar dreifing nemendastunda eftir kynjum er borin saman milli árana má sjá að árið 2004 var meirihluti þeirra sem sóttu starfsmenntanámskeiðin konur en árið 2003 karlmenn. Ástæður þessa kynjamunar milli árana er að árið 2003 voru haldin námskeið fyrir starfsmenn áhaldahúsa og einnig var jarðlagnatekjinám kennt, báðar námsleiðirnar voru eingöngu sóttar af karlmönnum. Árið 2004 hófust fjölmenn námskeið fyrir starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur, fagnámskeið I og fagnámskeið II. Nær eingöngu konur sóttu fagnámskeiðin.





### Fagnámskeið I og II Leikskólar Reykjavíkur

Námskeiðin eru haldin í samstarfi Mímis-símenntunar, Leikskóla Reykjavíkur og Eflingar-stéttarfélags. Markmiðið með námskeiðunum er að auka þekkingu og færni starfsmanna í leikskólastarfi.

Fagnámskeið I er 50 kennslustundir. Farið er í undirstöðuatriði í þroska-sálfræði og uppeldisfræði, skapandi starf með börnum, sjálfstyrkingu og fleira.

Fagnámskeið II eru 80 kennslustundir. Farið er í ýmis þroskafrávik leikskólabarna og kynnt er hvernig unnið er með tónlist og leiklist í leikskólastarfi. Einnig eru kynntir mismunandi starfshættir í leikskóla, leikskólar heimsóttir og ýmislegt fleira.

### Félagsliðanám

Á árinu hóf einn hópur nám í Félagsliðanámi, svokallaðri brú í samvinnu við Eflingu-stéttarfélag og Landspítala Háskólasjúkrahús. Brúin er 32 einingar og skiptist í sérgreinar sem eru 25 einingar og valgreinar sem eru 7 einingar. Námið dreifist á fjórar annir samhliða starfi. Inntökuskilyrði og mat á fyrra námi og starfsreynslu byggir á reglum um mat á óformlegu námi til brautskráningar af félagsliðabraut sem menntamálaráðuneytið gefur út. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 22ja ára og hafa að baki 3ja ára starfsreynslu og hafa lokið öllum starfstengdum fagnámskeiðum, þ.e. „Eflingarnámskeiðum“ samtals um 230 stundir. Námið er sérstaklega miðað við starfsfólk sem vinnur við umönnun aldraðra, fatlaðra, við heimaþjónustu eða á geðsviði. Valáfangar taka mið af því á hvaða sviði nemendur vinna.

## **Símenntun olúfélaganna og Starfsafls**

Í samstarfi við Starfsafl og olúfélögin hefur Mímir-símenntun skipulagt námskeið fyrir starfsmenn olúfélaganna. Markmið námskeiðanna er að vinna að markvissri símenntun og starfsmenntun starfsmanna þjónustustöðva félaganna og þannig bæta þjónustu við viðskiptavinum. Námið er ætlað starfsmönnum olúfélaganna sem eru félagsmenn í Eflingu-stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis. Þetta samstarf hófst haustið 2001 og luku síðustu hóparnir námskeiðum í þessu samstarfi á haustönn 2004. Boðið var meðal annars upp á sjálfstyrkingu, samskipti, ýmsar tegundir af tölvunámskeiðum, ensku, þjónustu við erlenda ferðamenn, um bílinn, og fleiri námskeið.

## **Umhverfis- og tæknisvið Reykjavíkurborgar**

Umhverfis- og tæknisvið Reykjavíkurborgar hélt námskeiðsdag í samvinnu við Eflingu-stéttarfélag og Mími-símenntun. Tilgangur námskeiðsdagsins var að kynna starfsmönnum hvað felst í símenntun, hvers vegna hún sé mikilvæg og hvaða tækifæri standi þeim til boða.

Einnig var farið í skipulag Umhverfis- og tæknisviðs og hvað er helst á döfinni í starfsemi sviðsins. Mímir-símenntun sá um fræðilega umfjöllun á námskeiðsdeginum sem fjallaði um þjónustu og þjónustuhlutverk starfsmanna sviðsins. Tilgangur námskeiðsins var að líta á hlutverk Reykjavíkurborgar sem þjónustustofnun við borgarana og þátt starfsmanna í þessu hlutverki. Fjallað var um þegar ein stofnun þjónustar aðra, hvert hægt sé að beina fyrirspurnum og hvernig taka eigi á kvörtunum o.fl. Tekin voru raunveruleg dæmi og hvatt til umræðu um þessi mál. Alls voru haldin 7 námskeið.


## **Almenn námskeið**

Almenn námskeið eru fjölbreytileg og eru eins og nafnið bendir til almenns eðlis og tengjast ekki einni starfsstétt eða atvinnugrein. Engu að síður eru þau yfirleitt skipulögð í samstarfi við og að beiðni atvinnulífsins, hvort heldur er stéttarfélög eða vinnustaðir. Mörg þessara námskeiða eru tilkomin vegna þess að atvinnulífið óskar eftir ákveðinni tegund námskeiða og hefur Mímir-símenntun þá sérsniðið námskeið að þörfum viðskiptavinarins. Þátttakendur á námskeiðunum eru starfsmenn, trúnaðarmenn, verkstjórar og aðrir millistjórnendur.

Fjöldi styttri námskeiða var í boði á árinu hjá Mími-símenntun fyrir fólk á vinnumarkaði, fagfélög og vinnustaði. Dæmi um slík námskeið eru samskiptanámskeið, þjónustunámskeið, tungumálanámskeið, starfslokánámskeið, tölvunámskeið og námskeið í gerð færnimöppu.

Dæmi um lengri almenn námskeið eru Grunnmenntaskóli og Landnemaskóli.

Þegar nemendastundir á almennum námskeiðum eru bornar saman milli ára 2003 og 2004 kemur í ljós nokkur samdráttur. Sjá mynd **Nemendastundir á almennum námskeiðum** hér að neðan. Þarna munar að Landnemaskóli var ekki haldinn árið 2004. Fækkun nemendastunda milli ára nemur um 17%. Þrátt fyrir þennan samdrátt nemendastunda er aukning í kenndum stundum sem nemur tæpum 20%.




### Utan vinnumarkaðar

Eins og verið hefur, sá Mímir-símenntun um að halda sjálfsstyrkingarnámskeið og tölvunámskeið fyrir atvinnulausa einstaklinga á vegum Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins. Á myndinni hér að neðan **Nemendastundir, námskeið fyrir Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins**, má sjá hversu mikil fækkun var á nemendastundum milli ára 2003 og 2004. Engin ein skýring á þessari miklu fækkun blasir við þar sem atvinnuleysi breyttist lítið milli ára.

Tveir Kvennasmiðjuhópar Félagsþjónustunnar í Reykjavík og Tryggingastofnunar ríkisins luku námskeiðinu Sjálfsstyrking og samskipti, náms- og starfsráðgjöf. Um er að ræða 7 vikna námskeið. Markmiðið með námskeiðinu er meðal annars að þátttakendur öðlist aukna sjálfsþekkingu hvað varðar áhugasvið og almenna hæfni, og aukna færni í ákvarðanatöku og markmiðasetningu. Einnig er farið í þætti sem auka færni þátttakenda í atvinnuleit

Mímir-símenntun hélt námskeið fyrir þá einstaklinga sem dvelja á áfangaheimili samtakanna Verndar í Reykjavík. Um er að ræða fanga sem eru að

## Nemendastundir, námskeið fyrir Vinnumiðlun höfðuborgarsvæðisins



ljúka afplánun sinni og dvelja þar. Kennt var einn sunnudag í mánuði milli klukkan 18-20. Megináhersla var á að námskeiðin væru fjölbreytt og skemmtilegt. Meðal þátta sem teknir voru fyrir: raunfærni, atvinnuviðtal, notkun tölva og leit á Netinu, fyrirlestur um fíkn í samstarfi við Vog, sjúkrahús SÁA. Einnig var námskeið í matargerð. Námskeiðin á Vernd eru samstarf Mímis-símenntunar, Eflingar-stéttarfélags, Starfsafls, Landsmennt og Verndar.

Í samvinnu Mímis-símenntunar, fangelsismálastofnunar og trúnaðarráðs fanga á Litla-Hrauni voru haldin námskeiðin sjálfsefning og samskipti og vinnumarkaðurinn-kaup og kjör. Mímir-símenntun fékk styrk frá dómsmálaráðuneytinu til að halda þessi námskeið á Litla-Hrauni haustið 2004

### Tómstundanám

Markmið Mímis-símenntunar er að bjóða upp á fjölbreytt úrval tómstundanámskeiða til þess að auka gæði lífs og starfs. Stöðugt er lögð á það meiri áhersla að fólk haldi áfram að læra allt lífið. Í þeirri þróun getur tómstundanámið verið mikilvægur hlekkur og jafnvel lykिल að áframhaldandi námi fyrir þá sem hafa skamma skólagöngu að baki.

Í framhaldi af stefnumótunarvinnu starfsmanna á árinu var námskeiðsflokkur fækkað í þrjá þ.e. tungumál, gagn og gaman og listir og menning. Einnig varð sú breyting að tungumálanámskeiðin voru styttn í 9 vikur úr 10 vikum hvert námskeið. Með því gefst meira svigrúm milli anna og vorönn nýtist betur, hægt er að sækja tvö námskeið á önn í stað eins.

Einnig var aðferðum við auglýsingar á námsframboðum skólans breytt.

Sá flokkur námskeiða sem flestir sækja eru tungumálanámskeið. Þar eru


vinsælust spænska, enska og ítalska. Reynt er að fá tungumálakennara sem hafa viðkomandi tungumál að móðurmáli sínu eða hafa dvalist langdvölum í landinu. Tungumálin eru kennd á mörgum stigum, fyrir byrjendur og lengra komna. Af Norðurlandamálunum eru danska og sænska alltaf vel sótt. Japanska er einnig vinsæl um þessar mundir. Þá er hægt að sækja einkakennslu í tungumálum eða fá sérhæfð námskeið sem eru sniðin að þörfum einstakra hópa. Í tungumálanáminu er áhersla lögð á fámenna hópa. Á árinu fékkst leyfi menntamálaráðuneytisins til að kenna til eininga grunnáfanga framhaldsskóla í tungumálum og stærðfræði.

Á árinu 2004 sóttu um 2000 nemendur tómtunda- og tungumálanámskeið Mímis-símenntunar. Haldin voru samtals 230 námskeið.

Mörg vinsæl og fjölmenn námskeið voru haldin. Jón Böðvarsson hélt sitt síðasta námskeið hjá Mími-símenntun í samstarfi við Endurmenntun HÍ. Námskeið Jóns hafa dregið til sín hvað flesta þátttakendur. Hann lauk ferlinum á námskeiði um Passúsálma Hallgríms Péturssonar. Annars má rekja gríðarlega vinsæl námskeið hans um Íslendingasögurnar allt til ársins 1986. Í samstarfi við Borgarleikhúsið var endurtekið vinsælt námskeið um Don Kíkóta, þar sem Guðbergur Bergsson rithöfundur var fyrirlesari. Námskeið Jóhönnu Kristjónsdóttur blaðamanns um Menningarheim Araba voru einnig vel sótt. Á haustönn var haldið fjölmennt námskeið um Vesturfarana í samstarfi við Borgarleikhúsið. Af fleiri menningarnámskeiðum má nefna að Kristinn R. Ólafsson hinn þekkti útvarpsmaður hélt námskeið sem bar nafnið „Háborgin Spánar..... „Madrid í máli og myndum. Á árinu var hafið samstarf við Útflutningsráð, þar sem kennd var ensk símsvörun. Af tómtundanámskeiðum má segja að golfnámskeiðin sem Ragnhildur Sigurðardóttir kennir á hafi notið mestra vinsælda. Fjöldi kvenna, karla og barna sóttu námskeiðin þar sem skipt var í hópa eftir getu, byrjendur og lengra komnir. Sumarnámskeið barna sem hvað mest um vinsældum átti að fagna, var námskeið í Tæknilego. Þar voru þó fleiri drengir en stúlkur, en almennt á námskeiðum Mímis-símenntunar eru konur í miklum meirihluta.

Á árinu dróst þátttakendafjöldinn saman, sérstaklega á haustönn. Hugsanlega má rekja fækkun til kennaraverkfallsins sem hófst í september og stóð í margar vikur. Lömun stórrar starfsstéttar hefur víðtæk áhrif út í þjóðfélagið og hefur áhrif á allar barnafjölskyldur og þá sem að þeim standa. Einnig virðist tilhneiging vera hér eins og á Norðurlöndum að þátttaka í tómtundanámskeiðum fari minnkandi. Fólk virðist leita meira í nám sem það fær metið. Konur hafa verið í miklum meirihluta á tómtundanámskeiðum þrátt fyrir að atvinnuþáttaka þeirra sé mjög mikil.

Á myndinni hér að neðan **Fjöldi einstaklinga á tómtundanámskeiðum** má sjá þróun í aðsókn einstaklinga á tómtundanámskeið Mímis-símenntunar.



Á árinu var farið af stað með námskeiðið enska og ferðaþjónusta. Náms-efnið var unnið með styrk frá Stafsmenntaráði og var samstarfsverkefni Mímis-símenntunar og Verkalýðsfélagsins á Þórshöfn. Þróaður hefur verið kennsluvefur, þar sem kennsla byggist á lesnum texta, myndum og tali, og er kennsluefnið að hluta til gagnvirkt. Markmiðið með námskeiðinu er að bjóða upp á námskeið í ensku á Netinu, fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu. Þetta er fyrsta skref Mímis-símenntunar til að bjóða upp á fjarnám í ensku. Með því að bjóða slíkt námskeið á Netinu geta fleiri en ella nýtt sér það, og þá sérstaklega á landsbyggðinni.

### Íslenska fyrir útlendinga

Á árinu voru haldin 12 námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Skipt var í hópa eftir getu, byrjendur, framhald og lengra komnir. Leitast er við að blanda saman málfræði og þjálfun í talmáli, með það að markmiði að nemandinn geti tjáð sig og skilið íslensku sem fyrst. Meirihluti nemenda sem sótti nám hjá Mímis-símenntun voru Evrópubúar. Menntamálaráðuneytið veitti styrk til kennslunnar.

### Mat á námskeiðum

Í lok námskeiða er lagður fyrir þátttakendur spurningalisti, þar sem spurt er um álit á námskeiðinu. Spurt er um viðmót kennara, kennslugögn, aðbúnað, hvort einstaklingur telji að námskeiðið muni koma sér að notum, hvort námskeið hafi uppfyllt væntingar og að lokum er spurt hvort það sé annað sem viðkomandi vilji koma á framfæri varðandi námskeiðið.

Í lengri námstilboðunum er auk ofangreinds spurningalista gert lokamat þar sem þátttakendur ræða í hóp sín á milli og gera grein fyrir hvað hafi tekist vel og hvort eitthvað megi bæta.

Með matinu fást upplýsingar sem eru mjög mikilvægar þegar áframhaldandi námskeið eru skipulögð. Borin eru kennsl á þætti sem hafa ber í huga við skipulagningu og kennslu næstu námskeiða.

## **Þróunarverkefni**

Mikilvægur þáttur í starfi Mímis-símenntunar er þróunarverkefni en þeim er ekki hægt að sinna nema með utanaðkomandi fjármagni. Helstu fjármögnunarleiðir hafa verið styrkir frá Starfsmenntaráði, fræðslusjóðum atvinnulífsins og menntamálaráðuneytinu. Árið 2004 fékk Mímir-símenntun úthlutað styrkjum til fjögurra verkefna frá Starfsmenntaráði að upphæð samtals 7.0 milljónum. Frá menntaráðuneytinu fékkst styrkur úr Þróunarsjóði framhaldsskólanna vegna eins verkefnis upp á 800 þús. kr. Einnig fékkst styrkur frá dómsmálaráðuneytinu til að annast fræðslu fanga að upphæð 300 þús. kr.

Styrkur menntamálaráðuneytisins var vegna verkefnisins **Að lesa og skrifa list er góð**. Tilgangur verkefnisins er að þróa aðferð til að greina færni fullorðinna til náms með aðaláherslu á lestur og ritun og leiðbeina um leiðir til náms. Markhópurinn er fólk á vinnumarkaði með stutta skólagöngu og fólk í atvinnuleit.

Styrkir Starfsmenntaráðs fengust vegna eftirtalinnna verkefna:

- \* Bættu um betur er verkefni þar sem markmiðið er að ná til brottfallsnemenda í iðnnámi og aðstoða þá við að finna leiðir til að ljúka námi. Þetta er viðamikilið verkefni með 10 samstarfsaðilum, en þeir eru; Iðnskólinn í Reykjavík, Borgarholtsskóli, Menntaskólinn í Kópavogi, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslurád málmíðnaðarins, Fræðslumiðstöð rafiðnaðarins, Menntafélag byggingariðnaðarins, Fræðslurád hótél- og matvælagreina, Prenttæknistofnun og Fræðslumiðstöð bílgreina. Stefnt er að því að tilraunahópurinn geti hafið nám haustið 2005.
- \* Ungir landnemar er verkefni sem miðar að því að auka námsframboð til ungs fólks af erlendum uppruna. Haldið var 150 kennslustunda námskeið sem fól í sér íslenskukennslu, samfélagsfræði, sjálfsstyrkingu, tölvukennslu ásamt náms- og starfsráðgjöf. Námskeiðið hófst í nóvember og stóð fram til febrúar 2005. Samstarfsaðilar voru Alþjóðahúsið, Efling-stéttarfélag, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins.
- \* Umhverfi, upplifun og mannaúður. Markmiðið er gerð námsefnis til að auka þekkingu rekstraraðila og starfsmanna ferðaþjónustufyrirtækja á því hvernig draga má fram það besta í umhverfinu utan- og innandyra. Náms-

efninu er ætlað að stuðla að því að auka á ánægjulega upplifun ferðamannsins á dvölinni, þjónustunni og ferðinni í heild sinni. Gert er ráð fyrir að námsefni verði tilbúið haustið 2005.

- \* Fyrirtækjarekstur í ferðaþjónustu. Markmið verkefnisins er að þróa námskeið fyrir stjórnendur í ferðaþjónustu sem reka eða stjórna litlum fyrirtækjum. Ákveðið var að tengja vinnuna stærra verkefni sem nefnist Hagvöxtur á heimaslóð og er unnið í samstarfi við Útflutningsráð, Samtök ferðaþjónustunnar, Impru nýsköpunarmiðstöð, Ferðamálastetur Íslands, Landsmennt og Bygðastofnun. Fyrsta námskeiðið hófst á Vesturlandi í nóvember.

Önnur þróunarverkefni sem unnið hefur verið að á árinu eru:

- \* **Fiskur og ferðaþjónusta**, tilraunaverkefni unnið í samstarfi við Verkalýðsfélag Húsavíkur og ferðaþjónustufyrirtæki á Húsavík. Verkefnið er einnig styrkt af Landsmennt og Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Markmið verkefnisins er að búa til stutta starfsmenntabraut fyrir fólk sem starfar í ferðaþjónustufyrirtækjum sem byggja starf sitt að stórum hluta á hafi, vötnum og ám, s.s. hvalaskoðun, sjóstangaveiði, veiði í ám og vötnum og framleiðslu eða matreiðslu úr fiski. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur skrifað drög að námskrá fyrir námskeiðið sem er 300 kst. og annast Fræðslumiðstöð Þingeyinga námskeiðið sem mun hefjast í janúar 2005. Samstarfsaðilar á Húsavík eru Verkalýðsfélag Húsavíkur, Markaðsráð Húsavíkur, Fosshótel Húsavík, Veitingahúsið Salka, Hvalamiðstöðin Húsavík, Norðursigling og Hvalaskoðun. Verkefnið hlaut styrk frá Starfsmenntaráði árið 2003.
- \* **Námsráðgjöf á vinnustað**. Markmið verkefnisins er að aðstoða einstaklinga með skamma skólagöngu við að skoða möguleika sína til menntunar og setja sér námstengd markmið með tilliti til eiginleika og aðstæðna. Verkefnið er samstarfsverkefni Mímis-símenntunar, Starfsafsls, Eflingarstéttarfélags og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og miðar að því að skilgreina hvernig best sé hagað náms- og starfsráðgjöf fyrir þennan hóp. Í hópnum er mikil breidd hvað varðar aldur, reynslu og almennan bakgrunn einstaklinga. Því er lögð áhersla á að safna upplýsingum um markhópinn og þarfir hans hvað varðar ráðgjöf og námstilboð. Náms- og starfsráðgjafar heimsækja vinnustaði til að kynna og bjóða upp á ráðgjöf um nám og störf. Eftir vinnustaðaheimsókn er boðið upp á einstaklingsviðtöl hjá ráðgjafa, félagsmönnum að kostnaðarlausu. Verkefnið fékk styrk frá Starfsmenntaráði árið 2003.
- \* **Vinnuálag og kvíði**. MFA hlaut styrk frá Starfsmenntaráði árið 2002 til að þróa vefbundið námskeið um vinnuálag, kvíða og líkamleg einkenni. Námsfnisgerð lauk á árinu. Námskeiðið kallast **Kvíði í lífi og starfi** og er



birt á vef Mímis-símenntunar ([www.mimir.is](http://www.mimir.is)) og er öllum frjálst að nota það. Í verkefninu er unnið með hugtökin vinnuálag og kvíða og hvað er hægt að gera til að verjast álagi og kvíða. Einnig er fjallað um hvernig álag og kvíði getur birst í formi líkamlegra óþæginda. Einkenni sem eru þekkt hjá þeim sem þjást af kvíða eru frestunaráráttu, verkfælni og að gera allt á síðustu stundu.

### **Erlent samstarf**

Erlent samstarf er einkum tvíþætt, annars vegar þátttaka í formlegu samstarfi við samtök og stofnanir og hins vegar þátttaka í ýmsum verkefnum styrkt af norrænum og/eða evrópskum sjóðum.

### ***Evrópskt samstarf***

Á árinu lauk evrópsku samstarfsverkefni sem styrkt var af Grundtvig - fullorðinsþætti Sókratesáætlunar Evrópusambandsins. Verkefnið fjallaði um uppbyggingu sjálfstrausts hjá minnihlutahópum og á hvern hátt unnt sé að meta það. Verkefninu lauk með útgáfu bæklingssins *Nám til nýrra tækifæra*, auk þess sem upplýsingar um verkefnið voru settar inn á heimasíðu samstarfsaðila í Bretlandi [www.learninglinks.co.uk/no](http://www.learninglinks.co.uk/no)

Mímir-símenntun getur sent áheyrnarfulltrúa á fundi Leonardo áætlunarnnar sem haldnir eru í Brussel. Á árinu sótti fulltrúi fyrirtækisins ekki fundi.

### ***Norrænt samstarf***

Árið 2004 gegndu Íslendingar formennsku fyrir Norrænu ráðherranefndina. Þá ákvað stýrihópur um fullorðinsfræðslu (Styrgruppen for voksnes læring, SVL) að fela Mími-símenntun verkefnið að velja *God praksis* í kennslu fyrir fullorðna nýbúa í móðurmáli hvers lands. Mímir-símenntun leitaði eftir samstarfi við ABF - Norden (Fræðslusamtök verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum) og félagin í löndunum tilnefndu fulltrúa í norrænan stýrihóp. Stýrihópurinn ákvað að gengið yrði út frá að námsleiðir sem valið yrði úr væru fyrir nýbúa í starfi og að námið hefði í för með sér aukna möguleika á hreyfanleika. Nýbúar sem hefðu lokið því hefðu fengið framgang í starfi, farið í frekara nám eða orðið virkari samfélagsþegnar. Verkefninu lauk í desember og er hægt að nálgast skýrsluna *God praksis. Undervisning av voksne invandrere i det gitte lands morsmål* á heimasíðu Mímis-símenntunar.

Mímir-símenntun á fulltrúa í stjórn Fræðslusamtaka verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum, ABF-Norden. Breytt fyrirkomulag á styrkjakerfi Norrænu ráðherranefndarinnar tók að fullu gildi á árinu með Nordplus Voksen áætluninni. Áður hafði ABF-Norden fengið ákveðna upphæð á ári til að úthluta styrkjum til fullorðinsfræðsluaðila og til að reka eigin starfsemi, sem var

um 15% af úthlutaðu fjármagni. Eftir breytingarnar er engu fé úthlutað til ABF-Norden því allir styrkir eru nú verkefnatengdir. Þetta hefur gert það að verkum að Mímir-símenntun hefur ekki séð sér fært að senda fulltrúa sinn á alla stjórnarfundum þar sem fyrirtækið þarf að standa straum af kostnaði við samstarfið.

Vorið 2004 bauðst Mími-símenntun að taka þátt í norrænu samstarfsverkefni í fullorðinsfræðslu, Nordplus Voksen, þar sem unnið yrði að þemaneti aðila á Norðurlöndum sem annast tungumálakennslu innflytjenda. Frá Íslandi var auk Mímis-símenntunar fulltrúi frá Fjölmenningu. Verkefninu var stjórnað af Dönum en auk þeirra voru fulltrúar frá Noregi og Svíþjóð.

Markmið verkefnisins er að miðla reynslu og upplýsingum meðal þátttakenda um námsráðgjöf og kennslu af tvítyngdum námsmönnum og stuðla þannig að hvatningu til endurnýjunar aðferða við fullorðinsfræðslu fólks af erlendum uppruna.

Markhópur verkefnisins er fullorðið fólk (nýbúar) og tvítyngdir einstaklingar af annari kynslóð innflytjenda frá öðrum löndum en Skandinavíu.

## **Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar**

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ, 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000, en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Um tilgang sjóðsins segir í stofnskrá hans:

*Tilgangur sjóðsins er m.a. að styrkja verkafólk til að afla sér fræðslu um málefni og starf verkalýðshreyfingarinnar.*

*Meðal hlutverka sjóðsins skal vera að stuðla að því að saga Dagsbrúnar verði skrifuð og gefin út.*

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, skipaðir af miðstjórn ASÍ. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil miðstjórnar ASÍ. Sú venja hefur skapast að forseti ASÍ og formaður Dagsbrúnar, nú Eflingar, hafa setið í stjórninni auk eins til viðbótar, sem nú er Halldór Björnsson.

Sjóðurinn hefur nánast ekkert verið kynntur og lítið hefur verið úthlutað úr honum allt frá upphafi og hafa eignir hans því aukist með árunum. Er nú svo komið að stjórn sjóðsins telur fulla ástæðu til að setja úthlutunum úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar skýrari markmið og reglur og kynna jafnframt sjóðinn og hlutverk hans.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að auglýstir verði styrkir úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar til tvenns konar verkefna:

- \* Styrkir til launafólks til að afla sér fræðslu um málefni verkalýðshreyfingarinnar innanlands eða erlendis. Styrkirnir verði auglýstir.
- \* Styrkur/styrkir til verkefna er varða íslenskt samfélag og/eða vinnumarkað sem tengjast hlutverki og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Styrkirnir verði auglýstir.

Stjórn Minningarsjóðsins vinnur nú að því að útfæra nánar reglur um útlutanir og auglýsingar eftir umsóknum og er reiknað með að fyrsta auglýsingin birtis nú á haustmánuðum.

## **Viðauki: Þátttaka verkalýðshreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu: Yfirlit - heildarsýn**

*Mikilvægi þekkingar eykst stöðugt; fyrir einstaklinga - fyrirtæki og samfélagið - þekkingarsamfélagið. Uppbygging þekkingar eykur hæfni einstaklinga á vinnumarkaði og nýtist þannig þeim, atvinnulífínu og samfélaginu öllu. Menntun í atvinnulífínu er því sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni samtaka launafólks og atvinnurekenda. Þar hafa stjórnvöld einnig skyldum að gegna.*

*Bætt menntun hefur að markmiði að veita einstaklingnum lífsfyllingu, efla sjálfstæði hans, auðvelda honum að takast á við viðfangsefni hins daglega lífs og að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og þróun þess.*

*Úr „Áherslur og helstu verkefni ASÍ“*

Allt frá upphafi verkalýðshreyfingarinnar hér á landi hafa menntunarmál félagsmannanna verið eitt af viðfangsefnum stéttarféлага og síðar heildarsamtakanna og stofnana þeirra. Það er jafnframt ljóst að áherslan á menntamálin og þá einkum á starfsmenntun og fullorðinsfræðslu hefur aukist gífurlega á vettvangi stéttarfélaganna og verkalýðshreyfingarinnar á allra síðustu árum.

Byltingarkenndar breytingar í samfélaginu og ör þróun á skipulagi vinnunnar og í atvinnulífínu almennt kalla á nýja sýn og uppbyggingu allrar menntunar, ekki síst endur- og eftirmenntunar og fullorðinsfræðslu. Góð undirstöðumenntun og menntun alla ævina - símenntun - eru í ríkari mæli enn nokkru sinni fyrr lykillinn að velgengni og samkeppnishæfni samféлага og atvinnulífs og forsenda lífsgæða einstaklinga, hvort sem er á vinnumarkaði eða í samfélaginu almennt. Við göngum jafnvel svo langt að segja að ný samfélagsgerð, upplýsinga- og þekkingarsamfélagið sem byggir á þekkingu, hafi tekið við af iðnaðarsamfélaginu eða sé forsenda þess að það verði til. Jafnframt fullyrðum við að öflug grunnmenntun og símenntun séu eitt mikilvægasta tækið sem við búum yfir til að berjast gegn ójfnuði og stéttarskiptingu í þjóðfélaginu.

Það er með framangreind sjónarmið í huga sem verkalýðshreyfingin hér á landi, jafnt stéttarfélögin, landssamböndin og heildarsamtökin vinna nú að menntamálum félagsmanna sinna. Um leið er ljóst að félagsmennirnir gera þá kröfu að verkalýðshreyfingin hafi forystu á þessu sviði. Þessi þróun er ekki bara bundin við Ísland. Sama gildir um norræna og evrópska verkalýðshreyfingu og samstarfið á þeim vettvangi.

### **Forysta iðnaðarmanna í starfsmenntun**

Iðnaðarmenn og samtök þeirra, bæði atvinnurekenda og sveina, voru leiðandi í félags-, mennta- og menningarstarfsemi hér á landi á 19. öld. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík rak kvöld- og sunnudagaskóla fyrir iðnaðarmenn sem þróaðist í reglulegan iðnskóla sem stofnaður var 1904. Grunnmenntun iðnaðarmanna færðist á miðri 20. öld yfir á herðar ríkisins en þrátt fyrir það hafa iðnaðarmenn ætíð haft vakandi auga með menntaþörf eigin iðngreina. Með aukinni tækniþróun jókst þörfin fyrir endur- og eftirmenntun iðnaðarmanna. Sú verkaskipting þróaðist að hið opinbera skólakerfi sinni grunnmenntuninni samkvæmt þeim áherslum sem mótuð er af atvinnulífnum, en atvinnulífið sjálft, einkum með samstarfi verkalýðshreyfingarinnar og samtaka atvinnurekenda, hefur séð um endur- og eftirmenntun og innleiðingu nýjunga í tækni og aðferðum í einstökum iðngreinum.

Fræðslustofnanir iðnaðarins hafa flestar orðið til í umhverfi löggiltra iðngreina á seinustu 20 árum. Þær rekja upphaf sitt til samkomulags meistara og sveina í iðnaði um eftirmenntunarnefndir iðngreina sem komið var á fót í fjölmennustu iðngreinunum í samstarfi við Iðntæknistofnun með sérstöku fjárframlagi frá Iðnaðarráðuneytinu um og eftir 1970. Eftirmenntunarnefndirnar þróuðu síðar sérstakar endurmenntunarstofnanir með beinum framlögum frá samtökum launafólks og atvinnurekenda innan iðnaðarins eða með sjálfstæðum tekjustofni.

Endurmenntunarnefndir iðngreinanna byggðu á samstarfi samtaka atvinnurekenda og launafólks. Með endurmenntunarnefndunum og síðar fræðslustofnunum sem byggðar voru á grunni þeirra skapaðist dýrmæt þekking og reynsla af samstarfi samtaka launafólks og atvinnurekenda sem síðar hefur með öðru lagt grunninn að, eða í það minnsta stuðlað að, samstarfi þessara aðila í öðrum greinum atvinnulífsins og á vettvangi heildarsamtakanna.

### **Starfsmenntun fyrir verka-, verslunar- og skrifstofufólk og sjómenn**

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur stofnaði árið 1905 Verzlunarskóla Íslands og rak hann til ársins 1922 þegar Verslunarráð Íslands yfirtók rekstur hans. Verzlunarskólinn var lengi framan af eini vettvangurinn fyrir starfsmenntun í

verslunargreinum. Rétt er að geta þess að Verzlunarmannafélag Reykjavíkur var á þessum tíma samtök allra þeirra sem störfuðu við verslun í Reykjavík, jafnt launafólks og atvinnurekenda.

Á vegum Starfsstúlknafélagsins Sóknar, og Reykjavíkurborgar, ríkisins o.fl., hófst starfsmenntun fyrir félagsmenn í aðhlyningu og barnagæslu árið 1976. Síðan fylgdu samningar fyrir fleiri hópa Sóknarfélaga. Þá komu einnig fleiri sveitarfélög inn með hliðstæða samninga við stéttarfélög starfsmanna sinna.

Árið 1986 urðu tímamót í fræðslumálum almenns verkafólks þegar Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar var stofnuð í tengslum við gerð kjarasamninga það ár. Starfsfræðslunefndin var sett á stofn með fjárframlögum úr ríkissjóði og var hlutverk hennar að skipuleggja starfsmenntun fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Starf hennar byggði á samstarfi stjórnvalda og samtaka launafólks og atvinnurekenda í greininni. Ári síðar hélt Starfsfræðslunefnd iðnverkafólks fyrsta starfsmenntanámskeiðið með fjárframlagi úr ríkissjóði. Nefndin byggði á samstarfi samtaka launafólks og atvinnurekenda utan löggiltra iðngreina og hafði það hlutverk að byggja upp grunnstarfsmenntun fyrir iðnverkafólk í fjölmörgum greinum verksmiðjuíðnaðar, þvottahúsum og efnalaugum. Báðir þessir aðilar stóðu fyrir öflugu námskeiðahaldi.

Á 10. áratug aldarinnar færðist síðan í vöxt að einstaka stéttarfélög, oft í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, skipulegðu starfsmenntun og fullorðinsfræðslu fyrir félagsmenn sína með aðstoð Menningar- og fræðslusambands alþýðu, MFA.

Í kjarasamningum á árinu 2000 var í samstarfi samtaka launafólks og atvinnurekenda og stjórnvalda samið um starfsfræðslusjóði fyrir almennt verkafólk, Landsmennt og Starfsafl og þeim tryggt fjármagn út samningstímann. Sama ár er einnig samið um Starfsmenntasjóð fyrir verslunar- og skrifstofufólks, en hann byggði á samstarfi sem hafist hafði nokkru áður milli samtaka verslunarmanna og atvinnurekenda um starfsmenntun.

Í lok maí 2002 var loks undirritað samkomulag samtaka sjómanna (SSÍ) og atvinnurekenda (SA og LÍÚ) um stofnun fræðslusjóðs vegna starfsmenntunar sjómanna, Sjómennt.

Loks má geta þess að nokkrir samningar hafa verið gerðir milli landssambanda og einstaka stéttarfélaga annars vegar og viðsemjenda þeirra hins vegar um starfsmenntasjóði eða starfsmenntun félagsmanna. Það á m.a. við um verkafólk sem starfar hjá ríkinun, stofnunum þess og sveitarfélögum.

## **Hringnum lokað**

Með samningunum um stóru starfsmenntasjóðina á árinu 2000 og Sjómennt árið 2002 má segja að hringnum hafi verið lokað. Með því er átt við að skipu-

lagi hefur verið komið á samstarf samtaka launafólks og atvinnurekenda um starfsmenntun í þorra þeirra starfs- og atvinnugreina sem aðildarfélag og sambönd Alþýðusambands Íslands taka til.

Þess ber þó að geta að samningarnir við Samtök atvinnulífsins um stóru starfsmenntasjóðina þrjá árið 2000 giltu aðeins út samningstímann og um Sjómennt til maí 2004. Í tengslum við gerð kjarasaminga á árinu 2004 var tryggð áframhaldandi fjármögnun til sjóðanna úr atvinnuleysistryggingasjóði út árið 2007. Jafnframt var samið um sérstakt fræðslugjald sem atvinnurekendur byrja að greiða til sjóðanna árið 2006.

## **Félagsmála- og fullorðinsfræðsla og starfsmenntun - MFA**

Eftir umræðu á vettvangi Alþýðusambandsins var árið 1969 samþykkt reglugerð fyrir fræðlustofnun á vettvangi heildarsamtakanna, Menningar og fræðslusambands alþýðu. Í reglugerð fyrir MFA kom fram að því væri ætlað að sinna almennri fullorðinsfræðslu, félagsmálafræðslu og starfsmenntun. Starfsemin fór hægt af stað en eflidist með árunum. Í upphafi var áherslan einkum lögð á félagsmálafræðslu fyrir trúnaðarmenn og aðra talsmenn verkalyðshreyfingarinnar. Sú starfsemi fékk síðar mun traustari grunn, þegar ákvæði um rétt trúnaðarmanna til að sækja námskeið á launum kom inn í kjarasamninga 1977. Félagsmálaskóli alþýðu var síðan stofnaður með þátttöku verkalyðshreyfingarinnar og stjórnvalda og fjármögnun á fjárlögum með sérstökum lögum 1989. Þar með var skotið sterkum fjárhagslegum stoðum undir félagsmálafræðslu á vettvangi verkalyðshreyfingarinnar.

Með yfirtöku MFA á Tómskundaskólanum um mitt ár 1986 og síðar kaupum á Málaskólanum Mími eflidist starf verkalyðshreyfingarinnar að almennri tómskunda- og fullorðinsfræðslu til mikilla muna.

Í lok 9. áratugarins hóf MFA að þróa og skipuleggja starfsmenntanámskeið fyrir einstaka hópa launafólks, oftast á grundvelli kjarasamninga sem gerðir höfðu verið um slík námskeið. Samhliða vaxandi áhuga og skilningi á mikilvægi starfsmenntunar fyrir verkafólk á síðasta áratug 20. eflidist þessi þáttur í starfi MFA til muna. Með lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu árið 1992 og starfsmenntasjóði var skotið traustari fjárhagslegum stoðum undir þetta starf MFA að starfsfræðslu fyrir verkafólk í samstarfi við stéttarfélag, sambönd og atvinnurekendur. Þá tók MFA mikilvægt frumkvæði í þróun menntunar fyrir atvinnulausa á síðasta áratugnum.

Með ákvörðun sem tekin var á vettvangi Alþýðusambandsins á árinu 2002 var ákveðið að skilja félagsmálafræðsluna frá annarri starfsemi sem MFA hafði með höndum. Stjórn og þróun félagsmálafræðslunnar var flutt til ASÍ en stofnað var einkahlutafélag Mímir - símenntun ehf. sem ætlað er að reka og þróa frekar almenna fullorðinsfræðslu og starfsmenntun og leita jafnframt

samstarfs við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um að Mímir verði símenntunarmiðstöð fyrir svæðið.

## **Stefnumótun um starfsmenntun á vettvangi ASÍ**

Vaxandi umræða og skilningur á breytingum í samfélaginu og mikilvægi starfsmenntunar þegar kom fram á 9. áratug 20. aldar skilaði sér eðlilega inn á vettvang Alþýðusambandsins. Innan aðildarféлага og samtaka ASÍ og hjá MFA fór áhugi á starfsmenntun ört vaxandi. Samhliða jókst þekking á þessum málaflokki hröðum skrefum og skilningur á því að treysta yrði lagalegan grundvöll og ábyrgð og skyldur samfélagsins gagnvart launafólki hvað varðaði starfsmenntun. Þessar áherslur endurspegluðust í starfi á vettvangi ASÍ, í undirbúningi og síðan við setningu laga um starfsmenntun í atvinnulífnum árið 1992, þar sem Alþýðusambandið hafði leiðandi hlutverk.

Vinna að stefnumótun í menntamálum á vettvangi ASÍ hélt áfram í tengslum við starf nefndar menntamálaráðherra í byrjun síðasta áratugar um stefnumótun í menntamálum, sem tók til allra skólastiga og fullorðinsfræðslu. Stór hópur fulltrúa ASÍ, MFA og aðildarsamtakanna kom að þessari vinnu. Sama gildi um vinnu við umsagnir um lagafrumvörp um grunnskóla og framhaldsskóla sem fylgdu í kjölfarið. Þessi vinna skilaði sér m.a. í heildstæðri stefnu Alþýðusambandsins til menntunar á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi, háskólastigi, endur- og eftirmenntunar og almennrar fullorðinsfræðslu sem samþykkt var á þingi ASÍ 1996.

Með lögum um framhaldsskóla var hlutverk aðila vinnumarkaðarins og áhrif á starfsmenntun á framhaldsskólastigi skilgreint upp á nýtt. Sett var upp samstarfsnefnd með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um og hafa heildarsýn varðandi starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Jafnframt voru sett upp starfsgreinaráð fyrir einstaka starfsgreinaflokka (nú 14 talsins) með fulltrúum launafólks, atvinnurekenda og menntamálayfirvalda til að þróa starfsmenntunina í viðkomandi greinum.

Starfsemi starfsgreinaráðanna hefur þróast með nokkuð mismunandi hætti. Í sumum greinum hafa þau náð að eflast og hafa leiðandi áhrif á mótun menntunar á framhaldsskólastigi á sínu sviði meðan önnur hafa litlu fengið áorkað, enn sem komið er að minnsta kosti. Þar hefur mestu skipt hversu öflug umræða og fræðslustarf var fyrir í viðkomandi starfs- og atvinnugreinum. Þannig hafa fræðslunefndir í sumum iðngreinum nánast tekið yfir verkefni starfsgreinaráðanna og tengt þau starfi sínu að uppbyggingu og rekstri endur- og eftirmenntunar.

## **Samstarf á heildarvettvangi um starfsmenntun eftt**

Reynslan af samstarfi fulltrúa samtaka launafólks og atvinnurekenda um

starfsmenntun á vettvangi menntastofnana og sjóða atvinnulífsins og síðar í starfsgreinaráðunum, í Starfsmenntaráði skilaði mikilvægum árangri. Gagnkvæmt traust og trúnaður skapaðist í samskiptum þessara aðila og samræður um markmið og leiðir urðu til að efla skilning á sameiginlegum hagsmunum atvinnulífsins af því að efla starfsmenntun.

Samráð aðila vinnumarkaðarins varð til þess að í lok árs 1998 höfðu ASÍ og heildarsamtök atvinnurekenda (VSÍ) frumkvæði að stofnun MENNTAR - samstarfsvettvangs atvinnulífs og skóla. Með því vildu samtökin treysta samstarf sitt að stefnumótun og framkvæmd í menntamálum og byggja um leið upp formlegt samstarf við framhalds- og háskólastigið. Jafnframt var tilgangurinn að efla þekkingu þessa aðila á alþjóðlegu starfi um menntamál og aðstoða þá við að nýta sér þau tækifæri sem þar bjóðast. Þá var MENNT hugsuð sem verkfæri til að aðilar vinnumarkaðarins í samstarfi við skólana gætu tekið að sér ýmist verkefni fyrir menntayfirvöld sem stæðu þeim nær. Í framkvæmd hefur MENNT einnig orðið samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins, skólanna og símenntamiðstöðva sem risið hafa upp vítt og breytt um landið.

Í framhaldi af umræðu sem ASÍ tók virkan þátt í var árið 1998 skipuð nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins um fimm ára átak í símenntun, sem aðilar vinnumarkaðarins eiga aðild að. Nefndin hefur átt frumkvæði að umræðu og ýmsum verkefnum á því sviði. Þar má m.a. nefna viku símenntunar sem MENNT hefur séð um og Starfsmenntaráð styrkt.

Í byrjun árs 1999 varð að samkomulagi á milli ASÍ og Samtaka iðnaðarins að samtökin samræmdu sjónarmið sín og leituðu eftir samstarfi við menntamálaráðherra um að þessir aðilar yfirtækju Tækniskóla Íslands og þróuðu hann yfir á háskólastig. Samtökin fengu síðan rannsóknarstofnanir atvinnuveganna og samtök verk- og tæknifræðinga til liðs við sig. Með þessu vildu ASÍ og SI efla verk- og tæknimenntun á háskólastigi en varðveita um leið sérkenni Tækniskólans vegna tengsla hans við atvinnulífið og sem valkosta fyrir fólk úr atvinnulífinu sem vildi sækja sér frekari verk- og tæknimenntun og rekstarþekkingu. Það er skemmst frá því að segja að eftir mikla vinnu sem lögð var fram af hálfu framangreindra aðila og stranga viðræðulotu með menntamála-yfirvöldum slitnaði upp úr samningum. Ástæða þess var að menntamálaráðherra var ekki tilbúinn til að gera samning við aðila vinnumarkaðarins og samstarfsaðila þeirra um framlög til uppbyggingar og reksturs skólans, sem skapað gæti nauðsynlegan grundvöll undir starfsemi hans.

Loks má nefna að á Evrópuvettvangi taka fulltrúar ASÍ og SA þátt í stefnumótun og framkvæmd starfsmenntunar í gegnum Leonardó da Vinci starfsmenntaáætlunina auk þess sem þeir sitja í stjórn landsskrifstofu vegna áætlunarrinnar hér á landi. Þá hafa þeir möguleika á þátttöku í stefnumótun og sam-



ráði um starfsmenntun og þróun hennar á vettvangi Evrópusamtaka launafólks (ETUC) og atvinnurekenda (UNICE/CEEP). Þessir aðilar skiluðu m.a. í byrjun árs 2002 sameiginlegu álitni á Evrópuvísu um mikilvægi starfsmenntun og áherslur á því sviði. Einnig hefur MFA tekið þátt í Norrænu og alþjóðlegu starfi á sviði starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu.

## **Stefna mótuð til framtíðar**

Gott og vaxandi samstarf fulltrúa heildarsamtaka og starfs- og atvinnugreina-samtaka launafólks og atvinnurekenda á síðustu árum við stefnumótun og framkvæmd starfsmenntunar á ólíkum sviðum og mismunandi stöðum leiddi til þess að fulltrúar Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins í Starfsmenntaráði ákváðu árið 2000 að taka saman „Skýrslu um samstarf aðila vinnu-markaðarins um menntamál“. Í inngangi skýrslunnar sem kom út í maí 2001 sagði m.a. um tilgang hennar:

*„Markmið þessarar greinargerðar er tvenns konar:*

*1. Að birta yfirlit um sameiginlega þætti og starfsemi félaga og samtaka í atvinnulífinu um menntamál, sérstaklega í samvinnu Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands.*

*2. Að gera tillögu um aukna samvinnu atvinnurekenda og launafólks í menntamálum.*

*Hér er um að ræða yfirlit sem vonast er til að geti orðið handhægt gagn til að nota við frekari uppbyggingu starfsmenntunar hér á landi.\_*

*Í lok skýrslunnar er sett fram framtíðarsýn ASÍ og SA varðandi samstarf þeirra að menntamálum. Þar segir m.a.:*

*„Samtök atvinnurekenda og launafólks hafa á undanförunum árum lagt áherslu á framgang menntunar, ekki síst starfsmenntunar, bæði innan og utan hins opinbera menntakerfis. Atvinnulífið þarf að geta treyst á öflugt menntakerfi til þess að þróast í takt við kröfur nútímans. Þetta er í samræmi við hraðfara alþjóðavæðingu.“*

*Þá er fjallað um áherslur ASÍ og SA í menntamálum. Talin eru upp í 6 liðum hver sameiginleg verkefni aðila vinnu-markaðarins á sviði menntamála ættu að vera. Loks segir:*

*„Samtök atvinnurekenda og launafólks munu njóta góðs af skipulegra samstarfi á sviði menntamála. Markmið nást auðveldar og tilkostnaður minnkar. Ávinningurinn er ekki eingöngu atvinnurekenda og launafólks heldur einnig „viðskiptavina“ þeirra: stjórnvalda, skóla, félaga og fyrirtækja í menntageiranum. Samskipti og boðskipti einfaldast og hlutverk skýrast. Skrifræðið minnkar.“*

## Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - FA

Um sama leyti og skýrsla ASÍ og SA kom út fór fram mikil umræða innan stjórnar MFA um starfsemina og hvaða leiðir væru til þess að efla hana og þá á hvaða sviðum. Stjórn MFA lagði fram hugmyndir að samstarfi fræðslumiðstöðva í atvinnulífinu undir vinnuheitinu „Fræðslumiðstöð atvinnulífsins“. Markmiðið var að samhæfa krafta þeirra fræðsluadila og sjóða, sem verkalýðshreyfingin á aðild að. Helsta inntak hugmyndanna var að byggja upp nýtt fyrirtæki sem væri þjónustufyrirtæki fyrir allar starfandi fræðslumiðstöðvar og sjóði aðila vinnumarkaðarins. Hlutverk fyrirtækisins væri að miðla námskeiðum milli eignaraðila og bjóða uppá námskeið á almennum sviðum, s.s. tungumál, tölvur og tómsundanám.

Til þess að mynda kjarna í Fræðslumiðstöðinni yrði allt námsframboð á vegum Mímis - Tómskundaskólans og MFA að undanskilinni félagslegri fræðslu lagt inn í Fræðslumiðstöðina. Hugmyndirnar voru fyrst kynntar fyrir forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar og síðan starfsmönnum og forsvarsmönnum fræðslumiðstöðva sem eru á samningssviði ASÍ og fengu þær allstaðar góð viðbrögð. Í því ljósi var ákveðið að kynna forystu Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins hugmyndirnar með ósk um viðræður um frekari útfærslu.

Við frágang á samkomulagi við stjórnvöld í tengslum við frestun á endurskoðun kjarasamninga í desember 2001 lagði ASÍ mikla áherslu á að ríkisstjórnin myndi tryggja fjármagn til reksturs Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í kjölfar þess gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um eflingu starfsmenntunar:

*„Ríkisstjórnin mun í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir endurskipulagningu á starfsfræðslu í atvinnulífinu. Markmið er bæði að auka framboð á starfsfræðslu og tryggja starfsemina. Samhliða því verði þessum málum komið í fastari skorður með skilvirkari samvinnu þeirra aðila sem sinna þessum verkefnum.“*

Yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fylgdu vilýrði um umtalsverðan fjárstuðning til verkefnisins ef af samstarfinu yrði.

Strax í byrjun janúar 2002 óskaði ASÍ eftir formlegum viðræðum við atvinnurekendur um stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. Jafnframt fór á næstu vikum og mánuðum fram mikil umræða og stefnumótunarvinna á vettvangi ASÍ, þar sem mikill fjöldi einstaklinga, fulltrúar frá nánast öllu fræðslustarfi hreyfingarinnar auk ASÍ, tók þátt. Út úr þessari vinnu komu ákveðnar tillögur sem samþykktar voru á vettvangi ASÍ sem umræðugrundvöllur.

Í viðræðunum við samtök atvinnurekenda kom fram nokkur áherslumunur, einkum vegna þess að fulltrúar SA vildu ekki taka þátt í samkeppnisrekstri í

námskeiðahaldi. Samkomulag náðist hins vegar um að stofna sameiginlega Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á þeim grunni sem lýst er í samþykktum fyrir FA ehf.:

*„Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Meðal hlutverka FA er að efla framboð á námstækifærum fyrir fólk á vinnu- markaði með litla formlega grunmenntun, nýbúa o.fl., svo og önnur verkefni sem hafa almenna samfélagslega skírskotun. FA er miðstöð kennslufræðilegrar ráðgjafar og þróunar á starfssviði sínu.“*

Síðan er tekið upp í samþykktunum hvernig ná megi þessum markmiðum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var síðan formlega stofnuð í lok árs 2002. FA er alfarið í eign ASÍ og SA að jafn stórum hluta og skipa samtökin 6 manna stjórn.

Jafnframt var Mímir - símenntun ehf. stofnuð til að yfirtaka og þróa námskeiðahald í almennri fullorðinsfræðslu og starfsmenntun sem áður var hjá MFA og Mími - Tómskundaskólanum, eins og áður er vikið að. Samkomulag varð milli ASÍ og SA um að ASÍ stæði eitt að stofnun Mímis - símenntunar ehf., en að gerður yrði samstarfssamningur við FA um framkvæmd einstakra námskeiða ásamt sambyli og samrekstri á einstaka þáttum starfseminnar. Samhliða þessu hefur ASÍ boðið fulltrúum Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Kópavogs til viðræðna um stofnun Símenntunarmiðstöðvar höfuðborgarsvæðisins með sameiningu námsflokka sveitarfélaganna og Mímis - símenntunar ehf. Þegar þetta er skrifað hefur verið undirritaður samstarfssamningur á milli Mímis og Reykjavíkurborgar um að Mímir sinni íslenskukennslu fyrir útlendinga fyrir Reykjavíkurborg.

## **Næstu verkefni**

Mikil þróun og mikilvægar breytingar hafa orðið á umhverfi starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu á síðustu misserum og árum. Samstarf samtaka launafólks og atvinnurekenda hefur vaxið að umfangi og dýpkað, hvort heldur litið er til heildarinnar eða stefnumótunar og framkvæmdar starfsmenntunar í einstaka starfs- og atvinnugreinum á sviði grundvallarstarfsmenntun og endur- og eftirmenntunar. Jafnframt hefur fjármagn til þessa málaflokks vaxið mikið, bæði frá stjórnvöldum og frá atvinnulífinu beint. Þá hefur þeim verkfærum sem verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda hafa yfir að ráða í þessum málaflokki fjölgað og þau verið bætt.

Verkalýðshreyfingin, á vettvangi heildarsamtakanna, landssambanda og einstakra aðildarféлага, stendur nú frammi fyrir mikilvægu verkefni. Hún þarf

að móta sér skoðun, og hafa síðan um það samráð við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld með hvaða hætti við getum best nýtt hagfeldar aðstæður sem við höfum skapað og þau fjölmörgu verkfæri sem við ráðum yfir. Markmiðið er skýrt. Að efla starfsmenntun og fullorðinsfræðslu og treysta þannig stöðu félagsmanna okkar á vinnumarkaði og auka lífsgæði þeirra.



*Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, sótti þing Alþjóðavinnu-  
málastofnunarinnar, ILO.*

## Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og ört vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Alþjóðavæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk og leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

Samstarf á vettvangi Norðurlandanna var lengi vel þungamiðjan í alþjóðastarfi ASÍ. Á undanförunum árum hefur samstarf á Evrópuvettvangi vaxið

mjög, einkum eftir að Ísland gerðist aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Þá hefur verið lögð vaxandi áhersla á starf að réttindamál- um launafólks á alþjóðavísu.

Hér á eftir er gerð grein fyrir því helsta í starfi ASÍ á alþjóðavettvangi.

## **Norræna verkalýðssambandið - NFS**

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins - NFS - kemur saman tvisvar á ári, í maí og desember, og er hún samsett af forystumönnum aðildarsamtakanna. Forseti ASÍ og framkvæmdastjóri hafa setið þessa fundi fyrir hönd ASÍ. Starf NFS hefur á undanförunum árum í vaxandi mæli snúist í æ ríkari mæli um samstarf norðurlandanna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Eftir vinnufund stjórnar haustið 2003 (en slíkir fundir eru haldnir þriðja hvert ár) var ákveðið að hefja endurskoðun á fyrirkomulagi fastanefnda á vegum NFS. Einkum var rætt um að endurskoða starf þriggja nefnda, Norrænu vinnumarkaðsnefndarinnar, Eystrasaltsnefndarinnar og Evrópunefndarinnar. Allar þessar nefndir eru, eftir stækkun ESB í austur, í reynd að fjalla um mismunandi þætti evrópsks vinnumarkaðar. Endanlegar tillögur um þessar breytingar voru síðan afgreiddar á stjórnarfundi í lok nóvember 2004, þar sem starfsemi þessara nefnda var sameinuð þó haldið verði sérstaklega utan um verkefnið BASTUN (Baltic Sea Trade Union Network) sem stutt hefur verið fjárhagslega af Norðurlandaráði.

Á þingi ICFTU í Myazaki í Japan stóð skrifstofa NFS fyrir mikilvægu samræmingarstarfi aðildarsamtakanna sem gerði norðurlöndunum kleift að hafa umtalsverð áhrif á framgang mála, bæði ályktana og kjör fulltrúa í stjórnir og ráð. Þar með hefur NFS fest sig betur í sessi sem samráðsvettvangur um málefni ICFTU og er það okkur innan ASÍ mikilvægt því við höfum ekki haft fjárhagslega burði til að sinna þessu starfi.

Á fundi stjórnar sem haldinn var á Íslandi í maí 2005 gerði ASÍ sérstaka grein fyrir starfi okkar að málefnum útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, einkum átakið „Einn réttur og ekkert svindl“ og samningur okkar við SA um réttindi trúnaðarmanna og stéttarfélaga til þess að fá upplýsingar um laun og starfskjör útlendinga og vakti það talsverða athygli.

Í sumar auglýsti NFS starf sérfræðings Alþjóðanefndar laust til umsóknar, en Anders Larsen sem gengt hefur þessu starfi s.l. 3 ár færir sig aftur til LO í Svíþjóð. Við vissum að Lóa Brynjúlfsdóttir, sem verið hefur starfsmaður hjá EFTA í Brussel og sinnt hefur Samráðsnefndinni undanfarin ár, væri á förum til Stokkhólms með eiginmanni sínum og lögðum að henni að sækja um starfið sem hún og gerði með stuðningi ASÍ og BSRB. Jafnframt hlaut hún stuðning LO og YS í Noregi. Reynsla og menntun Lóu á sviði málefna vinnumarkaðarins og aðila hans á Evrópuvísu reyndist einnig mikilvæg því niðurstaðan var að hún var talin hæfust og var ráðin til starfa frá og með 18. október n.k.

Er þetta í fyrsta sinn sem Íslendingur er ráðinn til starfa á skrifstofu NFS og jafnframt í fyrsta sinn sem kona er ráðin þar sem sérfræðingur. Erum við stolt af því að hafa átt hlutdeild í því og fögnum því jafnframt að geta starfað áfram með Lóu.

### **Starfshópur NFS um Evrópskan vinnurétt**

Stjórn NFS ákvað að setja á fót starfshóp um evrópskan vinnurétt og lausn ágreiningsmála á evrópskum vinnumarkaði. Hópurinn var kallaður saman í byrjun september 2005. Honum er ætlað að taka saman skýrslu fyrir stjórn NFS þar sem fram komi þau sjónarmið sem dugi stjórn NFS til þess að komast að verkalýðspólítískri niðurstöðu um hvert stefna skuli. Jafnframt að unnið yrði út frá því að ekki verði komið upp ESB vinnuréttarkerfi sem verði í „samkeppni“ við kerfi einstakra aðildarríkja EES. Hið evrópska kerfi komi sem viðbót við kerfi aðildarríkja EES. Hópurinn mun skila niðurstöðum til stjórnar NFS fyrir 1.11 2005.

### **NFJS-Fundur lögfræðinga samtaka launafólks á Norðurlöndum**

Vegna anna sá lögfræðingar ASÍ sér ekki fært að sækja árlega ráðstefnu lögfræðinga samtaka launafólks á Norðurlöndum sem að þessu sinni var haldin í Osló.

### **Verkalýðshreyfingin í Norðuratlantshafi (VN)**

Ársfundur VN var haldinn í Quartarq í Suður Grænlandi í lok ágúst 2005. Fundinn sóttu fjórir fulltrúar ASÍ, forseti ASÍ, formaður matvælasviðs SGS, formaður SSÍ og framkvæmdastjóri ASÍ. Auk hefðbundinna ársfundarstarfa höfðu Grænlandingar undirbúið sérstaka umfjöllun um stöðu atvinnu- og félagsmála í Grænlandi með sérstakri skýrslu og framsetningu. Ennfremur var fjallað um verkefni komandi árs og var ákveðið að hringa í framkvæmd hönnun á sérstöku vefsvæði fyrir VN, þar sem áhersla verði lögð á fréttir frá aðildarsamtökunum auk ýmissa tölfraðilegra upplýsinga. Á fundinum var ákveðið að lækka skatta til samtakanna um 25%, eða úr 1 dkr. Í 0,75 dkr. En jafnframt að fylgjast náið með framvindu mála þannig að ef rekstur verður erfiður verði hægt að grípa til hækkana á ný. Lækkunin kemur til framkvæmda 2006.

### **Evrópusamband verkalýðsfélaga - ETUC**

Framkvæmdastjórn ETUC kemur saman 4 sinnum á ári í Brussel og á ASÍ einn stjórnarmann sem framkvæmdastjóri ASÍ hefur sinnt. Verkefni framkvæmdastjórnar á s.l. ári hafa að stórum hluta markast af þremur þáttum.

ETUC hefur átt í reglubundnu samráði og samstarfi við framkvæmdastjórn

ESB vegna ýmissa mála, einkum á sviði lífeyrisréttinda, þar sem fyrirhugað er að setja samræmdar reglur á Evrópuvettvangi, vegna fyrirhugaðra breytinga á þjónustutillskipuninni, með verulega rýmri heimildum atvinnurekenda til að nota svokallaðar upprunalandsreglu, og breytinga á vinnutímatillskipuninni, þar sem atvinnurekendur hafa kynnt hugmyndina um að það séu mannréttindi að fá að vinna eins lengi og maður vill. Í öllum þessum málum er vegið að réttindum launafólks og mikilvægi samstöðu á Evrópuvísu mikilvæg. Telja verður að nokkur árangur hafi náðst á þessu sviði, m.a. með því að byggja upp pólitískan þrýsting á Framkvæmdastjórnina og Ráðherraráðið.

Eitt af stóru verkefnum ETUC á tímabilinu og á næstu mánuðum er að hefja viðræður við UNICE og Framkvæmdastjórn ESB um fastara form og innihald á viðræðum um Evrópusamninga. Í ljós hefur komið tilfinnanlegur skortur á möguleika launafólks til þess að bregðast sameiginlega við, til að skapa þrýsting á viðræður og jafnframt þörf á evrópskum vettvangi til þess að leysa úr ágreiningi um túlkun eða brot á samningum.

Um starf og stefnu ETUC má lesa á vef sambandsins: <http://www.etuc.org>.

## **Ráðgjafarnefndir EFTA og EES**

### **Ráðgjafarnefnd EFTA**

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Fastanefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA ríkjanna og Þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA/EFTA-EES ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar Ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í Ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og 2 frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum.

Jon Veia frá norsku atvinnurekendasmötökunum (NHO) er nú formaður nefndarinnar og Halldór Grönvold varaformaður.

### **Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar**

Ráðgjafarnefnd EFTA setti sér sérstaka starfsáætlun fyrir árið 2005. Áætlunin tekur eðli málsins samkvæmt mjög mikið mið af því sem er á gerast á vettvangi Evrópusambandsins og samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins um þessar mundir. Fjögur áherslusvið í starfi nefndarinnar á árinu 2005 eru:



- \* Stefna Evrópusambandsins gagnvart nágrannaríkjum sínum, Rússlandi og tengsl EFTA við þriðju ríki.
- \* Matið á Lissabon ferlinu þegar það er hálfnað.
- \* Að laga sig að nýjum aðstæðum: Ný stjórnarskrá fyrir ESB og stækkun EES.
- \* Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja.

Í starfi sínu og viðræðum við forystu og stofnanir EFTA lagði ráðgjafarnefndin áherslu á að vel væri fylgst með þróuninni hjá Evrópusambandinu og að EFTA ríkin reyndu að hafa ákveðið frumkvæði í samskiptum sínum við ESB og 3ju ríki. Þá var einnig lögð áhersla á mikilvægi aðila vinnumarkaðarins á EFTA vísu og samráðsins við þá.

Á tímabilinu ályktaði ráðgjafarnefndin um „Nágranna Evrópu og ný úrlausnarefni fyrir EFTA“, þar sem fjallað er um afstöðu Evrópusambandsins til nágrannaríkja sinna og hvernig nauðsynlegt sé að EFTA standi að þeim málum.

### **Ráðgjafarnefnd EES**

Haldinn var fundur í Ráðgjafarnefnd EES í júní 2005 þar sem fjallað var um nágranna Evrópu og ný úrlausnarefni, Lissabon ferlið og fjárhagslegan stuðning sem ætlað er að auka félagslega samstöðu í Evrópu. Á fundinum var ályktað um tvö síðartöldu efnin.

### **Ráðstefna um Evrópuþróunina haustið 2004**

Árið 2004 voru 10 ár liðin frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið kom til framkvæmda. Í tilefni af þessum tímamótum ákváðu Ráðgjafarnefnd EFTA og Þingmannanefnd EFTA að standa sameiginlega fyrir ráðstefnu 21. október 2004 hér á landi. Yfirskrift ráðstefnunnar var „EES og EFTA í nýrri Evrópu“. Markmið ráðstefnunnar var að greina þær breytingar sem Evrópska efnahagssvæðið stendur frammi fyrir og ræða hvernig hægt sé að mæta þeim með sem bestum hætti. Á ráðstefnunni var m.a. fjallað í víðu samhengi um þætti eins og stækkun ESB og EES og þær breytingar sem henni fylgja, stöðu tillagna um stjórnarskrá fyrir ESB og möguleg áhrif á Evrópska efnahagssvæðið, aukin áhersla á þátttökulýðræði í Evrópu og aukið samráð við hagsmunaaðila, ekki síst aðila vinnumarkaðarins.

Ráðstefnan tókst í alla staði mjög vel. Hún var fjölsótt, bæði af innlendum og erlendum aðilum, sem komu úr stjórnmalunum, bæði á landsvísu og sveitastjórnnum, af vinnumarkaði, úr stjórnkerfinu og frá rannsókna og menntastofnunum.

## **Alþjóðavinnumálastofnunin - ILO**

### **Árlegt þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar - ILO**

Árlegt þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar-ILO var haldið í Genf dagana 31.5 - 16.6 2005. Í sendinefndinni áttu sæti af hálfu verkafólks þeir Sævar Gunnarsson, SSÍ og Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ. Þau Ísleifur Tómasson frá RSÍ og Ása Clausen frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar sóttu Genfarskólann að þessu sinni en Ísleifur myndaði jafnframt hluta af sendinefnd verkafólks.

Hér á eftir er leitast við að skýra frá helstu dagsrárlíðum þingsins og nefndarstörfum.

### **Kosningar í stjórnarnefnd:**

Kosið er til þriggja ára í senn. Verkafólk kýs 14 meðlimi, atvinnurekendur 14 og ríkisstjórnirnar 28 (hluti þeirra á þó fast sæti en kosið er um afganginn). Í síðustu kosningum 2002 náði Alþýðulýðveldið Kína varasæti en fulltrúi ísrælska Alþýðusambandsins féll sem varamaður. Kína sótti mjög fast að halda sæti sínu en Alþjóðasamtök verkafólks ( ICFTU ) ákváðu að stilla þeim ekki upp. Þeir buðu því fram sjálfstætt en féllu með 20 atkvæða mun af 135. Afstaða ICFTU og margra hinna atkvæðisbæru fulltrúa, þar á meðal Íslands, helgaðist af litlum framförum Kínverskra stjórnvalda í mannréttindamálum verkafólks og réttindum sjálfstæðra verkalýðsfélaga og er það í samræmi við afstöðu ASÍ. Kínverjar tóku þessu illa og telja að gegn þeim sé unnið í anda kalda stríðsins. Það er að sjálfsögðu rangt, enda kínversk verkalýðshreyfing ríkisrekin og leiðtogar frjálstra verkalýðsfélaga fangelsaðir. Eftir kosningarnar eiga Norðurlöndin áfram sæti aðalmanns í stjórnarnefndinni en þetta er þriðja kjörtímabil Ulfs Edström. Norðurlöndin, utan Íslands, hafa í gegnum árin skipt þessu sæti á milli sín. Norðmenn hafa sótt fast að taka við þessu sæti við kosningar 2008. Þau nýmæli gerðust, að ICFTU náði samkomulagi um uppstillingu við WCL (samtök kristinna verkalýðsfélaga) og ICATU (samtök heildarsamtaka verkafólks í Arabalöndunum) en við það fjölgaði fulltrúum Arabalandanna um þrjá á varamanna og vara-varamannalista stjórnarnefndarinnar.

### **Samþykkt um réttarstöðu og aðbúnað fiskimanna:**

Fram fór seinni og lokaumræða um tillögu að nýrri samþykkt sem ætlað var að koma í stað nokkurra eldri samþykkt. Þessi umræða var auðveldari en sú fyrri. Til þess þurfti þó að efna til fjölda kvöldfunda og segja má að þetta hafi verið sú nefnd sem fundaði lengst á þinginu, oft í smærri vinnuhópum. Að lokum tókst aðilum með lempni að koma sér saman um tillögu að nýrri samþykkt án meiriháttar átaka. Tillagan var afgreidd frá nefndinni til lokafagreiðslu á

þingfundi. Þegar til þingfundar kom, var ljóst að atvinnurekendur höfðu unnið gegn staðfestingu samþykktarinnar eftir að hafa samþykkt hana í nefndinni og lagst á allmargar ríkisstjórnir með tilmæli um að hindra staðfestingu hennar en staðfestingin krefst aukins meirihluta. Þegar til fundarins kom sat yfirgnæfandi meirihluti atvinnurekenda hjá og varð það til þess að útilokað var að aukinn meirihluti næðist við afgreiðslu. Raunar er þeim ekki einum um að kenna, því 4 fulltrúar verkafólks greiddu atkvæði gegn samþykktinni og 17 mættu ekki til atkvæðagreiðslu, þar á meðal fulltrúi danska Alþýðusambandsins. Þingið ákvað að lokum með einfaldri samþykkt að beina því til Stjórnarnefndarinnar að taka málið á dagskrá þingsins 2007. Tillagan hefði aukið og bætt réttarstöðu og aðbúnað fiskimanna um allan heim og lokagerð hennar að ýmsu leyti betri en verkalýðshópurinn hafði talið raunhæft að ætla. Ísland er í þeirri stöðu að svo vel er á málum haldið hér á landi að ekkert hefði verið því til fyrirstöðu að félagsmálaráðherra mælti með staðfestingu hennar þegar í haust.

### **Fyrsta umræða um nýja samþykkt eða tilmæli um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum:**

Á þinginu 2003 var almenn umræða um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Tilgangurinn var sá að kanna áhrif, samræmi og nauðsyn gildandi samþykkt. Ákveðið var á því þingi að taka málið til umræðu að nýju með það fyrir augum að setja nýja samþykkt um þennan mikilvæga málaflokk. Í framhaldi þess var gerð viðamikil könnun meðal aðildarríkja ILO og útbúin skýrsla í framhaldi hennar. Hún myndaði grundvöll umræðunnar. Samþykktinni / tilmælunum er í raun ætlað að tengja saman og hnykkja á eldri samþykktum ILO um sama efni. Í henni er fyrst og fremst fjallað um nauðsyn og skyldu til þess að hafa gangandi áætlun og skipulagt kerfi í kringum aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og fleira í þeim dúr. Lagt var í upphafi af stað með að þetta gæti bæði tekið á sig mynd sem ný samþykkt og sú varð niðurstaðan. Á þingi ILO 2006 mun því fara fram önnur umræða og afgreiðsla nýrrar samþykktar. Þessari nýju samþykkt verður ekki ætlað að koma í stað annarra samþykkt um aðbúnað og hollustuhætti en koma þeim til viðbótar og samþættingar. Í starfi nefndarinnar kom fram, að atvinnurekendur andmæltu mörgum þeim þáttum sem lúta að beinum réttindum launafólks og að hluta aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að skipulagi og stjórn þessa málaflokks. Fulltrúar ESB og margra annarra ríkisstjórna lögðust nokkuð á sveif með þeim. Fulltrúar norrænu hreyfingarinnar voru ekki ánægðir með heildarniðurstöðuna en telja þó að í niðurstöðum nefndarinnar sé að finna opnanir sem hægt sé að nota til þess að vefja inn ítarlegri og betri tillögur.

### **Almenn umræða um atvinnumál ungs fólks:**

Fyrir lá ítarleg skýrsla ILO þar sem fram kemur að 47% alls atvinnuleysis í heiminum er meðal ungs fólks. Vandamálið virðist ekki bundið þeim ríkjum þar sem atvinnuleysi er mikið sbr. m.a. Ísland þar sem 9.3% atvinnuleysi er meðal ungs fólks meðan almennt atvinnuleysi liggur á c.a. 2.3%. Í niðurstöðum nefndarinnar er m.a. fjallað um þá áskorun sem atvinnuleysi ungs fólks er. Þar er reynt að varpa ljósi á umfang vandans og það undirstrikað m.a., að lausn á atvinnuleysi ungs fólks er ein af forsendum þess að ráða við fátækt. Fram kemur að atvinnuleysið lendir mun harðar á ungum konum, fólki af „öðrum kynþætti“, þjóðarbrotum og fleiri slíkum þáttum. Einnig var fjallað um stefnumörkun og aðgerðir til þess að skapa góð og arðbær störf fyrir ungt fólk og settar fram fjölbreyttar hugmyndir. M.a. að forsenda þess að ungt fólk geti tryggt sér starf sé skilyrðislaus ókeypis aðgangur að menntun á öllum skólastigum, fjárfesting í starfsþjálfun, sérstök átök til þess að fjölga störfum fyrir ungt fólk, rannsóknir sem beinist að því hvar í efnahagslífinu sé helst að bera niður með árangri í þessum efnum, sérstakar ráðstafanir til þess að hvetja ungt fólk til atvinnustarfsemi á eigin vegum o.fl. Jafnframt var ítrekað að nauðsynlegt sé að skapa góð störf m.a. til þess að vinna gegn þeirri þróun að ungt fólk sitji fast í hlutastörfum, tímabundnum störfum, tilfallandi verkefnum og annars konar vinnu sem fellur ekki að hinum hefðbundna vinnumarkaði. Ekki var hins vegar ákveðið að ljúka þessari umræðu með því að mæla með því að sett yrði ný samþykkt um þennan málaflokk.

### **Nefnd um framkvæmd samþykpta:**

Að lokinni almennri umræðu um skil á skýrslum, sérstakri umræðu um ástandið í Myanmar var fjallað um alvarleg brot 28 ríkja á samþykktum ILO. Eins og fram kemur í skýrslu af ILO þinginu 2004, voru íslensk stjórnvöld harðlega gagnrýnd fyrir lagasetningu á kjaradeilu sjómanna. Á þinginu 2005 barst fulltrúum íslensks launafólks til eyrna sá orðrómur, að þeim hefði tekist að fá fundargerð nefndarinnar breytt á þann veg að meira hallaði á íslensk stjórnvöld en nefndin hefði í raun samþykkt. Þetta kom m.a. fram í því að á vef félagsmálaráðuneytisins mátti allt frá því samþykktin var gerð, lesa aðra útgáfu niðurstaðna en birtist á vef ASÍ og á vef ILO. Af þessum ástæðum funduðu fulltrúar íslenskra stjórnvalda með embættismönnum ILO. Þar var þessi orðrómur endanlega niðurkveðinn og upplýst að sú útgáfa sem birtist á vef ASÍ og fréttatilkynningum frá ASÍ var rétt en útgáfa íslenskra stjórnvalda og SA á miskilningi byggð.

## **Samþykktir um vinnutíma - rannsóknarskýrsla:**

Í gildi eru tvær samþykktir ILO hér að lútandi, nr. 1 og nr. 30. Ísland hefur hvoruga staðfest og raunar ákaflega fáar þjóðir í heild. Er það fyrst og fremst vegna þess að samþykktirnar ganga mjög langt í kerfisbindingu og takmörkun á vinnutímanum, talsvert umfram það sem nauðsynlegt er. 1995 fór fram ítarleg umræða um nauðsyn þess að endurskoða þessar samþykktir. Í framhaldinu var gerð viðamikil könnun meðal aðildarríkjanna og útbúin sú skýrsla um málið sem til umræðu var. Í niðurstöðum skýrslunnar segir að vonast sé til þess að fram fari ítarleg endurskoðun gildandi samþykktanna án þess þó að vikið verði í nokkru frá grundvallarviðhorfi ILO til vinnutímamála. Þau grundvallarviðhorf koma fram í formála stjórnarskrár ILO og byggjast á því að „tilvera mannsins byggist ekki einungis á vinnunni heldur því einnig að hver og einn skuli varinn gegn óhæfilegri líkamlegri og andlegri þreytu og eigi tækifæri til tómstunda, skemmtunar og fjölskyldulífs“. Viðhorf byggð á sömu sjónarmiðum koma síðan fram í 24 gr. Mannréttindayfirlýsingarinnar og í grein 7.d. í Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og hvað Ísland varðar í tilskipunum Evrópusambandsins. Ása Clausen fylgdist með þessum þætti þingsins.

## **Mat:**

Meirihluti allra þingstarfa tókst með miklum ágætum. Afstaða atvinnurekenda þegar kom að lokaafgreiðslu tillögu að nýrri samþykkt um fiskimenn mun hins vegar geta haft alvarlegar afleiðingar á framtíðarsamstarf innan nefnda ILO. Atvinnurekendur hafa með vinnubrögðum sínum sýnt, að þegar til alvörunnar kemur eru þeir ekki trúverðugur samstarfsaðili og spurning hvernig stofnunin og verkalýðshópurinn bregst við. Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og tóku hinir íslensku nemendur virkan þátt í störfum hans. Það er sam-eiginlegt mat þeirra að skólinn auki og dýpki skilning á mikilvægi alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar og þeim verkefnum sem ILO sinnir og íslenskt verkafólk tekur þátt í.

## **Norræna ILO samstarfið**

Fulltrúar Norðurlandanna funda 3-4 á ári til þess að fjalla um málefni ILO. Á þeim er farið yfir dagskrá komandi stjórnarfunda ILO og niðurstöður þeirra auk þess sem þingstörf eru undirbúin. Á fundi fulltrúanna í Genf s.l. sumar var ákveðið að halda einn slíkan fund hér á landi en með nokkru öðru yfirbragði. Ákveðið var að bjóða tveimur erlendum fyrirlesurum hingað til lands og halda með þeim opna fyrirlestra.

## **Þríhliða nefnd ILO á Íslandi og staðfesting samþykktar ILO nr. 158**

Í nefndinni eiga sæti fulltrúar ASÍ, SA og félagsmálaráðuneytisins. Nefndin fjallar um málefni ILO hér á landi, þar á meðal staðfestingu samþykktar ASÍ hefur um langt skeið barist fyrir því að samþykkt nr. 158 um uppsögn ráðningarsamninga verði staðfest hér á landi. Í þessari samþykkt er kveðið á um, að sú meginregla skuli gilda í ráðningarsambandi atvinnurekanda og starfsmanna, að ekki megi af hálfu atvinnurekanda segja því upp, nema sú ákvörðun byggji á atvikum er varði hæfni eða háttsemi starfsmannsins eða rekstrarlegum ástæðum. Þá hefur þessi samþykkt einnig að geyma upptalningu á ástæðum sem geta aldrei talist gildar fyrir uppsögn ráðningarsamnings, s.s. stéttarfélagsaðild, kynþáttur starfsmanns o.fl. Er þeim ákvæðum ætlað að standa vörð um tiltekin mannréttindi og/eða félagslega stöðu launafólks. Þessum reglum til viðbótar hefur samþykktin að geyma ákvæði um málsmeðferð, sönnunarbyrði o.fl.

Þetta málefni var til umræðu frá haustinu 2004 en ársfundur ASÍ samþykkti ályktun hér að lútandi. Á fundi þríhliðanefndar þann 15.12 2004 voru nefndarmenn sammála um að fulltrúar ASÍ og SA legðu fram hvor um sig greinargerð þar sem lýst sé sjónarmiðum til fullgildingar. Það var fastmælum bundið að greinargerðirnar yrðu teknar til umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar sem var haldinn 13. janúar 2005. Á þeim fundi kom fram að greinargerð ASÍ var til reiðu en því lýst yfir að hún yrði ekki lögð fram fyrr en greinargerð SA yrði lögð fram. Fullgilding samþykktar ILO-samþykktar nr. 158 hefur frá þessum tíma verið á dagskrá fimm funda ILO-nefndarinnar og verið frestað jafnoft að ósk fulltrúa SA. Í greinargerð Alþýðusambands Íslands frá 13. janúar 2005 um fullgildingu ILO-samþykktar nr. 158 og uppsagnarrétt atvinnurekanda er dreginn saman kjarni samþykktar nr. 158. Enn fremur er fjallað um ákvæði um þetta efni í endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmála Evrópu frá árinu 1996. Einnig er gott yfirlit yfir hliðstæð ákvæði í löggjöf nokkurra nágrannalanda. Í greinargerðinni kemur fram að kjarni samþykktar ILO nr. 158 felst í því að ekki megi af hálfu atvinnurekanda segja upp ráðningarsamningi atvinnurekanda og starfsmanns nema sú ákvörðun byggji á atvikum er varða hæfni eða háttsemi starfsmanns eða af rekstrarlegum ástæðum. Samþykktin hefur verið fullgilt af 33 ríkjum. Eftirtalin vestræn iðnríki hafa fullgilt samþykktina: Lúxemborg, Svíþjóð, Ástralía, Kýpur, Finnland, Lettland, Portúgal, Slóvenía, Frakkland og Spánn. Danmörk og Noregur hafa ekki fullgilt samþykktina og sama gildir um mörg önnur vestur-evrópsk ríki. Fulltrúi ASÍ hefur lagt fram yfirlit yfir reglur um sem gilda um uppsagnarrétt atvinnurekanda í nokkrum Vestur-Evrópuríkjum. Í ljós kemur að enda þótt minnihluti Vestur-Evrópuríkja hafi fullgilt samþykkt nr. 158 eru í gildi í flestum þeirra ákvæði

sem takmarka og skilyrða rétt atvinnurekanda til uppsagnar. Nefna má ríki eins og Belgíu, Bretland, Danmörk, Frakkland, Írland, Holland og Þýskaland. Austurríki er undantekning og gilda þar hliðstæðar reglur og á Íslandi að því er varðar fyrirtæki með færri en fimm starfsmenn. Í fyrirtækjum með fleiri en fimm starfsmenn ber að stofna starfsmannaráð og í þeim gilda reglur um aðkomu starfsmannaráðanna að uppsögnum. Í greinargerð ASÍ er vakin á því athygli að miklar breytingar hafi orðið á vinnumarkaði og þeim lögum sem giltu þegar félagsmálaráðuneytið fól Gesti Jónssyni lögmanni að gera úttekt á forsendum þess að Ísland gæti fullgilt ILO-samþykkt nr. 158. Þannig er bent á lög sem hafa verið sett vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, t.d. lög um hópuppsagnir, lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og væntanlegar reglur um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum á landsvísu. Við þessa upptalningu má bæta tilskipun um skyldu atvinnurekanda til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör og starfsskilyrði sem hefur verið hrundið í framkvæmd á Íslandi með kjarasamningum. Alþýðusambandið setur fram margvísleg rök fyrir fullgildingu ILO-samþykktar nr. 158 og að íslenskir launamenn njóti þeirrar verndar sem leiði af fullgildingu. Dreginn er fram munur á aðstöðu aðila, atvinnurekandans og launamannsins. Atvinnustarfsemi byggir á vinnuframlagi fleiri starfsmanna. Ákvörðun atvinnurekanda um að segja einum úr hópi margra starfsmanna hafi að jafnaði óveruleg áhrif á rekstur fyrirtækisins. Starfsmaður hafi hins vegar eina tekjulind sem byggist á því vinnuafli sem hann selur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi. Lífsafkoma hans byggir á reglulegum tekjum frá þessum eina atvinnurekanda. Þótt atvinnurekandi hafi býsna frjálssar hendur að því varðar uppsagnarrétt er þessum rétti nú þegar settar nokkrar skorður samkvæmt íslenskum lögum. Mikilvægustu frávikin frá meginreglunni eru talin upp í greinargerðinni. Nefna má í dæmaskyni hina sérstök vernd sem trúnaðarmenn njóta skv. lögum um stéttarfélag og vinnudeilur. Einnig vernd sem foreldrar í fæðingar- og foreldraorlofi njóta. Sérstök lög nr. 27/2000 voru sett til að skapa forsendur fyrir fullgildingu ILO-samþykktar nr. 156 um starfsmenn með fjölskylduábyrgð. Greinargerðin hefur einnig að geyma umfjöllun um kosti og galla við að hafa reglur sem takmarki uppsagnarrétt. Kostirnir við að hafa engar reglur eru taldir felast í betri frammistöðu starfsmanna en ella, haldið verði sveigjanleika á vinnumarkaði og atvinnulífið losni við kostnað sem leiði af slíkum reglum. Það sem mæli með reglum sem takmarki uppsagnarréttinn sé það markmið að tryggja verði launafólki ákveðna lágmarksvernd gegn misnotkun atvinnurekanda á uppsagnarréttinum. Að settar verði hliðstæðar reglur og hjá hinu opinbera að uppsögn ráðningarsamnings verði að styðjast við gildar ástæður eða málefnaleg sjónarmið.

Í inngangi greinargerðar Samtaka atvinnulífsins frá 30. ágúst 2005 eru



raktar meginreglur samþykktar ILO nr. 158. Niðurstaðan er sú að ákvörðun um fullgildingu samþykktarinnar jafngildi ákvörðun um grundvallarbreytingar á íslenskum vinnurétti. Dregin er fram sú meginregla að samkvæmt íslenskum vinnurétti hafi vinnuveitandi og starfsmaður gagnkvæman uppsagnarrétt að virtum lög- og samningsbundnum uppsagnarfresti. Vinnuveitandi þurfi þar af leiðandi almennt ekki að rökstyðja uppsagnir starfsmanna. Með hliðstæðum hætti og í greinargerð ASÍ er bent á nokkrar undantekningar frá þessari reglu. Fram kemur í greinargerð SA að það hafi verið einkenni og styrkur íslensks vinnumarkaðar hvað hann hafi löngum verið tiltölulega sveigjanlegur og þröskuldar í sambandi við mannaráðningar fáir. Þetta hafi skilað sér í betra atvinnuástandi og meiri möguleikum til hreyfanleika á vinnumarkaði en annars hefði orðið. Þetta vilji SA standa vörð um. Í greinargerðinni segir að reynslan hafi sýnt að ósveigjanlegar uppsagnarreglur eins og samþykkt ILO nr. 158 feli í sér standi í vegi nýráðninga og dragi úr viðbragðsflýti fyrirtækja. Þær hafi því hamlað vexti og nýsköpun. Þetta sé vandamál sem Evrópuþjóðir, svo sem Frakkar og Þjóðverjar, glími við í dag og leiti því leiða til að auka sveigjanleika vinnulöggjafarinnar meðal annars fyrir hvatningu aðila á borð við OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. SA telur enn fremur að aukin uppsagnarvernd fækki tækifærum fólks til að komast inn á vinnumarkaðinn. Ráðning starfsmanns verði áhættumeiri fyrir fyrirtækið. Ráðningarferillinn verði þyngr og fólki síður gefinn kostur á að sanna sig í starfi. Þetta bitni einkum á ungu fólki, konum sem eru að koma inn á vinnumarkaðinn og þeim sem hafa átt við erfiðleika eða heilsufarsvandamál að stríða. Skýrslur OECD sýni að aukin vernd gegn uppsögnum leiðir til fjölgunar verktaka, gjarnan í forni starfsmannaleiga, og minni hreyfanleika starfsfólks. Atvinnuleysisstímabil manna hafi tilhneigingu til að verða lengri. Það fylgi strangari ráðningarvernd að færri einstaklingar missi vinnu en þeir sem það geri eigi á hættu að vera atvinnulausir lengi. Í greinargerð SA kemur fram að álit að samþykkt nr. 158 hafi átt erfitt uppdráttar þar sem hún hafi einungis verið fullgilt af 33 ríkjum þau 20 ár sem hún hefur verið í gildi. Þar af hafi einungis 9 af aðildarríkjum EES fullgilt hana. Samþykktin hafi reynst of ósveigjanleg til að aðildarríkin hafi talið sér fært að fullgilda hana.

Á fundi þríhliðanefndarinnar í september 2005 var ákveðið að taka saman minnisblað til ráðherra um stöðu málsins og sjónarmið aðila. Fulltrúi ASÍ hefur gert kröfu til þess að nefndin láti frá sér meirihlutafstöðu til ráðherra en engin sátt er um þá málsmeðferð.

## **18. þing ICFTU, Alþjóðasamband frjálsra stéttarfélaganna, sett í Miyazaki, Japan, 5.-10. desember 2004**

Þetta var samkoma alþjóðlegrar verkálýðshreyfingar með skýru japönsku ívafi.



Í ávarpi gesta þingsins á opnunarhátíðinni mátti greina mismunandi ákall eftir breytingum og endurnýjun til þess að tryggja sterkari alþjóðlega samstöðu.

Á meðan yfir 1000 manns fengu sér sæti í þingsalnum var sýnt myndband af starfsemi stéttarfélaga vítt og breytt um heiminn, í kröfugöngu eða mótmælastöðu, á námskeiðum eða samningafundum, sem minnti þingfulltrúanna á hvers þing þetta var í raun. Með einu kröftugu trommuslagi hættu gestirnir að tala saman. Hófst þá dramatísk uppákoma þegar sex ungir japanskir tónlistamenn í þjóðlegum búningum, þrír karlar á trommur og þrjár konur á þriggja strengja shamisen, héldu áhorfendum algjörlega hugföngnum.

Þegar ljósinn voru kveikt steig forseti ICFTU, Fackson Shamenda, í pontu og bauð alla velkomna til þingsins. Rakti hann þær breytingar sem átt hefðu sér stað innan ICFTU í fjögurra ára forsetatíð hans, sérstaklega hið viðkvæma ferli við að sameina alla frjálsa og lýðræðislega verkalýðshreyfingu í heiminum í ein samtök. Horfandi fram á veginn lagði hann áherslu á mikilvægi þess að koma alþjóðavæðingunni í nýjan farveg. „Það er barátta sem við getum og verðum að vinna. Ég veit að vinna ykkar hérna næstu vikuna mun efla okkur til slíkra landvinninga“ sagði hann þingfulltrúum.

Á myndbandi þingsins sem sýnt var í beinu framhaldi mátti sjá dramatískar myndir af barnaþrælkun, starfsmönnum í fataiðnaði og á útflutningsiðnaðarsvæðum og afleiðingum bruna í fataverksmiðju í Bangladesh, allt áminning um þá ábyrgð sem fulltrúar verkalýðshreyfingar vítt og breytt um heiminn í salnum báru. En myndbandið flutti einnig boðskap vonarinnar, af mótmælastöðu verkafólks sem sýndi alþjóðlega samstöðu, af góðu velferðarkerfi og börnum komin aftur í skóla.

Kom Hak Su, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, flutti stutta kveðju frá Kofi Annan og í framhaldi af því flutti forseti japanska Alþýðusambandsins (Rengo), Koshi Sasamori, sem var í hlutverki gestgjafans, ávarp. Lagði hann áherslu á mikilvægi þess að þingið væri haldið í Asíu og að Asíubúar finndu þörfina fyrir sterkri alþjóðlegri verkalýðshreyfingu. Við undirbúning þingsins hefðu fulltrúar Rengo fundið tilfinnanlega fyrir sögulegu mikilvægi þess „fyrir upphafi nýs tímabils í alþjóðlegri verkalýðshreyfingu“.

Þingið er einnig sögulegt fyrir aðrar sakir, sagði Helen Creed, formaður Kvinnanefndar ICFTU. Á þinginu væri hæsta hlutfall kvenna - 40% - sem þingfulltrúar frá upphafi. Jafnframt rakti hún þau vandamál sem konur stæðu enn frammi fyrir á vinnumarkaði, sérstaklega skelfileg staða verkakvenna í útflutningsiðnaðarsvæðunum. Á meðan hún lagði áherslu á mikilvægi þátttöku kvenna í verkalýðshreyfingunni, hvatti hún forystumenn verkalýðsfélaga til þess að hvetja til aukinnar þátttöku og byggja þannig upp hreyfingu þar sem konur væru jafngildir þátttakendur á við karlmenn.

Nýkomin frá leiðtogafundum APEC og ASEAN upplýsti forsætisráðherra

Japan, Junichiro Koizumi, þingið um þá skoðun sína að Asía væri nú nær alþjóðasamfélaginu en nokkru sinni fyrr. Á meðan hann viðurkenndi dökkar hliðar alþjóðavæðingarinnar, fullvissaði hann þingfulltrúa um vilja Japana við að draga fram hjartari og jákvæðari hliðarnar.

Yemisi Ilesanmi, formaður Ungliðanefndar ICFTU, kvaddi sér hljóðs og kallaði eftir svörum við því hvers vegna verkalýðshreyfingin væri að eldast, hvers vegna ungt fólk tæki ekki þátt í starfsemi stéttarféлага og hvers vegna stéttarfélög byðu þeim ekki til þátttöku. Á ögn jákvæðari nótum fagnaði hún aukinni þátttöku ungs fólks á fundum og í stjórnnum ICFTU.

Að lokum setti framkvæmdastjóri ICFTU, Guy Ryder, þingið með því að bjóða þingfulltrúana formlega velkomna til starfa. Hann kom síðan beint að efninu þegar hann minnti áheyrendur á að þingið yrði að mæta þeirri áskorun sem alþjóðavæðing samstöðunnar og stofnun öflugrar alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar framtíðarinnar væri. Undirstrikaði hann þörfina fyrir að stéttarfélög yrðu drifkraftur breytinga. „Ný alþjóðasamtök stéttarféлага yrðu öflugt tæki. Þið getið hjálpað til við að móta slíkt tæki.”

## **Verkefnið er breytingar**

Nýsköpun og breytingar voru skilaboð dagsins þegar framkvæmdastjóri ICFTU kynnti þemaskýrslu þingsins á mánudeginum, þar sem lagt var upp með umræðu sem leiða þurfti til sögulegra ákvarðana sem gera mun næsta þing ICFTU að síðasta þinginu.

Guy Ryder steig í pontu vitandi að hann var í þann mund að fara að kynna fyrir öllum leiðtogum verkalýðshreyfingarinnar á heimsvísu óþægilegar staðreyndir. Skýrslan sem lá fyrir þinginu var skrifuð í hans persónulega umboði sem þeir yrði að samþykkja, breyta eða hafna.

„Það er sjálfsblekking að halda að við getum bara staðið kyrr og að þær aðferðir sem við notuðum í fortíðinni muni þjóna okkur á fullnægjandi hátt í framtíðinni“ sagði framkvæmdastjórinn þingfulltrúum. Á meðan ICFTU geti verið hreykið af framúrskarandi árangri, væri tími til komin að endurskoða bæði skipulag þess og starfshætti.

Mikill árangur hefur náðst í viðræðum við WCL (Heimssambands kristilegra stéttarféлага) um sameiningu. Það væri nú þingsins að ákveða hvort þessi leið verði farin. Hins vegar varaði hann við því að ný alþjóðleg samtök væru ekki lausnin, heldur aðeins tæki. Varðandi þær áskoranir sem stöfuðu af þróun alþjóðlegra efnahagsmála benti hann á þörfina fyrir því að alþjóðleg verkalýðshreyfing tæki forystuna fyrir breytingum, samhliða nánú samstarfi við önnur frjáls félagasamtök og ötula vinnu við að fjölga félagsmönnum í stéttarfélögum. Grunntónn skýrslunnar var sannfæringin um að framtíð alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar byggði á þróun alþjóðahyggju stéttarfélaganna

í hverju landi fyrir sig. Þessu væri hins vegar ekki hægt að ná með samþykkt ályktana á þingi ICFTU. Þetta krefðist virkrar þátttöku og viðvarandi eftirfylgni heildarsamtakanna í hverju landi fyrir sig með starfi Aljóðasamtakanna.

„Einlæg von mín er sú“ sagði framkvæmdastjórinn, „að bæði skýrslan og umræðan muni ekki einskorðast við marklausa neðanmálgrein í venjubundnu þinghaldi, heldur fremur þjóni því hlutverki að skipta máli í starfi okkar að starfa sem fulltrúar launafólks sem sent hefur okkur hingað og muni þannig leggja eitthvað af mörkunum að gera þetta þing í Miyazaki eftirminnilegt.“ Sagan ein mun dæma um það.

### **„Heimur til að breyta“**

Meginþema þingsins, „alþjóðavæðing samstöðunnar“, var umræðuefnið á mánudeginum. Allir ræðumenn tóku undir mikilvægi þess að ná þessu markmiði.

Ræðumenn undirstrikuðu að það væru aðallega neikvæðar hliðar alþjóðavæðingarinnar sem allflest launafólk í heiminum upplifði. Sumu af þessari reynslu lýsti Dana Stechova frá CMKOS (Tékklandi), sem benti á „að það er að verða stöðugt sjaldgæfara fyrir verkafólk af hafa traust og gott starf ..... og litíð er á misnotkunina sem ‚eðlilega‘. Við höfum í vaxandi mæli séð, að launafólk reynir ekki einu sinni að rísa upp gegn óréttmætum kröfum atvinnurekenda“. Sumir ræðumenn bentu á ógnina sem stafaði frá uppbyggingunni í Kína, þar sem engin frjáls stéttarfélög starfi, vegna þess að það ýtir samkeppnisaðilum til að draga úr grundvallarréttindum launafólks heima fyrir.

Hvernig er þá hægt að breyta stefnu alþjóðavæðingarinnar þannig að hún gagnist meirihluta launafólks? Það væri blekking að halda að verkalýðshreyfingin geti náð þessu án þess að breyta sér. Stærsta breytingin sem ICFTU vildi ná fram væri að aðildarsamtökin myndu samþætta alþjóðamál meira inn í daglegt starf heima fyrir. Ástæðan kemur fram í skýrslunni sem Guy Ryder lagði fyrir þingfulltrúanna fyrr um daginn: „..... fyrir flest stéttarfélög er alþjóðastarfið aðskilið frá daglegum forgangsverkefnum bæði í heildarsamtökunum og einstökum stéttarfélögum.“ Ef þessi afstaða breytist ekki getum við ekki ætlast til að finar ræður okkar um hrikalegar afleiðingar af núverandi formi alþjóðavæðingar hafi neinar praktískar afleiðingar. Það er samstillt átak í hverju landi fyrir sig af öllum heildarsamtökunum innan ICFTU sem mun mynda grunninn af skilvirkri andstöðu við þau öfl sem launafólk stendur frammi fyrir í heiminum í dag.

Flestir ræðumenn studdu tillögur Guy Ryders um að mynda breiða samfylkingu þeirra stjórn málaflokka og félagasamtaka sem styddu kröfur verkalýðshreyfingarinnar um aukið aðhald að alþjóðavæðingunni. Dæmi um þetta er herferðin „hrein fót“, eða eins og Brendan Barber frá TUC í Bretlandi benti

á; „Þessi herferð var gott dæmi um hvernig breið félagsleg samstaða frjálsra félagasamtaka geti þjónað hagsmunum launafólks. Herferðin beindi sjónum að einu lykiltríði: misnotkun á verkakönnum í framlengdum framleiðslukeðjum alþjóðlega efnahagsmála. Hún dró fyrirtæki að borðinu til samninga við ITGLWF (Alþjóðasamband starfsmanna í fataiðnaði). Við viljum alþjóðahreyfingu sem getur þróað og útvíkkað þessa tegund herferða og vonum að þátttaka ICFTU í Heimsátakinu gegn fátækt muni byggja á þessum árangri“. Aðrir ræðumenn settu fyrirvara um slíkt samstarf, sérstaklega gagnvart stjórnmalaflokkunum: „Við verðum að halda sjálfstæði okkar frá pólitískum flokkum og eigum því að frekar að tala um að þróa samstarf og samhljóm frekar en samfylkingu“ lagði François Chéréque frá CFDT, Frakklandi.

Þörfin fyrir alþjóðlega samstöðu var persónugerð af nokkrum ræðumönnum frá löndum þar sem frelsi eru settar verulegar skorður. Alexander Yaroshouk frá BKDP, Belarus, hafði fengið aðstoð ICFTU og því frá öllu launafólki í heiminum þegar hann var handtekinn fyrr á þessu ári. „Land mitt er þjáð af einræðisherra og þökk sé alþjóðlegri samstöðu getur fólk eins og ég tekið þátt í þessari umræðu hérna í dag“. Ludmilla Volynets, þingfulltrúi KVPU, Úkraníu, nágrannalandi Belarus sem verið hefur í fjölmiðlum undanfarið vegna kosningasvika sem verkalýðshreyfingin hefur harðlega mótmælt, fékk miklar undirtektir þegar hún sagði: „Við berjumst með öllum okkar mætti til að koma í veg fyrir að við verðum annað Belarus eða Burma. Félagar okkar eru úti á götunum og mótmæla dag og nótt í frosti, vindi og regni, og fyrir náð og miskunn misindismanna sem ráðnir eru af stjórnvöldum til að ráðast á þá. Þökk sé stuðningi frá ICFTU og öllum aðildarsamtökum þess, veit úkraínskt launafólk að það stendur ekki eitt í þessari baráttu, sem endanlega mun ná hámarki sínu með nýjum kosningum þann 26. desember n.k.“.

Allir þátttakendur í umræðunni lögðu áherslu á mikilvægi þess að fjölga félagsmönnum í verkalýðshreyfingunni ef takast ætti að sveigja alþjóðavæðingunni til hagsbóta fyrir launafólk. John Sweeney frá Bandarísku samtökunum AFL-CIO kom þessum skilaboðum skýrt á framfæri; „í nýafstöðnum forsetakosningum í Bandaríkjunum tókst samtökum okkar í fyrsta skipti að fá tugmilljónir félagsmanna til að styðja breytingar á stjórninni. Vandamálið var bara að við erum ekki nógu mörg. Því vann Bush stjórnin og getur nú haldið áfram að innleiða nýfrjálshyggjuna, sérstaklega í heilbrigðiskerfinu. Við verðum að fá eins marga launamenn og hægt er um allan heim til að gerast félagsmenn til að koma í veg fyrir útflutning á Ameríska líkaninu“.

Því miður er það orðið of seint fyrir Malasíu og Govindasamy Rajasekar-an frá MTUC lagði áherslu á að þetta líkan væri að hafa skelfileg áhrif í landi sínu; „Atvinnurekendur krefjast þess að dregið verði úr réttindum stéttarféлага til að geta myndað draugafélag og er að segja okkur að við verðum að gleyma

atvinnuöryggi. Eins árs ráðningasamningum er nú skipt út með mánaðarsamningum og fljótlega verða þetta dagssamningar. Við berjumst gegn þessu líkani með öllu okkar afli, en eins og fram kemur í skýrslu ICFTU um brot á réttindum stéttarfélaga, eru stjórnvöld að draga úr getu okkar til að veita andstöðu“.

Hans Jensen, forseti Alþýðusambands Danmerku, botnaði þessa umræðu þegar hann lagði áherslu á „að ein af megináherslum ICFTU verður að vera að tryggja að tillögur Alþjóðanefndar ILO um ‘Félagslegar hliðar alþjóðavæðingarinnar’ verði teknar í notkun í öllum löndum, en einkum í útflutningsiðnaðarsvæðunum, sem eru að verða í fararbroddi ósvífna forms kapítalismans“.

### **Látum samstöðuna virka: Á braut endurskipulagningar**

Greining á styrkleika og veikleika alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar var viðfangsefni þingsins á þriðjudeginum. Samskiptin milli ICFTU og svæðaskrifstofanna voru á dagskrá, auk styrkingar samstarfs allra alþjóðasamtaka launafólks undir merkinu Global Unions og endurskipulagning málefnanefnda framkvæmdastjórnar.

Alþjóðleg verkalýðshreyfing er vön því að krefjast umbreytinga, en eigin umbreyting er nú sú áskorun sem hún verður að mæta ef hún vill auka áhrif sín og sýnileika. Þetta var kjarninn í öðrum kafla skýrslunnar „Alþjóðavæðing samstöðunnar“ sem Guy Ryder kynnti þingfulltrúum á þriðjudag. Þetta var erfið áskorun sem allir ræðumenn tóku vel á móti. „Það krefst töluverðs kjarks af þér að taka svona verkefni að þér“ sagði Tina Aurvig-Huggenberger frá Danska Alþýðusambandinu við framkvæmdastjórnann. „Þú veist að þessi skýrsla myndi ekki skapa þér miklar vinsældir hjá neinum, en þetta varð að gera, sérstaklega vegna þess að aukið sjálfstæði svæðasambandanna frá 1996 hefur ekkert lagt til aukinnar samstöðu í hreyfingunni“. Samstöðu sem er svo knýjandi á tímum þegar svo mörg öfl vinna að því að sundra launafólk.

Einn af viðkvæmstu þáttum skýrslunnar var sambandið milli ICFTU og þriggja svæðasambanda þess. Stjórnir ORIT, AFRO og APRO höfðu lýst töluverðum fyrirvörum, bæði varðandi tillögurnar í skýrslunni um að leggja af svæðisbundin þing og að kosning framkvæmdastjóra svæðissambandanna yrði að hljóta staðfestingu framkvæmdastjórnar ICFTU. Það kom hins vegar ekki fram nein gagnrýni á samræmingu uppgjörsaðferða og endurskoðunar né mikilvægis samræmdrar starfs- og fjárhagsáætlunar.

Framkvæmdastjórn ICFTU hafði, á fundi sínum á laugardeginum fyrir þingið í Miyazaki, tekið tillit til skoðana svæðasambandanna og lagði til nýjan texta fyrir umræðuna í þingsal. Þessar tillögur voru studdar af þorra ræðumanna. Í nýrri tillögu var kveðið á um nauðsyn þess að samskipti milli ICFTU og svæðasambandanna verði endurskoðað með það að markmiði að stuðla að meira samræmi í starfinu en að svæðisbundin þing yrðu haldin áfram. Megin-

viðfangsefni þeirra verði umfjöllun um með hvaða hætti stefnu ICFTU verði hrint í framkvæmd á viðkomandi svæði. Ákvæðið um að kjör framkvæmdastjóra svæðasambandanna verði lagt fyrir framkvæmdastjórn ICFTU var haldið inni í endanlega textanum og var því ekki andmælt á þingfundinum. Með staðfestingu þessara tillagna yrðu framkvæmdastjórar svæðasambandanna skilgreindir sem aðstoðarframkvæmdastjórar í ICFTU og þar með var forysta framkvæmdastjóra ICFTU skýrð frekar frá því sem verið hefur.

Önnur tillaga sem var til umræðu, um styrkingu samstarfs milli allra alþjóðasamtaka launafólks undir merkinu Global Unions, fékk mjög breiðan stuðning. Sérstaklega hugmyndin um að mynda nýja einingu - ef til vill 'Global Union ráðið' - sem tengja myndi betur saman umræður og ákvarðanir stjórna þeirra samtaka sem taka þátt í þessu samstarfi. Forystumenn TUAC (ráðgjafanefndar stéttarféлага við OECD) og alþjóðlegra atvinnugreinasambanda tóku þetta sérstaklega fram í sínum framsögum og undirstrikuðu ánægju sína með samstarfið. William Madisha frá COSATU, Suður Afríku, varaði hins vegar við því að þetta ráð yrði bara samansett af framkvæmdastjórum atvinnugreinasambandanna, TUAC og ICFTU, þar sem það myndi leiða til svæðisbundinnar skekkju.

Ef athyglinni er snúið að bættum samskiptum og boðskiptum, lögðu nokkrir ræðumenn áherslu á mikilvægi þess að nýta nýja upplýsingatækni betur, en undirstrikuðu jafnframt nauðsyn þess að ICFTU viðhélði eða yki við fjölda þeirra tungumála sem gögn eru birt á. Mörg svæði teldu sig afskipt vegna aukins vægis eins tungumáls. „Þeir sem koma ekki frá Evrópu eða Bandaríkjunum finnst stundum að þeim sé haldið fyrir utan umræðuna vegna tungumálaerfiðleika“ útskýrði Kazou Hitoni frá Rengo (Alþýðusambandi Japan). Joao Proença frá UGT, Portúgal, og Mody Guiro frá CNTS, Senegal, lögðu einnig áherslu á mikilvægi fjölbreytni í tungumálanotkun í alþjóðlegu verkalyðshreyfingunni.

Tillaga skýrslunnar um að takmarka fjölda fastra málefnanefnda sem starfa að hafa innan ICFTU s.l. ár, þær eru 16, var samþykkt af þingfulltrúum þó sumir gerðu sterkar athugasemdir við afnám sumra þeirra. Sérstaklega átti þetta við nefndina um mannréttindi og réttindi stéttarféлага. „Á hverju ári sýna skýrslur ICFTU um brot á réttindum stéttarféлага að staðan er að versna“ útskýrði Jacqueline Lequeux frá FGTB í Belgíu. „Að okkar mati er það ekki rökrétt að leggja af þá nefnd þegar vörnin fyrir réttindum stéttarféлага myndar grunninn að svo miklu af starfi okkar.“

Gæði umræðunnar á þriðjudeginum undirstrikaði enn og aftur þá staðföstu ætlun þingfulltrúa að treysta alþjóðlegt samstarf stéttarféлага. „Þetta er 18. alþjóðþing ICFTU. Þegar maður er 18 er maður fullorðinn. Við skulum vona

að við fullorðnumst þessa vikuna“ endaði Pdraig Crumlin frá ACTU, Ástralíu, umræðuna á léttari nótonum.

## Í átt að samruna: Ný alþjóðleg samtök launafólks getu orðið til 2006

Þingfulltrúar studdu heils hugar samruna ICFTU, WCL og sjálfstæðra, lýðræðislegra þjóðlegra heildarsamtaka í umræðunni á miðvikudeginum. Illa þenkjandi atvinnurekendur og stjórnvöld munu ekki lengur geta nýtt sér sundrunu verkalýðshreyfingarinnar.

Það var almennt tekið undir tillögur um samruna alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar sem var viðfangsefni miðvikudagsins. Ræðumaður eftir ræðumann lýsti fullum stuðningi við það sem talið var sögulegt skref. Guy Ryder lýsti þessu í inngangi sínum „Það sem þið eruð beðin um að ákveða í dag félagar er hvort við eigum að skuldbinda ICFTU í stofnun nýrra alþjóðlegra heildarsamtaka launafólks og sameina lýðræðisleg og sjálfstæð öfl verkalýðsins í heiminum.“

Þriðji kafli þemaskýrslunnar dregur saman sögu samskipta ICFTU við WCL, Heimssamband kristilegra stéttarféлага, og stöðu viðræðna að undanfögnu. Í skýrslunni er dregið fram það sem Guy Ryder lýsti sem yfirþyrmandi dæmi um réttmæti samruna í ný alþjóðleg heildarsamtök launafólks með þátttöku ICFTU, WCL og nokkurra heildarsamtaka sem standa utan beggja. Slík sameining verður að grundvallast á sterkum gildum, sem skýrð eru í skýrslunni. Eins og Guy Ryder sagði: „Engar málamiðlanir um grundvallarmarkmið, engum gildum fórnað“.

Sterkari hagsmunagæsla, styrkur af samstöðunni og samnýting kraftanna voru aðeins sum þeirra raka sem lögð voru fram til stuðnings samrunanum. Nokkrir ræðumenn bentu á að betur myndi ganga að koma fram fyrir hönd launafólks ef það væru bara ein alþjóðasamtök launafólks. Eins og Adams Osiomole frá NLC í Nígeríu benti einfaldlega á: „Við höfum ekki ráð á að hafa tvö höfuð til að þjóna sama líkamanum“. Á sama tíma er það nauðsynlegt fyrir framtíð verkalýðshreyfingarinnar þar sem áframhaldandi sundrung myndi bara þjóna hagsmunum andstæðinga launafólks. Mademba Sock frá UNSAS í Senegal hvatti þingið til að hafa traust og vit til þess að fara þessa leið, því „okkur má ekki mistakast“, eða eins og Ruben Cortina frá CGT Argentínu orðaði það, „við höfum ekki ráð á þeim lúxus að vera áfram sundruð.“ Á sömu nótum rifjaði Sally Hunt frá TUC í Bretlandi upp, að „í fimmtíu ár höfum við látið vonda atvinnurekendur og vondar ríkisstjórnir komast upp með allt of mikið á meðan við vorum upptekin af því að vera ósammála hvoru öðru.“

Hins vegar var samruni ICFTU og WCL ekki eina umræðuefnið. Þátttaka einstakra heildarsamtaka sem verið hafa utan beggja alþjóðasamtaka reyndist



vera eini þátturinn sem orkaði tvímælis í umræðunni. Að lokum var samþykkt, m.a. að tillögu Jean-Claude Milly frá CGT-FO í Frakklandi, að ræða breytingar á orðalagi í Ályktunarnefndinni með það að markmiði að þessi samtök kæmu með sem aðilar en ekki stofnendur.

Eitt af flóknari sviðum þessarar umræðu snerist um mismunandi tengsl sem þessi tvö samtök hafa átt við svæðisbundin og atvinnugreinatengd samtök, þar sem svæðasamtökin innan ICFTU eru hluti samtakanna en svæðasambönd WCL eru mun sjálfstæðari. Á jákvæðum nótum var tilkynnt, að ORIT, Ameríkusambandið innan ICFTU, myndi taka upp viðræður við CLAT, sem er svipaður aðili innan WCL.

Eðli samskipta nýju samtakanna við ETUC, sem er með aðildarsamtök úr bæði ICFTU og WCL en er sjálft í hvorugu, á eftir að skilgreina. Það sem var skýrt var að þau vildu vera hluti af nýrri skipan verkalýðshreyfingarinnar. Mikilvægi áframhaldandi sjálfstæðis ETUC var kynnt af CFDT, sem lagði áherslu á hlutverk þess í samningum við Framkvæmdastjórnina og evrópska atvinnurekendur.

Á atvinnugreinasviðinu eru atvinnugreinasamtök WCL hluti af skipulaginu á meðan Alþjóðlegu atvinnugreinasamtökin innan ICFTU eru sjálfstæð og hafa tilkynnt framkvæmdastjóra ICFTU að þau ætli að vera það áfram. Að þessu sögðu hafa sum þeirra þegar stigið skref í að hefja viðræður við samvarandi samtök innan WCL.

Margir fögnuðu því hversu opinskáar umræðurnar hefðu verið, og lögðu áherslu á að þjóðlegu heildarsamtökin kæmu að málinu. Michael Sommer frá DGB, Þýskalandi, var einn þeirra og krafðist þess að Framkvæmdastjórn ICFTU yrði virkur þátttakandi í umræðunni og að framkvæmdastjórinn fengi samþykktu hennar fyrir áherslum í viðræðum.

Nokkuð skiptar skoðanir voru fyrir hraða viðræðnanna. Ef þetta þing ICFTU samþykkti samrunann væri næsti og loka þröskuldurinn þing WCL í október 2005, og í framhaldi af því væri hægt að stofna ný samtök árið 2006. Sumum eins og DGB, Þýskalandi, og LO, Svíþjóð, fannst þessi tímarammi allt of bjartsýnn á meðan Andrzej Adamczyk frá NSZZ Solidarnosc í Póllandi taldi að það væri ekki eftir neinu að bíða.

## **Þúsaldarmarkmið þróunarsamvinnunnar: Stéttarfélag í heiminum verða að sameinast um alþjóðlega baráttu gegn fátækt**

Heimurinn hefur þá þekkingu, tækni og þann auð sem þarf til þess að draga verulega úr fátækt. Er hins vegar almenn og pólitísk skuldbinding sem þarf til þess að tryggja slíkar breytingar? Umræðan á fimmtudeginum setti spurningamerki við pólitískan vilja, gagnrýndi aðgerðir alþjóðlegra fjármálastofnana og kallaði eftir sterkari herferð verkalýðshreyfingarinnar gegn fátækt.



Í september 2000 skrifuðu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna undir Þúsaldarmarkmið þróunarsamvinnunnar (MDGs). Framtíðarsýnin, sem sett var fram með 8 hnitmiðuðum markmiðum, var heimur sem væri laus við öfgar hungurs og fátæktar. Þau eru ekki nægjanleg í sjálfu sér til að útrýma fátækt, en ef þeim verður náð munu þau verða gríðarlega stórt skref í þá átt að bæta lífsgjör og lífsgæði milljóna launafólks og fjölskyldna þeirra. Forystumenn ríkisstjórna lofuðu að fylgja þessu eftir og leggja fram þá fjármuni sem þarf til að frelsa milljónir manna frá ánaud fátæktar.

2015 er tímafresturinn sem settur var til að ná þessum markmiðum, nema menntunarmarkmiðinu sem ákveðið var 2005. Fyrsta markmiðinu verður ekki náð. Síðan 2000 hafa mörg lönd dregist enn neðar á fátæktarlistanum. 1,2 milljarðar manna lifa enn við að hafa minna enn einn dollar á dag. Eitt af hverjum fimm börnum í heiminum fær ekki kennslu á grunnskólastigi. Nærri 11 milljónir barna undir fimm ára aldri deyja á hverju ári, flest af völdum sjúkdóma sem einfalt er að lækna. „Þessar skelfilegu upplýsingar eru ekki óhjákvæmilegar en eru afleiðing ákvarðana sem leiðtogar heimsins hafa tekið“ fullyrti framkvæmdastjóri herferðar SP sem styðja átakið, Salil Shetty. „Þetta er staða sem er af manna völdum og því fullkomlega mögulegt að breyta þessu til betri vegar“.

Engu þessara markmiða verður náð fyrir 2015, nema fram komi veruleg breyting á metnaði, áræðni og framkvæmd. Fulltrúi IMF, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Hiroyuki Hina, lýsti yfir því við þing ICFTU að þrátt fyrir þá gagnrýni sem beint hefði verið að þeim litu Bretton Woods stofnanirnar á herferðina gegn fátækt sem eitt af sínum megin verkefnum og styðja jafnframt Grundvallarsamþykkt ILO. Þingfulltrúar sem kvöddu sér hljóðs lýstu efasemdum sínum um þetta. „Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er að stórum hluta ábyrgur fyrir umfangi fátæktar vegna stefnu sinnar“ fullyrti Hans Engelberts, framkvæmdastjóri PSI (alþjóðasamtök opinberra starfsmanna). „Það er ekki nóg að bjóða okkur á tveggja ára fresti til viðræðna; þið verðið að sýna skuldbindingu ykkar með meira áberandi hætti, og það eruð þið ekki að gera. Hvað hefur t.d. orðið um hugmyndina um að lán eigi að vera skilyrt því að ríki staðfesti og fari eftir Grundvallarsamþykkt ILO?“

Eins og verkalýðshreyfingin hefur margsinnis sagt, þá eru störf afgerandi í baráttunni gegn fátækt. Atvinnuleysi í heiminum nær til 185 milljóna manna. Milljónir starfsmanna er þvingaðir til að vinna hættulega langan vinnudag fyrir fátæktarlaun. Hiroyuki Hino benti á nokkur dæmi um lönd þar sem stefna sjóðsins hefði lagt grunninn að auknum hagvexti, en tókst hins vegar ekki að sannfæra þingfulltrúana. Mody Guiro frá CNTS, Senegal, var einn af þeim sem gagnrýndi sjóðinn: „Þú ert að tala um hagvöxt, en í Afríku höfum við séð að hagvöxtur hefur ekki skilað mörgum störfum! Hvernig getur þú talið þig

vinna gegn fátækt án þess að skapa ný störf, sem er besta leiðin til að útrýma fátækt?“

2005 verður ár þolrauna, þar sem einstæð samsetning pólitískra atburða mun setja fátækt á hið alþjóðlega pólitíska svið: Leiðtogafundur G8 verður 6.-8. júlí í Skotlandi, síðan munu leiðtogar ríkja og ríkisstjórna alls heimsins hittast í SP í New York í september 2005 og að lokum verður ráðherrafundur WTO, Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar, haldinn í Hong Kong 13.-18. desember 2005. Á myndbandi sem sýnt var á þinginu komu þekktir einstaklingar eins og Bono og Fuan Somavia fram og ákölluðu leiðtoga heimsins til þess að nota þessi tækifæri til að rétta kúrsinn til að ná þessum markmiðum, þar á meðal alþjóðlega áætlun um aukna þróunaraðstoð, niðurfærslu skulda og frjáls viðskipti. Aðrir fylgja í fótspor þeirra, eins og Doris Henderson, frá TUC í Bretlandi, útskýrði: „Ég kem frá stærstu samtökum bankamanna í Bretlandi (UNIFI) og félagsmenn mínir vilja sjá ríkisstjórnir fella niður skuldir.“

Á hverjum þessara tímamunkta eru hundruð samtaka frá löndunum í norðri og suðri að skipuleggja áskoranir til stjórnvalda og þá sem taka ákvarðanir að virða þær skuldbindingar sem þeir gáfu um að berjast gegn fátækt. Þeir hafa sett í gang alþjóðlega herferð gegn fátækt sem kallar á allan heiminn að sameinast í alþjóðlegri samstöðu gegn fátækt. Stéttarfélögum um allan heim er boðið að taka þátt í þessu átaki (sjá [www.whiteband.org](http://www.whiteband.org)).

Það er mikilvægt að stéttarfélög í norðri og suðri taki þátt í sínu landi, á samræmdan hátt, ef okkur á að takast að bæta stöðu milljóna launamanna sem búa við aðstæður sem eru ekki manneskjum boðlegar. Árið 2005 er einstakt tækifæri til að hafa áhrif á þau málefni sem eru á dagskrá á alþjóðavettvangi, sérstaklega baráttuna gegn fátækt. Látum það ekki ganga okkur úr greipum!

## **Sögulegu alþjóðþingi ICFTU lýkur með kosningu konu sem forseta**

Á föstudeginum 10. desember lauk 18. þingi Alþjóðasamtaka frjálsra stéttarfélaganna með því að Sharan Burrow, forseti Alþýðusambands Ástralíu, var kosin forseti ICFTU. Burrow er fyrsta konan sem situr í þessu embætti.

Verkefni föstudagsins var afgreiðsla þeirra ályktana sem verið höfðu til umfjöllunar á þinginu, en sérstök nefnd hafði umsjón með ritstjórn ályktana samhliða umræðum í sal. Voru allar ályktanir samþykktar einróma með lófataki. Guy Ryder var síðan endurkjörinn sem framkvæmdastjóri til næstu fjögurra ára, en ekkert mótframboð hafði borist.

<http://congress.icftu.org/displaydocument.asp?Index=991220576&Language=EN>



*Atkvæði greidd á ársfundi.*

## Lagabreytingar og skipulagsmál

### Laganefnd

Laganefnd ASÍ kom saman til þriggja funda á starfsárinu og afgreiddi á þeim lagabreytingar alls 9 aðildarfélaga. Í flestum tilvikum var um minniháttabreytingar að ræða, tilkomnar vegna sameiningar aðildarfélaga og breytingar gerðar í framhaldi af leiðbeiningum miðstjórnar í fyrri umsögnum.

### Skipulags og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ kom einungis saman til 3 funda á starfsárinu og lutu megin verkefni hennar að undirbúningi ársfundar 2005. Talsverð vinna var að þessu sinni lögð í að endurnýja og endurbæta fundarskóp ársfundar ASÍ en um þær tillögur tókst góð sátt.



*Á ársfundi flytur starfsfólk Alþýðusambandsins skrifstofur sínar á fundarstað.*

## Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Frá árinu 1997 hefur starfsemi á skrifstofu ASÍ byggst á starfs- og fjárhagsáætlun sem er samþykkt af miðstjórn ASÍ. Sú nýbreytni var tekin upp við undirbúning starfs- og fjárhagsáætlunar að miðstjórn skipaði sérstaka starfsnefnd, Starfs- og fjárhagsnefnd, sem starfar með forseta og framkvæmdastjóra að undirbúningi að gerð og kynningu á starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir komandi ár. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar skal hún einkum huga að því að þær félagspólítísku áherslur sem lagt er upp með í starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við megináherslur ársfunda ASÍ, miðstjórnar og fastanefnda miðstjórnar.

Að venju var starfs- og fjárhagsáætlun lögð fyrir miðstjórn í byrjun desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2004 og hún síðan samþykkt á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2005.

Starfsemin á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu. Því til viðbótar komu fjölmörg mál til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Málefni útlendinga og átakið „Einn réttur, ekkert

svindl“ hafa og mótað starf skrifstofunnar á tímabilinu. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og vaxandi þáttur í starfseminni, en nánar er fjallað um þau atriði hér á eftir.

## **Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. október 2005**

Starfsfólk Alþýðusambands Íslands var þann 1. október síðast liðinn sem hér segir:

Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Grétar Þorsteins-son, forseti ASÍ, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur, Guðmundur Rúnar Árnason, ritstjóri og upplýsingafulltrúi, Berglind S. Guðnadóttir, ræstitæknir, Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Henný Hinz, verkefnisstjóri verðlagseftirlits, Ingibjörg Björnsdóttir, matráðskona, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur, Ingvar Sverrisson, lögfræðingur, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar (í launalausum leyfi til maí 2005), Margrét Lind Ólafsdóttir, umsjónarmaður vefmála, María Haraldsdóttir, bókarí, Maríaanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Rannveig Einarsdóttir, fræðslufulltrúi og deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ, Sif Ólafsdóttir fulltrúi, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur, og Stefán Úlfarsson, hagfræðingur.

Allnokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ársfundi, Sigurður Víðisson, verkefnisstjóri í verðlagseftirliti, og Guðveig Elísóttir, ræstitæknir, létu af störfum á árinu og þær Henný, Sigríður og Maríanna hófu störf hjá sambandinu.

## **Útgáfu- og kynningarmál ASÍ**

Fyrir nokkrum misserum var mörkuð sú stefna að gera afgerandi breytingar á kynningar- og útgáfumálum Alþýðusambandsins. Það fólst meðal annars í að draga úr útgáfutíðni Vinnunnar, en leggja í staðinn áherslu á annars konar útgáfu - ekki síst rafræna.

Á þessu starfsári hefur Vinnan komið út tvisvar. Eitt tölublað kom út í desember 2004 í kjölfar ársfundarins og eitt í maí á þessu ári. Maí blaðinu var dreift til allra einstaklinga á aldrinum 18-27 ára auk fastra áskrifenda og voru efnistösk miðuð við þennan aldursþóp. Fengnir voru utanaðkomandi ráðgjafar úr viðkomandi aldursþópi, sem mynduðu eins konar rýni- og aðgerðahóp við undirbúning útgáfunnar, auk þess að taka virkan þátt í skrifum og efnisöflun. Samkvæmt mælingu sem gerð var í kjölfarið, mæltist þessi tilraun afar vel fyrir.

Fréttaskvætta hefur komið út nokkrum sinnum á árinu. Þar er fjallað um

það helsta sem er á baugi hverju sinni, ekki síst það sem gerist á vettvangi miðstjórnar ASÍ. Hún er gefin út á pdf-formi og dreift með tölvupósti til aðildarfélaganna og annarra aðila.

Vinnan.is hefur fest sig í sessi sem regluleg útgáfa ASÍ og er nú á sínu þriðja ári. Um er að ræða rafræna útgáfu (pdf) sem er send með tölvupósti til fjölmíðla, alþingismanna, stofnana, sveitarstjórna og áhugasamra einstaklinga. Vinnan.is hefur hlotið góðar viðtökur og fjöldi áskrifenda vex stöðugt.

Til að koma afstöðu samtakanna til þróunar efnahagsmála á framfæri var í aðdraganda ársfundarins 2004 gefið út sérrit um hagspá Hagdeildar ASÍ. Þetta var síðan endurtekið þegar hagspáin var endurnýjuð í vor og verður framvegis hluti af föstum útgáfum Hagdeildar.

Í kringum ársfund er einnig gefin út skýrsla forseta, sem er einkum dreift inn á við í hreyfingunni, til aðildarfélaganna og talsmanna, en Árið í hnotskurn aftur á móti 8-12 litprentaðar blaðsíður, með stuttu ágrípi af því helsta sem unnið hefur verið að á árinu. Árið í hnotskurn verður gefið út í þriðja skipti í aðdraganda ársfundar 2005.

Áfram hefur verið unnið eftir þeirri stefnu að birta jafnóðum á vefnum fréttir úr starfi hreyfingarinnar á vefnum. Vefur ASÍ hefur unnið sér sess sem uppspretta fréttanna í almennum fréttamiðlum.

Auk þessa hafa af og til verið gefin út til prentuð og fjölfölduð rit um afmörkuð viðfangsefni. Vegna átaksins „Einn réttur, ekkert svindl“ hafa verið gefnir út bæklingar á 10 tungumálum með upplýsingum um réttindi launafólks.

## Ímynd ASÍ

Skrifstofa ASÍ lætur reglulega fara fram mælingar á viðhorfum almennings til Alþýðusambandsins. Slíkar mælingar eru til allt frá árinu 1986, en voru ekki gerðar með reglubundnu millibili fyrr en 1999/2000. Í könnun sem var gerð 1999 var næstum fimmjungur neikvæður í garð ASÍ og rúm 40% jákvæð. Eftir þingið 2000 voru jákvæðir ekki nema rétt rúmur þriðjungur og meira en helmingur var hlutlaus. Síðan þá hefur þróunin verið stöðug í rétta átt. Neikvæðir hafa verið innan við 10%, jákvæðum hefur fjölgað og hlutlausum fækkað. Í könnunum s.l. heila ár hafa jákvæðir verið fleiri en hlutlausir en eftir ágúst 2004 hafði það ekki gerst síðan 1994.

Á þessu ári var gerð stór viðhorfskönnun, auk vinnu í rýnihópum, þar sem meðal annars var fjallað ítarlega um ímynd ASÍ. Þessi vinna verður meðal annars lögð til grundvallar í vinnu í tengslum við stöðu og starfshætti á ársfundi 2005 og í framhaldi af honum.

## **ASÍ vefurinn**

Umtalsverð vinna hefur verið lögð í að endurhanna og -skipuleggja vefsvæði ASÍ, bæði hvað varðar útlit og leiðarkerfi. Leitað hefur verið hófanna hjá ýmsum aðilum, bæði innandyra og utan, í þessari vinnu og áhersla lögð á að skilgreina alla þá ólíku notendahópa sem nýta sér vef ASÍ. Markmiðið með nýju leiðarkerfi er að þjónusta við þessa markhópa verði á sem bestan hátt og gera þeim kleift að nálgast hlutina á sem einfaldastan og skjótvirkastan hátt á vefnum. Áform eru um að leita til utanaðkomandi sérfræðinga m.t.t. viðmótsprófa (með aðkomu rýnihópa) og aðgengisúttektar fyrir blinda, sjónskertra, lesblindra og hreyfihamlaðra.



*Að vanda veitti Alþýðusambandið umsagnir um margvísleg mál sem snerta kjör og aðstæður íslenskrar alþýðu.*

## **Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur**

### **Þingsályktunartillaga um talsmann neytenda, 18. mál.**

*10. október 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um talsmann neytenda, 18. mál.

Í tillögunni er lagt til að stofnað verði sérstakt embætti talsmanns neytenda til að styrkja stöðu hins almenna neytenda á frjálsum markaði.

Neytendamál hafa ekki haft nægilega sterka stöðu í þjóðfélaginu né innan stjórnkerfisins. Alþýðusambandið telur nauðsynlegt að efla neytendavernd og réttindi neytenda hér á landi. Alþýðusambandið tekur því undir meginefniþætti þingsályktunarinnar og mælir með því að hún verði samþykkt.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 6. mál.**

*12. nóvember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 6. mál.



Á nýafstöðnum ársfundi ASÍ var samþykkt ályktun um skatta- og velferðarmál. Í ályktuninni segir m.a.: „Ársfundur ASÍ skorar á ríkisstjórn og Alþingi að gæta hagsmuna lág- og meðaltekjufólks nú þegar boðað hefur verið að skattar verði lækkaðir um allt að 23 milljarða. Veruleg hækkun skattleysismarka, lægra skattþrep á lágur tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli eru skattkerfisbreytingar sem koma þeim sem eru með lægri- og millitekjur að mestu gagni.“

Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar fellur vel að þeim áherslum sem fram koma hér að framan. ASÍ tekur því undir efni þess og mælir með því að það verði samþykkt. ASÍ vill þó benda á að m.v. ástand og horfur í efnahagslífinu skiptir tímasetning og umfang skattalækkana miklu til að forðast að þær leiði ekki til aukinnar þenslu.

### **Þingsályktunartillaga um atvinnuvegaráðuneyti, 15. mál.**

*12. nóvember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2004 samþykkti nýja sýn í atvinnumálum, Atvinnustefna ASÍ - framtíð fyrir alla. Í grundvallaratriðum felst hún í því að efnahags-, atvinnu- og félagsmál verði samþætt í eina heildstæða stefnu sem miðar að því að skapa fleiri og betri störf í landinu.

Alþýðusamband Íslands lítur svo á að sú tillaga sem hér er til umsagnar gæti auðveldað framkvæmd slíkrar stefnu. Líklegt er að með stofnun eins atvinnuvegaráðuneytis verði auðveldara en áður að samþætta marga þætti sem snúa annars vegar að atvinnuuppbyggingu og hins vegar að félagslegri aðlögun launafólks að henni. Þó er ástæða til að vara við hugsanlegum óæskilegum afleiðingum þess að skilja stjórnskipulega algerlega á milli ábyrgðar á auðlindanýtingu og ábyrgðar á umhverfiseftirliti, eins og tillagan gerir ráð fyrir. Mikilvægt er að hafa í heiðri það sjónarmið að það sé órjúfanlegur hluti af hagkvæmri nýtingu auðlindar að ganga vel um hana.

Sömu meginreglur eiga við um önnur svið er tengjast viðfangsefnum atvinnuvegaráðuneytanna. Á sviði neytendamála og samkeppnismála hlýtur t.d. ákveðin stjórnskipuleg aðgreining framkvæmdar og eftirlits að vera æskileg þótt jafnframt verði að gæta þess að ganga ekki svo langt í aðskilnaðinum að algerlega sé skilið á milli ábyrgðar á framkvæmdinni og eftirlitinu. Við samruna ráðuneyta í öflugt atvinnuvegaráðuneyti er því mikilvægt að endurskilgreina allar stofnanir ráðuneytanna með það fyrir augum að koma framkvæmd og eftirliti með þáttum eins og umhverfismálum, neytendamálum og samkeppnismálum fyrir á réttum stöðum í réttu vægi í stjórnsýslunni.

Í ljósi þess er að framan segir styður Alþýðusambandið þingsályktunartilöguna - en leggur áherslu á að þess verði vandlega gætt að skipulagsbreyting-

ar í stjórnsýslunni grafi ekki undan möguleikum á samþættri og heildstæðri ákvörðunartöku.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 6. mál.**

*12. nóvember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 6. mál.

Á nýafstöðnum ársfundi ASÍ var samþykkt ályktun um skatta- og velferðarmál. Í ályktuninni segir m.a: „Ársfundur ASÍ skorar á ríkisstjórn og Alþingi að gæta hagsmuna lág- og meðaltekjufólks nú þegar boðað hefur verið að skattar verði lækkaðir um allt að 23 milljarða. Veruleg hækkun skattleysismarka, lægra skattþrep á lágur tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli eru skattkerfisbreytingar sem koma þeim sem eru með lægri- og millitekjur að mestu gagni.“

Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar fellur vel að þeim áherslum sem fram koma hér að framan. ASÍ tekur því undir efni þess og mælir með því að það verði samþykkt. ASÍ vill þó benda á að m.v. ástand og horfur í efnahagslífinu skiptir tímasetning og umfang skattalækkana miklu til að forðast að þær leiði ekki til aukinnar þenslu.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignaskatt, 7. mál.**

*12. nóvember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignaskatt, 7. mál.

ASÍ hefur lengi haft þá stefnu að eðlilegt sé að greiddur sé skattur af fjármagnstekjum. ASÍ tók á sínum tíma virkan þátt í undirbúningi lagafrumvarps um fjármagnstekjuskatt eins og fram kemur í eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um fjármagnstekjuskatt (mál, 421, 422, 428 og 429) frá árinu 1996 segir m.a:

„Óskað hefur verið eftir umsögn miðstjórnar ASÍ um ofangreind frumvörp stjórnar og hluta stjórnarandstöðu sem öll fjalla um fjármagnstekjuskatt. Eins og alþingismönnum er kunnugt um, hefur verkalýðshreyfingin lengi krafist þess að allar fjármagnstekjur verði skattlagðar með sama hætti og atvinnutekjur launafólks. Í drögum að stefnu ASÍ í skattamálum er m.a. lögð áhersla á að stefna beri að þessu markmiði. Það er hins vegar ljóst að hingað til hefur ekki tekist að afla þingmeirihluta fyrir þessari stefnu, án tillits til þess hvaða flokkar hafa myndað meirihluta á þingi. Þessi pólitíska staða hefur gert það að verkum að verkalýðshreyfingin hefur talið það forgangsverkefni að koma fjármagnstekjuskatti á hér á landi. Í framhaldi af því, þegar reynsla er komin á

framkvæmdina, má endurskoða þennan skatt eins og alla aðra skatta m.a. með tilliti til tekjujafnandi aðgerða. Jafnframt er brýnt að þær tekjur sem slíkur skattur gæfi af sér yrðu nýttar til þess að bæta stöðu þeirra tekjulægstu. Með þetta að leiðarljósi gerði ASÍ kröfu um að tekinn yrði upp flatur 15% staðgreiðsluskattur á alla nafnvexti í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1993, til þess að fjármagna hluta af kostnaði við lækkun virðisaukaskatts af matvælum. Þáverandi ríkisstjórn gaf út yfirlýsingu í tengslum við lausn kjarasamninga, þar sem fram kom að tekinn yrði upp 10% vaxtarskattur frá og með 1. janúar 1994. Ekki kom þó til þess að þessi skattur yrði lagður á, heldur skipaði fjármálaráðherra sérstaka nefnd sem skipuð var fulltrúum allra stjórnmalaflokka, þar með talið stjórnarandstöðunni, ásamt fulltrúum ASÍ og VSÍ. Í nefndinni var gerð tilraun til þess að ná breiðri samstöðu um álagningu fjármagnstekjuskatts og tók fulltrúi ASÍ þátt í því starfi af hálfu miðstjórnar. Af nefndarálitinu verður ekki annað ráðið en að þetta hafi tekist, m.a. á grundvelli tillagna ASÍ frá því vorið 1993.“

Með öðrum orðum hefur það verið skoðun verkalýðshreyfingarinnar að fjármagnstekjur ættu að vera skattlagðar með sama hætti og atvinnutekjur launafólks. Verkalýðshreyfingin stóð að víðtækri sátt um að lagður væri flatur 10% skattur á fjármagnstekjur, en tók það jafnframt fram að eðlilegt væri að skatturinn yrði endurskoðaður þegar reynsla væri komin á hann.

Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar leiðir til aukinnar tekjujöfnunar og einnig til þess að skattlagning fjármagnstekna færist nær því sem er varðandi atvinnutekjur launafólks. Alþýðusamband Íslands tekur því undir meginefni frumvarpsins.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, mál nr. 220.**

*23. nóvember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, mál nr. 220, hámark lánshlutfalls.

Verði frumvarpið samþykkt mun hámarks lánshlutfall almennra lána Íbúðalánasjóðs hækka í 90% af kaupverði fasteignar. Jafnframt verður veitingu svokallaðra viðbótalána hætt, þar sem ekki er lengur talin þörf á sérstökum lánnum fyrir tekju- og eignaminni einstaklinga og heimila. Við gildistöku laga munu því allir einstaklingar og heimili í landinu njóta jafnræðis við fjármögnun húsnæðiskaupa, óháð búsetu eða fjárhagslegri sögu.

Vert er að benda á að ýmsir þættir varðandi viðbótlánin hafa verið ívilnandi fyrir tekju- og efnaminni heimili. Sem dæmi má nefna hafa viðbótlánin verið stimpilfrjáls og af þeim hefur aðeins verið greitt 0,5% lántökugjald en 1% af almennum lánnum. Viðbótlánin hafa aftur á mótið borið heldur hærri vexti en almenn lán. Í september varð hins vegar breyting á því þegar vextirn-

ir voru lækkaðir til jafns við almenn lán. Það er því í fljótu bragði erfitt að átta sig á því hvor kosturinn, viðbótarlán eða 90% lán, er heppilegri fyrir efnaminni heimili.

Stórfelldar breytingar hafa orðið á fasteignalánamarkaði hér á landi síðustu mánuði með innkomu viðskiptabankanna og sparisjóðanna. Við þessar breytingar hefur aðgangur heimilanna að lánsfé stórauðist með tilheyrandi þensluáhrifum á fasteignamarkaði. Hefur ASÍ varað við þessari þróun og bent á að hún muni auka enn á hagstjórnarvandann á komandi misserum. Ljóst er að hækkun á lánshlutfalli Íbúðalánasjóðs mun að vissu marki auka á þenslu, en það má aftur á móti leiða að því líkum að þau áhrif séu takmörkuð og ekki eins mikil og þensluáhrif nýrra fasteignalána banka og sparisjóða. Skýrist það helst af því að fasteignalán bankanna eru í flestum tilfellum án hámarka og eru ekki bundin við íbúðakaup. Þau eru því heppilegri kostur fyrir heimili til endurfjármögnunar á heildarskuldum en lán Íbúðalánasjóðs, en þau eru bundin við ákveðna hámarksfjárhæð og íbúðakaup.

Á heildina litið, þá fagnar ASÍ hækkun á lánshlutfalli almennra íbúðalána í 90% og styður að frumvarpið verði samþykkt, sé það tryggt að hagar efnaminni heimila skerðist ekki við breytinguna.

### **Frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160 mál.**

*26. nóvember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn: Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160 mál.*

Markmið laganna er að veita Póst- og fjarskiptastofnun heimild til að úthluta tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi og tryggja með því virka samkeppni á íslenskum farsímamarkaði við úthlutun tíðnanna.

Umrætt frumvarp var fyrst lagt fram á síðasta þingi en ekki náðist að ljúka afgreiðslu þess þá. Er það því lagt fram að nýju og hefur það tekið miklum breytingum til batnaðar frá frumdrögum þess.

Almennt má segja að á Íslandi hafi ekki ríkt virk samkeppni á fjarskiptamarkaði. Aðstæður á markaðnum hafa að vísu breyst mikið á undanförunum árum og hafa mörg fyrirtæki fengið rekstrarleyfi. Síðustu tvö ár hefur á hinn bóginn orðið samþjöppun og nú eru svo komið að aðeins tvö fyrirtæki eru eftir á farsímamarkaðnum. Það er því erfitt að sjá að virk samkeppni muni ríkja við úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóða farsíma. Íslenskur fjarskiptamarkaður er fámennur í alþjóðlegum samanburði, jafnframt því að hann er mjög dreifður og kostnaður við uppbyggingu dreifinetsins er mikill. Það er því ekki á færi nema örfárra fyrirtækja að bjóða þjónustu fyrir þriðju kynslóða farsíma. Það er því fyrirsjáanlegt að áfram muni ríkja fákeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að innheimt verði gjald fyrir hverja tíðniúthlutun. Þetta gjald mun að öllum líkindum draga úr samkeppninni á markaðnum frekar en að auka hana, þar sem gjaldið mun virka sem markaðshindrun fyrir minni fyrirtæki. Hins vegar má færa rök fyrir því að hagkvæmt sé að innheimta hóflegt gjald fyrir tíðniúthlutun þar sem tíðnirófið er takmörkuð auðlind og mikilvægt er að stýra aðgengi að henni og tryggja hagkvæmstu nýtingu hennar.

Í frumvarpinu er lagt til að gjaldið verði 190 millj. kr. eða 2.655 kr á íbúa og verður að teljast nokkuð hátt í samanburði við önnur norðurlönd. Sem dæmi má nefna þá er ekkert tíðnigjald innheimt í Finnlandi og Svíþjóð. Í Norgei er það um 973 kr á íbúa en hæst er það í Danmörku 7.808 kr á íbúa. Í greinagerð með frumvarpinu kemur hvergi fram ástæðan fyrir því að umrædd upphæð er valin fremur en önnur. Ljóst er að fákeppni mun ríkja á fjarskipta-markaðnum í náinni framtíð og að verð verður nokkuð hærra heldur en við skilyrði virkrar samkeppni. Alþýðusambandið telur því mikilvægt að umræddu tíðnigjaldi verði stillt í hóf því að á endanum eru það neytendur sem greiða fyrir það.

Í frumvarpinu eru ákvæði um útbreiðslu þriðju kynslóðar farsímakerfisins og lögð á það áhersla að það fái sem víðtækasta útbreiðslu. Til að tryggja að útbreiðslan verði almenn og aðgengileg um allt land er gerð krafa um að þjónustan nái að minnsta kosti til 60% íbúa á fyrirfram skilgreindum svæðum. Jafnframt er gefinn afsláttur af tíðnigjaldinu ef útbreiðslan verður meiri en lágmarkskrafan segir til um. Þessu fagnar Alþýðusambandið enda hefur það lagt áherslu á að allir landsmenn hafi jafnan aðgang að grunnþjónustu eins og fjar-skiptaþjónustu.

### **Frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum, 212. mál.**

*29. nóvember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum, 212. mál.

Megintilgangur frumvarpsins er að innleiða í íslenska löggjöf reglugerð Evrópusambandsins nr. 2560/2001, um greiðslur yfir landamæri í evrum. Frumvarpið felur í sér að tryggt verði að gjöld vegna greiðslna yfir landamæri í evrum, upp að ákveðnu hámarki, verði jöfn því sem gerist innan lands.

Alþýðusambandið hefur engar athugasemdir við frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

### **Fjárlagafrumvarpið - tekjuhlíð**

*30. nóvember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Áætlunin byggir á þeim forsendum þjóðhagsspar fjármálaráðuneytisins að

hagvöxtur verði 5%, að einkaneysla aukist um 5% og verðbólga verði 3,5%.

Heildartekjur ríkissjóðs árið 2005 eru áætlaðar tæplega 306 milljarðar króna. Helstu breytingar á tekjuhlíð fjárlaga varða tekjuskatta einstaklinga. Gert er ráð fyrir að tekjuskattsprósentan lækki um 1 prósentustig, úr 25,75% í 24,75%. Gert er ráð fyrir að persónuafsláttur hækki nokkuð minna en verðlag eða um 3%. Að auki mun þegar lögfest lækkun hátekjuskattsins úr 4% í 2% koma til framkvæmda. Á móti er áætlað að skerða vaxtabætur um 300 milljónir. Hagdeild ASÍ áætla að skatttekjur ríkissjóðs verði um 6 milljörðum lægri vegna tekna ársins 2005 en þær hefðu orðið ef sömu skattareglur hefðu verið látnar gilda og í ár.

Verðbólga hefur nú um nokkurra mánaða skeið verið umtalsvert yfir 2,5% verðból gumarkmiði Seðlabankans. Seðlabankinn hefur brugðist við og hækkað vexti um 1,95 prósentustig frá því í maí. Bankinn hefur lýst því yfir að allar líkur séu á frekari vaxtahækkunum á næstunni. Við þessar aðstæður hefur ASÍ ítrekað bent á nauðsyn þess að aðhalds sé gætt í ríkisfjármálunum. Það hafa Seðlabankinn og Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn einnig gert.

ASÍ hefur því verulegar áhyggjur af aðhaldsstigi fjárlagafrumvarpsins. Hagdeild ASÍ spáir um 4% verðbólgu á næsta ári og fjármálaráðuneytið 3,5% verðbólgu. Gangi þær spár eftir eru forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði brostnar en kjarasamningarnir byggja á þeirri forsendu að verðlag þróist í samræmi við verðból gumarkmið Seðlabankans, þ.e. að verðbólga verði nálægt 2,5%.

Aðhaldsstig fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2005 er minna en aðhaldsstig ríkisfjármálanna árin 1999 og 2000. Þá var tekjuafgangur ríkissjóðs um 2,6% af VLF hvort ár en skv. fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að tekjuafgangurinn nemi einungis um 1,6% af VLF. Rétt er að rifja það upp að árin 1999 og 2000 voru aðstæður í efnahagslífinu um margt svipaðar og nú er. Þau ár jókst verðbólga umtalsvert. Spyrja má hvers vegna talið er að minna aðhald þurfi í ríkisfjármálin nú?

Það er samdóma álit hagdeildar ASÍ, Seðlabankans og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins að aðhaldsstig ríkisfjármálanna við núverandi aðstæður í efnahagslífinu sé ekki nægilegt. Boðaðar skattalækkanirnar auka á aðhaldsleysið, nema gripid verði til niðurskurðar á útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins. Tillögur fjárlaganefndar við aðra umræðu frumvarpsins benda ekki til að aðhaldsstigið muni aukast í meðförum þingsins. Rétt er að taka fram að ASÍ er ekki að kalla eftir niðurskurði á velferðarkerfinu heldur einungis að benda á að auka þurfi aðhaldsstig fjárlagafrumvarpsins. Komi fram tillögur um niðurskurð mun ASÍ áskilja sér rétt til að taka efnislega afstöðu til þeirra, þegar og ef þær koma fram.

ASÍ leggur áherslu á langtímahagsmuni launafólks. Efnahagslegur stöðug-

leiki og jafnvægi á vinnumarkaði, sem hvort tveggja er grundvöllur uppbyggingar og fjölgunar starfa eru þau markmið sem ASÍ hefur að leiðarljósi. ASÍ óttast að það aðhaldsleysi sem felst í fjárlagafrumvarpinu muni leiða til óásættanlegrar verðbólgu, hærri stýrivaxta og óhagstæðrar gengisþróunar. Slíkt mun leiða til óvissu á vinnumarkaði næsta haust og veikara atvinnustigs til lengri tíma.

### **Frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 330 mál, endurgreiðslur, málsmeðferð o.fl.**

*1. desember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 330 mál, endurgreiðslur, málsmeðferð o.fl.

Ekki eru gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Alþýðusamband Íslands vill hins vegar nota þetta tækifæri til að benda á að nauðsynlegt er að taka lögina um Lánasjóð íslenskra námsmanna til heildarendurskoðunar, með það að markmiði að endurskilgreina og auka réttindi til lána úr sjóðnum frá því sem er í 1. og 2. grein núgildandi laga og auðvelda jafnframt fólki sem komið er út á vinnumarkaðinn möguleika á að sækja sér frekari menntun. Slík breyting er nauðsynleg og í fullu samræmi við þá hugsun í menntamálum að hvetja eigi fólk og auðvelda því að sækja sér endur- og eftirmenntun út starfsævina.

### **Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 192 mál.**

*1. desember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 192 mál.

Efni frumvarpsins snýst um að leggja niður Hollustuháttaráð sem í sitja 9 fulltrúar, þar af 1 frá ASÍ, og setja í staðinn á laggirnar samstarfsnefnd 3ja fulltrúa ráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins. Rökin fyrir þessari tillögu er að finna í athugasemdum með frumvarpinu. Þar segir m.a.:

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af störfum ráðsins hafa Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga lagt á það áherslu að hlutverki ráðsins og samsetningu verði breytt þannig að um verði að ræða lögbundið samráðsferli er snýr að umhverfisráðherra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins, enda eingöngu um að ræða atriði er varða atvinnustarfsemi. Enn fremur þykir rétt að ráðinu sé einnig ætlað að hafa frumkvæði að því að taka upp slík mál við ráðherra og sveitarfélögin. Því er lagt til að í stað hollustuháttaráðs skipi ráðherra samstarfsnefnd til fjögurra ára í senn sem fari með hlutverk ráðsins og geti auk þess haft frumkvæði að því að taka



upp mál og að í nefndinni eigi sæti fulltrúi ráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins

Þá segir á öðrum stað að:

Aðkoma.... orkar einnig tvímælis enda vart hlutverk þess að fjalla um starfsemi sem snýst um kostnað atvinnulífsins við rekstur heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits og hið sama er að segja um ASÍ.

Hér kveður við nýjan tón varðandi samráð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er varða málefni atvinnulífsins.

Annars vegar kemur fram að breytingin byggir á tillögum Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ekkert samráð hefur verið haft við ASÍ um málið eða tillögu frumvarpsins.

Hins vegar segir að þar sem starfsemin snúist um kostnað atvinnulífsins við rekstur heilbrigðis- og mengunareftirlits, orki aðkoma ASÍ tvímælis sé það vart hlutverk ASÍ að fjalla um starfsemi sem snýst um kostnað atvinnulífsins við rekstur heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Enginn rökstuðningur fylgir þessari fullyrðingu. Þá er algerlega litið framhá mögulegri og raunverulegri skörun viðfangsefnis þessara laga við aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað og aðbúnað starfsmanna, eins og ítrekað hefur komið fram, nú síðast í tengslum við framkvæmdirnar við Kárahnjúka.

Í ljósi framanritaðs lýsir Alþýðusamband Íslands yfir furðu sinni á efni frumvarpsins og þeim skilaboðum sem í því felast. Jafnframt gerir ASÍ kröfu til þess að efni frumvarpsins verði breytt og aðild ASÍ að samráðsnefndinni tryggð.

### **Frumvörp til laga um Háskóla Íslands, 348.mál, Kennaraháskóla Íslands, 349. mál og Háskólann á Akureyri, 350 mál.**

*2. desember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusambandi Íslands hafa borist til umsagnar frumvörp til laga um Háskóla Íslands, 348.mál, Kennaraháskóla Íslands, 349. mál og Háskólann á Akureyri, 350 mál.

Alþýðusamband Íslands telur að með þessum frumvörpum sé stigið enn eitt skrefið í átt til þess að tekin verði upp skólagjöld við ríkisháskóla hér á landi. ASÍ lýsir sig alfarið ósammála þessari þróun og varar við afleiðingum hennar.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frumvörpin verði dregin til baka í núverandi mynd, en að öðrum kosti að þau verði felld.

### **Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 22. mál, orlofslaun.**

*2. desember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um fæð-



ingar- og foreldraorlof, 22. mál, orlofslaun. Markmiðið með frumvarpinu, verði það að lögum, er að tryggja að foreldrar í fæðingarorlofi fái greidd orlofslaun vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.

Hér er að mati ASÍ um mikilvægt réttlætismál að ræða. Sú framkvæmd Fæðingarorlofssjóðs, að greiða ekki orlof ofan á fæðingarorlof, hefur ítrekað verið til umfjöllunar á vettvangi Alþýðusambandsins síðustu misseri.

Málið var til umfjöllunar á Alþingi í byrjun árs 2003, þar sem þáverandi félagsmálaráðherra lýsti þeirri skoðun sinni að greiða ætti orlofslaun af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Framkvæmdinni var skotið til Úrskurðanefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála. Niðurstaða Úrskurðanefndarinnar vorið 2003 var að staðfesta framkvæmd Fæðingarorlofssjóðs.

Miðstjórn ASÍ fjallaði um niðurstöðu Úrskurðanefndarinnar. Niðurstaða miðstjórnar var að höfða viðurkenningarmál geng Tryggingastofnun til breytingar á framkvæmdinni. Málið var höfðað 21. janúar 2004 og dómur kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 23. september.

Krafa ASÍ var:

Að viðurkennt verði með dómi að Tryggingastofnun ríkisins vegna Fæðingarorlofssjóðs beri að greiða foreldum sem aðild eiga að aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands og ávinna sér ekki rétt til orlofslauna í launalausum fæðingarorlofi úr hendi launagreiðanda, orlofslaun samkvæmt 7. gr. laga um orlof nr. 30/1987 af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr sjóðnum skv. 2. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.

Dómurinn féllst ekki á kröfu ASÍ og sýknaði Tryggingastofnun. Þótt Héraðsdómur sýknaði Tryggingastofnun af kröfu Alþýðusambandsins tók hann undir mikilvæga þætti í málflutningi ASÍ fyrir dóminum. Þannig féllst dómurinn á að misræmi sé á milli ákvæða orlofslaga og tilskipunar ESB um að launafólk eigi rétt á orlofslaunum í orlofi og þess að lögin um fæðingar- og foreldraorlof tryggi ekki að þeir njóti orlofslauna í orlofi vegna fæðingarorlofs. Síðan segir dómurinn: „Misræmi, sem stefnandi vísar til, breytir ekki efni þessara reglna, enda ber að hafna því sjónarmiði stefnanda að dómurinn geti túlkað reglurnar sem hér gilda á þann hátt að slíkt misræmi verði með því leiðrétt.“

Þá ber að geta þess að í tengslum við breytingar sem gerðar voru á lögum um fæðingar- og foreldraorlofið 2004 lagði Alþýðusambandið „ríka áherslu á að tækifærið sem nú gefst, við endurskoðun laga um fæðingar- og foreldraorlof, verði notað til að taka af öll tvímæli um að foreldrar sem eiga aðild að Alþýðusambandi Íslands fái greidd orlofslaun samkvæmt 7. gr. laga um orlof nr. 30/1987 vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr sjóðnum skv. 2. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. Eins

og segir í umsögn ASÍ um frumvarpið 19. maí 2004. Við þessum ábendingum ASÍ var ekki orðið.

Það er ljóst að launafólk á almennum vinnumarkaði getur ekki sætt sig við þá niðurstöðu sem nú blasir við og felur í sér að:

Fæðingarorlof fólks á almennum vinnumarkaði er í reynd styttra en annarra.

Með því er með alvarlegum hætti brotið gegn þeim markmiðum fæðingarorlofslaganna, að jafna réttindi launafólks á íslenskum vinnumarkaði.

Fyrir liggur að með niðurstöðu Héraðsdóms í máli ASÍ gegn Tryggingastofnun er málið komið á hinn pólitíska vettvang og að það er hlutverk Alþingis að sjá til þess að lögin verði með þeim hætti að markmiðum þeirra verði náð.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Íslands efni frumvarpsins um að foreldrum í fæðingarorlofi fái greidd orlofslaun vegna greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Jafnframt leggur ASÍ áherslu á að frumvarpið verði nú þegar að lögum.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, 5. mál.**

*2. desember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum, 5. mál.

Það er grundvallarafstaða Alþýðusambands Íslands að kjarasamningar efni þeirra og framkvæmd eigi að vera á höndum aðila vinnumarkaðarins, samtaka launafólks og atvinnurekenda. Rétturinn til að stofna með sér félög og semja um kaup og kjör á vinnumarkaði séu með mikilvægustu mannréttindum launafólks sem mikilvægt sé að virða. Um leið eigi sammingsaðilar að bera ábyrgð á því um hvað er samið og hvernig. Það felur m.a. í sér ákvörðun um gildistíma kjarasamninga, frá hvaða tíma þeir gilda og hversu lengi.

Í ljósi framanritaðs getur Alþýðusamband Íslands ekki stutt það frumvarp til laga sem hér er til umfjöllunar.

Um leið vill Alþýðusambandið undirstrika, og tekur undir það með flutningsmanni, að mikilvægt er að nýir kjarasamningar komist á um leið og eldri samningar renna sitt skeið, eða sem fyrst þar á eftir. Að því hefur Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess stefnt við kjarasamningagerð á undanförunum árum. Til að ná þessu markmiði hefur verkalýðshreyfing m.a. hvatt til og sjálf haft frumkvæði að því að breyta og bæta verklag varðandi undirbúning og gerð kjarasamninga. Má þar m.a. nefna gerð viðræðuáætlana í tengslum við kjarasamningagerð og eftirfylgni með framkvæmd þeirra. Væntir Alþýðusambandið þess að ný og breytt vinnubrögð muni skila þeim árangri í frjálsum samn-

ingum sem frumvarpinu er ætlað að ná, enda sammála flutningsmanni um markmiðin, þótt ASÍ telji að aðrar leiðir en hann leggur til séu vænlegri í þeim efnum.

### **Frumvarp til laga um tekju- og eignaskatt, skatthlutfall, afnám eignaskatts o.fl., 351. mál.**

3. desember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn: Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um tekju- og eignaskatt, skatthlutfall, afnám eignaskatts o.fl., 351. mál.

Á fundi sínum þann 24. 11. 2004 samþykkti miðstjórn ASÍ eftirfarandi ályktun um kjara- og skattamál:

„Skattalækkanatillögur ríkisstjórnarinnar gefa til kynna að hún telji svigrúm til umfangsmikilla skattalækkana þrátt fyrir stöðuna í efnahagslífinu. Miðstjórn Alþýðusambandsins telur skattalækkanir jákvæðar, ef tryggt er að þær leiði ekki til aukinnar verðbólgu eða veikingar á stoðum velferðarkerfisins.

Verðbólga er í dag langt umfram forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þær umfangsmiklu skattalækkanir sem nú eru boðaðar munu enn auka á hagstjórnarvandann og geta leitt til vaxandi verðbólgu á næstu misserum. Gangi það eftir eru forsendur kjarasamninga um stöðugleika í efnahagsmálum og kaupmátt launa brostnar.

Alþýðusambandið telur að sé svigrúm fyrir hendi hefði átt að nýta tækifærið og auka tekjujöfnun í skattkerfinu. Tillögur Alþýðusambandsins um meiri hækkun skattleysismarkna, lægra skattþrep á lágar tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli væru tekjujafnandi, andstætt tillögum ríkisstjórnarinnar um afnám hátekjuskatts, flata lækkun skattpróscentunnar og afnám eignaskatta.

Veruleg hækkun barnabóta er aftur á móti tekjujafnandi aðgerð og fagnar miðstjórn henni. Alþýðusambandið lagði þó til við stjórnvöld, að barnabætur yrðu greiddar til 18 ára aldurs í samræmi við hækkun sjálfræðisaldurs.

Alþýðusambandið hefur ítrekað kallað eftir samstarfi við stjórnvöld um mótun samþættrar stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum en stjórnvöld hafa ekki sýnt vilja til slíks samráðs. ASÍ mun því þurfa í samráði við aðildarfélög sín að endurskoða samskiptin.“

Til að auðvelda umfjöllun um einstök atriði frumvarpsins verður hér á eftir gerð grein fyrir eftirfarandi þáttum; lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga, hækkun á viðmiðunarfrjárhæðum, hækkun barnabóta, afnámi eignaskatta einstaklinga og lögaðila, breytingum á vaxtabótum, tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins, ótta við veingu grunnstoða velferðarkerfisins og efnahagslegum áhrifum frumvarpsins.

### **Lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga**

Samkvæmt frumvarpinu verður tekjuskattur einstaklinga lækkaður úr 25,75% í 21,75% eða um 4 prósentustig fram til ársins 2007. Það er mat hagdeildar ASÍ að tekjur ríkissjóðs verði ríflega 20 milljörðum lægri árið 2007, þegar breytingarnar verða að fullu komnar til framkvæmda, en ef gildandi skattareglur héldust óbreyttar. Að auki lækkar tekjuskattur einstaklinga um rúmlega 1,5 milljarð vegna afnáms hátekjuskattsins, sem þegar hefur verið lögfest. Samtals munu tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum einstaklinga því lækka um 23-24 milljarða m.v. áætlað verðlag ársins 2005. Þá hefur ekki verið tekið tillit til veltuáhrifa skattkerfisbreytinganna.

### **Hækkun á viðmiðunarfjárhæðum laganna**

Almennt er gert ráð fyrir því að viðmiðunarfjárhæðir laganna hækki í samræmi við almennar launahækkanir kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Rétt er að vekja athygli á því að frá því að gengið var frá samningum í upphafi þessa árs hafa verðbólguþáttir hækkað verulega. Sé stuðst við verðbólguþátt fjármálaráðuneytisins má búast við því að verðbólga verði vel yfir umsömdum launahækkunum. Því er gert ráð fyrir að viðmiðunarfjárhæðirnar rými á tíma-bilinu til ársins 2007. Á slíkt getur ASÍ ekki fallist.

### **Hækkun á barnabótum**

ASÍ fagnar því að stórt skref skuli stigið í að hækka barnabætur og draga úr þeim miklu tekjuskerðingum sem einkennt hafa barnabótakerfið. ASÍ harmar þó að ríkisstjórnin skuli hafa hafnað samstarfi við samtökin um útfærslu á breytingum á barnabótakerfinu en ASÍ hefur lagt þunga áherslu á að barnabætur skuli greiddar með börnum og ungmennum til 18 ára aldurs, í samræmi við hækkaðan sjálfræðisaldur. AFnám eignaskatta einstaklinga og lögaðila

Eignaskattur verður felldur niður frá og með árinu 2005 en áhrifin koma ekki fram fyrr en við álagningu skatta árið 2006. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að eignaskattar einstaklinga skili ríkissjóði um 2,3 milljörðum í tekjur á árinu 2005 og eignaskattar lögaðila 1,5 milljarði. Samtals má því áætla að tekjutap ríkissjóðs verði tæpir 4 milljarðar þegar ákvæðin verða að fullu komin til framkvæmda.

### **Breytingar á vaxtabótum**

Samkvæmt frumvarpinu á að draga úr stuðningi við skuldsettar fjölskyldur sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið með því að lækka hlutfall vaxtagjalda af skuldum úr 5,5% í 5%. ASÍ telur það miður og skorar á Alþingi að falla frá þeim áformum.

Einnig er gert ráð fyrir að skerða vaxtabætur vegna vaxtagjalda ársins 2004 um 5% þ.e. einungis að greiða 95% af reiknuðum vaxtabótum ársins m.v. gild-

andi reglur. ASÍ telur slíkt með öllu óásættanlegt. Ekki er forsvaranlegt að skerða vaxtabætur með afturvirkum hætti og koma þannig í bakið á þeim sem gerðu sínar fjárhagsskuldbindingar í trausti þess að farið yrði að reglum. Breytingar sem þessar eru til þess fallnar að rýra tiltrú almennings á stjórnvöldum. ASÍ treystir því að þessi ákvæði muni breytast í meðförum Alþingis.

### ***Tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins***

Sú leið sem valin hefur verið að lækka tekjuskatt um 4 prósentustig, afnema hátekjuskattinn og fella niður eignaskatta, leiðir til þess að það dregur úr tekjujöfnun skattkerfisins. ASÍ hefur ítrekað kallað eftir því að skattkerfið sé notað með markvissari hætti til tekjujöfnunar. Í því sambandi hefur ASÍ lagt áherslu á að virðisaukaskattur af matvælum verði lækkaður og að dregið verði meira úr skattbyrði lág- og millitekjuhópa en þeirra tekjuhærri. Slíkt má gera með sérstakri hækkun skattleysismarka eða sérstöku skattþrepi á lægri tekjur.

### ***Ótti við veikingu á grunnstöðum velferðarkerfisins***

Að mati Hagdeildar ASÍ munu skattkerfisbreytingarnar leiða til þess að árlegar tekjur ríkissjóðs verða um 25-30 milljörðum lægri en skv. gildandi reglum, þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda. Samkvæmt yfirlýsingum telur ríkisstjórnin að ríkissjóður geti orðið af þessum tekjum þar sem spáð er miklum hagvexti á næstu árum sem skila muni ríkissjóði auknum tekjum. Það vekur því athygli að eftir árið 2006 er gert ráð fyrir að dragi mjög úr hagvexti og að tekjuafkoma ríkissjóðs verði orðin neikvæð, þegar árið 2007. Hallinn ríkissjóðs á síðan að vaxa frekar árið 2008.

ASÍ óttast að versnandi afkoma ríkissjóðs ýti enn frekar undir þá óheillavænlegu þróun að gjaldtaka í velferðarkerfinu sé aukin eða að gripið verði til niðurskurðar á velferðarútgjöldum. Á slíka þróun getur ASÍ aldrei fallist.

### ***Efnahagsleg áhrif frumvarpsins***

ASÍ hefur áhyggjur af efnahagslegum áhrifum frumvarps til laga um tekju- og eignaskatt, skatthlutfall, afnám eignaskatts o.fl.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að aðhaldsstig fjárlagafrumvarpsins sé minna en aðhaldsstig ríkisfjármálanna árin 1999 og 2000. Þá var tekjuafgangur ríkissjóðs um 2,6% af landsframleiðslu hvort ár. Skv. fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjuafgangurinn nemi um 1,6% og samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins verður tekjuafgangurinn árið 2006 einungis 1,3%. Rétt er að rifja það upp að árin 1999 og 2000 voru aðstæður í efnahagslífinu um margt líkar því sem nú er. Þau ár jókst verðbólga mjög og endaði á að fara úr böndunum.

Bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Seðlabankinn hafa lýst yfir sömu

áhyggjum. Seðlabankinn kynnti 2.12.2004 nýja verðbólguþá þar sem gert var ráð fyrir að verðbólguhorfur til næstu tveggja ára hefðu versnað verulega. Bankinn lýsti jafnframt sérstökum áhyggjum af aðhaldsleysi ríkisfjármálanna. Til að sporna gegn vaxandi verðbólgu boðaði bankinn að stýrivextir yrðu hækkaðir um 1 prósentustig í næstu viku.

Aðhaldsleysi í ríkisfjármálunum leiðir til hærri stýrivaxta en ella og þar með til frekari styrkingar krónunnar til skemmri tíma. Ljóst er að til lengri tíma mun það leiða til lakari afkomu heimila og fyrirtækja og meira atvinnuleysis. Efnahagsstefna sem hefur slíkt í för með sér er óhagstæð launafólki, jafnvel þó að hún kunni að leiða til aukins kaupmáttar til skemmri tíma.

### **Þingsályktunartillaga um rannsókn á þróun valds og lýðræðis, 21. mál.**

*10. desember 2004 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um rannsókn á þróun valds og lýðræðis, 21. mál.

Tillagan varðar mjög brýnt rannsóknarefni fyrir íslensk samfélag, stofnanir þess, hagsmunasamtök og aðila á markaði.

Styður Alþýðusambandið samþykkt hennar.

### **Umsögn um skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál.**

*23. febrúar 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að skýrsla um umfang skattsvika hafi verið unnin.

Höfundar skýrslunnar áætla að tapaðar skatttekjur ríkis og sveitarfélaga geti numið 8,5-11,5% af heildarskatttekjum opinberra aðila. Á verðlagi ársins 2003 nemur þessi upphæð 25,5-34,5 milljörðum. Þetta eru mjög háar upphæðir. Til að setja þetta í samhengi við aðrar stærðir má nefna að einstaklingar greiddu 65 milljarða í tekjuskatt árið 2003. Áætluð skattsvik nema því á bilinu 39-53% af tekjuskatti allra einstaklinga í landinu!

Höfundar skýrslunnar telja vísbendingar um að skattsvikum vegna vanframtalinna tekna og svartrar atvinnustarfsemi hafi minnkað, skattsvikum vegna bókhalds- og framtalssvika hafi fjölgað en að skattsvik í gegnum erlend samskipti hafi aukist mikið á undanförunum árum.

Mikilvægt er að gripið verði til aðgerða til að draga úr skattsvikum. Sérstaklega þarf að huga að því að koma í veg fyrir skattsvik í gegnum erlend samskipti en slík skattsvik virðast skv. skýrslunni færast í vöxt. Alþýðusambandið leggur á það áherslu að þegar verði hafist handa við að hrinda í fram-

kvæmd nauðsynlegum úrbótum. Í skýrslunni er að finna fjölda tillagna og ábendinga um aðgerðir í því skyni.

### **Frumvarp til breytinga á lögum um helgidagafrið nr. 32/1997, 481 mál.**

*25. febrúar 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar um tillögu til breytinga á lögum um helgidagafrið nr. 32/1997, 481 mál, afgreiðslutíma matvöruverslana.

Alþýðusamband Íslands bendir á að nú þegar er opnunartími verslana einna frjálsastur hér á landi af löndum hins vestræna heims og verður því ekki séð að sérstök þörf sé fyrir enn frekari rýmkuð á þessu sviði.

Alþýðusamband Íslands vill að öðru leyti vísa til umsagnar sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefur þegar gefið um þetta mál og tekur undir þau sjónarmið og rök sem þar koma fram.

### **Frumvarp til laga um lágmarkslaun, 306. mál**

*3. mars 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lágmarkslaun, 306. mál.

Verkalýðshreyfingin hefur í kjarasamningum lagt áherslu á að hækka lægstu launin. Nokkuð hefur áunnist í þeim efnum á liðnum árum. Á sama tíma hefur hins vegar dregið úr tekjujöfnun skattkerfisins og velferðarkerfið veikst.

Alþýðusambandið telur að lögbinding lágmarkslauna mun ekki skila þeim árangri sem flutningsmenn frumvarpsins vænta. Til að bæta hag þeirra lægst launuðu er eðlilegra að ríkisvaldið auki tekjujöfnun í gegnum skattkerfið og efla velferðarkerfið.

Í ljósi framangreinds mælir Alþýðusambandið ekki með samþykkt þessa frumvarps.

### **Frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. 364. mál.**

*4. mars 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:* Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál.

Í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að markmiðið er að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnissjónarmið. Þegar nánar er gáð þá felast í þessu frumvarpi verulegar breytingar á skattalegu umhverfi veitufyrirtækja, fyrirtækja sem hafa verið í eigu sveitarfélaga og hafa veitt þjónustu sem hingað til hefur verið litið á sem samfélagslega þjónustu.

Með gildistöku nýrra raforkulaga nr. 65/2003 urðu miklar breytingar á um-

hverfi raforkufyrirtækja. Umrædd lög fela í sér aðskilnað milli framleiðslu, flutnings, dreifingu og sölu á raforku. Ásamt því að markaðarleg arðsemiskrafa er sett á rekstur þeirra. Í kjölfar síðustu breytinga á raforkumarkaði, sem tóku gildi um síðustu áramót þegar flutningur og dreifing á raforku var aðskilin, urðu miklar hækkanir á raforku. Orkufyrirtækin rökstuddu hækkanirnar með auknum kostnaði sem þau hefðu orðið fyrir við kerfisbreytinguna á raforkumarkaði. Breytingarnar á raforkumarkaði eru ekki að fullu komnar til framkvæmda. Um næstu áramót verður sala á raforku verður að full gefin frjáls. Reynsla annarra þjóða sýnir það muni taka raforkumarkaðinn allnokkurn tíma að ná nýju jafnvægi. Því er það óráðlegt að ráðast í aðrar umfangs miklar breytingar á umhverfi orkufyrirtækja án þess að áhrif nýrra raforkulaga verða komin í ljós.

Það er vert að benda á í þessu sambandi að þrátt fyrir að markmið nýrra raforkulaga sé að auka samkeppni á orkumarkaði er ljóst að hún mun verða takmörkuð. Skýrist það af smæð markaðarins og landfræðilegri legu landsins. Það er því líklegt að hér á landi muni í besta falli ríkja fákeppni á raforkumarkaði. Það eru sterkar líkur á því að fyrirtækin muni nýta sér þessar aðstæður á markaði og velta útgjöldum vegna tekju- og eignaskatts út í verðlag á orku og það mun koma mest niður á almennum neytendum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að erfitt er að leggja mat á áhrif þessara breytinga á raforkuverð og arðsemi orkufyrirtækja.

Alþýðusambandið telur það óásættanlegt að ráðið verði í frekari umbreytingar á orkumarkaði án þess að lagt verði mat á áhrif þeirra fyrir neytendur.

Alþýðusambandið leggur því til að frumvarpið verði ekki samþykkt.

### **Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.**

*4. mars 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.

Frumvarpið er sett fram samhliða frumvarpi um afnám undanþágu orkufyrirtækja frá greiðslu tekjuskatts, 364 mál. Felur þetta frumvarp í sér niðurfellingingu sérákvæða um skattundanþágur orkufyrirtækja í ýmsum lögum.

Í umsögn sinni um ofan greint frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál, leggur Alþýðusambandið til að það frumvarpið verði ekki samþykkt. Með hliðsjón af þeirri umsögn og þeir rökum sem þar eru tilgreind leggur Alþýðusambandið til að þetta frumvarpið verði ekki heldur samþykkt.

### **Þingsályktunartillaga um að efla fjárhag Byggðastofnunar, 468. mál.**

*8. mars 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*



Alþýðusamband Íslands vill stuðla að víðtækri umræðu og sátt í samfélaginu um heildstæða stefnu í atvinnu- og byggðamálum.

Heildstæð stefna í atvinnu- og byggðamálum á að fela í sér framtíðarsýn um uppbyggingu viðkomandi byggðalags í heild sinni og hún á að stuðla að þróun öflugra byggðakjarna sem bjóða upp á þá fjölbreytni í atvinnu, menntun, menningu og þjónustu sem þarf til að skapa vöxt.

Reynslan sýnir að árangursrík atvinnu- og byggðastefna felst ekki í að leggja fé í fyrirtæki og stofnanir sem ekki eiga sér lífsvon. Það dugar ekki að senda einvörðungu fé frá stöðum þar sem vöxtur er til staða þar sem ekki er vöxtur. „Byggðastefna“ hér á landi hefur í allt of ríkum mæli einkennst af slíkum aðgerðum.

Á meðan ekki hefur farið fram víðtæk umræða og heildstæð stefna verði mynduð í atvinnu- og byggðamálum vill Alþýðusambandið ekki taka afstöðu til tillögu um að Byggðastofnun fái fjárveitingu til að taka þátt í nýjum atvinnuþróunarverkefnum.

Alþýðusambandið styður hins vegar þá tillögu að Byggðastofnun fái fjárveitingu til að styrkja eiginfjárstöðu sína og til að fylgja eftir verkefnum sem stofnunin er þegar þátttakandi í.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117 /1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, 587. mál.**

*21. mars 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117 /1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, 587. mál.

Markmið frumvarpsins er að auðvelda ráðherra að framfylgja stefnumörkun sinni í tannverndarmálum þar sem áhersla er lögð á að gera eldri borgurum kleift að viðhalda heilbrigði munnhols eins lengi og kostur er.

Alþýðusamband Íslands er sammála umræddri breytingu og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

### **Þingsályktunartillaga um úttekt á fjárþörf Samkeppnisstofnunar, 54. mál.**

*21. mars 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um úttekt á fjárþörf Samkeppnisstofnunar, 54. mál.

Alþýðusambandið hefur oft bent á mikilvægi þess að Samkeppnisstofnun verði tryggt nægilegt fjármagn til þess að stofnunin geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu með eðlilegum hætti.

Á liðnum árum hefur stofnunin fengið til úrvinnslu bæði stór og flókin mál

sem tekið hafa mikinn tíma og fjármagn. Verulega hefur skort á að stofnunin hafi haft bolmagn til að klára þau verk á eðlilegum tíma eða getað sinnt ýms- um öðrum verkefnum með eðlilegum hætti.

Þetta hefur haft í för með sér ýmsar óæskilegar afleiðingar. Úrvinnsla mála hefur stundum tekið það langan tíma að Samkeppnisstofnun hefur ekki talið stætt á að sekta fyrirtæki, þrátt fyrir að stofnunin hafi talið þau sek um brot, sökum þess hve rannsókn tók langan tíma. Fyrirtæki sem sætt hafa rannsókn hafa þurft að bíða lengi eftir niðurstöðu. Slík bið getur valdið þeim verulegum skaða.

Þegar upp er staðið eru það neytendur sem skaðast ef Samkeppnisstofnun getur ekki sinnt öflugum og virku eftirliti með viðskiptalífínu.

Alþýðusambandið telur því æskilegt að fram fari vönduð úttekt á fjárhörf Samkeppnisstofnunar.

### **Frumvarp til breytinga á lögum nr. 90:2003 um tekju- og eignarskatt, 137. mál.**

*31. mars 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Með þessu frumvarpi er lagt til að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskrár landsmanna verði lögð af. Alþýðusambandi Ísland telur ekki ástæðu til þess að afnema núverandi ákvæði laganna þar sem þau hafa stuðlað að auknu aðhaldi gegn skattsvikum og eins má fullyrða að það stuðli að ákveðnu gegnsæi um launakjör forystumanna í atvinnulífi og opinberri þjón- ustu. Eins og fram kemur greinargerð með frumvarpinu er hér ekki um eins- dæmi á norðurlöndunum og hafa sambærileg rök einmitt legið þar til grund- vallar.

Alþýðusambandið mælir því gegn samþykkt þessa frumvarps.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyris- réttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 143. mál.**

*31. mars 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breyt- ingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 143. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði í lög ýmis ákvæði um stjórnir og stjórnarhætti í lífeyrissjóðum. Sumt af þessum ákvæðu getur Alþýðusamband- ið tekið undir með flutningsmönnum, m.a. mikilvægi þess að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra við tilnefningu í stjórnir félaga og fyrirtækja sem líf- eyrissjóðurinn hefur fjárfest í. Þess má geta að í kjarasamningi aðila vinnu- markaðarins um starfsemi lífeyrissjóðanna frá 1995 voru tekin upp ákvæði um hæfisreglur stjórnarmanna.

Alþýðusambandið lýsir hins vegar furðu sinni yfir þeim ákvæðum þessa frumvarps sem lúta að kjörtímabili stjórna, hversu lengi einstaklingar mega sitja í stjórn og svo ekki sé talað um þau ákvæði sem kveða á um að stjórnarmenn uppfylli sömu skilyrði um menntun og reynslu eins og gert er gagnvart framkvæmdastjórum sjóðanna. Með þessu ákvæði væri að mestu leiti verið að ýta fulltrúum launafólks út úr stjórnnum lífeyrissjóðanna, sérstaklega sjóðum almenns verkafólks, á þeim rökum að fulltrúar þeirra væru ekki hæfir til að standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna. Alþýðusambandið lýsir sig algjörlega andsnúið þessum hugmyndum og telur engin efnisleg rök vera fyrir slíkum hugmyndum.

Alþýðusamband Íslands mælir því með að þetta frumvarp verði ekki samþykkt.

### **Frumvarp til breytinga á lögum nr. 90:2003 um tekju- og eignarskatt, 137. mál.**

*4. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Með þessu frumvarpi er lagt til að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskrár landsmanna verði lögð af. Alþýðusambandi Ísland telur ekki ástæðu til þess að afnema núverandi ákvæði laganna þar sem þau hafa stuðlað að auknu aðhaldi gegn skattsvikum og eins má fullyrða að það stuðli að ákveðnu gegnsæi um launakjör forystumanna í atvinnulífi og opinberri þjónustu. Eins og fram kemur greinargerð með frumvarpinu er hér ekki um einsdæmi á norðurlöndunum og hafa sambærileg rök einmitt legið þar til grundvallar.

Alþýðusambandið mælir því gegn samþykkt þessa frumvarps.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysisstryggingar, með síðari breytingum, 174 mál**

*5. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar framangreint Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysisstryggingar. Með efni frumvarpsins er miðað að því að lögfesta rétt þeirra sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í desember ár hvert, uppbót sem nemur 30% af atvinnuleysisbótum.

Alþýðusamband Íslands telur réttlætismál að atvinnulaust fólks njóti desemberuppbótar með sambærilegum hætti og fólk í starfi. Jafnframt er mikilvægt að útfærsla slíkra réttinda sé með sambærilegum hætti og almennt gildir á vinnumarkaði til að tryggja að um sambærileg réttindi sé að ræða. Nokkuð skortir á að það sé gert í fyrirliggjandi frumvarpi.

Jafnframt er rétt að benda á að nú fer fram heildarendurskoðun á lögum um

atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, þar sem Alþýðusamband Íslands hefur sett fram fjölmargar tillögur, sem allar miða að því að bæta stöðu og réttindi atvinnulauss fólks og möguleika þess til að koma aftur á vinnu- markaðinn. Væntir Alþýðusambandið þess að við endurskoðun laganna verði þessar tillögur lagðar til grundvallar og að frumvarp þess efnis verði lagt fram á næsta þingi. Jafnframt treystir Alþýðusambandið því að stuðningur verði við framangreind sjónarmið þess við meðferð málsins á Alþingi og að ný löggjöf feli í sér umtalsverða réttarbót fyrir fólk sem missir atvinnu sína um skemmri eða lengri tíma.

### **Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, 651 mál.**

*6. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, 651 mál.

Samkvæmt upplýsingum sem Alþýðusambandið hefur aflað sér og sem komið hafa fram í fjölmiðlum á síðust mánuðum hefur færst mjög í vöxt að undanförunu að fyrirtæki fái erlent verkafólk til starfa hér á landi, oft með ólöglegum hætti. Oft fer þessi starfsemi fram í skjóli svonefndra starfsmannaleiga eða á grundvelli þjónustusamninga, sem oftar en ekki eru málamyndageringar. Upplýst er að í mörgum tilfellum eru laun og önnur starfskjör þessa erlenda verkafólks langt undir því sem gerist á íslenskum vinnumarkaði og standast hvorki kjarasamninga eða lög. Einnig er þessu verkafólki oft búnar aðstæður að öðru leiti sem eru með öllu óásættanlegar.

Ekki liggur fyrir heildarúttekt á þessari þróun en vísa má til könnunar sem samtök sveina og meistara í byggingariðnaði hafa gert á síðustu mánuðum í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega. Þar er fullyrt að aðeins í byggingariðnaðinum á höfuðborgarsvæðinu séu um 700 erlendir starfsmenn og að af þeim séu milli 250 og 300 notaðir í svartri atvinnustarfsemi. Ætla má að hliðstætt ástand gildi í byggingariðnaði og mannvirkjagerð víða um landi. Þá hefur ferðaþjónustan einnig verið nefnd ítrekað í þessu sambandi. Oft býr þetta erlenda verkafólk einnig við afar erfiðar aðstæður í húsnæði sem ekki er boðlegt.

Ljóst er að það ástand sem hér hefur verið lýst heggur að sjálfum grundvelli vinnumarkaðarins sem hér hefur verið byggður upp og þeim kjörum og réttindum sem samið hefur verið um eða verið fest í lög. Þannig eru það ekki eingöngu hið erlenda verkafólk sem ber skaða af, heldur einnig vinnumarkaðurinn í heild og um leið þau fyrirtæki sem virða samninga og lög og þau við-

mið sem hér gilda. Samhliða vegur svört atvinnustarfsemi að sjálfum grundvelli velferðarsamfélagsins sem hér hefur verið byggt upp.

Fyrir liggur að því frumvarpi til laga sem hér er til umfjöllunar er ætlað að treysta þann lagagrunn sem til staðar er og sem nota má til að stemma stigu við þeirri þróun sem lýst var hér að framan. Og ber að sjá efni þess í því ljósi.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er 1. og 2. gr. frumvarpsins ætlað treysta þann lagagrunn sem þegar er til staðar í lögum nr. 55/1980 og taka af öll tvímæli um gildissvið þeirra og rétt trúnaðarmanna til að afla upplýsinga ef grunur er um að verið sé að brjóta á rétti erlendra starfsmanna. Alþýðusambandið telur að slíkt geti styrkt, en áréttar að það telur hafið yfir allan vafa að ákvæði laganna eigi við um alla sem starfa á íslenskum vinnumarkaði, óháð þjóðerni eða uppruna þess fyrirtækis sem þeir starfa hjá. Þá á heimild trúnaðarmanna til upplýsinga að vera ótvíræð með þeirri breytingu sem gerð var á lögunum í lok síðasta árs og með tilvísun til sammings ASÍ og SA um sama efni.

Hvað varðar 3. grein frumvarpsins, þar sem mælt er fyrir um sektar og miskabótaheimild, þá telur Alþýðusambandið þetta ákvæði vera til mikilla bóta. Ljóst er að ekki er að finna í lögnum eins og þau eru nú sjálfstæða heimil til að sekta fyrirtæki sem brotleg eru gagnvart þeim. Þá er mikilvægt að fá inn heimild dómstóla til að ákveða viðkomandi starfsmönnum miskabætur og fjárhæð þeirra eftir eðli máls hverju sinni.

### **Þingsályktunartillaga um ferðamál, 678. mál.**

*8. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um ferðamál, 678. mál.

Markmiðið með tillögunni er að setja fram stefnumótun fyrir ferðamál á Íslandi og stuðla að hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla í greininni. Í framhaldi af samþykkt tillögunnar mun samgönguráðherra láta vinna aðgerða- og framkvæmdaáætlun fyrir ferðamál í landinu.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

### **Frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, 592. mál.**

*11. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, 592. mál.

Skipting Samkeppnisstofnunar í núverandi mynd í Samkeppniseftirlitið og Neytendastofu er ætlað að auka vægi neytendamála og veita meira svigrúm en verið hefur innan Samkeppnisstofnunar til þess að móta heildstæða stefnu og

stunda rannsóknir á sviði neytendamála. Slík þróun er jákvæð fyrir stöðu neytendamála hér á landi sem hingað til hefur verið veik og haft lítið vægi innan stjórnsýslunnar. Alþýðusamband Íslands styður markmið frumvarpsins að efla starf að neytendamálum og auka neytendavernd.

Alþýðusamband Íslands telur að vegna annarra verkefna sem Neytendastofu er ætlað að sinna sem ekki snúa beint að neytendamálum í hefðbundnum skilningi s.s. rafmagnsöryggismálum, öryggi raforkuvirkjana, neysluveitna og raffanga, yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði auk þess að sjá um framkvæmd laga um vog, mál og faggildinu, sé hætt á að nýja stofnunin hafi ekki nægilegt bolmagn til að efla neytendamál og auka neytendavernd í samræmi við markmið laganna. Því er mikilvægt að stofnunin fái nægilegt fjármagn til þess að sinna neytendamálum og neytendavernd.

Í 5.grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra skipi talsmann neytenda. Samkvæmt frumvarpsdrögunum er hlutverk talsmanns neytenda í meginráttum sambærilegt og getið er um í 3. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna. Eina fráviknið er að talsmanni neytenda er ekki ætlað að beita sér fyrir rannsóknum á sviði neytendamála líkt og umboðsmanni barna er ætlað á sínu sviði ( e-liður 2. mgr. 3 gr.), en Neytendastofu er ætlað að sinna því hlutverki. Embættisheitið „talsmaður“ á sér ekki fordæmi hér á landi, en almenn-ingur þekkir hlutverk umboðsmanns í gegnum störf umboðsmanns barna og umboðsmanns Alþingis og hefur embættisheitið umboðsmaður áunnið sér ákveðinn sess á sl. árum. Erfitt er að sjá fyrir sér að opinber embættismaður geti verið talsmaður ákveðins hóps í þjóðfélaginu. Þess má einnig geta að umboðsmannsheitnið er notað yfir sambærileg embætti á Norðurlöndunum. Alþýðusamband Íslands telur því með öllu óeðlilegt og óásættanlegt að nota embættismannaheitið talsmaður neytenda og leggur á það áherslu að notað verði embættismannaheitið umboðsmaður neytenda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Neytendastofa annist dagleg störf og undirbúning mála fyrir talsmann neytenda. Ekki er gert ráð fyrir að talsmaður neytenda hafi eigið starfslið. Hætta er á að þetta takmarki sjálfstæði embættisins. Komi upp ágreiningur um forgangs röðun mála innan Neytendastofu undir forstöðu forstjóra Neytendastofu eykst hættan á því að mál dagi uppi hjá embættinu. Alþýðusamband Íslands telur eðlilegt að talmaður neytenda hafi sjálfur heimild til að ráða til sín starfsfólk til að sinna undirbúningi mála og tryggja þannig sjálfstæði embættisins.

Varðandi starf talsmanns/umboðsmanns neytenda þarf að koma skýrar fram í 7. gr. að talsmanni neytenda er ekki ætlað að taka fyrir einstök deilumál milli aðila. En hafa mætti ákvæði líkt og í 4. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna, að honum bæri að leiðbeina þeim sem til hans leita um hvaða leiðir eru færar innan stjórnsýslu og dómstóla.

## **Frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 591. mál.**

*11. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 591. mál.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að skilja að eftirlit með samkeppnishömlum annars vegar og eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins hins vegar. Alþýðusamband Íslands styður það meginmarkmið frumvarpsins að aðskilja þessa þætti sem nú heyra báðir undir Samkeppnisstofnun. Alþýðusambandið telur mikilvægt að auka vægi neytendamála og efla neytendavernd hér á landi.

Alþýðusamband Íslands telur að styrkja þurfi 8. gr. frumvarpsins en þar er m.a. fjallað um auglýsingar og börn, greinin er samhljóða 22. gr. í núverandi samkeppnislögum. Umboðsmaður barna hefur bent á að nauðsynlegt er að styrkja þetta ákvæði. Skýr viðmið um markaðssetningu gagnvart börnum þurfa að vera til. Umboðsmaður barna hefur m.a. bent á að börn verða sífellt vinsælli markhópur og auglýsingum er í auknum mæli beint að þeim. Auglýsingar á vörum sem höfða sérstaklega til barna eru hafðar á undan barnaefni í sjónvarpi og börn eru þannig notuð til að hafa áhrif á innkaup foreldranna. Börn eru einnig mikið notuð í auglýsingum t.d. til að auglýsa óhollustu og höfða þannig m.a. til annarra barna. Fyrirtæki nota einnig börn í auglýsingum sínum til þess að skapa ákveðna „mjúka“ ímynd af fyrirtæki sínu þrátt fyrir að verið sé að auglýsa vörur sem ekki tengjast börnum í raun. Auk þessa er ekki óalgengt að ofbeldi og dónaskapur komi fyrir í auglýsingum sem auðveldlega verða á vegi barna.

Alþýðusamband Íslands leggur á það áherslu að greinin verði styrkt og að settar verði skýrari reglur varðandi auglýsingar og markaðssetningu gagnvart börnum.

## **Frumvarp til samkeppnislaga, 590. mál.**

*11. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til samkeppnislaga, 590. mál.

Á vettvangi ASÍ hefur oft verið ályktað um mikilvægi þess að efla samkeppnislöggjöfina og Samkeppnisstofnun, nú síðast í tengslum við skýrslu Samkeppnisstofnunar um ólögmeitt samráð olíufélaganna. Afstaða ASÍ til breytinga á samkeppnislöggjöfinni verða að skoðast í þessu ljósi.

Ein helsta breyting sem lögð er til í frumvarpinu er að gert er ráð fyrir að þau verkefni sem nú heyra undir samkeppnisyfirvöld er lúta að eftirliti með óréttmátum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði ekki unnin í sömu

stofnun og þau verkefni sem snúa sérstaklega að samkeppnismálum. Fyrir Alþingi liggja því þrjú frumvörp sem eðlilegt er að skoða í samhengi, þ.e. frumvarp til samkeppnislaga (590. mál), frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins (591. mál) og frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda (592. mál). Alþýðusambandið vísar eftir atvikum til umsagna sinna um hin frumvörpin tvö, þ.e. mál nr. 591 og 592.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla:

### ***Um III kafla, Stjórnsýslu***

Í greinum 5. - 7. er fjallað um stjórn Samkeppniseftirlits, skipun hennar og hlutverk. ASÍ telur að hlutverk stjórnarinnar sé ekki skýrt skv. frumvarpinu, að stjórnin geri stjórnkerfið flóknara og um leið óskilvirkara. Einnig kunna að koma upp erfiðleikar vegna hugsanlegra tengsla einstakra stjórnarmanna við þá hagsmuni sem Samkeppniseftirlitið á að sinna. ASÍ leggur því til að ákvæði um skipun og hlutverk stjórnar verði felld út úr frumvarpinu og þess í stað verði sett inn ákvæði þess efnis að forstjóri stofnunarinnar verði skipaður beint af ráðherra.

### ***Um 16. gr.***

16. gr. frumvarpsins hefur sama tilgang og 17. gr. gildandi samkeppnislaga. Þó hefur sú mikilvæga breyting verið gerð að c. liður gildandi 17. gr. er felldur brott en í 17. gr. segir: „Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn: ... c. aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.“ ASÍ telur að með því að fella brott c. lið 17. gr. verði úrræði samkeppnisyfirvalda til að bregðast við fákeppni og öðrum markaðsbrestum mun veikari en nú er. ASÍ legur því áherslu á að bætt verði við 16. grein frumvarpsins nýjum lið sem verði samsvarandi og c. liður 17. gr. gildandi laga.

### ***Um 20. gr.***

Samkvæmt tillögum í skýrslunni um íslenskt viðskiptalíf segir: „Lagt er til að samkeppnisyfirvöldum verði veittar ríkari heimildir til vettvangsrannsókna, þar á meðal á heimilum, landsvæðum eða flutningatækjum í eigu stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis og samtaka fyrirtækja. Nefndin leggur þó áherslu á það að vettvangsrannsóknir megi ekki framkvæma nema fyrir liggi dómsúrskurður, sem og að fundin verði leið til að lögreglan, en ekki starfsmenn samkeppniseftirlits, geti séð um framkvæmd vettvangsrannsókna sem fram fara utan starfsstöðva fyrirtækis.“

Í drögum að nýjum samkeppnislögum sem kynnt voru 30. september 2004 var ákvæði í samræmi við framangreinda tillögu og heimilaði samkeppnisyf-



irvöldum að gera húsleit á öðrum stöðum en starfsstöð viðkomandi fyrirtækis, þar á meðal á heimilum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna. Í frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir Alþingi er þetta ákvæði fellt út. ASÍ telur nauðsynlegt að samkeppnisyfirvöld hafi viðtækar rannsóknarheimildir.

ASÍ leggur því til að á eftir 1. mgr. 20. greinar frumvarpsins komi ný málsgrein: „Þegar rökstuddur grunur er um að gögn, sem varða starfsemi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja og viðfangsefni rannsókna máls og skipta máli við sönnun alvarlegs brots gegn lögum þessum eða ákvörðunum samkeppnisyfivalda, séu geymd annars staðar en á starfsstað fyrirtækis, þ.m.t. á heimilum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis og samtaka fyrirtækja, getur Samkeppniseftirlitið gert athugun og lagt hald á gögn þar.“

### ***Um IX kafla, viðurlög***

ASÍ telur að ákvæði frumvarpsins um viðurlög séu með öllu óásættanleg. ASÍ gerir þá kröfu að inn í samkeppnislög verði sett ákvæði um skilyrðislausu upptöku ólögmæts ávinnings brotaaðila. Í refsilögum er almennt við það miðað að ávinningur brotamanns sé í öllum tilvikum gerður upptækur. Það er því eðlilegt að ákvæði þessa efnis verði sett í samkeppnislög. Það er með öllu óviðunandi að brotaaðili hagnist á broti sínu jafnvel þó að það sannist. Til viðbótar upptöku á ólögmæts ávinnings af broti þurfa að koma ákvæði um eðlilegar sektir, þannig að brotlegt fyrirtæki skili ekki einungis ávinningi sínum af brotinu heldur skaðist einnig af háttsemi sinni.

Ákvæði 37. gr. eru óljós og verulegum annmörkum háð. T.d. má velja fyrir sér hvaða þýðingu eftirfarandi setningarhluti hefur: „Sektir geta numið frá 50 þús. kr. til 40 millj. kr. eða meira...“ ASÍ telur að fella eigi brott þær takmarkanir á sektargreiðslum sem eru annarri mgr. 37. gr. bæði hvað varðar upphæðir og einnig viðmið í veltu fyrra árs. Þess í stað verði gengið þannig frá greininni að sektir fari eftir alvarleika og umfangi brots.

Benda má á að í nýlegum úrskurðum Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs í varðandi ólögmætt samráð olúfélaganna var hinum brotlegu fyrirtækjum einungis verið gert að skila hluta af áætluðum ávinningi sínum af brotunum!

### ***Um 41. gr.***

Samkvæmt 41. gr. frumvarpsins getur aðili máls höfðað mál til ógildingar. ASÍ telur eðlilegt að Samkeppniseftirlit geti einnig skotið úrskurði áfrýjunarnefndar til dómstóla og leggur til að ákvæðum 41. gr. verði breytt í þá veru.

### **Frumvarp til laga um miðlun váttrygginga, 551. mál, EES-reglur.**

*11. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um miðlun váttrygginga, 551. mál, EES-reglur.

Í frumvarpinu er lagt til að tilskipun Evrópusambandsins og ráðsins nr. 2002/92/EB frá 9. desember 2002, um miðlun váttrygginga verði innleidd í íslenska löggjöf.

Í frumvarpinu eru ákvæði sem auka neytendavernd frá því sem nú er. Meðal annars eru gerðar ríkari kröfur um starfsemi váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna, svo sem um hæfni og þekkingu þeirra. Einnig er kveðið á um aukna upplýsingagjöf til neytenda svo sem um þóknanir og rökstuðning fyrir ráðgjöf.

Í frumvarpinu eru gerðar ríkari kröfur en áður um ráðningarsamband milli váttryggingasölumanna annars vegar og váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanna hins vegar. Samkvæmt 24 gr. og 46. gr. frumvarpsins skal gera skriflegan ráðningarsamning og/eða verksamning við sölumenn sem starfa hjá váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanni, þar sem réttindi og skyldur aðila koma skýrt fram. Meðal annars er gerð krafa um að þar komi fram að sölumenn starfi á ábyrgð og undir stjórn váttryggingamiðlarans eða -umboðsmanns. Hér er réttarstaða sölumanna gerð mun skýrari en í fyrri lögum og því vissulega um verulega bót að ræða. Réttindi og skyldur verktaka eru hins vegar með þeim hætti að þeir geta aldrei fyllilega verið á ábyrgð þriðja aðila. Þeir hafa m.a. sjálfstæðan fjárhag og geta stofnað til fjárhagslegra skuldbindinga sem þeir einir geta boðið ábyrgð á. Alþýðusambandið telur því nauðsynlegt að gerð sé krafa um það í frumvarpinu að váttryggingasölumenn starfi eingöngu sem launamenn enda samræmist slíkt vinnuréttarsamband mun betur ábyrgð og skyldum þeirra.

Alþýðusambandið telur að frumvarpið feli í sér verulegar bætur m.a. á neytendavernd og styður því frumvarpið að því gefnu að gerð verði krafa um það í frumvarpinu að váttryggingasölumenn starfi sem launamenn.

### **Frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla, 677. mál.**

*18. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla, 677. mál.

Markmið frumvarpsins er að færa núgildandi lög um uppboðsmarkaði frá árinu 1989 í nútímalegra horf. Þannig er lagt til að rekstrarleyfi uppboðsmarkaða verði ótímabundin í stað þess að gilda aðeins í eitt ár í senn. Jafnframt er lagt til að reglugerð kveði á um skilyrði um starfsemi markaða í stað þess að

ráðherra staðfesti starfsreglur hvers markaðar fyrir sig. Loks er lagt til að sett verði viðurlagaákvæði í lög.

Alþýðusamband Íslands er í meginatriðum sammála umræddum breytingum. Æskilegt hefði þó verið að útfærsla á reglugerðum tengdum frumvarpinu hefðu legið fyrir þegar frumvarpið var sent út til umsagnar.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, 229. mál.**

*18. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp Þuríðar Backmans og Ögmundar Jónassonar til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 117 /1993, 229. mál.

Frumvarpið er að nokkru leyti svipað frumvarpi heilbrigðisráðherra frá því fyrr í vetur um breytingu á sömu lögum, þ.e. það miðar að eflingu tannverndarmála. Frumvarp Þuríðar og Ögmundar er frábrugðið frumvarpi heilbrigðisráðherra að því leyti að það gengur lengra hvað varðar skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til að taka þátt í kostnaði við tannviðgerðir ungmenna og lífeyrisþega.

Alþýðusamband Íslands hefur lagt áherslu á að kjör barnafjölskyldna og lífeyrisþega verði bætt. Í samræmi við þetta lýsti Alþýðusambandið sig sammála frumvarpi heilbrigðisráðherra þegar það var sent til umsagnar. Í ljósi þess að frumvarp Þuríðar og Ögmundar gengur lengra í átt að ofanefndum áherslum Alþýðusambandsins lýsir sambandið yfir að það styðji frekar það frumvarp sem hér er til umsagnar.

### **Frumvarp til laga um mannréttindasáttmála Evrópu, 648. mál.**

*19. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994. Í frumvarpi þessu er lagt til að samningsviðauki nr. 14, sem ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti 13. maí 2004 og felur aðallega í sér breytingar á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans verði lögfestur hér á landi. Samningsviðaukin var undirritaður af Íslands hálfu 13. maí 2004.

Alþýðusambandið styður efni þessa frumvarps.

### **Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 197. mál, stofnfjárukning í sparisjóði.**

*20. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 197. mál, stofnfjárukning í sparisjóði.

Markmið frumvarpsins er að gefa öllum viðskiptavinum sparisjóðs kost á að taka þátt í stofnfjárukningu sjóðsins verði um slíkt að ræða. Í frumvarpinu endurspeglast því það sjónarmið að viðskiptavinir sparisjóðsins séu ekki síður mikilvægir fyrir sjóðinn en stofnfjáreigendur hans.

Alþýðusambandið tekur undir þetta sjónarmið og er því fylgjandi frumvarpinu.

### **Pingsályktunartillaga um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005-2010, 746. mál.**

*27. apríl 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005-2010, 746. mál.

Markmiðið með tillögunni er að setja fram heildarstefnu í fjarskiptamálum. Þeirri heildarstefnu er m.a. ætlað að stuðla að því að á komandi árum nái Íslendingar forskoti á aðra í að hagnýta fjarskiptatækni. Stefnunni er ætlað að ná til ólíkra þátta fjarskiptamála: háhraðavæðingar, farsambanda, útvarps, öryggis- og persónuverndar, samkeppnisumhverfis fjarskiptafyrirtækja, neytendaverndar o.s.frv. Í athugasemdu með tillögunni kemur fram að stefnan hafi verið unnin í víðtæku samráði við hagsmunaaðila.

Alþýðusamband Íslands er hlynnt stefnumótun af þessu tagi þar sem horft til langs tíma, mál eru skoðuð í víðu samhengi og haft samráð við hagsmunaaðila. Alþýðusambandið vill vekja sérstaka athygli á að þó nauðsynlegt kunni að vera að gera ráðstafanir til að safna upplýsingum um fjarskipti í þágu öryggis þá er mikilvægt að ganga ekki gegn eðlilegum rétti einstaklinga á friðhelgi einkalífs. Þá vill Alþýðusambandið ítreka mikilvægi þess sem kemur fram í tillögunni að gagnsæi í kostnaði við fjarskiptanotkun verði tryggt; einnig mikilvægi þess að sérþarfir fatlaðra í fjarskiptum verði greindar og framboð þjónustu sem hentar þeim tryggt.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

### **Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið 643. mál.**

*3. maí 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn:*

Alþýðusambandið hefur á sínum vettvangi fjallað um þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á rekstrarformi, uppbyggingu og fjármögnun Ríkisútvarpsins með umræddu frumvarpi. Að svo komnu máli vill ASÍ koma því á framfæri, að það lýsir algjörri andstöðu sinni við fyrirhugaðar breytingar á bæði rekstrarformi og fjármögnun Ríkisútvarpsins.

ASÍ er þeirrar skoðunar að víðtækt hlutverk RÚV í almannapágu, bæði í

óháðri fréttamiðlun og menningarlegu hlutverki, sé þess eðlis að afar mikilvægt sé að RÚV sé áfram í almannaeigu sem ríkisstofnun.

ASÍ lýsir áhyggjum sínum með að fyrirhuguð breyting í sameignarfélag þjónar engum öðrum tilgangi en að færa yfirstjórn stofnunarinnar í hendur ráðherra ríkisstjórnarinnar. Nýleg atлага að sjálfstæði fréttastofunni vegna ráðningar í stöðu fréttastjóra útvarps sýnir hins vegar að mikilvægt er að standa vörð um sjálfstæði RÚV. ASÍ telur að þetta megi gera með því að taka upp svipað fyrirkomulag og t.d. þekktist í Bretlandi, þar sem ýmis hagsmunasamtök auk þingsins skipi fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Ennfremur lýsir ASÍ efasemdum sínum við fyrirhugaða breytingu á fjármögnun RÚV, þ.e. með sérstökum nefskatti. Nær undantekningarlaust eru sambærilegar stofnanir í nágrannalöndunum fjármagnaðar með afnotagjöldum eins og nú er gert. Jafnframt má benda á með því að breyta fjármögnun RÚV með þessum hætti getur það leitt til röskunar á samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fjölmiðlafyrirtækjum, sem innheimta afnotagjöld.

Af þessum ástæðum mælir ASÍ ekki með samþykkt þessa frumvarps.

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61 /1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 659. mál.**

*20. september 2005 sendi Alþýðusamband Íslands frá sér eftirfarandi umsögn: Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 659. mál.*

Í frumvarpinu er lagt til að Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði ekki lengur skylt að starfrækja tryggingardeild útflutningslána. Þessar breytingar eiga þó ekki að hafa áhrif á núverandi ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Nýsköpunarsjóðs vegna tryggingardeildarinnar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ástæðurnar fyrir því að það er lagt fram séu fyrst og fremst þær að ekki hafi verið mikill áhugi meðal útflutningsfyrirtækja að nýta sér þjónustu deildarinnar svo og að tekjur hafi ekki staðið undir starfsemi hennar.

Rétt er að hafa í huga að ein aðalástæðan fyrir takmörkuðum umsóknum um þjónustu tryggingadeildarinnar undanfarið misseri kann að felast háu gengi krónunnar, þ.e. að óhagstætt gengi hafi dregið úr vilja margra minni fyrirtækja til að taka þá áhættu sem felst í vörubröun og útflutningi á nýja markaði. Þá er einnig rétt að setja fyrirvara við kröfu um að þjónusta eins og sú sem tryggingadeildin veitir eigi yfir höfuð að standa undir sér þegar til skemmir tíma er litið.

Alþýðusamband Íslands telur nauðsynlegt að hið opinbera ýti undir og styðji við nýsköpun í atvinnulífinu, m.a. útflutning á nýja markaði. Í þessu ljósi telur sambandið líklegt að sú þjónusta sem tryggingardeildin hefur veitt

geti skipt sköpum fyrir þróun atvinnulífsins á komandi árum, eftir að meira jafnvægi hefur komist á í efnahagslífinu. Alþýðusambandið telur því varhuga-vert að leggja til að starfsemi deildarinnar verði lögð niður - forsenda fyrir slíku er að fyrst hafi farið fram skipulögð umræða og að fyrir liggi víðtæk sátt í samfélaginu um hlutverk stjórnvalda í nýsköpun.

Alþýðusamband Íslands leggst því gegn því að það frumvarp sem hér er til umsagnar verði samþykkt.



*Alþýðusambandið skipar fulltrúa í margvíslegar nefndir og ráð á vegum ýmissa aðila. Hér bera nokkrir miðstjórnarmenn saman bækur sínar.*

## **Fulltrúar Alþýðusambands Íslands í nefndum, ráðum og á fundum**

**m.v. 1. október 2005**

### **Félagsmálaráðuneytið:**

#### ***Atvinnuleysistryggingasjóður***

Á miðstjórnarfundum Alþýðusambandsins 28. ágúst 2005 var gerð grein fyrir tilnefningum landssambanda ASÍ í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, en miðstjórn samþykkti á fundi sínum í júní s.á. að standa þannig að málum.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Guðmundur Þ Jónsson eru fulltrúa ASÍ í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Varamenn eru Ísleifur Tómasson og Hilmur Harðarson.

Skipunartími: 21. ágúst 2009.

#### ***Ábyrgðasjóður launa***

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 24. nóvember 2004 var samþykkt að tilnefna Ingvar Sverrisson sem fulltrúa ASÍ í stjórn ábyrgðasjóðs launa og Björn Snæbjörnsson til vara.

Skipunartími: Október 2008.

***Eftirlitsnefnd um framkvæmd laga um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins***

Á fundi sínum 23. janúar 2002 samþykkti miðstjórn Alþýðusambands Íslands að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem aðalmann í eftirlitsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins. Varamaður er Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Skipunartími: Ótilgreindur.

***Félagsdómur***

Miðstjórn Alþýðusambandsins Samþykkti á fundi sínum 20. október 2004 að tilnefna Láru V. Júlíusdóttur sem dómara í Félagsdómi og Vilhjálmi H. Vilhjálmsson til vara.

Skipunartími: 31. október 2007.

***Félagsdómur starfsgreinanna***

Í samræmi við samþykkt miðstjórnar ASÍ voru eftirtaldir skipaðir fulltrúar ASÍ í Félagsdóm á grundvelli 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80, 11. júní 1938. með síðari breytingum, en þar er m.a. vísað í 2. mgr. 44. gr. laganna.

Verslun og þjónusta:

Ingbjörg R. Guðmundsdóttir.

Til vara: Gunnar Páll Pálsson.

Sjómennska:

Sævar Gunnarsson.

Til vara: Hólmgeir Jónsson.

Raf- og tækniiðnaður:

Valgeir Jónasson.

Til vara: Bjarni Sigfússon.

Matvæleiðnaður og framreiðsla:

Niels S. Ólgeirsson.

Til vara: Þorsteinn Gunnarsson.

Störf verkafólks og sérhæfðra starfsmanna í öllum iðn- og starfsgreinum:

Sigurður Bessason.

Til vara: Már Guðnason.

Málmiðnaður, byggingariðnaður, garðyrkja, málun og hársnyrting:

Halldór Jónasson.

Til vara: Pétur V. Maack.

Skipunartími: 31. október 2007.



### ***Félagsmálaskóli alþýðu***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti þá tillögu á fundi sínum 11. júní 2003 að Guðmundur Gunnarsson verði fulltrúi ASÍ í skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu og Níels S. Olgeirsson til vara.

Skipunartími: 28. september 2007

Stjórn Menningar- og félagsmálaskóla alþýðu - MFA - Samþykkt á fundi sínum 10. júní 2003 að tilnefna eftirtalda í skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu:

Aðalmenn:

Finnbjörn A. Hermannsson, Kolbeinn Gunnarsson, Björn Th. Árnason og Stefanía Magnúsdóttir.

Varamenn:

Hilmar Harðarson, Aðalsteinn Baldursson, Hrefna Hallgrímsdóttir og Ingi-björg R. Guðmundsdóttir.

Skipunartími: 28. september 2007.

### ***ILO þing 2005***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 23. febrúar 2005 að Magnús M. Norðdahl yrðir fulltrúi á ILO þingi 2004. Varamaður hans er Ísleifur Tómasson. Þá var samþykkt að Sævar Gunnarsson yrði sérfræðingur ASÍ um aðbúnað á fiskiskipum á þinginu.

Skipunartími: Fram að ILO þingi 2006.

### ***Jafnréttisráð***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað á fundi sínum 11. júní 2003 að tilnefna Ísleif Tómasson sem fulltrúa ASÍ í Jafnréttisráði og Matthildi Sigurjónsdóttur til vara til vara.

Skipunartími: Fram yfir næstu alþingiskosningar.

### ***Nefnd um átak gegn langtímaatvinnuleysi og atvinnuleysi ungs fólks***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. desember 2003 var samþykkt að tilnefna Garðar Vilhjálmsson í nefnd um átak gegn langtímaatvinnuleysi og atvinnuleysi ungs fólks og Árna Leósson til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Nefnd um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 17. mars 2004 var samþykkt að tilnefna Grétar Þorsteinsson í nefnd um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnu-

markaðsaðgerðir. Varamaður var tilnefndur Halldór Grönvold.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd***

Að höfðu samræði við BSRB og BHM ákvað miðstjórn ASÍ á fundi sínum 25. ágúst 2004 að skipa Halldór Grönvold sem fulltrúa samtaka launafólks á Íslandi í ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd. Varamaður hans er Herdís Sveinsdóttir frá BHM.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 2. júní 1993 var ákveðið að tilnefna Halldór Grönvold sem fulltrúa Alþýðusambands Íslands í samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um EES. Varamaður er Magnús M. Norðdahl.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Samstarfshópur um starfsmannaleigur***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 16. júní var ákveðið að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem fulltrúa ASÍ í samstarfshóp um starfsmannaleigur. Varamaður hans er Ingvar Sverrisson.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 20. apríl 2005 var samþykkt að tilnefna Halldór Grönvold sem fulltrúa ASÍ í samstarfsnefnd á grundvelli 25. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga og Magnús M. Norðdahl til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Starfsmenntaráð***

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 22. september 2004 var samþykkt að tilnefna Guðmund Gunnarsson og Halldór Grönvold sem fulltrúa ASÍ í starfsmenntaráð og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur og Skúla Thoroddsen til vara.

Skipunartími: 31. júlí 2006.

### ***Svæðisráð skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir***

Alþýðusambandi Íslands var, skv. erindi félagsmálaráðuneytisins 4. júní 2002 falið að tilnefna þrjá fulltrúa launafólks í svæðisráð skv. lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. ASÍ ákvað að bjóða BSRB að tilnefna einn þessara fulltrúa í hvert

svæðisráð. Hér á eftir fylgir listi yfir þá fulltrúa sem tilnefndir eru fyrir launa-  
fólk í svæðisráðin.

Vesturland:

Einar Karlsson og Sveinn Hálfðánarson.

Varamenn: Kristján Jóhannsson og Hervar Gunnarsson.

BSRB:

Pröstur Kristófersson og Anna Ólafsdóttir til vara.

Vestfirðir:

Lilja Rafney Magnúsdóttir og Helgi Ólafsson.

Varamenn: Finnur Magnússon og Lárus Benediktsson .

BSRB:

Marta Lilja Olsen og Guðný Sigríður Þórðardóttir til vara,

Norðurland vestra:

Jón Karlsson og Ásgerður Pálsdóttir,

Varamenn: Sigrý Jóhannesdóttir og Guðrún A. Matthíasdóttir,

BSRB:

Sigríður Gísladóttir og Ragna Jóhannsdóttir til vara.

Norðurland eystra:

Þorsteinn E. Arnórsson og Aðalsteinn Á. Baldursson.

Varamenn: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Torfi Aðalsteinsson.

BSRB:

Arna Jakobína Björnsdóttir og Stefán Stefánsson til vara

Austurland:

Jón Ingi Kristjánsson og Þorkell Kolbeins.

Varamenn: Gyða Vigfúsdóttir Sigurbjörn Björnsson.

BSRB:

Már Sveinsson og Ingigerður Benediktsdóttir til vara.

Suðurland:

Guðrún Erlingsdóttir og Ragna Larsen.

Varamenn: Ármann Ægir Magnússon og Kristján Hálfðánarson.

BSRB:

Sæmundur H. Friðriksson og Gunnar Guðmundsson til vara.

Reykjanes:

Guðbrandur Einarsson og Kristján G. Gunnarsson.

Varamenn: Sigfús Eysteinnsson og Baldur G. Matthíasson.

BSRB:

Jóhann D. Jóhannsson og Ása Fossádal til vara.

Höfuðborgarsvæðið:

Hjördís Baldursdóttir og Linda Baldursdóttir.

Varamenn: Vignir Eypórsson og Sigurður T. Sigurðsson.

BSRB:

Sigríður Kristinsdóttir og Einar Ólafsson til vara.

Skipunartími: Til sveitastjórnakosninga 2006.

### ***Úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta***

Alþýðusamband Íslands tilnefndi með bréfi 14. desember 2001 fulltrúa til setu í úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta. Síðan hafa verið gerðar breytingar.

Vesturland:

Sigríður H. Skúladóttir. Varamaður Elínbjörg Magnúsdóttir.

Vestfirðir:

Pétur Sigurðsson. Varamaður: Karítas Pálsdóttir.

Norðurland vestra:

Ásgerður Pálsdóttir. Varamaður: Stefanía Garðarsdóttir.

Norðurland eystra:

Guðmundur Ómar Guðmundsson. Varamaður: Aðalsteinn Á. Baldursson.

Austurland:

Þorkell Kolbeins. Varamaður: Margrét Óskarsdóttir.

Suðurland:

Ragna Larsen. Varamaður: Jóna Jónsdóttir.

Reykjanes:

Ingibjörg Magnúsdóttir. Varamaður: Bryndís Kjartansdóttir.

Höfuðborgarsvæðið:

Úthlutunarnefnd 1:

Garðar Vilhjálmsson. Varamaður Linda Baldursdóttir.

Úthlutunarnefnd 2:

Árni Leósson. Varamaður: Guðný M. Magnúsdóttir.

Skipunartími: 31. desember 2005.

### ***Vinnueftirlit ríkisins***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti fundi sínum 11. júní 2003 að tilnefna Guðrúnu Kr. Óladóttur og Halldór Grönvold sem fulltrúa í stjórn VER.

Varamenn voru tilnefndir, Stefán Ó. Guðmundsson og Halldór Jónasson.

Skipunartími: 1. júní 2007.

### ***Vinnumálastofnun***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 15. júní 2005 var samþykkt að tilnefna Halldór Grönvold sem aðalmann í stjórn Vinnumálastofnunar. Örn Friðriksson var tilnefndur varamaður hans.

Skipunartími: 1. júlí 2009.

### ***Þríhliða nefnd um ILO***

Alþýðusambands Íslands ákvað að tilnefna Magnús M. Norðdahl sem fulltrúa ASÍ í þríhliða nefnd um ILO - Alþjóðavinnnumálastofnunina.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### **Forsætisráðuneytið:**

#### ***Íslenska upplýsingasamfélagið***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. september 2003 var samþykkt að tilnefna Margræti Lind Ólafsdóttur í samráðshóp um íslenska upplýsingasamfélagið og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### **Hagstofan:**

#### ***Ráðgjafanefnd um vísitölu neysluverðs***

28. ágúst 2002 ákvað miðstjórn ASÍ að skipa Ólaf Darra Andrason, hagfræðing ASÍ, sem fulltrúa Alþýðusambandsins í ráðgjafanefnd um vísitölu neysluverðs.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið:**

#### ***Fulltrúaráð Lífeyrissjóðs sjómanna***

Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum 9. mars 2005 að tilnefna eftirtalda sem fulltrúar í Fulltrúaráð Lsj. sjómanna: Sigurður Heimisson, Eyþór Garðarsson, Aðalsteinn Á. Baldursson, Hólmgæir Jónsson og Skúli Einarsson.

Skipunartími: Til aðalfundar Lífeyrissjóðs sjómanna 2006 eða slita sjóðsins.

### **Lífeyrissjóður sjómanna**

Miðstjórn ASÍ ákvað á fundi sínum 9. mars 2005 að Konráð Alfredsson verði aðalmaður í Lsj. sjómanna og Hinrik Bergsson varamaður.

Skipunartími: Til aðalfundar Lífeyrissjóðs sjómanna 2006 eða slita sjóðsins.

### ***Nefnd um endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. apríl 2003 var samþykkt að tilnefna Þorbjörn Guðmundsson sem fulltrúa ASÍ í Nefnd um endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu og Stefán Úlfarsson til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

## **Samráðshópur um lyfjastefnu og lyfjalög**

Í umboði miðstjórnar ASÍ tilnefndi velferðarnefnd ASÍ 13. september 2004, Skúla Thoroddsen sem fulltrúa ASÍ í samráðahóp heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins um lyfjastefnu og lyfjaverð. Til vara Stefán Úlfarsson.

Skipunartími: Ótilgreindur.

## **Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið:**

### ***Iðntæknistofnun Íslands***

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 19. nóvember 2003 var samþykkt að tilnefna Örn Friðriksson sem fulltrúa ASÍ í stjórn Iðntæknistofnunar Íslands og að Guðmundur Gunnarsson yrði varamaður hans.

Skipunartími: 1. nóvember 2005.

### ***Nýsköpunarsjóður***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 1. júní 2005 var samþykkt að tilnefna Grétar Þorsteinsson sem fulltrúi ASÍ í stjórn Nýsköpunarsjóðs. Varamaður er Kristján Gunnarsson.

Skipunartími: Til aðalfundar Nýsköpunarsjóðs 2006.

### ***Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 7. nóvember 2001 var samþykkt að tilnefna Finnbjörn A. Hermannsson fulltrúa ASÍ í ráðgjafanefnd Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins.

Skipunartími: 4 ár.

## **Landbúnaðarráðuneytið:**

### ***Nefnd um verðlagseftirlit í landbúnaði***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. desember 2003 var samþykkt að skipa Sigurð Víðisson sem fulltrúa ASÍ í nefnd um verðmyndum garðyrkjuvara og ávaxta.

Skipunartími: Ótímabundinn.

### ***Starfshópur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 19. febrúar 2003 var samþykkt að skipa Stefán Úlfarsson í starfshóp um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar og Ólaf Darra Andrason til vara.

Skipunartími: Ótímabundinn.

### ***Verðlagsnefnd búvara - sexmannanefnd***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 1. júní 2005 var samþykkt að Björn Snæbjörnsson

yrði fulltrúi ASÍ í Verðlagsnefnd búvara - sexmannanefnd og Stefán Úlfarsson til vara.

Skipunartími: júní 2006.

### **Menntamálaráðuneytið:**

#### ***Nefnd um starfsnám á vinnustöðum***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. febrúar 2003 var samþykkt að tilnefna Garðar Vilhjálmsson og Niels S. Olgeirsson sem fulltrúa ASÍ í nefnd um starfsþjálfun á vinnustöðum samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 3. desember 2002. Varamaður Garðars er Alda Sigurðardóttir.

Skipunartími: Ótilgreindur.

#### ***Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi***

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti á fundi sínum 14. ágúst 1996 að fela landssamböndum innan ASÍ að tilnefna fulltrúa í samstarfsnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins um starfsnám á framhaldsskólastigi. Í febrúar 1998 varð breyting á skipun fulltrúa ASÍ.

Eftirtaldir eru fulltrúar ASÍ í samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, SAMSTARF:

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir Til vara Stefanía Magnúsdóttir.

Vignir Eyþórsson. Til vara Finnbjörn A. Hermannsson.

Garðar Vilhjálmsson Til vara Skúli Thoroddsen.

Guðmundur Gunnarsson. Til vara Niels S. Olgeirsson

Fulltrúi nema: Jónína Brynjólfsdóttir. Til vara Hulda Kristín Stefánsdóttir.

Skipunartími: 11. febrúar 2009.

#### ***Starfsgreinaráð skv. lögum um framhaldsskóla***

Meginreglan er sú að fulltrúar eru skipaðir samkvæmt tilnefningu beint af viðkomandi landssambandi eða landsfélagi. Af hálfu ASÍ hafa eftirtaldir verið tilnefndir samkvæmt tillögum hlutaðeigandi landssambanda og landsfélaga:

Starfsgreinaráð fyrir hönnun og handverksgreinar:

Garðar Vilhjálmsson og Skúli Thoroddsen til vara.

#### ***Stjórn Landsskrifstofu Leonardó da Vinci II***

Miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum 5. febrúar 2003 að Halldór Grönvold yrði aðalmaður í stjórn Landsskrifstofu Leonardó da Vinci áetlunarinnar og Garðar Vilhjálmsson varamaður.

Skipunartími: 31. desember 2006.

### ***Verkefnisstjórn um símenntun***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. nóvember 2004 var samþykkt að tilnefna Gylda Arnbjörnsson sem fulltrúa ASÍ í verkefnisstjórn um símenntun og Rannveigu Einarsdóttur til vara.

Skipunartími: 1. nóvember 2007.

### ***Vísinda- og tækniráð***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. mars 2003 var samþykkt að tilnefna Rúnar Backman og Garðar Vilhjálmsson sem fulltrúa ASÍ í Vísinda- og tækniráð. Þá var á fundi miðstjórnar 9. apríl 2003 samþykkt að tilnefna Gunnar Pál Pálsson og Örn Friðriksson sem varamenn í vísinda- og tækniráð.

Skipunartími: 1. mars 2006.

### **Sjávarútvegsráðuneytið:**

#### ***Ráðgjafarnefnd fyrir Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 23. janúar 2002 var samþykkt að tilnefnda Aðalstein Á. Baldursson sem aðalmann. Varamaður samkvæmt tilnefningu miðstjórnar ASÍ 10. desember 2003 er Skúli Thoroddsen.

Skipunartími: 31. desember 2005.

### **Umhverfissráðuneytið:**

#### ***Hollustuháttaráð***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 28. ágúst 2002 var samþykkt að tilnefna Stefán Ó. Guðmundsson sem aðalmann í hollustuháttaráð og Guðrúnu Kr. Óladóttur til vara.

Skipunartími: 1. júlí 2006.

### ***Umhverfisfræðsluráð***

Í umboði miðstjórnar tilnefndi forseti ASÍ með bréfi dags. 29. júní 2004 Heimir Janusarson, sem fulltrúa ASÍ í umhverfisfræðsluráð og Margréti Hálfðánardóttur, til vara.

Skipunartími: júní 2006.

### ***Úthlutunarnefnd vegna umhverfisviðurkenningar 2005***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 23. febrúar 2005 var samþykkt að skipa Sigurð Hafliðason sem fulltrúa ASÍ í úthlutunarnefnd vegna umhverfisviðurkenningar 2005.

Skipunartími: Til loka úthlutunar 2005.



## **Utanríkisráðuneytið:**

### ***Kaupskrárnefnd***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 15. júní 2005 var samþykkt að skipa Ólaf Darra Andrason, hagfræðing ASÍ, sem fulltrúa Alþýðusambandsins í Kaupskrárnefnd og Stefán Úlfarsson sem varamaður hans.

Skipunartími: júlí 2007.

### ***Kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 15. júní 2005 var samþykkt að skipa Magnús Norðdahl sem fulltrúa Alþýðusambandsins í kærunefnd vegna Kaupskrárnefndar og Skúla Thoroddsen til vara.

Skipunartími: júlí 2007.

### ***Samráðsnefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðaviðskipti***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 19. febrúar 2003 var samþykkt að skipa Gylfa Arnbjörnsson sem fulltrúa ASÍ í samráðsnefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðaviðskipti.

Skipunartími: Ótilgreindur.

## **Með samtökum atvinnurekenda (og fleirum):**

### ***Evrópufræðasetrið***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. mars 2005 var staðfest aðild ASÍ að Evrópufræðasetrinu í samstarfi við Viðskiptaháskólann að Bifröst, BSRB, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir er fulltrúi ASÍ í stjórn setursins. Varamaður hennar er Halldór Grönvold.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Fræðslumiðstöð atvinnulífsins- FA***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 1. júní 2005 var ákveðið að skipa eftirtalda í stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til aðalfundar FA árið 2006: Finnbjörn A. Hermannsson, Garðar Vilhjálmsson og Gylfi Arnbjörnsson.

Skipunartími: Til aðalfundar FA 2006.

## **Kjararannsóknarnefnd**

Frá 19. nóvember 2003 sitja eftirtaldir sem fulltrúar ASÍ í Kjararannsóknarnefnd: Sigurður Bessason, Gunnar Páll Pálsson og Grétar Þorsteinsson.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Kjararannsóknarnefnd - aðferðafræðihópur***

Ólafur Darri Andrason og Stefán Úlfarsson eru fulltrúar ASÍ í aðferðafræðihóp Kjararannsóknarnefndar.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***MENNT - samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. nóvember 2004 var samþykkt að Garðar Vilhjálmsson og Alda Sigurðardóttir yrðu aðalmenn í stjórn Menntar og Kolbeinn Gunnarsson og Níels Olgeirsson til vara..

Skipunartími: Til ársfundar Menntar 2005.

### ***Nefnd um starfsmat hjá Reykjavíkurborg***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 13. nóvember 2002 var samþykkt að skipa Ólaf Darra Andrason sem fulltrúa ASÍ í nefnd um starfsmat hjá Reykjavíkurborg.

Skipunartími: Ótímabundinn.

### ***Samráðsnefnd með ríki, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga um vinnutíma***

Fulltrúi í samráðsnefnd með ríki, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga um vinnutíma er Guðrún Óladóttir. Varamaður er Halldór Grönvold.

Skipunartími: Ótímabundinn.

### ***Samráðsnefnd með SA um vinnutímasamninga***

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 16. apríl 1997 með síðari breytingum eru fulltrúar ASÍ í samráðsnefnd með SA um vinnutíma Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Skúli Thoroddsen og Halldór Grönvold. Til vara Einar Gunnarsson.

Skipunartími: Ótilgreindur.

### ***Á vettvangi ASÍ***

#### ***Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. febrúar 2005 var ákveðið að Grétar Þorsteinsson, Halldór Björnsson og Sigurður Bessason skipuðu stjórn Minningarsjóðs Eðvarðs Sigurðssonar.

Skipunartími: Til tveggja ára.

### ***Listasafn ASÍ***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 19. nóvember 2003 var ákveðið að Hulda Ólafsdóttir tæki sæti í rekstrarstjórn Listasafns ASÍ. Aðrir í rekstrarstjórninni eru Gylfa Arnbjörnssyni og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur.

Skipunartími: Til tveggja ára.

### ***Mímír - símenntun***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 18. maí 2005 var ákveðið að skipa eftirtalda í stjórn Mímis - símenntunar.

Aðalmenn:

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Stefanía Magnúsdóttir, Skúli Thoroddsen, Ólafur Darri Andrason og Einar Jón Ólafsson.

Varamenn:

Alda Sigurðardóttir, Vignir Eypórsson og Linda Baldursdóttir.

Skipunartími: Til aðalfundar Mímis - símenntunar 2006.

### ***Ýmislegt:***

#### ***Fulltrúaráðsfundur Skjól***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 9. febrúar 2005 var samþykkt að eftirtaldir yrðu fulltrúar fyrir Alþýðusamband Íslands í fulltrúaráði Skjól 2005 - 2006: Guðmundur Þ Jónsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Jóhanna E. Vilhelmsdóttir.

Til vara: Linda Baldursdóttir.

Skipunartími: Til fulltrúaráðsfundar Skjól 2006.

#### ***Norræni Genfarskólinn***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 5. febrúar 2003 var samþykkt að Rannveig Einarsdóttir yrði fulltrúi ASÍ í stjórn Norræna Genfarskólans og Finnbjörn A. Hermannsson til vara.

Skipunartími: Ótilgreindur.

#### ***Stjórnarnefnd Leonardo da Vinci menntaáætlunarinnar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 10. september 2003 var samþykkt að Hulda Ólafsdóttir yrði fulltrúi ASÍ í Stjórnarnefnd Leonardo da Vinci menntaáætlunarinnar á Evrópuvísu og Halldór Grönvold til vara.

Skipunartími: Til ársloka 2006.

### ***Sögusafn verkalyðshreyfingarinnar***

Á fundi miðstjórnar ASÍ 7. janúar 2004 var samþykkt að skipa Grétar Þorsteinsson og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur sem fulltrúa ASÍ í stjórn Sögusafns verkalyðshreyfingarinnar.

Skipunartími: Til ársbyrjunar árið 2006.

### ***Öldrunarráð***

Á aðalfundi Öldrunarráðs fyrir árið 2005 voru eftirtaldir fulltrúar fyrir Alþýðusamband Íslands: Stefán Ólafsson og Linda Baldursdóttir.

Skipunartími: Til aðalfundar Öldrunarráðs 2006.



*All margar fastanefndir starfa á vegum miðstjórnar ASÍ og sinna afmörkuðum málaflokkum og stefnumótunarráttum.*

## **Fastanefndir ASÍ - málefnanefndir**

### **8. desember 2004 - með síðari breytingum**

Neðangreindar fastanefndir eru skipaðar af miðstjórn ASÍ.

#### **Alþjóðanefnd**

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (formaður), miðstjórn ASÍ  
Guðrún Erlingsdóttir, LÍV (Kristín Sigurðardóttir til vara)  
Þorsteinn Gunnarsson, MATVÍS (Sverrir Halldórsson til vara)  
Helgi Jónsson, RSÍ (Einar Jón Ólafsson til vara)  
